

Bændablaðið

6. tölublað 2026 • Fimmtudagur 26. mars • Blað nr. 699 • 32 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Umframeftirspurn


Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir segir stór tækifæri liggja í frekari uppbyggingu garðyrkjuræktar.



8

Margföldun innflutnings

Innflutningur á osti/smjöri og is tvöfaldast frá 2017 til 2025 og aukist mun meira á unnum mjólkurvörum.



10

Framandi tegundir

Ekki allar framandi tegundir eru ágengar en mikilvægt að vakta hvaða ágengu tegundir gætu numið land.



12



Milena Sylwia Tkaczyk, starfsmaður í eggjapökkun hjá Nesbúi á Vatnsleysuströnd. Nesbúi er eitt af tveimur stærstu eggjabúum landsins með starfsemi á Suðurnesjum og Suðurlandi. Á miðopnu blaðsins er viðtal við Andra Frey Þórisson, framkvæmdastjóra Nesbús, þar sem hann fer yfir hvað felist í framleiðslu eggja og hænsnabúskap.

Mynd / Astvaldur Lárusson

Gjörunnin matvæli

Sterkar vísbendingar eru fyrir því að þeir hópar sem fá hvað stærstan hluta af sinni orku úr gjörnum matvælum séu líklegri til að þróa með sér lífsstílsjúkdóma og lifa skemur. Fræðasamfélagið hefur ekki enn þá komist að því hvað veldur þessu sambengi.

Íslendingar eru meðal þeirra Evrópuþjóða sem neyta hvað mest af gjörnum matvælum, en samkvæmt landskönnun um mataræði sem framkvæmd var á árunum 2019 og 2020 er hlutfallið 45 prósent.

Meðaltal neyslu gjörunninna matvæla í Norður-Ameríku er í kringum 55 til 60 prósent af hitaeningum á meðan sumar rannsóknir sýna að hlutfallið á Ítalíu sé ekki nema 11 prósent. Sé Íslendingum skipt í fjóra hópa eftir neyslu á gjörnum matvælum fær efsti fjórðungurinn 64 prósent af sinni orku úr mataræði af þessu tagi.

Helstu einkenni gjörunninna matvæla eru meðal annars langar innihaldslýsingar þar sem finna má litarefni, bragðefni og bindiefni. Hráefnin hafa oft undirgengist marga vinnsluferla og er markmiðið yfirleitt að gera sölvænlega vöru úr ódýrum hráefnum með góðu bragði og áferð. /ál

- Sjá nánar á bls. 20-21

Styrkja þarf samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar

Síaukinn innflutningur búvara, starfsumhverfi bænda, kynslóðaskipti, Evrópumál og staða kvenna í landbúnaði voru meðal fjölmargra umræðuefna á Búnaðarþingi sem hófst á mánudaginn og lauk í gær, miðvikudag.

Bændur telja mikilvægt að skilyrði verði sköpuð fyrir aukna innlenda framleiðslu. Innflutningur á landbúnaðarvörum eykst stöðugt og styrkja þarf samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar, meðal annars með aukinni tollavernd. Þetta var algennt stef í umræðum á Búnaðarþingi.

Garðyrkjubændur ályktuðu að mikilvægt væri að nýtt stuðningskerfi hafi möguleika á að vaxa með greininni og hamli ekki vexti einstakra búna. Þá var lögð áhersla á mikilvægi þess að efla fjárfestingarstuðning til útræktar grænmetis á Íslandi. Nauðsynlegt væri að skapa skýra hvata til að bæta innviði greinarinnar. Með auknum fjárfestingarstuðningi skapist betri skilyrði til

að auka innlenda framleiðslu grænmetis, bæta fæðuöryggi landsins og efla sjálfbæra nýtingu landsins.

Sauðfjárbændur sögðu fyrir sjáanleika opinbers stuðnings vera grundvöll þess að búrekstur geti gengið til framtíðar enda erfitt hverjum rekstraráðila, sama hvort viðkomandi er í búrekstri eða öðrum rekstri, að búa við óstöðugleika rekstrarumhverfis. Almenn sátt ríkir þó á meðal sauðfjárbændum um núverandi stuðningskerfi og lögðu þeir áherslu á að ekki verði gerðar verulegar breytingar á því í nýjum búvörusamningum.

Svinabændur bentu á að á sama tíma og innflutningur á svinakjöti hefur stórukaust á síðustu árum hafi innlenda framleiðslan staðið í stað. Ekki séu hvatar til aukinnar framleiðslu í kerfinu eins og staðan sé í dag. Svinabændur funduðu þó með atvinnuvegaráðherra í vikunni og eru bjartsýnir á framhaldið.

Talsvert var rætt um nýliðunarvanda og

kynslóðaskipti á þinginu. Telja bændur að landbúnaður sé á tímamótum hvað þetta varðar. Garðyrkjubændur bentu til að mynda á að núverandi skattalagaumhverfi og regluverk geti skapað verulega þröskulda við yfirtöku búna og að þörf sé á markvissari nálgun. Mælt var til þess að þessum áherslum yrði komið inn í vinnuna um gerð nýrra búvörusamninga.

Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, flutti ræðu við setningu Búnaðarþings og sagði Íslendinga standa á tímamótum eins og stundum áður. „Uppruni matvæla, sjálfbærni og fæðuöryggi skipta sífellt meira máli í alþjóðlegu samhengi og þar stöndum við Íslendingar vel að vígi. Við höfum aðgang að hreinu lofti, gnægð drykkjarvatns, jarðhita, víðáttum og dýrmætri menntun. Þetta eru auðlindir sem gera okkur kleift að framleiða matvæli í hesta gæðaflokki, fyrir okkur sjálf og aðra. Matvælin sem hér verða til leggja grunn að öryggi þjóðarinnar.

Á óvissutímum í heiminum verður sífellt mikilvægt að efla innlenda framleiðslu, nýsköpun og fjölbreytni, svo við séum betur í stakk búin til að takast á við margháttaðar áskoranir framtíðarinnar.“

Halla vék einnig orðum að þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið. „Sú ákvörðun kallar á yfirvegum, opið samtal og gagnkvæma virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Það er eðlilegt – og í raun styrkur þjóðar – að hún geti litið á kosti og galla í stórum málum með ólíkum augum.“

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra og Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, ræddu meðal annars búvörusamninga í ræðum sínum við setningu þingsins og lögðu áherslu á gott samráð á milli bænda og stjórnvalda í þeim efnum. /þh

- Sjá nánar á bls 2, 6, 7 og 32-40.



Stríðið hefur áhrif á áburðarverð

Ófriðurinn í Mið-Austurlöndum hefur haft í för með sér truflanir á flutningi mikilvægra hráefna í áburðarframleiðslu.

Áburðarsalar sem svöruðu fyrirspurn um málið staðfestu að hækkunar á áburðarverði séu fyrirjafnanlegar, en bændur sem þegar hafi samið um kaup á áburði muni ekki verða fyrir áhrifum. Eins má áætla að verð á rúlluplasti geti hækkað.

„Það er alveg ljóst að áttök hafa haft mikil áhrif á áburðarverð en einnig gríðarlega á rúlluplast,“ segir Einar Guðmundsson framkvæmdastjóri Búvís í skriflegu svari. „Varðandi áburð fyrir vorið þá vorum við búnir að tryggja okkur um 90% af seldu magni á frekar hagstæðum kjörum en erum að sjá um 20-25% hækkun þeirri vöru sem við þurfum að bæta við.“

Engin hækkun verður til bænda á þeim áburði sem þeir voru búnir að panta og munum við taka á okkur þær hækkunar sem hafa orðið til vegna hækkana á innlendum flutningi sem og flutningskostnaði til landsins. Varðandi rúlluplast er staðan sú að við höfðum tryggt okkur stóran hluta af seldu magni í fyrra á samlegum kjörum.

Staðan er samt þannig að okkar birgjar hafa einfaldlega hætt að taka við frekari pöntunum vegna gríðarlegrar hækkana á hráplasti, flutningum og gasi. En eins og allir vita er verð á plasti beintengt við verð á olíu. Ómögulegt er að spá til um hvað gerist í verðum á komandi misserum en ljóst er að öll áhætta í aðfangakeðjum er kemur niður á verði til okkar,“ segir Einar.

Í skriflegu svari Jóhannesar Baldvins Jónssonar, deildarstjóra ráðgjafar og vöruþróunar hjá Líflandi segir: „Áhrif á Lífland verða lítil sem engin á yfirstandandi

sölutímabili, sem er langt komið, utan þess að líklega verður minna pantað af umframáburði til að eiga inn í vorið. Lífland gerði seint á liðnu ári magnsamninga um áburð sem standa og verja fyrir liggjandi pantanir fyrir breytingum vegna ástandsins sem nú blasir við. Dragist óvissuástandið á langinn er hins vegar ljóst að áburðarverð mun koma til með að hækka næsta vetur, enda hefur það þegar hækkað erlendis, einkum köfnunarefnisáburður, þar sem verðmyndun hans er nátengd gasverði,“ segir Jóhannes.

Lúðvík Bergmann, sölustjóri Landbúnaðarsviðs Skeljungu skrifar í svari við fyrirspurn að hækkun á olíu og gasi hafi þegar haft mikil áhrif á heimsmarkaðsverð á áburði og leitt af sér hærri flutningskostnað. „Skeljungur hefur nú þegar þurft að gefa út nýjan verðlista með hærri verðum þannig að þeir sem ekki voru búnir að panta snemma horfa fram á herra verð en ella,“ segir Lúðvík.

Úlfur Blandon, framkvæmdastjóri Föðurböndunnar, segir í skriflegu svari að fyrirtæki hafi tryggt sér sinn áburð fyrir áramót, „svo þetta hefur ekki áhrif fyrir þetta áburðartímabil nema eitthvað stórvægilegt gerist sem ég á ekki von á. Hins vegar er ljóst að þetta mun hafa áhrif á áburðarkaup næsta ár þar sem gríðarlegar hækkunar eru búnar að eiga sér stað. Vonandi ganga þær til baka en það er algjörlega óvíst eins og staðan er núna,“ segir Úlfur.

„Við höfum fengið hækkun á hluta af áburðinum sem við erum að flytja inn,“ segir Steinþór Skúlason forstjóri Sláturfélags Suðurlands í samtali. „Núverandi verðskrá er hins vegar enn í gildi og ég á ekki von á því að hún breytist. Það er eftir sem áður skynsamlegt fyrir bændur að klára áburðarviðskiptin sem fyrst,“ segir hann. /ál

Bændur í Gunnbjarnarholti hlutu landbúnaðarverðlaunin 2026

Ráðherra landbúnaðarmála, Hanna Katrín Friðriksson, afhenti bændum í Gunnbjarnarholti landbúnaðarverðlaunin á Búnaðarþingi 2026. Gunnbjarnarholt er 65. handhafi landbúnaðarverðlaunanna.

Gunnbjarnarholt er fjölskyldurekið kúabú og eitt af þeim stærstu í landinu. Það er í eigu hjónanna Arnars Bjarna Eiríkssonar og Berglindar Bjarnadóttur, sem tóku við rekstrinum árið 1990, en kúabúskapur hefur verið stundaður í fjölskyldunni allt frá lokum 18. aldar.

Í ræðu ráðherra landbúnaðarmála kemur fram að Gunnbjarnarholt sé dæmi um nútímalegt íslenskt bú þar sem hefðbundinn landbúnaður er sameinaður nýsköpun, tæknipróun, þjónustu starfsemi og aukinni tengingu við neytendur. Fyrir það frumkvöðlastarf hljóti búið Landbúnaðarverðlaunin.

Rekstur búans byggist fyrst og fremst á kúabúskap og mjólkurframleiðslu. Þar hefur verið byggt upp stórt og tæknivætt fjós sem gerir búinu kleift að vera í fremstu röð í íslenskum landbúnaði. Þar eru nú um 230 mjólkandi kúr og fjórir mjaltþjónar, en alls um 500 nautgripir. Samhliða hefðbundinni framleiðslu hefur búið lagt aukna áherslu á vinnslu og beina sölu afurða til neytenda.

Árið 2021 hófu ábúendur eigin mjólkurvinnslu undir vörumerkinu Hreppamjólk. Þar er framleidd og seld mjólk og aðrar mjólkurvörur beint frá býli sem má m.a. fá í



Bændurnir í Gunnbjarnarholti, Haukur Arnarsson, Berglind Bjarnadóttir og Arnar Bjarni Eiríksson eru handhafar Landbúnaðarverðlaunanna í ár sem atvinnuvegaráðherra afhenti á setningu Búnaðarþings. Mynd / ál

almennum matvöruverslunum Vöruúrvalið hefur síðan aukist og inniheldur til dæmis skyrdrykki, jógurt og fleira, og hefur framleiðslan vakið athygli fyrir að vera fersk og nálægt uppruna sínum. Dóttir Berglindar og Bjarna, Margrét Hrunn Arnarsdóttir, starfar við fyrirtækið og hefur gegnt lykilhlutverki í þróun Hreppamjólkur. Auk búreksturs reka eigendurnir einnig fyrirtækið Landstólpa sem þjónustar landbúnað, sem undirstrikar fjölbreytta starfsemi á jörðinni. Það flytur m.a. inn margt

konar rekstrarvörur og búnað fyrir landbúnaðinn auk þess að vera umsvifamikið í sölu og byggingu stálgrindahúsa fyrir landbúnaðarstarfsemi og það sem henni tengist.

Gunnbjarnarholt hefur jafnframt verið opnað almenningi við ýmis tækifæri þar sem gestir geta kynnt sér sveitalífið og keypt afurðir beint frá framleiðendum. Þá hafa verið uppi áform um frekari uppbyggingu þjónustu á svæðinu, meðal annars tengda ferðaþjónustu og kynningu á íslenskri matvælaframleiðslu. /ph

Flúðir:

Stefnumót matvælaframleiðenda og ferðaþjónustuaðila

Slow Food samtökin á Íslandi og sveitarfélögin í uppsveitum Arnessýslu, með stuðningi Uppbyggingarsjóðs Suðurlands, stóðu nýverið fyrir stefnumóti frumframleiðenda matvæla og ferðaþjónustunnar á Flúðum.

Markmið viðburðarins var að efla tengsl, stytta virðiskeðjuna og tryggja að gestir á svæðinu gætu notið matvæla beint frá framleiðendum á fjölmörgum veitingastöðum, hótélum og mótuneytum í héraðinu.

Skilvirk dreifing ferskværa

Viðburðurinn fór fram í Félagsheimili Hrunamanna þar sem 18 framleiðendur kynntu vörur sínar fyrir gestum. Að sögn Dóru Svavarsdóttur, formanns Slow Food á Íslandi sóttu um 100 manns viðburðinn, sem hófst á framsöguerindum.

Knútur Rafn Ármann frá Friðheimum fjallaði um matarminjagrip og hvernig megi nýta vannýtt hráefni í vörur sem ferðamenn geta tekið með sér heim. Óli Finnsson í Heiðmörk ræddi mikilvægi fullnýtingar afurða og ávinninginn af góðu samstarfi í virðiskeðjunni. Hann nefndi sérstaklega „Helvítis eldþiparsulturnar“, sem nýta hráefni frá honum og hafa orðið vinsælar. Þá kynnti Tjörvi Bjarnason viðskiptamódel Matlands, matarmarkaðstorgs á netinu, og hvernig sjálfsafgreiðslustöðvar geti gert dreifingu ferskra afurða skilvirkari.

Mikilvægi slíkra viðburða

Dóra Svavarsdóttir frá Slow



Dóra Svavarsdóttir formaður Slow Food samtakanna á Íslandi og Rákel Theodórsdóttir, byggðapróunarfulltrúi Uppsveitanna. Myndir / Brynja Eldon



Afurðir frá Sólskins grænmeti á Flúðum.

Food flutti erindi og lagði áherslu á mikilvægi slíkra viðburða. „Það skiptir sköpum að gera sýnilegt hvað svæðið hefur upp á að bjóða. Fyrir fólk í veitingageiranum og ferðaþjónustunni er það ómetanlegt að geta með stolti sagt hvaðan hráefnið kemur og hvert er fólkíð og sagan á bakvið réttina sem bornir eru fram,“ sagði hún.

Rákel Theodórsdóttir, byggðapróunarfulltrúi Uppsveitanna,

sagði að lengi hefði verið talað um sjálfbærni og mikilvægi fæðuöryggis þjóðarinnar. Nú sem aldrei fyrr væri þetta ljóst, sérstaklega út frá heimsmálunum. Það væri því hugar allra sem starfa og búa í Uppsveitunum að versla í heimabyggð og með svona viðburði væri opnað á auknið samtal og sýnileika þeirra aðila sem eru á bak við þessa blómlegu matarkistu sem Uppsveitirnar séu. /smh



SAUÐBURÐAR-VÖRURNAR FÁST Í LÍFLANDI



lifland.is/sauðburður

Skannaðu kóðann fyrir nánari upplýsingar



sala@lifland.is sími 540 1100

Styrkir til skóg- ræktar



Milljón plöntur

Nýmörk er sjóður á vegum verslunarinnar sem styrkir skógræktarverkefni einstaklinga og félagasamtaka um land allt.

Markmið verkefnisins er að setja niður eina milljón plöntur á næstu árum og gefa þannig einstaklingum og félagasamtökum kost á að byggja upp eigin skóg þar sem áherslan er lögð á bindingu kolefnis.

Upplýsingar um styrki og ræfrænt umsóknar-eyðublað er að finna á Nymork.is



Nýmörk



POKASJÓÐUR

NÝMÖRK ER VERKEFNI POKASJÓÐS SEM HEFUR FRÁ ÁRINU 1996
VEITT MEIRA EN 3.000 MILLJÓNUM TIL GÓÐRA MÁLEFNA.



Markmið úthlutunarinnar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við sjálfbæra framleiðsluhætti í landbúnaði. Mynd / smh

Nákvæmari áburðarnýting: Leiðir til um 18% samdráttar í losun vegna áburðarnotkunar

Líður í forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum er að styðja við fjárfestingar til bættrar áburðarnýtingar. Nýlega úthlutaði Loftslags- og orkusjóður 80 milljónum króna til 42 verkefna sem fela í sér innleiðingu áburðartækni til að draga úr losun frá landbúnaði.

Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, og Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra kynntu forgangsverkefnið í september og í desember voru styrkirir svo auglýstir lausir til umsóknar. Haft var samráð við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) vegna þeirra möguleika sem var talið að væru til staðar til minni áburðarnotkunar með nákvæmari og markvissari vinnubrögðum.

Bætt nýting næringarefna

Verkefnið sem nú hljóta styrk fela meðal annars í sér kaup á GPS-stýrðum áburðardreifurum, búnaði til niðurfellingar áburðar og annari tækni sem eykur nákvæmni við dreifingu og bætur nýtingu næringarefna. Markmið úthlutunarinnar er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og styðja við sjálfbæra framleiðsluhætti í landbúnaði.

Í viðtali hér í blaðinu í desember, eftir að styrkirir voru auglýstir, sagði Borgar Páll Bragason, fagstjóri hjá RML, að stjórnvöld hefðu tekið mið af ýmsum verkefnum á þeirra vegum í tengslum við þessa umgjörð styrkveitinganna, sem hafa meðal

annars snúist um þetta markmið um samdrátt í áburðarnotkun með nákvæmari og markvissari vinnubrögðum.

Nýjar aðferðir við áburðardreifingu og nákvæmnisbúskap væru orðnar nokkuð þróaðar í ýmsum nágrannalöndum okkar og í verkefni þeirra, Loftslagsvænn landbúnaður, hefðu bændur verið að prófa sig áfram og nýtt sér kosti nákvæmnisbúskapar að þessu leyti með góðum árangri, bæði með tilbúinn áburð og búfjárburð.

Alls bárust 83 umsóknir

Gerir atvinnuvegaráðuneytið ráð fyrir að áætlaður samdráttur í losun CO₂-ígilda vegna verkefnanna verði 1.007 tonn á ári. Það jafngildi um 18% af allri losun gróðurhúsalofttegunda vegna áburðarnotkunar árið 2024.

Losun vegna áburðarnotkunar ræðst að mestu af magni niturs sem borið er á tún og er aukin nákvæmni og skilvirkni í dreifingu lykilatriði í að draga úr losun.

Alls bárust 83 umsóknir um styrki að fjárhæð 282 milljónir króna. Í tilkynningu úr atvinnuvegaráðuneytinu segir að við mat og forgangsröðun hafi verið lögð megináhersla á að styðja þau verkefni sem skila mestum samdrætti í losun, þegar litið var annars vegar til styrkuppþæðar sem sótt var um og þess ávinnings sem lagt var upp með í umsókninni. GPS-tækni og niðurfellingarbúnaður hafi reynst almennt hagkvæmstu aðgerðirnar með tilliti til loftslagsáhrifa. /smh

Loftslags- og orkusjóður:

Djúpborunarverkefni fékk hæsta styrkinn

Áfram heldur Loftslags- og orkusjóður að styðja við nýsköpun og tækniþróun í nýtingu jarðvarmans og nýlega var 600 milljónum úthlutað til 11 verkefna á þessu sviði, bæði til almennrar húshitunar og djúpborunarverkefna.

Um framhaldsstuðningsverkefni er að ræða frá síðasta vori þegar átakið Jarðhitinn jafnar leikinn var kynnt, sem felst í stuðningi við leit og nýtingu jarðhita til húshitunar í þeim tilgangi að jafna stöðu þeirra 10% heimila landsins sem ekki geta nýtt sér jarðhita til húshitunar. Heildarstuðningsupphæðin þá var einn milljarður og var þeirri upphæð úthlutað síðasta haust til 18 verkefna.

Jarðhitakerfið stækkað niður á við

Nú er úthlutað einnig til verkefna sem falla undir þróun á tækni til viðhalds á hefðbundnum búnaði, smáskjálftarannsóknir, bætt nýtingu varma og nýtingu varmadælna við jarðhitakerfi. Mörg verkefnanna snúast um djúpborun.

Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra undirritaði samstarfsfyrirlýsingu við þrjú íslensk orkufyrirtæki, Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur og HS Orku, á málstofu á ráðstefnunni Hringborði norðurslóðanna í október um að flýta þróun næstu kynslóðar jarðvarmakerfa og djúpborunarverkefna, sem hluta af langtímastráðum Íslands.

Þá sagði ráðherra að samstarfsfyrirlýsingin væri vegna verkefnisins Iceland Deep Drilling Project-3 (IDDP-3), sem gengi út á að bora dýpra ofan í jarðhitakerfi á háhitavæðum

en áður hefur verið gert. Þar með væri virkjuð varmaorka í dýpri lögum og jarðhitakerfið stækkað niður á við.

IDDP-3 er þriðja hluti IDDP-verkefnisins og miðast við boranir á Hengilsvæðinu. IDDP-1 var fyrsta verkefnið við Kröflu og IDDP-2 var á Reykjanesi en verkefnið allt hefur verið í þróun síðustu 25 ár.

Sagði ráðherra á málstofunni að Orkuveita Reykjavíkur og samstarfsaðilar verkefnisins myndu hefja boranir strax á þessu ári í Henglinum.

Djúpborun á Nesjavöllum

Stærsti styrkurinn, tæplega 310 milljónir króna, rennur einmitt til verkefnisins IDDP3, djúpborunar á Nesjavöllum sem er samstarfsverkefni Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjunar, HS Orku og stjórnvalda. Markmiðið þess er að bora dýpra ofan í jörðina og hagnýta jarðhita við hærra hitastig en áður hefur reynst mögulegt. Í tilkynningu úr ráðuneytinu segir að takist að virkja raforku með þessum hætti yrði unnt að margfalda framleiðslugetu hveitrar borholu á komandi árum. Ísland stundi framarlega í rannsóknnum og þróun á þessu sviði.

Næsthæsta styrkinn hlýtur Orkubú Vestfjarða; 160 milljóna króna stuðning til jarðhitannýtingu á Ísafirði og svo 25 milljónir til borana á Gálmaströnd yst í Steingrímsfirði. Seinna verkefnið snýst um að skapa forsendur til aukinnar atvinnuuppbyggingar og verðmætasköpunar í Strandabyggð.

/smh

Styrkhafar

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Orkuveita Reykjavíkur	Djúpborun á Nesjavöllum: IDDP-3	309.695.500
Orkubú Vestfjarða	Jarðhitannýting á Ísafirði	160.617.000
Suðurdalur ehf.	Skjálfandi - Kortlagning grunnlægra gufupúða með jarðskjálftamælingum	27.500.000
ON Power	Innviðir fyrir rannsóknir og nýsköpun til fjölnýtingar jarðhitavökvu	25.000.000
Orkubú Vestfjarða	Jarðhitaleit á Gálmaströnd	24.000.000
Krafla Magma Testbed (KMT)	High-temperature cement materials enabling Super-Hot geothermal wells	14.985.000
Gerosion ehf.	Varnarfóðringur fyrir háhita jarðhitaborholur og djúpborunarholur	14.902.500
ON Power	Fjölnýting jarðhita og tækifæri til verðmætasköpunar úr jarðhitavökvu	7.300.000
Álvit ehf.	Háhita og tæringarþolið húðunarefni fyrir jarðhitaborholur og búnað	6.666.667
Orka náttúrunnar ohf.	Bætt nýtni varmaskipta	6.000.000
Gerosion ehf.	Efnisrannsóknir jarðhitaborholufóðringa í tærandi jarðhitamhverfi	3.333.333

Þróun sérmerkinga fyrir íslenskt nautakjöt

MATÍS heldur utan um verkefni sem felur í sér að þróa tillögu að aðgreiningu og sérmerkingu fyrir íslenskt nautakjöt með það að markmiði að auka verðmæti framleiðslunnar og skapa stöðugleika í gæðum.

Verkefnið byggir á samráði við hagaðila í virðiskeðjunni og miðar að því að móta skýr viðmið íslensks gæðastaðals. Verkefnið mun ná til bænda, sláturhúsa, kjötvinnslna og söluadila og er ætlað að efla samkeppnishæfni íslensks nautakjöts.

Markmið verkefnisins er að þróa tillögu að aðgreiningu á íslensku nautakjöti og skilgreina sérmerkingu byggða á gæðaeiginleikum til að auka verðmæti framleiðslunnar.

„Í stuttu máli snýst verkefnið um að þróa tillögu að sérmerkingum fyrir íslenskt nautakjöt sem byggja á skýrum og mælanlegum gæðaeiginleikum (t.d. aldur, fíta/fítusprengring, fall, stofn/kyn, uppruni, fóðrun o.fl.),“ segir Eva Margrét Jónudóttir, verkefnisstjóri hjá MATÍS. „Markmiðið er að aðgreina þann hluta framleiðslunnar sem uppfyllir ákveðin gæðaviðmið og þannig skapa meira virði og stöðugri gæði (meiri einsleitni).“

Breytileiki of mikill

Hvaða viðmið verða og hvernig þau verða útfærð er hluti af verkefninu, segir Eva Margrét. „Við munum setja fram tillögur byggðar á rannsóknargögnum og samráði við hagaðila í allri virðiskeðjunni. Einnig verður skoðað út frá sláturgögnum hvernig slíkt kerfi

gæti litið út í framkvæmd, m.a. hvaða hlutfall framleiðslunnar gæti fallið undir sérmerkingu og hvort þetta sé raunhæf og hagkvæm leið áfram.“

Ástæðan fyrir verkefninu er sú að breytileiki innan ungnautakjöts hér á landi er of mikill.

„Um þetta hefur verið fjallað, m.a. hjá ykkur í Bændablaðinu,“ segir Eva Margrét, „og þetta er vel þekkt í veitingageiranum. Svona mikill breytileiki hefur auðvitað neikvæð áhrif á samkeppnishæfni við innflutt nautakjöt sem hægt er að fá einsleitara og í meira magni.“

Aldursviðmið eru almennt hærri hér á landi en víða erlendis. Í Evrópu er t.d. miðað við um 24 mánaða aldur í skilgreiningu á ungnautum í EUROP kjötmatskerfinu, á meðan viðmiðið hér á landi nær upp í 30 mánuði. Þar sem aldur er lykil áhrifaþáttur fyrir t.d. meyrni þá hefur þetta áhrif á einsleitni og fyrirsjáanleika gæða.

Í raun erum við með breiðara aldursbil en víða annars staðar, og það skilar sér beint í meiri breytileika í gæðum.

Markaðurinn hefur því kallað eftir stöðugri og fyrirsjáanlegri gæðum. Íslenskt nautakjöt er upp til hópa mjög gott, en þegar breytileiki í gæðum er mikill – samhliða háum framleiðslukostnaði og takmörkuðu framboði – verður erfiðara að keppa við innflutt kjöt.“

Hugsáð fyrir alla virðiskeðjuna

Lokaafurð verkefnisins verður tillaga að sérmerkingarkerfi sem byggir á gæðastaðli fyrir íslenskt

nautakjöt. Staðallinn mun nýtast til að auka verðmæti íslensks nautakjöts, efla samkeppnishæfni þess á sérmarkaðum, tryggja neytendum upplýsingar um uppruna og stöðug gæði,“ segir í fréttinni.

Sérmerkingarnar eru hugsáðar fyrir alla virðiskeðjuna

„Bændur fá skýrari viðmið og hvata til að framleiða kjöt sem fellur undir sérmerkningu með hærri verðmæti. Afurðastöðvar og vinnsla fá verkfæri til flokkunar og sérstakrar markaðssetningar. Og neytendur fá skýrari upplýsingar um gæði og uppruna,“ segir Eva Margrét og bætir við: „Ég vil að það sé alveg skýrt að tilgangurinn er ekki að verðfella það kjöt sem fellur utan sérmerkinga (innan UN), heldur frekar að skapa hvata með auknu álagi fyrir þá framleiðendur sem ná að skila afurð sem hentar á sérmarkaði.“

Ef vel tekst til getur þetta styrkt markaðsstöðu íslensks nautakjöts og gefið bændum betri innsýn í hvað er að skila mestum verðmætum. Í dag fær bóndi upplýsingar um kjötmat, fítumat og fallþunga, en hefur takmarkaða yfirsýn yfir endanlega nýtingu og verðmæti afurðarinnar.“

Verkefnið er enn á þróunarstigi og verður unnið í samráði við hagaðila. Samstarfsaðilar í verkefninu, sem styrkt er af þróunarsjóði nautgripa-ræktarinnar, eru Bændasamtök Íslands, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Háskóli Íslands, Kjarnafæði Norðlenska og Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga. /ph

UNDIRBÚNINGUR FYRIR SAUÐBURÐ



Skannaðu QR kóðann til að lesa um Lifeline® Lömb og ær

STUÐNINGUR FYRIR ÆR OG LÖMB ÞEGAR MEST Á REYNIR



www.fodur.is
fodur@fodur.is

FB Reykjavík
Kornargarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Dufþakstraut 1
570 9850

SENDUM UM
ALLT LAND

VORTILBOÐ 2026



FÆST Í VEFVERSLUN 

VANTAR ÞIG PLÁSS?

Það er gott að eiga stað fyrir sláttuvélina, grillið, hrífuna og dekkinn...



EYRI - 15 fm

25%
afsláttur

~~1.196.000 kr.~~

897.000 kr.

Hugmyndir af útfærslum



Verkfærageymsla



Hobby herbergi



Sauna



Skrifstofa

OPIÐ FYRIR
PANTANIR




STAPI - 14,98 fm

25%
afsláttur

~~1.188.000 kr.~~

891.000 kr.



NAUST - 14,44 fm

30%
afsláttur

~~950.000 kr.~~

665.000 kr.



HLÍÐ - 10 fm

25%
afsláttur

~~796.000 kr.~~

597.000 kr.



BREKKA 34 - 9 fm

25%
afsláttur

~~776.000 kr.~~

582.000 kr.

Leiðbeiningar og teikningar af undirstöðum eru á vefnum okkar **kofaroghus.is**

Hægt er að bæta við auka bjálkaröðum í öll húsin ef óskað er eftir meiri lofthæð

www.kofaroghus.is - Sími 553 1545



KOFAR OG HÚS

Síðan 2012

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – Sími: 563 0300
 Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – Sími: 866 3855
 Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
 Katrín Lilja Jónsdóttir katinlilja@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is
 Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
 Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
 Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf.
 Upplag: 33.000 Dreifing: Landsprent og Íslandsþóstur. ISSN 1025-5621

Nú þarf að láta verkin tala

Bændur komu saman á Búnaðarþingi í vikunni. Umfjöllunarefni þingsins var umfram allt starfsumhverfi landbúnaðarins og mátti heyra á sumum sem sóttu þingið að sú umræða væri orðin full langvinn og að kallað væri eftir skýrari og haldþæfari stefnumörkun og aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Viðsemjandi bænda er jú ríkið sem felur bændum það verkefni að sjá landsmönnum fyrir kjöti, mjólk, grænmeti og öðrum búvörum gegn stuðningi af ýmsu tagi. Hugmyndin á bak við þetta kerfi hér á landi er sú sama og viðast hvar annars staðar í heiminum, að landið verði sjálfbært þegar að matvælaframleiðslu kemur. Það tryggir fæðuöryggi, matvælaöryggi, minni losun gróðurhúsalofttegunda, heldur landinu í byggð og þannig mætti áfram telja.

Jafn ljóst er að útspil ríkisstjórnarinnar um að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið í lok ágúst á þessu ári gerir lítið annað en að þyrlla upp ryki, valda enn meiri óskýrleika og tvísýnu í íslenskum landbúnaði. Þetta útspil var ekki til ítarlegrar umræðu á þinginu en formaður Bændasamtakanna benti á í setningarræðu sinni að mögulegar aðildarviðræður væru uppspretta óvissu í íslenskum landbúnaði. Óvissan um það hvað verður í þessum efnun hefði kælingaráhrif og drægi þannig vilja úr bændum til þess að fjárfesta. Þetta bætist ofan á brýna og jafnvel uppsafnaða fjárfestingarþörf í flestum búgreinanna.

Það sem liggur þó einna þyngst á bændum um þessar mundir er hins vegar síaukinn innflutningur á landbúnaðarvörum. Í Bændablaðinu hafa á undanföllum vikum komið fram upplýsingar sem leiða í ljós að innflutningur á landbúnaðarvörum hefur aukist verulega á undanföllum árum. Þar hefur til dæmis komið fram að innflutningur á mjólkurafurðum nam tæplega 2.400 tonnum árið 2025 en innflutningur á osti/smjöri, jógurt og ís tvöfaldaðist frá árinu 2017 til síðasta árs. Þetta gerist þó að matframleiðsla hafi verið á mjólk á síðasta ári. Í blaðinu í dag kemur enn fremur fram að framleiðsla á nautakjöti hefur minnkað um 2% frá 2017 til 2025 en innflutningur aukist um hvorki meira né minna en 117% á sama tíma. Svipaða sögu má segja af flestum öðrum búgreinum. Hlutdeild íslensks grænmetis hefur dregist saman um tíu prósentustig á undanföllum áratug. Hlutdeild innflutts svínakjötis hefur til að mynda stórukaust og er nú um þrjátíu prósent og áfram mætti telja.

Ástæðurnar fyrir þessu eru ekki þær að hér á landi sé ekki hægt að framleiða meira. Ástæðurnar eru miklu frekar að slaknað hefur verulega á tollvernd bænda, eins og bent er á í Hagtölum blaðsins í dag, en tollverndin er „naudsynleg til að tryggja sanngjarna samkeppni fyrir innlenda landbúnað“, eins og segir í greininni. Launakostnaður er sömuleiðis hærri hér á landi en víða annars staðar og fjárfestingarstuðningur hins opinbera takmarkaður.

Í þessu samhengi verður einnig að hafa í huga að í mörgum tilvikum eru innfluttu landbúnaðarvörurnar ekki framleiddar við jafn ströng skilyrði og íslenskir bændur starfa við þegar kemur að til dæmis dýraverm og notkun syklalyfja. Þegar upp er staðið skipta gæði matarins neytendur líklega meira máli en flest annað og þar stendur íslensk framleiðsla vel.

Eins og Hanna Katrín Friðriksson benti á í ávarpi sínu við setningu Búnaðarþings er það eitt af markmiðum stjórnvalda að efla íslenskan landbúnað og styrkja samkeppnishæfni hans. Í landbúnaðarstefnunni segir jafnframt að bæta skuli rekstrarumhverfi greinarinnar. Allt eru þetta góð og mikilvæg markmið. Þetta eru raunar í grófum dráttum megináherslur bænda á Búnaðarþingi. Þeir hafa lengi beðið eftir því að stoðir þessa grunnavinnuvegar séu styrktar hér. Nú þarf að láta verkin tala.

Þröstur Helgason



Skóðu listann hér

Sáðvörulistinn er kominn út



Olíublandaður pitsuostur:

Tollflokkast áfram sem ostur en ekki jurtaostur

Fréttaljos | Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Heildsöluvirktekið Danól hefur frá árinu 2021 reynt fyrir íslenskum dómstólum að fá ostategundina Festino IQF Mozzarella Pizza Mix tollflokkaða þannig að hún eigi að vera undanþegin þeirri tollálagningu sem jafnan leggst á innflutta osta.

Osturinn er blanda af mjólkurosti og jurtaolíu, þar sem mozzarella-ostur er 82–83%, pálmaolía 11–12% og kartöflusterkja 4–5%.

Nýverið vísaði Landsréttur máli Danól gegn ríkinu frá, en málinu hafði verið áfrýjað þangað frá Héraðsdómi Reykjavíkur vegna bindandi álits Skattsins frá 8. maí 2023 um tollflokkun á ostinum. Héraðsdómur hafði þar með í tvígang hafnað kröfu fyrirtækisins um að ógilda bindandi tollflokkun á þessum osti með viðbættri jurtaolíu. Osturinn verður því áfram tollflokkadur sem ostur, en ekki jurtaostur.

Óbreytt tollflokkun

Danól hafði um nokkurt skeið, áður en málaferlin hófust, flutt þessa vöru inn til Íslands. Hafði fyrirtækið flokkað vöruna undir tollskránumeri sem er tollfrjálst og féngið hana tollafgreidda þannig.

Í nóvember 2020 flutti Danól inn rúmlaga 18 tonn af vörunni og í tengslum við tollafgreiðslu þeirrar sendingar lýstu tollfyrirvöld því mati sínu að um væri að ræða vöru sem heyrði undir 4. kafla tollskrár, en vörur í þeim tollflokkum bera bæði magn- og verðtolla. Lá formlega ákvörðun fyrir um það 8. janúar 2021. Danól leitaði endurskoðunar á þeirri ákvörðun en með úrskurði tollgæslustjóra 29. mars 2021 var hún staðfest. Síðan hefur sú flokkun staðið óbreytt, þrátt fyrir að málið hafi þvælst á milli dómstiga og í stjórnýslunni, verið tekið fyrir á vettvangi Evrópusambandsins og hjá Alþjóðatollastofnuninni (WCO).

Bindandi álit frá 2020 stendur

„Það sem frávisun Landsréttar nú þýðir í raun er að bindandi álit sem tollstjóri gaf út í febrúar 2020 stendur,“ segir Margrét Gísladóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.

„Það breytist því í raun ekki neitt við þessa niðurstöðu. Umrædd vara, Festino IQF Mozzarella Pizza Mix, heyrir áfram undir 4. kafla tollskrárinnar, nánar tiltekið undir liðnum „hvers konar rifinn eða mulinn ostur“. Frávisun Landsréttar frá héraði er í raun enn ein staðfestingin á því.

Heimild til breytinga á tollskránni

Það var einmitt vegna álits samskrárnefndar WCO frá því í mars 2023, um að flokka bæri þessa vöru í tollfrjálsan flokk, sem íslensk stjórnvöld boðuðu lagasetningu um breytingu á þessari tollflokkun fyrir rúmu ári síðan. Málið fór til WCO af frumkvæði framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Í greinargerð í þingmálaskrá með áformum um þessar lagabreytingar var vitnað til álits WCO. Þar kom einnig fram að samkvæmt 189. grein tollalaga væri heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á íslensku tollskránni til samræmis við úrskurði eða álit WCO. Vegna þess var því áformað að innleiða túlkun WCO og þar með að



Magnið sem flutt var inn af vörunni árið 2019 samsvaraði framleiðslu úr um þremur milljónum lítra mjólkur sem jafngildir ársframleiðslu níu íslenskra kúabúa.
 Mynd / smh

breyta tollskránni með lagabreytingu, en hún átti ekki að vera afturvirk. Ný íslensk ríkisstjórn hafði þá tekið við völdum með aðra sýn á þessi mál, því í mars 2024 höfðu stjórnvöld sent tilkynningu til WCO um að Ísland myndi tollflokka viðkomandi vöru í 4. kafla tollskrárinnar þar sem íslenskir dómstólar hefðu komist að þeirri niðurstöðu að það væri rétt að gera. Þar með væri málinu lokið gagnvart WCO og ekki þörf á frekari athöfnum af hálfu íslenskra ríkisins.

Í bréfi nokkurra hagsmunasamtaka og féлага í landbúnaði til Daða Más Kristóferssonar fjármála- og efnahagsráðherra 17. febrúar sagði að vegna vísunar ráðuneytisins til 189. greinar tollalaga um lagagrundvöll fyrir breytingu á tollflokkuninni, sé ástæða til að taka skýrt fram að um heimildarákvæði sé að ræða. Ráðherra beri ekki skylda til að gera breytingar á tollskrá þótt WCO hafi ályktað um það. Var bent á að gangi áform um breytingu tollflokks eftir muni það hafa gríðarleg áhrif á markaðsumhverfi íslenskra kúabænda. Innflutningur á vörum sem voru tollflokkadur sem jurtaostur hafi náð hámarki árið 2019 þegar 299 tonn voru flutt inn. Það samsvari framleiðslu úr um þremur milljónum lítra mjólkur sem jafngildi ársframleiðslu níu íslenskra kúabúa.

Málið ekki enn setta á dagskrá

Málið var ekki sett á dagskrá Alþingis um vorið 2025 og ekki heldur síðasta haust. Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins til ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, þann 5. september við formlegri athugasemd varðandi núverandi tollflokkun kom fram að það væri enn ætlunin að breyta tollflokkun mjólkurosta með viðbættri jurtaolíu.

Í svarinu var lögð áhersla á að í frumvarpinu um breytingarnar verði sérstaklega kveðið á um að magn annarrar fitu en mjólkurfitu verði að vera umtalsvert, til að hafa raunveruleg áhrif á eðli vörunnar. Fyrirvarinn væri til þess ætlaður að koma í veg fyrir að óverulegu hlutfalli af jurtafitu sé bætt við vöruna, einungis svo hægt sé að komast hjá því að greiða toll.

Áhyggjur af áhrifum á íslenska mjólkurframleiðendur

ESA, eftirlitsstofnun EFTA, sendi

aftur fyrirspurn til fjármála- og efnahagsráðuneytisins 23. október þar sem spurt er um hvenær von væri á lagafrumvarpi um breytingar á tollflokkuninni. Í svari ráðuneytisins segir að það sé vilji íslenskra stjórnvalda að fylgja álit WCO, en þar sem íslenskir dómstólar hafi nú þegar kveðið upp endanlegan dóm um flokkun þessarar vöru, þá sé það nú eingöngu Alþingis að breyta þessari flokkun með lögum.

Síðan kemur fram að fyrirhugaðar breytingar á tollskránni muni þýða að mjólkurvörur þar sem mjólkurfitu hefur verið skipt út að hluta eða öllu leyti fyrir önnur efni, eins og jurtafitu, verði flokkaðar undir 19. eða 21. kafla tollskrárinnar, en ekki lengur undir 4. kafla. Það þýði að slíkar vörur muni ekki lengur njóta tollverndar eins og venjulegar mjólkurvörur í 4. kafla.

Í svarinu segir enn fremur að íslenskir mjólkurframleiðendur hafi lýst áhyggjum af þessum breytingum. Þeir telja að þetta geti veikt samkeppnisstöðu íslenskra framleiðenda gagnvart innfluttum vörum, dregið úr innlendra framleiðslu og í versta falli valdið því að hún leggst af.

Vegna þessa sé mikilvægt að fjármálaráðuneytið og atvinnuvegaráðuneytið vinni saman að undirbúningi breytinganna. Þar þurfi bæði að hinga að hagsmunum neytenda og aukinni samkeppni, en einnig að vernda lögmæta hagsmuni innlendra framleiðenda.

Rætt í tengslum við búvörusamningagerð

Í svarinu kemur einnig fram að í viðræðum atvinnuvegaráðuneytisins við Bændasamtök Íslands, vegna endurskoðunar á búvörusamningum, verði breytingarnar á tollskránni til umræðu og möguleg áhrif þeirra á innlenda framleiðendur. Sérstaklega eigi að skoða hvort innfluttu vörurnar séu í raun staðgönguvörur sem komi líklega í stað íslenskra osta.

Mikilvægt sé að ljúka þeim viðræðum áður en frumvarp verður lagt fram á Alþingi. Tillaga liggur nú á samningsborði Bændasamtakanna og atvinnuvegaráðuneytisins um að búvörusamningur verði framlengdur um eitt ár og renni því út í lok árs 2027.



Grínistinn Ari Eldjárn hélt tölu á hátíðarkvöldverði Búnaðarþings sem haldinn var á Natura Reykjavík hóteli á þriðjudagskvöldið. Þar sló hann á létta strengi við góðar undirtektir veislugesta.

Mynd / Ál

Ekkert um samningsmarkmiðin

Vinkill | Margrét Ágústa Sigurðardóttir
margret@bondi.is

„Óásættanlegt er að ganga til aðildarviðræðna að þjóðinni forspurðri og án þess að ítarleg greining liggja fyrir um samningsmarkmið, hagsmuni og áherslur í slíkum samningaviðræðum. Allar forsendur eru til þess að slík umræða geti farið fram á upplýstan, uppbyggilegan og lýðræðislegan hátt og sé eðlilegur undanfari þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort fara eigi í aðildarviðræður.“

Þetta sagði í nefndaráli 1. minnihluta utanríkisráðgjafar árið 2009 varðandi þingsályktunartillögu um aðildarumsókn að sambandinu.

Í umræddu nefndaráli sagði einnig að í umræðum um hugsanlega aðild Íslands að sambandinu hafi ýmsir sem „hlyntir væru

aðild gengið afar langt í yfirlýsingum um að séki Ísland um aðild að Evrópusambandinu séu verulegar líkur á því að væntanlegar aðildarsamningar verði þjóðinni einkar hagstæður, ýmist þannig að undanþágur verði veittar frá þeim meginreglum sem Evrópusambandið starfar eftir eða þær hafi lítila sem enga þýðingu í framkvæmd fyrir Ísland gerist það aðili að sambandinu ...“

Þá segir enn fremur í umræddu nefndaráli minnihlutans að í störfum nefndarinnar hafi **ítrekað** komið fram að engar líkur væru á því að Ísland gæti í aðildarviðræðum við Evrópusambandið búist við varanlegum undanþágum frá þeim meginreglum sem í gildi væru innan sambandsins og séu þau viðhorf í samræmi við þær niðurstöður „sem áður hafa komið fram í skýrslum og greinargerðum sem unnar hafa verið af hálfu íslenskra stjórnvalda á umliðnum misserum og árum.“

Nefndur minnihluti fór yfir mikilvægi þess að samningsmarkmiðin lægju fyrir **áður** en farið yrði í þjóðaratkvæðisgreiðslu um aðildarviðræður.

Núna fyrir þinginu liggur fyrir þingsályktunartillaga utanríkisráðherra um þjóðaratkvæðisgreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Í henni er kveðið á um að setja það í hendur þjóðarinnar að ákvarða hvort að viðræðum við sambandið skuli fram haldið. Ekkert er vikið að samningsmarkmiðunum sem er augljós forsenda þess að þjóðin geti tekið upplýsta ákvörðun um það hvort að farið sé í aðildarviðræður eða ekki. Athygli vekur að núverandi utanríkisráðherra er annar tveggja sem undirrita áður nefnt minnihlutaálit árið 2009.

Höfundur er framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað árið 2026 konum í landbúnaði. Konur eru stór hluti vinnuafis í landbúnaði í heiminum, eða um 43%. Þær gegna því miklu hlutverki í fæðuöryggi þjóða og í samfélögum í dreifbýli. En konur hafa hins vegar minni aðgang að landi til matvælaframleiðslu. Þær hafa sömuleiðis minni aðgang að fjármagni, tækni og menntun til slíkra starfa og þær taka enn fremur minni þátt í ákvörðunum um það hvernig starfsumhverfi þeirra og annarra sem starfa í landbúnaði er háttað. Markmiðið með því að beina athyglinni að konum í landbúnaði er að breyta þessu og auka bæði stuðning við konur í þessari atvinnugrein vítt og breitt um heiminn og fjölga tækifærum þeirra.

Herdís Magna Gunnarsdóttir, kúabóndi á Egilsstöðum og varaformaður Bændasamtaka Íslands, fjallaði um stöðu kvenna í landbúnaði við setningu Búnaðarþings á mánudag. Í hennar máli kom fram að staðan á Íslandi er að mörgu leyti betri en víðast hvar annars staðar. Hvað varðar þátttöku kvenna í landbúnaði er hún raunar til fyrirmyndar. Hér er 27% bænda konur en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru þær einungis 8-16% bænda, lægst er hlutfallið í Danmörku. Hindranir sem taldar eru standa í vegi fyrir því að konur verði bændur í Skandinavíu eru menning í greininni, landbúnaður hefur lengi verið talinn hefðbundin karlastarf og þannig birtist það almenningi í fjölmiðlum og í daglegu tali. Fleiri drengir erfa bú og konur fá minni þjálfun í

tæknilegum hluta bústarfanna. Herdís Magna nefndi sérstaklega að rannsóknir hefðu sýnt að þó að aukin tæknivæðing hefði ekki endilega fjölgað konum í landbúnaði, eins og gera hefði mátt ráð fyrir, heldur hafi fleiri töl og tæki frekar vakið enn frekari áhuga karla á því að starfa í greininni. Eitt af því sem þyrfti að gera væri því að efla tækniþekkingu kvenna sem sækja landbúnaðarmám. Að endingu gæti vinnumenning í sveitum verið krefjandi fyrir konur.

En þó að konur séu hlutfallslega fleiri í bændastétt hér á landi en í Skandinavíu sagði Herdís Magna að hér mætti gera enn betur og raunar gætu opinber gögn verið að vanmeta framlag kvenna. Konur væru í raun um 40 prósent þeirra sem starfa í landbúnaði en þær væru sjaldnar en ekki taldar til bænda. Þær séu einnig í meirihluta nemenda í landbúnaðarnámi á landinu. Og meðlimir Bændasamtakanna eru 40 prósent konur. Þær eru þær þó oftar í minnihluta stjórnanna. Konur eru síður formenn búgreina og aldrei hefur kona verið formaður Bændasamtakanna. Á Búnaðarþingi vikunnar voru karlar svo sjöftu prósent þingmanna. Konur koma með öðrum orðum ekki að ákvörðunum í jafnmiklum mæli og karlar.

Það má því sannarlega gera betur í þessum efnun þó að staðan sé að mörgu leyti betri hér en víðast annars staðar. Þess má geta að lokum að í Bændablaðinu á þessu ári verður sjónum beint sérstaklega að konum í landbúnaði.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

Það má ýmislegt segja um pakkann

Þótt þingsályktun þess efnis hafi ekki formlega verið samþykkt þá má gera ráð fyrir því að í haust muni þjóðin greiða atkvæði um það hvort halda eigi áfram viðræðum við Evrópusambandið. Þetta mál hefur marað í hálfu kafi í þrettán ár. Stundum hefur það verið sýnilegra og stundum hverfur það sjónum um stundarsakir.

Við í Bændasamtökunum tökum ekki afstöðu gegn þjóðaratkvæðagreiðslu. Þvert á móti teljum við mikilvægt að þjóðin fái að segja sitt álit í slíku grundvallarmáli. Það er auðvitað bæði eðlilegt og rétt að þjóðin sjálf skeri úr um hvort halda eigi áfram þeirri vegferð – leiði þetta mál til lykta.

Það er hins vegar ekki svo að alger hula hvíli yfir því hvað í inngöngu felst. Við vitum hvernig landbúnaðarkerfi Evrópusambandsins er saman sett og hvernig það virkar. Við eigum í nánú samstarfi við kollega okkar á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu.

Það er því ekki rétt að engin málefnaleg umræða geti átt sér stað um Evrópusambandið áður en endanlegur samningur liggur fyrir. Jafnvel áður en pakkinn margfrægi er opnaður er ýmsar ályktanir hægt að draga af stærð hans, lögun og jafnvel pappírnum sem hann er pakkaður inn í.

Eg vil því nefna nokkra hluti sem skipta okkur bændur máli – sem við teljum mikilvægt að verði komið til móts við.

Aðildarviðræður við ESB eru sjálfstæð uppspretta

” Samningsafstaða Íslands í landbúnaði lá aldrei fyrir í fyrri aðildarviðræðum, nema að því leyti að hér ætti að viðhalda banni við innflutningi á lifandi dýrum, banni við innflutningi á fersku kjöti og banni við innflutningi á tilteknum plöntum.

Óvissu sem hefur kælandi áhrif á fjárfestingar í landbúnaði, alveg óháð niðurstöðu. Enginn leggur út í fjárfestingu til langs tíma þegar lagaumhverfi rekstursins er svona óljós. Þessi áhrif verða alvarlegri eftir því sem aðildarviðræður dragast á langinn.

Okkur sýnist svo stærstu áhrifin af inngöngu í ESB ekki vera styrkimir – í hvaða formi sem þeir gætu verið – heldur brottfall tollanna. Slíkt myndi hafa veruleg áhrif á landbúnað þar sem framleiðendaverð á Íslandi, fyrir utan lambakjöt, eru mun hærri heldur en í ESB.

Þessi áhrif valda því að mjög auknar greiðslur þyrftu ef að landbúnaðurinn á ekki að verða fyrir verulegum búsiðjum að aðild.

Samningsafstaða Íslands í landbúnaði lá aldrei fyrir í fyrri aðildarviðræðum, nema að því leyti að hér ætti að viðhalda banni við innflutningi á lifandi dýrum, banni við innflutningi á fersku kjöti og banni við innflutningi á tilteknum plöntum. Kjötinnflutningur er nú leyfður í takmörkuðu mæli í kjölfar dóms EFTA dómstólsins.

Við teljum að samningsafstaða ríkisins eigi að vera ljós þegar gengið er til kosninga, en aðalatriðið er að ef viðræðum við ESB verður haldið áfram vinni stjórnvöld náði með hagaðilum að mótun samningsmarkmiða og annarri vinnu í viðræðunum. Eigi landbúnaður á Íslandi ekki að verða fyrir miklu, varanlegu tjóni, verða stjórnvöld að knýja fram sérlausnir sem bita.

Líkurnar á slíkum málalyktum eru meiri ef Bændasamtökin og aðrir upplýstir hagaðilar taka virkan þátt í vinnunni með stjórnvöldum. Það væru stór mistök af hálfu stjórnvalda að halda bændum utan við þá vinnu og nýta sér ekki sérþekkingu þeirra til að ná sem bestri niðurstöðu fyrir Ísland. Fyrir lítið land eins og Ísland þá er einsýnt að við þurfum að nálgast málefni sem þessi saman ef þjóðin ákveður að halda áfram.

Því það vill stundum gleymast að landbúnaðarmál eru ekki sérhagsmunir bænda – heldur almannahagsmunir. Sveitin, maturinn, ræktarlandið, dýrin og bændurnir – allt er þetta stór og mikilvægur hluti þjóðarsálarinnar og samfélagsins. Og þetta er þáttur sem almenningur vill standa vörð um.

Höfundur er formaður BÍ.

Skógrækt:

Hvatningarverðlaun skógræktar veitt

– Skógræktin breyst á starfsferlinum

Björgvin Örn Eggertsson skógræðingur hlýtur Hvatningarverðlaun skógræktar 2026.

Vegferðin hófst þegar Björgvin var peyi að gróðursetja í Þjórsárdalnum. Hann hefur síðan þá kynnst öllum hliðum skógræktar og segir þörf vera á mikilli sérþekkingu í umhirdu skóga samanborið við þegar hann var að byrja sinn starfsferil þegar megináhersla var á að gróðursetja.

Gróðursetning og girðingarvinna

Vinna við skógrækt hefur fylgt Björgvini alla hans starfsævi en hann byrjaði að gróðursetja í Þjórsárdalnum sem smástrákur. Hann réði sig í sumarvinnu hjá Skógræktinni á unglingsaldri og eitt leiddi svo af öðru.

„Þegar ég var að byrja sem þjakkur 1983 í Þjórsárdal, þá var skógrækt bara gróðursetning og gekk ekki út á neitt annað. Og girðingarvinnu, endalaus girðingarvinnu. Í dag er skógrækt orðin miklu meira, umhirda með vélum og tækjum og græjum, trjáfellingar og miklu þyngri umhirda þar sem þarf meiri þekkingu heldur en þurfti hérna áður þegar við vorum bara að gróðursetja og allir gátu tekið þátt.“

Björgvin hefur unnið víða í skógrækt. „Ég hef verið svo heppinn að vera líka í félagsmálakerfinu en ég er búinn að sitja í stjórn Skógræktarfélags Selfoss og Ámesinga, sem er sitthvort félagið og var formaður Skógræðingafélags Íslands í nokkur ár. Þannig að maður hefur náttúrlega kynnst mörgum hliðum og áttar sig svolítið vel á því hvaða þekkingu og fræðslu vantar á hvaða stað.“ Björgvin segir stíganda hafa verið í öllum hópum sem nýta skógræktarþekkingu, hvort heldur er í landbúnaðinum, annars staðar í atvinnulífinu eða í heimilisgörðum.

Fræðsla og rétt vinnubrögð mikilvæg

Björgvin hefur tekið þátt í mörgum verkefnum með skógareigendum, Landssamtökum skógareigenda, Suðurlandsskógum og öðrum fagaðilum þar sem meðal annars voru búin til Evrópuverkefni til að kynna skógrækt erlendis og flytja þekkingu á skógum og skógarumhirdu til Íslands en auk þess kynna tálgu, húsgagnasmíði og fleiru sem tengdist skógamýtjum.

Grænir skógar var verkefni sem var sniðið að skógarbændum um allt land og Björgvin var ráðinn árið 2007 til Garðyrkjuskólans sem þá var hluti Landbúnaðarháskólans til að sinna því. Hann hefur síðan mikið sinnt fræðslu



Björgvin með verðlaunin, skál sem Jón Guðmundsson renndi.

Mynd / Vilborg Eiríksdóttir

til skógarbænda og skógareigenda og ekki síst til nemenda bæði í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri og í Garðyrkjuskólanum. Hann segir stöðuga aðlögun námsins hafa þurft til að samræma við stígandann sem var í atvinnulífinu og í samfélaginu.

Skógrækt þá og nú

Margt hefur breyst í skógrækt á þessum rúmu fjórum áratugum og Björgvin segir að nú sé trjáfelling og umhirda orðin meiri sérþekking. „Það er ekki nóg að kunna að fella tré. Þú þarft alltaf að vita hvaða tré á að velja og af hverju.“ Hann segir mikilvægt að þeir sem stundi skógrækt af einhverju tagi sækji sér menntun og fræðslu, allt of mikið sé gert af mistökum sem séu óþörf. Krafa um að vinna hlutina rétt sé alltaf að aukast og með því að fylgja útgefnum leiðbeiningum eins og Land og skógur gefa út sé einnig hægt að spara tíma, fyrirhöfn og peninga. Hann bætir við að lyfta þurfi greininni á verðugri stað og að Garðyrkjuskólinn leiki þar lykilhlutverk, þar læri nemendur sem koma til með að vinna í skóglöndunum rétt vinnubrögð.

Björgvin menntaði sig í Noregi og Finnlandi og er nú námsbrautarstjóri við braut Skógar og náttúru við Garðyrkjuskóla FSU á Reykjum en kennir til dæmis trjáfellingar á fleiri námsbrautum. Hann er auk þess virkur í námskeiðahaldi og hefur komið að fjölda samstarfsverkefna sem hafa aukið þekkingu innan skógargeirans. Verðlaunin voru formlega veitt í Garðyrkjuskólanum að Reykjum í Ólfusi á alþjóðlegum degi skóga 21. mars en þeim er ætlað að hvetja til dáða einstaklinga, hópa, fyrirtæki, félög eða stofnanir sem vinna í þágu skógræktar á Íslandi. Að verðlaunum standa Skógræktarfélag Íslands, Land og skógur og deild skógarbænda í Bændasamtökum Íslands.



„Ég held að garðyrkjubændur vilji framleiða meira almennt og greinin sé tilbúin til þess að vaxa.“

Mynd / Aðsend

Útvarp Bændablaðið:

„Við náum ekki að uppfylla markaðspörf í neinni tegund í dag“

Þróstur Helgason throstur@bondi.is



Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, garðyrkjubóndi og eigandi Sólskinsgrænmetis, er viðmælandi í nýjum þætti Útvarps Bændablaðsins og segir eftirspurn eftir íslensku grænmeti langt umfram framboð og stór tækifæri liggja í frekari uppbyggingu. Hún segir LED væðingu og nákvæmnisstýringu skapa nýtt svigrúm til aukinnar framleiðslu en að stuðningskerfið þurfi einnig að þróast til að styðja við fjölbreyttari ræktun og nýliðun í greininni.

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, garðyrkjubóndi og eigandi Sólskinsgrænmetis, segir engar einar afgerandi ástæður hafa ráðið því að hún fór út í garðyrkju. „Ég er svona ekki með neitt eitt gott, skýrt svar við því,“ segir hún. Hún er alin upp á blönduðu búi á Snæfellsnesi og hafði lengi unnið í ferðaþjónustu áður en hún fór að leita næstu skrefa. Á sumardaginn fyrsta heimsótti hún Garðyrkjuskólann og skræði sig síðan í fjarnám. Þegar Covid skall á fór námið alfarið fram í fjarkennslu.

Um svipað leyti fór hún – í gegnum fjölskyldutengsl – að skoða garðyrkjustöðvar á Flúðum. Þar áttaði hún sig á að mögulegt væri að taka við rekstrinum. Nýir lánamöguleikar frá Byggingastofnun, ætlaðir til að styðja kynslóðaskipti, réðu einnig mikið. „Svo fór boltinn bara að rúlla og hefur ekki stoppað síðan,“ segir hún.

Tvær stöðvar og vaxandi starfsemi

Sólskinsgrænmeti rekur nú tvær garðyrkjustöðvar. „Við erum aðallega með smátómata, tvær tegundir, og svo ræktum við tómatu og gúrku,“ segir Halla. Á sumrin hafa þau einnig verið með útiræktun. Í lok síðasta árs hófu þau jarðarberjaræktun í elstu gróðurhúsinum þar sem tómatar gáfu lakastan árangur.

Í annarri stöðinni á Melum er lítill verslun þar sem afurðir eru seldar beint frá býli. Þar hafa þau getað prófað fleiri tegundir og sinnt lítilli tilraunaræktun.

Á tímabili voru þau einu framleiðendurnir á seleri í útiræktun. En veðurfarir hefur gert

útiræktunina erfiða. „Við höfum svolítið minnkað við okkur þar og lagt áherslu meira á ræktunina inni,“ segir hún. Heildarræktun úti verður líklega aðeins 1–2 hektarar í sumari, samanborið við 8–9 hektara áður.

Selst allt sem framleitt er – og meira mætti framleiða

„Hann hefur bara gengið vel,“ segir Halla um reksturinn. Framleiðslan hefur aukist mikið og salan gengur hratt. „Það er mjög gaman að vinna í umhverfi þar sem selst eiginlega allt sem þú framleiðir.“ Á ákveðnum tímum fyllir fyrirtækið upp í skammvinnu bil í innlendri framleiðslu, en almennt er eftirspurn meiri en framboð. „Við værum helst bara til í að geta framleitt meira.“

Aðstæður til að stækka framleiðslu eru þó takmarkaðar af húsakosti og fermetrum. Þar kemur tækniþróun til skjalanna.

LED væðing og ný tækni breytir leiknum

Halla segir gríðarlega tækniþróun eiga sér stað í garðyrkju. Þar vegur LED væðingin þungt. Fyrirtækið fékk styrk úr Orkusjóði til að skipta út lýsingu. „Þetta verður ótrúlega stórt skref, eiginlega bara stökk fyrir garðyrkjuna á Íslandi,“ segir hún.

Nýju lamparnir koma í maí og verður þá skipt út næstu 4–5 mánuði. Í fyrstu verður notast við „hybrid“ lýsingu, blöndu af gömlu og nýju, þar sem LED ljósinn gefa breiðvirkari lýsingu og spara rafmagn. „Við spörum ansi margar kílóvattstundir,“ segir hún.

Að auki mun aukin sjálfvirkni og nákvæmnisstýring bæta nýtingu á vökvun, áburði og loftslagi. Hún nefnir blaðhitamæla, ljósmæla og önnur skynjaratæki sem gera kleift að hagraða betur. Gervigreind mun að hennar mati síðar fá stærra hlutverk. „Til að besta umhverfið, kannski bara klukkutíma fyrir klukkutíma.“

Eigin dreifing og vörumerki

Sólskinsgrænmeti fór 2023 út úr Sölufélagi garðyrkjumanna. Frá maí 2024 hefur fyrirtækið dreift vörum sínum sjálf. „Við vorum tilbúin að taka af skarið og byggja upp eigið vörumerki og markaðssetningu á okkar forsendum,“ segir Halla.

Það krafðist nýrra umbúða, eigin dreifingarbíls og starfsfólks í sölu

og markaðssetningu. Hún segir þetta hafa verið krefjandi skref en farsælt. „Við höfum náð að byggja upp mjög góða og stöðuga dreifingu.“

Upprunamerkingin Íslenskt staðfest var tekin upp samhliða. „Hún hefur reynst vel. Mér finnst mikilvægt að merkingin sé tekin út af óháðum aðila.“

Þörf á hvötum og endurskoðun kerfisins

Um stöðu greinarinnar segir Halla að tækifæri séu mikil. Markaðshlutdeild íslenskrar framleiðslu hafi dregist saman, en eftirspurnin sé klárlega til staðar. „Ég held að við séum ekki að uppfylla markaðspörf í eiginlega neinni tegund í dag.“

Hún telur stuðningskerfið þurfa að þróast, einkum ef fjölbreyttari ræktun á að verða að veruleika. A greiðslur ná aðeins til tómatu, gúrku og papríku, en allt annað falli undir B greiðslur sem greiddar eru eftir fermetrum. „Ég held við séum á að við getum aukið framleiðsluna okkar mjög mikið,“ segir hún og vill sjá greiðslurnar styðja betur við nýjar tegundir og þróun.

Nýliðun og stærð búanna

Halla segir meðalaldur garðyrkjubænda hækka og býlin stækka. Fyrir nýja aðila skipti sköpum að fá lán, þekkingu og stuðning – bæði frá þeim sem þeir taka við af og frá kerfinu. „Það er svolítið skrytið að labba inn í einhverja aðra ræktun sem einhver fjölskylda hefur byggt upp í gegnum kynslóðir,“ segir hún og hrósar fyrri eigendum fyrir stuðninginn.

Hún telur afar mikilvægt að garðyrkja birtist sem raunhæfur og spennandi starfsvettvangur. „Að fólk finni fyrir því að það er rosalega mikil nútímavæðing í gangi. Þetta getur verið arðbært og skemmtilegt og lifandi umhverfi.“

Hæg eða hröð uppbygging – en tækifærin mikil

Að lokum segir Halla að stuðningskerfið þurfi að styðja við fjölbreyttari ræktun og þróun greinarinnar þannig að bændur þori að taka skrefin til nýrrar framleiðslu. „Ég held að garðyrkjubændur vilji framleiða meira almennt og greinin sé tilbúin til þess að vaxa.“

STÍFLULOSUN SUDURLANDS

VÍÐSKILNÁM STÍFLUR!

- STÍFLULOSUN
- MARKAÐSSETNING
- STÍFLULOSUN
- MARKAÐSSETNING
- STÍFLULOSUN
- MARKAÐSSETNING
- STÍFLULOSUN
- MARKAÐSSETNING
- STÍFLULOSUN
- MARKAÐSSETNING

510 1180 - 699 8441



Knowledge grows

Örugg með Yara

Einkorna gæða áburður, einsteit áburðarkorn tryggja jafnari dreifingu og sama aðgengi plantna að öllum næringarefnum



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag bláruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagsæðu væð og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar bláruframleiðslu og útvæð afurðum neytendum til hagsbóta.

Státurfélag Suðurlands
Fosshábi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

Verðskrá 2026

Upplýsingar á yara.is
og hjá sölumönnum.





Margföldun innflutnings á unnum mjólkurafurðum

Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is



Í seinna tölublaði febrúarmánaðar Bændablaðsins á þessu ári kom fram að innflutningur á osti/smjöri og ís hefði tvöfaldast frá 2017 til 2025. Það er hins vegar áhugavert að sjá að innflutningur á unnum mjólkurvörum, svo sem mjólkurdrykkjum, hefur aukist mun meira.

Það er óhætt að segja að bændur á Íslandi hafi nokkuð til síns máls þegar þeir benda á að þeir eigi sífellt meira í vök að verjast gagnvart auknum innflutningi á landbúnaðarvörum. Slaknað hefur verulega á tollvernd til bænda undanfarin ár sem er nauðsynleg til að tryggja sanngjarna samkeppni fyrir innlendan landbúnað. En ýmsir fleiri þættir koma til sem gerir bændum erfitt fyrir að keppa við lönd sem bjóða upp á mun lægra afurðaverð, svo sem hár launakostnaður á Íslandi og takmarkaður fjárfestingastuðningur hins opinbera. Sem dæmi þá hefur framleiðsla á nautakjöti minnkað um 2% frá 2017 til 2025 en innflutningur aukist um 117% á sama tíma.

Líkt og fram kom í seinna tölublaði febrúarmánaðar Bændablaðsins hefur innflutningur á ýmsum mjólkurvörum svo sem osti/smjöri, ís og jógúrt tvöfaldast frá árinu 2017 til 2025. Þessar vörur bera allar tolla sem hefur þó rýnað talsvert á undanföllum árum sem þýðir að hagstæðara er að flytja afurðirnar inn en áður. Tollkvótar eru á ýmsar kjötafurðir og osta en ekki á ís og jógúrt. Þannig var t.d. heimilt að flytja inn 610 tonn af osti án tolla árið 2025 en tollkvóti á osta var aukinn í skrefum frá árinu


2017 þegar einungis var heimilt að flytja inn 100 tonn af osti án tolla. Þrátt fyrir aukna tollkvóta hefur innflutningur á ostum aukist stöðugt undanfarin ár og voru sem dæmi flutt inn tæplega 300 tonn umfram tollkvóta árið 2025.

En aukinn innflutningur þýðir jafnframt að tekjur ríkisins af tollum hefur aukist. Ef við skoðum þróun á tollatekjum ríkisins af osti og ís frá árinu 2017 til 2025, þá má sjá að þær hafa nær þrefaldast á osti og rúmlega tvöfaldast á ís. Þannig námu tekjur ríkisins af innflutningstollum á osti ríflega einum milljarði króna árið 2025 og tæplega 200 milljónum króna af ís.


En það er einnig vert að gefa gaum að innflutningi á unnum landbúnaðarvörum sem í flestum tilvikum er tollfrjáls. Þannig er flutt inn talsvert magn af mjólkurdrykkjum sem flokkast sem unnar afurðir.

Frá árinu 2017 til 2025 hefur innflutningsverðmæti á þessum vörum næstum því tífaldast, frá því að vera flutt inn fyrir 39 milljónir króna árið 2017 í 369 milljónir árið 2025. Í tonnum talið sexfaldaðist innflutningur á þessum vörum þar sem hann fór úr 130 tonnum árið 2017 í 775 tonn árið 2025.


Það hefur verið opinber stefna stjórnvalda að styðja við íslenskan landbúnað með það að leiðarljósi að landið verði eins sjálfbært með innlendar afurðir eins og kostur er. Í því samhengi er mikilvægt að fylgjast vel með þróun innflutnings á landbúnaðarafurðum en þá er ekki nægjanlegt að bera saman innflutning á einstaka afurðum sem eru unnar við það magn sem framleitt er hér innanlands. Bændur á Íslandi eru ekki síður að keppa við innflutning á matvælum þar sem oft þarf lítið til að þær séu skilgreindar sem unnar landbúnaðarafurðir.



Innflutningstölur eru leiðréttar eftir beinahlutfalli til samræmis við framleiðslutölur innanlands. Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Tollskrá, atvinnuvegaráðuneyti og Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

Hita- og rakamælur

Tryggðu gæði matvæla með rauntímaeftirliti og tilkynningum beint í síma

VISTA



vista.is

Bændablaðið kemur næst út
16. apríl

TRAUSTUR FERÐAFÉLAGI



FJÓRHJÓL

Suzuki KingQuad
verð frá: 2.290.000 kr,-

Valmöguleikar:

- Traktorskráning
- Torfæruskráning



BÁTAR

Stórt úrval báta,-
Zodiac, AKA Marine
og Bombard.

Við eigum lím, bætur,
hreinsi og bónvörur fyrir Zodiac.

UTANBORÐS- MÓTORAR

Eigum til
utanborðsmótara frá
2,5 til 300 hestöfl á lager.

Kynntu þér verðlistann á hei-
masíðunni okkar: www.suzuki.is



MÓTORHJÓL

Fyrir þá sem vilja
þjóta og njóta.





Dauðir gulviðbrúskar í þjóðgarðinum í Skaftafelli eftir innrás asparglytta sem fannst fyrst þar árið 2014.

Myndir / Helga Ösp Jónsdóttir



Asparglytta er þekkt meindýr sem fannst fyrst árið 2005. Hér sést ný kynslóð fullorðinna bjallna síðsumars.

Náttúruvernd:

Framandi tegundir í sjónmáli

– Eyjasamfélög eru viðkvæm

Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is



Ekki allar framandi tegundir eru ágengar en mikilvægt er að vakta vel hvaða ágengu tegundir gætu numið land. Mótsagnir eru í regluverkinu.

Rætt var um möguleg áhrif framandi ágengra tegunda á láði og í legi í vinnustofu sem ólíkar stofnanir stóðu að. Markmið vinnustofunnar var að efla þekkingu og samráð um stöðu framandi tegunda á Íslandi, skoða helstu áhættuþætti og hvaða forvörnum er hægt að beita.

Froskar í Garðabæ, gullfiskar í Elliðaárdal

Fremstu vísindamenn á hinu alþjóðlega sviði fluttu erindi á vinnustofnunni sem var haldin í samstarfi nokkurra stofnana, þar á meðal Náttúrufræðistofnunar, Matvælastofnunar, Lands og skógar og Hafrannsóknastofnunar og fór fram í liðinni viku. Mikill áhugi var á vinnustofnunni og yfir 80 manns tóku þátt. Gera þarf greinarmun á tegundum sem berast hingað af sjálfsdádum og þeim sem koma vísitandi eða óvart af mannavöldum, hið síðarnefnda var viðfangsefni vinnustofunnar.

Snorri Sigurðsson, sviðsstjóri náttúruverndar hjá Náttúrufræðistofnun og einn skipuleggjandi, segir samtalið og samstillingu milli stofnana um málefnið vera að aukast. Skýrari alþjóðleg áhersla sem endurspeglar betur í stefnumótun íslenskra stjórnvalda, og aukin þekking hafi þar sitt að segja. Umræðan hefur hingað til of mikið beinst að frekar fáum tegundum og vistkerfum meðan ýmislegt annað áriðandi fær litla athygli.

Í því samhengi nefnir Snorri dæmi um framandi tegundir í fersku vatni en töluvert er til dæmis um að hinum og þessum lífverum sé sleppt í tjarnir og vötn úr fiskabúrum landans og þá er fjöldi skordýra og annarra smádyra sem berast til landsins með ýmiss konar varningi mikill og ekki nægilega vel þekktur en sum þeirra hafa þegar valdið töluverðum skaða, t.d. skordýr eins og asparglytta, birkikemban og birkipélan sem margir kljást við í trjárækt og hafa sennilega borist til landsins með innflutningi á plöntum eða viði.

Það sem sé að gerast í hafinu hafi einnig verið of lítið rannsakað segir hann. Reglur og eftirlit með losun kjölfestuvatns og lífverum sem setjast á kili báta og skipa séu dæmi um smitleiðir sem þurfi að fylgjast mjög vel með og bregðast við því, með þeim geti borist óværu hvaðanæva að af hnettinum.

Horft inn í sjóndeildarhringinn

Meðal þeirra sem fluttu erindi á vinnustofnunni var dr. Deah Lieurance, sem er sérfræðingur í líffræði og stjórnun ágengra tegunda við Penn State-háskóla í Bandaríkjunum, og ræddi um mikilvægi þess að nota gagnreyndar aðferðir til að skima eftir því sem gæti leynst á sjóndeildarhringnum (Horizon Scanning), þ.e.a.s. skoða hvaða tegundir gætu borist til landsins af mannavöldum í framtíðinni og valdið mögulegum skaða og eru þegar á sambærilegum svæðum sem í tilfalli Íslands væru til dæmis Færeyjar og Skotland.

Deah sagði virkar forvarnir dýrmætar, það geti verið dýru verði gólið sem ekki er staðið vörð um og haft áhrif bæði á umhverfið og efnahaginn. Mikilvægt sé að gera vel ígrundaðan hnitmiðaðan lista yfir mögulega vágesti sem gerlegt sé að fylgjast með, sé hann of langur verði það ógerningur. Hvorki er til listi yfir ágengar tegundir sem þegar hafa numið land né listi yfir mögulega vágesti sem gætu borist til Íslands.

Komuleiðir framandi tegunda

Dr. Laura Meyerson sem ritstýrir Biological invasions, alþjóðlega virtu vísindatímariti um framandi tegundir og starfar nú tímabundið á Íslandi á vegum Fullbrigt-stofnunarinnar, ræddi um komuleiðir nýrra tegunda sem séu helst með flutningi farms, fólks og annarra lífvera með skipaflutningum eða flugi. Hún sagði frá því að tegundir geti numið land en lítið farið fyrir þeim í lengri tíma, þær jafnvel legið í dvala. Þegar aðstæður verði hagstæðar, til dæmis við hlýnun í veðri, geti þeim tekið að fjölga og breiðst mikið út.

Spánarsnigillinn sem barst til Íslands með garðyrkjuvörum geti verið dæmi um slíka tegund en framandi tegundir eigi sér gjarnan fáa eða enga náttúrulega óvini í nýjum heimkynnum sem yfir undir fjölgun þeirra. Skaði getur verið mismikill bæði í sjó og á landi.

Í erindi sínu tók dr. Pawel Wasowicz, sem er sviðsstjóri grasfræði hjá Náttúrufræðistofnun, undir og benti á að Ísland standi illa hvað varðar þekkingu á þeim tegundum sem þegar eru á landinu, heildaryfirlit vanti. „Það sem við tökum seint eftir er mjög líklegt að verði kostnaðarsamt fyrir okkur

síðar.“ Hann sagði að samanborið við önnur lönd séum við miklir eftirbátar og sé ekki til nákvæmur tegundalisti þá vanti grunninn.

Fyrirbyggjandi aðferðir

Allar stærstu stofnanir á alþjóða-vettvangi sem eru að fjalla um náttúruvernd, líffræðilega fjölbreytni og tengd umhverfismál hafa skilgreint framandi ágengar tegundir sem mikla ógn á heimsvísu í mörg ár, segir Snorri, þetta séu því mjög vel ígrunduð vísindi. Alþjóðlega séu til ótal drastísk dæmi um að tegundir hafi dáið út vegna áhrifa framandi ágengra tegunda eða að vistkerfi hafi tekið miklum breytingum þó við eignum ekki mörg slík afgerandi dæmi til hér á landi enn sem komið er.

Hann segir að þó megi víða sjá miklar breytingar á tegunda-samsetningu og starfsemi þurrlendis-vistkerfa og á grunnsævi þar sem nýlegar framandi tegundir, s.s. grjótrabbi og svartserkur, hafi fjölgað sér mikið og orðið ríkjandi á þeim búsvæðum sem þeir nýta sér. Áhrifin til lengdar á aðrar innlendar tegundir séu ekki að fullu þekkt.

Í þessu samhengi er talað um heita reiti sem eru þeir staðir sem ferðamenn fara fyrst á eftir komu til Íslands. Þar sé sérlega mikilvægt að hafa eftirlit og vinna með forvarnir. Deildartunguhver er nefndur sem dæmi um stað þar sem nýjar tegundir hafa tekið sér bólfestu og er rekið til fræja sem ferðamenn bera með sér á gönguskónum. Hverasvæði eru svæði sem teljast sérstaklega viðkvæm og verðmæt hér á landi. Eins og kom fram í erindi Pawels stafar þeim nú þegar ógn af framandi tegund sem er mosategundin, hæruburst, sem hefur dreifst hratt um hverasvæði víða um land. Talið er öruggt að tegundin hafi borist og dreifist með ferðafólki.

Gott regluverk í Evrópusambandinu

Í Evrópusambandinu svo og á Bretlandi eru forvarnir virkar og vinna á þessu sviði vel fjármögnuð sagði dr. Helen Roy frá háskólanum í Exeter í erindi sínu, það sé grundvöllurinn að því að ná árangri. Helen fjallaði um áhættumat og áréttáði að ekki stafi endilega hætta af nýjum tegundum, hversu duglegar þær eru að dreifa sér og reidir af í samkeppni við aðrar tegundir skipti máli og eins hvaða áhrif þær hafi á þau vistkerfi sem

fyrir eru. Áhrifin geti verið víðtæk í landbúnaði, á heilsufar og jafnvel menningu. Hún segir eyjur vera sérstaklega berskjaldaðar.

Lönd eða svæði sem eru með sérstaka náttúru eins og Nýja-Sjáland og Havai vinna einnig með ríkulegar forvarnir, banna til dæmis innflutning á ávöxtum og rannsaka gönguskó ferðamanna sem þurfa að vera nýir eða hafa gengist undir sóttþreinsun við komu til landsins. Þær reglur gilda að sjálfsögðu um ferðamenn og íbúa landsins sem fara úr landi með sinn búnað.

Mótsagnir í lögum og reglum

Í erindi sínu sagði Helga Ösp Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Landi og skógi, innflutning á mold vera ágreiningsmál. Hér væru í gildi sérislenskar reglur um innflutning plantna og plöntuafurða sem samræmast ekki reglum Evrópusambandsins. Einnig sé þekkt að viðarumbúðir, s.s. vörubretti og trékassar, geti borið með sér skaðvalda. Veikasti hlekkurinn sé þó skortur á fræðslu og miðlun á upplýsingum til almennings.

Aðstæður á Íslandi hafa breyst hratt og það sem verndaði Ísland áður gerir það í mun minna mæli. Dr. Bjarni Kristófersson, vatnalíffræðingur og prófessor frá Háskólanum á Hólum, sagði löggjöf vera rúma þegar kæmi að innflutningi á framandi tegundum úr plönturíkinu. Hann sagði mótsagnir vera í lögum og reglugerðum sem skapi ringulreið, kerfið sé brotkennt. Hann sagði mikilvægt að ná stjórn á helstu smitleiðum og samræma lög og reglur með tilliti til allra tegunda. Þörf sé á sameiginlegu eða í það minnst vel samræmdu kerfi fyrir innflutning, áhættumati og auknu eftirliti. Hann segir eftirlit tengt hestamennsku og fiskveiðibúnaði vera í nokkuð góðu lagi en það vanti alveg fyrir flest annað sem flutt er til landsins.

Snorri vonast eftir gerjun í kjölfarið af góðu faglegu samtali og að hægt verði að setja niður helstu niðurstöður vinnustofunnar í greinargerð til stjórnvalda. „Við vitum að þetta er flókið viðfangsefni og umdeilt,“ segir Snorri. Hann segir greinargerð frá þessum hópi geta orðið mikilvægt innlegg inn í vinnu í málaflöknum en í nýrri stefnu Íslands um líffræðilega fjölbreytni er skýrt kveðið á um þörf fyrir að rýna í regluverkið og lagaramma, fara í ýmsar úrbætur og skýra ábyrgð um málefni framandi tegunda.

BARMMERKI

MARGAR GERÐIR

www.marko.is

MARKO
ANALÝSINGAVERK, MARKAÐUR
marko@marko.is - sími: 565 1999

can-am®

OUTLANDER 6X6 850

Næsta kynslóð Outlander sexhjólanna. Skarar fram úr að öllu leiti.

LEIÐANDI Í BURÐAR-
OG DRÁTTARGETU

STERKARI GRIND -
GÍRKASSI OG KÚPLING



ROTAX 1000 MÓTOR
82 HESTÖFL

25 CM FJÖÐRUNARSVIÐ
HANNAD FYRIR 30" DEKK

Verð: 3.185.000 + vsk

Verð: 3.386.000 + vsk - með stuðara - spili og hita í handföngum

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

Hólar í Hjaltadal: Varað við veikingu staðarins og Háskólans

Íbúar og velunnarar Hóla í Hjaltadal og Háskólans á Hólum lýstu áhyggjum sínum af stöðu Hólastaðar og framtíð skólans á fundi sem haldinn var 11. mars síðastliðinn.

Þar var samþykkt yfirlýsing og greinargerð þar sem því er haldið fram að ríkisvaldið, sveitarfélagið Skagafjörður og Háskólinn á Hólum séu í sameiningu að veikja stöðu Hóla í Hjaltadal og starfsemi háskólans. Í yfirlýsingunni eru settar fram skýrar kröfur um samráð, uppbyggingu innviða og að snúið verði frá áformum um sölu aðalbyggingar háskólans.

Í yfirlýsingunni er minnt á að Hólar í Hjaltadal séu einn merkasti sögu-, menningar- og menntastaði þjóðarinnar. Þar hafi byggst upp þéttbýli þar sem Háskólinn á Hólum sé miðpunktur, enda búi þar fjöldi starfsmanna og nemenda. Nær öll önnur starfsemi á Hólum, svo sem nemendagarðar, mótuneytisrekstur, gisting, Bjórsetur Íslands og Sögusetur íslenska hestsins, sé beintengt starfsemi háskólans og að miklu leyti forsenda fyrir rekstri hans. Þá sé Hólastaður einnig mikilvægur áfangastaður ferðamanna.

Í yfirlýsingunni er bent á að vegna langvarandi fjárskorts og deilna milli ríkis og sveitarfélags um þjónustu við íbúa hafi viðhald húsnæðis og gatna verið mjög ábótavant. Ástandið hafi versnað til muna eftir að Háskólinn á Hólum ákvað í desember 2023 að koma ekki lengur að annari starfsemi á Hólum en þeirri sem tengdist beint skólustarfinu. Þá var grunnskólanum á staðnum lokað haustið 2024. Samkvæmt yfirlýsingunni hefur þetta allt dregið úr velferð íbúa á Hólum og í nágrenni þeirra.

Sala á aðalbyggingu gagnrýnd

Íbúar og velunnarar segja óskiljanlegt að staðið sé að aðgerðum sem grafi undan Hólastað, enda sé tilvera og uppbygging Háskólans á Hólum órjúfanleg staðnum. Vísað er til minnisblaða tveggja starfshópa ríkisvaldsins, annars vegar starfshóps um framtíðarskipulag Hóla í Hjaltadal frá október 2024 og hins

vegar framkvæmdahóps um Hóla í Hjaltadal frá 15. október 2025. Tillögur í þessum minnisblöðum séu sagðar ekki byggja á sterkri framtíðarsýn fyrir Hóla og þar sé hvorki gert ráð fyrir eflingu háskólans né aukinni kennslu og rannsóknum á staðnum.

Í yfirlýsingunni er sérstaklega gagnrýnt að í minnisblaði framkvæmdahópsins sé lagt til að aðalbygging Háskólans á Hólum verði seld einkaaðilum, ásamt fleiri byggingum. Aðalbygging skólans sé hjartað í starfsemi hans og ímynd hans út á við. Þar séu kennslustofur, skrifstofur, bókasafn, mótuneyti og íþróttastaða, þar á meðal íþróttasalur og sundlaug. Slík aðstaða sé forsenda kennslu, bæði fyrir staðnema og fjarnema sem sæki staðbundnar lotur, og jafnframt lykll að blómlegu mannlífi á Hólum. Hugmyndir um bráðabirgðakennslurými á hesthúsasvæðum séu sagðar leysa þetta hlutverk á engan hátt.

39 af 100 íbúðum á Hólum í einkaeign

Í greinargerðinni er rakið að Hólar hafi verið vaggá menningar og mennta allt frá árinu 1106 og annar tveggja höfuðstaða landsins um aldir. Í dag sé þar aðsetur Háskólans á Hólum, sem sinni kennslu og rannsóknum á sviðum hestafræða, fiskeldis, fiska- og vatnalífisfræði og ferðaþjónustu og viðburðastjórnunar. Sú starfsemi hafi kallað á sérhæfða aðstöðu og uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir nemendur.

Bent er á að mikið uppbyggingarskeið hafi átt sér stað á Hólum upp úr 1980, en eftir hrun hafi eignir verið seldar og nú séu 39 af 100 íbúðum á Hólum í einkaeign. Í lok yfirlýsingarinnar eru settar fram sjö kröfur, meðal annars um viðtækt samráð við íbúa og starfsmenn, að heimili og höfuðstöðvar Háskólans á Hólum verði áfram á Hólum í Hjaltadal, að snúið verði frá sölu aðalbyggingarinnar og að lögð verði áhersla á sterka stöðu kirkjunnar á Hólum. /þh



Mælítæki sett út frá rannsóknaskipinu Þórinni Þórðardóttur.

Mynd / Hafrannsóknastofnun

Hitastig sjávar að vetri aldrei hærra

– Metgildi fyrir sunnan og norðan

Niðurstöður mælinga sýna að hitastig sjávar og selta hafa aldrei verið hærra að vetrarlagi. Varmaflutningur með straumum norður Atlantshafið er gríðarmikill.

Hafrannsóknastofnun lauk reglubundnum leiðangri mælinga við Íslandsstrendur um miðjan febrúar. Samkvæmt þeim er hitastig í efstu 200 m sjávarins almennt hærra en langtímameðaltalið. Hærra hitastig suður af landinu bendir til þess að Atlantssjórin sé að endurheimta fyrri styrk og bendir til stórskala varmaflutnings til norðurs sem gæti haft áhrif á veðurfar á Íslandi og víðar.

Náttúruleg sveifla stór á Íslandi

Steingrímur Jónsson hafaðlisfræðingur, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun og prófessor við Háskólann á Akureyri, segir hitastig sjávar hafa mikil áhrif bæði á sjóinn og veurfarið á landi. Vitað er að sjór hefur almennt verið að hlýna í heimshöfnum af mannavöldum en náttúruleg sveifla á Íslandi sé stór, sérstaklega fyrir norðan land. Hann segir mælingarnar sem Hafrannsóknastofnun gerir sýna ástandið eins og það er tiltekna daga, en mikið gagn gæti verið af stöðugum mælingum. Breytileiki sé mikill á milli ára en óvist er hvernig hlýindakaflar hafa áhrif á djúpsjávarmyndun og hver þróunin verður.

Almennt hefur hitastig sjávar verið að hækka síðan 1970 þegar regluleg árstíðabundin langtímavöktun hófst en sveiflurnar eru töluverðar. Mismunandi sjógerðir streyma réttssælis í kringum landið, suður úr höfum streymir Atlantssjór sem er heitari og saltari og að norðan pólsjór eða svalsjór sem eru kaldari og minna saltir. Hitastig og selta náðu lágmarki 2017 en talið er að sjórin sem olli því hafi komið frá Labradorhafinu á milli Grænlands og Kanada. Sá sjór hafi verið minna saltur og kaldari og blandast við Atlantssjóinn sem fyrir var á svæðinu.

Atlantssjórin ríkjandi norðan og sunnan

Norðan Íslands er Atlantssjór í breytilegu magni í bland við pólsjór og svalsjór og við Siglunessniðið náði hitastig 5°C. Nú er Atlantssjórin ríkjandi fyrir norðan land en hann er bæði heitur og saltur. Atlantssjórin teygir sig nú allt austur að Langanesi sem hlý tunga undir yfirborðinu. Steingrímur segir breytileika vera meiri fyrir norðan land en fyrir sunnan þar sem Atlantssjórin er almennt ríkjandi. Hann segir hitastig og seltu oft fylgjast að, pólsjórin sé bæði kaldari og minna saltur.

Gerðar voru mælingar á 100 stöðvum og bæði hitastig og selta mæld. Eins var sýnum safnað á mismunandi dýpum til greininga á næringarefnum, súrefni og ólífrænu kolefni sem gefur upplýsingar um sýrustig sjávarins. Ferðin var einnig nýtt til að gera mælingar í nokkrum fjöruðum og strandsvæðum og verður hægt að nýta þær og sambærilegar mælingar í komandi leiðngum til að vakta umhverfisáhrif sjókvíaeldis. Niðurstöður þeirra mælinga liggja enn ekki fyrir.

Veltíhringrás Atlantshafsins

Aðspurður um hvort mælingarnar hafi áhrif á niðurstöður nýlegra rannsókna á veltíhringrás Atlantshafsins (AMOC) sem leit hafa líkur að því að hún sé að veikjast og geti haft stórtækt áhrif á veðurfar í heiminum, segir hann að í raun sé

Sjógerðir

Mismunandi sjógerðir streyma réttssælis í kringum Ísland. Eðlisþyngd sjógerða ræðst af hitastigi og seltu þar sem mikil selta og kuldi leiða af sér hærra eðlisþyngd. Atlantssjór sem hingað berst getur verið bæði misheitur og missaltur og streymir að sunnan og norður eftir Atlantshafinu. Pólsjór og svalsjór eru kaldar sjógerðir sem streyma úr norðri og eru kaldir og með frekar lága seltu. Pólsjórin kemur úr Norður-Íshafinu og er sérlega kaldur og lítið saltur. Svalsjór er kaldur sjór frá norðlægum slóðum, kaldari en Atlantssjórin en saltari en pólsjórin. Djúpsjór er skilgreindur sem sú hluti sjávar sem er neðan við ca 500 metra dýpi og er kaldur.

erfitt að tengja þær við AMOC sem sé langtímafyrirbæri. Hann segir Hafrannsóknastofnun hafa mælt streymi Atlantssjávar og djúpsjávar um Grænlandssund árum saman og samkvæmt þeim sé sú hluti veltíhringrásarinnar frekar að aukast sem sé í raun í andstöðu við rannsóknir sem segja að AMOC sé að veikjast.

„Við höfum verið að mæla hvað berst mikið af Atlantssjó norður fyrir land og í Norðurhöf og erum búin að gera það í 20-30 ár og höfum ekki séð annað en að það flæði sé frekar að aukast.“ Hafrannsóknastofnun hefur verið í samstarfi við til að mynda Færeyinga, Norðmenn, Skota og fleiri lönd sem gera sambærilegar mælingar hjá sér. Mælingar frá Íslandi hafa beinst að svæðinu í Grænlandssundi, meðan Færeyingar og Skotar hafa mælt flæðið við Færeyjar og Skotland. Sunnar í Atlantshafinu hafa verið visbendingar um minnkaðan straum en það sé erfitt að sjá á mælingum héðan. Steingrímur segir megnið af djúpsjónum sem kemur yfir hrygginn á milli Grænlands og Skotlands sökkva í Atlantshafið og að sú straumur virðist stöðugur.

„Aðalatriðið er að fylgjast vel með því sem er að gerast og við mætum alveg vera duglegri við það, en það er mjög dýrt að stunda slíkar rannsóknir,“ segir Steingrímur og segir að til þyrfti að koma samstarf við öfluga aðila alþjóðlega til að sinna stöðugum mælingum. Hafrannsóknastofnun búi þó yfir lengstu mælingum á þeim hluta AMOC sem er við Ísland og að þær séu góðar mælingar.

Hlýtt sumar fram undan

Gríðarlegur varmi flyst með hafstraumunum sem ferðast að sunnan og norður eftir Atlantshafinu. Hitastig sjávar hefur áhrif á loftþita með því móti að varminn fer upp í andrúmsloftið og hitar það og færir okkur hlýrra loftslag. Hitastig sjávar, sem er afleiðing af samsetningu hans og straumum um hnöttinn, hefur mikil áhrif á loftslag. „Maður sér það hér á Akureyri að nú er norðanátt en tiltölulega hlýtt,“ segir Steingrímur. Meðalofthiti árið 2025 var sá hæsti sem mælst hefur frá því að mælingar Veðurstofu Íslands hófust.

Áhrif hlýnandi loftslags eru margslungin en fyrir landbúnað á Íslandi geta þau verið mjög jákvæð, fært með sér lengra og heitara ræktunartímabil sem er sérlega hagkvæmt fyrir hvers kyns útiræktun og betri tíð fyrir búfénað. Þegar sjór er heitur er oft meiri úrkoma sem hefur sína kosti og galla. Steingrímur segir heitari sjó nú vera útbreiddan norðan við land. Það taki sjóinn tvo til þrjá mánuði að fara frá Hornbjargi og austur á Langanesi en svo geti allt gerst. Byggt á nýju mælingunum gerir hann því frekar ráð fyrir hlýindum á komandi sumri. /eks

Segðu **BLESS**
við óværuna!



YKKAR
pest control

BANINN SEM VIRKAR

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Ókeypis sending á Dropp stað ef keypt er fyrir 7500 kr eða meira

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó




Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS**, **Stronger BONES**, **Smoother SKIN & HAIR**, **Happier GUTS** og **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaeftum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra. Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungur frá Bíldudal
- Smáþörungur (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ 
- GeoSilica kísill frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík og Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði



Ég skipti yfir í **Active JOINTS** og fljótlega fann ég mikinn mun
- **Hartmann Guðmundsson**



Ég elska íþróttina mína og er mjög ánægð með **Active JOINTS**
- **Margrét Ágústsdóttir**



Meiri orka og betri líðan með **Active JOINTS**
- **Friðrik Benediktsson**



Active JOINTS og **Stronger BONES** koma sterk inn í æfingarnar, mjög kröftug og hrein bætiefni
- **Gunnur Róbertsdóttir**



Frábært að finna fljótt góðan árangur
- **Ólafía Ingólfssdóttir**



Ég mæli 100% með **Active JOINTS** frá Eylíf, það er allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn
- **Ólafía Ingólfssdóttir**





Nú er unnið að því öllum árum að ný heimavist verði byggð á Selfossi. Mynd / mhh

Selfoss:

Vantar heimavist fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands

Mjög brýnt er fyrir Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi að fá varanlegt húsnæði undir heimavist en nú eru bara nokkur herbergi í leiguhúsnæði í húsnæði þar sem Ljósheimar, dvalarheimili aldraðra var í á Selfossi.

Húsaleigusamningurinn rennur út við lok þessarar annar. „Það þarf að finna úrræði til frambúðar og besti kosturinn væri að byggt yrði almennilegt húsnæði fyrir heimavist í eigu ríkisins, og væri þá hannað með tilliti til þess. En það er ekki í mínum höndum að ákveða hvort og hvenær er byggt, það er pólitísk ákvörðun og fer eftir forgangsörðun ríkisstjórnar.

Við þetta má bæta að einnig er þörf á að stækka verknámshúsið

og byggja upp á Reykjum þar sem Garðyrkjuskólinn er. Því er erfitt að svara hvað gerist þegar tímabundinn leigusamningur rennur út, það fer eftir stöðunni þá, hvort komið sé vilýrði fyrir byggingu heimavistar eða ekki,“ segir Soffía Sveinsdóttir skólameistari.

Framkvæmdasýsla ríkisins mun auglýsa útbod vegna nýrrar heimavistar en Soffía vann útbodslýsingu í góðu samstarfi við barna- og menntamálaráðuneytið. „Heimavistarmálin hafa verið mikið rædd í skólanevnd skólans og í stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Sveitarfélögin, einkum þau sem eru staðsett langt frá skólanum, eru ugðandi um stöðuna og ég tek undir það,“ segir Soffía. /mhh



Telur þú kindur á hverju kvöldi?

Ef svefninn lætur stöðugt bíða eftir sér, þá er kannski kominn tími á nýja aðferð.

Sefitude hjálpar þér að finna náttúrulega slökun og styttr tímamann sem það tekur að sofna.

Þú sefur betur með Sefitude.

Notkun við svefntruflanum: 1 tafla 1/2-1 kist fyrir svefn fyrir 12 ára og eldri. Notkun við vægum kvíða: 1 tafla 1-3 sinnum á dag fyrir fullorðna og 1 tafla 1-2 á dag fyrir 12-18 ára. Hámarkskammtur fyrir 12-18 ára eru 2 töflur en 4 töflur fyrir fullorðna. Ekki ætlað yngri en 12 ára, þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfisins. Leiðið læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á serlyfjaskra.is.

FLOREALIS

Bændablaðið er á www.bbl.is



Loftmynd af sundlaugarsvæðinu og íþróttamannvirkjum í Borgarnesi. Nýtt fjölnota íþróttahús er í byggingu á grasvallarsvæðinu og verður það tekið í notkun í sumarlok. Mynd / Aðsend

Borgarnes:

Endurbótum á íþróttamiðstöðinni lokið

Framkvæmdum við íþróttamannvirki í Borgarnesi er lokið en í sumar verður risavatsrennibraut tekin í notkun.

„Við vorum að endurbæta kvennaklefan og karlaklefan og kvennaklefinn var stækkaður fyrir tveimur árum síðan en ekki klárað að lagfæra gamla hluttann af honum.

Það voru líka settar upp nýjar sturtustýringar, flísar á veggi, skipt út niðurföllum og „epoxy“ sett á gólf, ásamt nýjum salernum og handlaugum og þvottastöð í hvorn klefan, sem auðvelda öll þrif. Í karlaklefanum var það sama upp á teningnum nema breytingin er sú að við bættum við hann nýrri sturtuastöðu.

Gömlu aðstöðunni var breytt í þurrksvæði og bætt við skápum. Einnig voru settar sundfatavindur í klefan, sem mælist vel fyrir,“ segir Kristinn Óskar Sigmundsson, forstöðumaður íþróttamannvirki í Borgarnesi, aðspurður um framkvæmdir sem verið var að ljúka við íþróttamiðstöðina í Borgarnesi.

50 milljóna króna verkefni

Kristinn segir að fastagestir séu mjög ánægðir með útkomuna og ekki

siður starfsfólk íþróttamannvirki. Það voru PJ byggingar, sem var aðalverktaki að verkinu, ásamt verktökum úr heimabyggð. Kostnaður er um 50 milljónir króna.

Risarennibraut með ljósupplifun

Framkvæmdum við sundlaugina er ekki lokið því þar verður sett upp risarennibraut með alls konar ljósupplifun, sem verður opnuð í sumar.

„Já, það er gaman að segja frá því. Við erum með þrjár brautir í dag, engar risabrautir en enga að siður mjög flottar brautir. Þær voru byggðar árið 1997 og eru því komnar vel til ára sinna.

Við þurfum að taka eina brautina úr umferð í fyrra þar sem brautin var orðin mjög illa farin, startpallurinn brotinn og vatn farið að leka undan honum. Við fórum því í það að láta taka þær út til að meta ástandið á þeim og var það ekki talið vænlegt að laga þær. Við fórum því af stað með útbod á nýjum brautum. Það var fyrirtækið Á Óskarsson sem var lögstjóðandi í verkið.

Brautirnar verða að mestu leyti með sama sniði og gömlu.

Við munum þó breyta litasetningunni, nú verður ekki græna bláa og gula, heldur appelsínugula, græna og gula. Einnig verður ljósupplifun og eitthvað skemmtilegt í lokuðu brautinni. Framkvæmdir munu hefjast um miðjan maí og stefnum við á opnun í lok júní,“ segir Kristinn Óskar.

200 þúsund gestir

Á hverju ári koma um 200 þúsund gestir í íþróttamannvirkin í Borgarnesi. „Já, þetta er stór hópur en við erum með líkamsræktarstöð og spinningal, íþróttasal þar sem stundaðar eru skólaiþróttir, körfubolta, fótibolta og frjálsíþróttæfingar, boccia, íþróttaskóla og ungbarnasund fyrir yngstu kynslóðina ásamt ýmsu öðru þannig að umferðin er mikil í gegnum húsið.

Það má segja að þetta sé eins og umferðarmiðstöð eða ein stór félagsmiðstöð. Ég segi oft að þetta sé stærsta félagsmiðstöðin í Borgarbyggð. Svo yfir sumartímanna er gríðarlegur fjöldi ferðamanna sem sækir sundlaugina,“ segir Kristinn Óskar að lokum. /mhh

Hella:

Landsvirkjun byggir þjónustumiðstöð

Landsvirkjun er nú með útbod í gangi á lóð undir byggingu þjónustumiðstöðvar, sem mun gegna mikilvægu hlutverki fyrir Vadölduver, fyrsta vindorkuver landsins.

Auk starfsfólks frá vindmyllu-framleiðandanum „Enercon“ mun starfsfólk Landsvirkjunar einnig hafa aðstöðu í húsinu.

Heildarstærð aðalbyggingarinnar er um 414 fermetrar en þar verður m.a. að finna skrifstofurými, fundarherbergi, kaffiastöðu og bílskúr. Á lóðinni, sem er um 9 þúsund fermetrar að stærð, verður einnig lágreist 46 fermetra skýli, sem skiptist í 25 fermetra hjólaskýli og 21 fermetra geymslu. Húsið mun verða Svansvottað og verður þar með annað mannvirki Landsvirkjunar sem hlýtur slíka vottun.

„Mér líst mjög vel á þessi áform, það er alltaf jákvætt þegar fyrirtæki eins og Landsvirkjun, sem er í eigu okkar allra, byggir upp starfsemi á landsbyggðinni. Nýja húsið á Hellu styrkir stöðu staðarins sem þjónustu- og atvinnukjarni á Suðurlandi og er



Svona mun Svansvottaða þjónustuhúsið líta út á Hellu en húsið verður byggt á lóð við Faxaflöt 2a. Útbodsgögn voru afhent 9. mars og er skilafrestur tilboða til 21. apríl. Mynd / Aðsend

skýr vísending um að fyrirtækið sjái Hellu fyrir sér sem mikilvægan stað til framtíðar.

Sveitarstjórnin hefur að undanfögnu lagt mikla áherslu við stjórnendur fyrirtækisins að byggja upp varanlegar starfsstöðvar í sveitarfélaginu og er þessi framkvæmd að hluta til afrakstur af því samtali.

Fyrir sveitarfélagið skiptir þetta miklu máli bæði beint og óbeint. Hér verður til starfsumhverfi fyrir tæknimenntað fólk, umsvif aukast og fjölbreytni í atvinnu og þjónustu verður meiri og trú fólks eykst á frekari uppbyggingu í heimabyggð,“ segir Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra. /mhh



NÝR MATSEÐILL

Létt leið að góðum réttum!

Á nýjum matseðli N1 finnur þú spennandi nýjungar á borð við heiðursborgarann **Trufflutraffík** og pizzu ársins sem við köllum **Salsagrím** enda ættaður úr Borgarnesi. Síðan er þetta sígilda og góða auðvitað líka á sínum stað.

Kíktu við og nældu þér í bita!

N1 veitingar

Akranes, Blönduós, Borgarnes, Egilsstaðir, Húsavík, Hvolsvöllur, Sauðárkrókur, Staðarskáli





Í Kaliforníu hefur mikill vatnsskortur þvingað bændur til að leita annarra leiða til landnýtingar.

Mynd / Levi Meir Clancy – Unsplash

Vatnsskortur:

Sólarorkubúskapur í Kaliforníu

Geysistór sólarorkugarður er í þróun í hjarta Kaliforníu. Ef hann verður byggður, mun hann þekja 51 þúsund hektara aflandi og framleiða 21.000 megavött af rafmagni, sem er nóg til að knýja heilar borgir. Risastórar rafhlöður munu geyma hluta af þeirri orku þar til hennar er mest þörf.

Greint er frá þessum áformum á vefmiðlinum NPR. Þar segir að bændur séu meðal stuðningsmanna verkefnisins, enda hafi þróunin orðið sú á stórum svæðum Kaliforníu að þeir hafa ekki nægt vatn til að rækta sitt land og leita því að öðrum valkostum til landnýtingar.

Ný vatnskreppa

Haft er eftir bóndanum Ross Franson, sem hefur verið stórtækur í margvíslegri akuryrkju, að bændur myndu helst vilja yrkja jörðina og ef þeir hefðu nægt vatn myndu þeir frekar gera það. „Raunveruleikinn er sá að það er ekki til staðar. Maður verður að spila úr þeim spilum sem manni eru gefin,“ segir Ross sem einnig er í stjórn Westlands Water district, samtaka sem rekin eru af bændum og eru lykilaðili í þessu sólarorkuverkefni. Þau semja við sólarorkufyrirtæki og eftirlitsstofnanir stjórnvalda fyrir hönd félagsmanna sinna. Westlands hefur lengi gætt hagsmuna bænda á stóru landsvæði vestan megin við San Joaquin-dalinn, milli bæjanna Firebaugh og Huron. Fyrir áratugum síðan áttu samtökin þátt í að sannfæra alríkisstjórnina um að byggja risavaxinn skurð til að veita áveituvatni á þetta svæði úr ám alla

leið frá Norður-Kaliforníu. Þrátt fyrir áveituvatnið standa bændur á þessu svæði frammi fyrir nýrri vatnskreppu. Skurðurinn hefur skilað minna vatni á undanförunum árum vegna þurrka og samkeppni um vatnið. Þar til nýlega höfðu bændurnir varavatsnból og gátu dælt vatni úr grunnvatnsæðum hundruð metra neðanjarðar. Nú eru hins vegar ný ríkislög að taka gildi sem banna ofdælingu úr grunnvatnsæðinni.

Sólarorkan ný tegund búskapar

Því hafa stór svæði í Westlands ekki verið í ræktun og hefur sólarorkuframleiðandinn Golden State Clean Energy gripið tækifærið og kynnt Westlands Water District nýtt aðalskipulag sem gerir ráð fyrir klösum af gríðarstórum sólarorkuverkefnum. Eftir nokkurra ára skipulagsferli kaus svo stjórn samtakanna í desember síðastliðnum að taka þátt í verkefninu að fullu og hafa um 150 bændur ákveðið að láta setja upp sólarcellur á hluta af landi sínu.

Líta þeir á sólarorkuna sem nýja tegund búskapar og tekjur af honum munu auðvelda þeim að halda hefðbundnum búskap áfram á hluta landa þeirra, sem muni halda bændasamfélaginu á lífi.

Í litlu bæjunum í nágrenninu, þar sem margt starfsfólk búanna eiga heima, eru hins vegar áhyggjur af því að íbúar á svæðinu muni ekki sjá mikinn ávinning af verkefninu. Samdráttur í landbúnaður þýði að færri störf verði í boði fyrir það landbúnaðarverkaforlk sem vann á búunum. /smh



Fyrirsjáanleg kynslóðaskipti á landi, samhliða efnahagslegum þrengingum, hafa orðið til þess að fleiri félagasamtök vestan hafs styðja eldri bændur við að undirbúa það að koma býlum í áframhaldandi búrekstur og vinna að því að ræktarland haldist í eigu bænda fremur en að það færirst í hendur fasteignafélaga.

Mynd / Jacinto Diego

Æ fleiri jarðir í hendur fjárfesta og stórfyrirtækja

-Meginástæða nýliðunarvanda í bandarískum landbúnaði

Í grein í New York Times segir að ungt fólk hafi ekki efni á að kaupa sér jörð til að hefja búskap. Jarðaverð sé í sögulegum hæðum og býli séu í síaukunum mæli keypt upp af fjárfestum og stórfyrirtækjum á sviði landbúnaðar. Nýliðunarvandinn eigi sér þó einnig aðrar skýringar.

Á næstu tveimur áratugum munu eigendur um það bil 300 milljónir ekra eða um 121 milljón hektara landbúnaðarlands hætta búskap eða deyja. Framtíð bandarískra sveita og matvælarerfisins þar vestra mun ráðast af því hverjir kaupa þessar jarðir og hvernig. Þetta kemur fram í grein eftir Brooks Lamb sem er höfundur bókarinnar Love for the Land: Lessons From Farmers Who Persist in Place og vinnur fyrir American Farmland Trust sem er sjálfseignarstofnun sem hefur það

hlutverk að vernda ræktarland, stuðla að vistvænum landbúnaðarháttum og halda jörðum í ábúð.

Brooks heldur því fram að stór hluti þessa lands verði keyptur af stórfyrirtækjum í bandarískum landbúnaði sem nú þegar hafa mikil völd. Einkafjárfestar muni líklega kaupa það sem eftir er en þeir líta margir hverjir á land sem áhættulita fjárfestingu sem þeir geta seinna selt undir verslunarmiðstöðvar eða gagnaver. Stórfyrirtæki og fjárfestar hafa keypt þúsundir lítilla og meðalstóra jarða á liðnum áratugum og vilja kaupa enn fleiri.

Ýmsar ástæður nýliðunarvanda

Brooks segir að þessi samþjöppun eignarhalds á landbúnaðarlandi sé skaðleg fyrir umhverfið, almannaheilsu, efnahag dreifbýlla landssvæða og fæðuöryggi. Betra væri að ungt fólk tæki við litlum og meðalstórum landbúnaðarjörðum og héldu þeim í ábúð.

Það gerist hins vegar ekki nægjanlega oft, segir Brooks.

Margir haldi því fram að ástæðan sé áhugaleysi aldamóta- og z-kynslóðarinnar á landbúnaðarstörfum, vinnan sé of erfið og lífstillinn ekki aðlaðandi. Og þetta kunnir að vera rétt, en ástæðurnar fyrir því að unga fólk hafi síður búskap séu mun flóknari.

Brooks segir að ungu fólki sé oft sagt að búskapur skapi því ekki trygga og eftirsóknarverða framtíð. Börn sem alast upp í landbúnaði séu gjarnan hvött, bæði af kennurum og foreldrum, til að leita tækifæra annars staðar, fjarri smærri byggðarlögum þar sem möguleikar þyki takmarkaðir. Sveigjanleiki og hreyfanleiki sé kostur en með því að festa rætur í dreifbýli sé fólk að setta sig við lakari kost.

„Margir hverfa frá landbúnaði vegna þeirrar reynslu sem þeir urðu fyrir í uppveitinum,“ segir Brooks. „Þeir sáu foreldra sína eða afa og ömmur leggja á sig langan vinnudag, oft samhliða öðrum störfum, til að halda búrekstrinum gangandi. Þeir urðu vitni að hækkanði kostnaði við tæki, fôður og aðföng, á sama tíma og afkoma búans breyttist lítið.“

Nýverið varaði þverpólitískur hópur leiðtoga í landbúnaði landbúnaðarnefndir Bandaríkjaþings við því að hátt verð á aðföngum, niðurskurður í rannsóknum og mannafla og óstöðugleiki á mörkuðum gætu leitt

til „viðtæks hruns“ í landbúnaði og dreifbýlissamfélögum.“

Fyrirsjáanleg kynslóðaskipti á landi, samhliða efnahagslegum þrengingum, hafa orðið til þess að fleiri félagasamtök vestan hafs styðja eldri bændur við að undirbúa það að koma býlum í áframhaldandi búrekstur og vinna að því að ræktarland haldist í eigu bænda fremur en að það færirst í hendur fasteignafélaga. Brooks segir það starf mikilvægt. En hann telur eigi að síður að dreifbýl landbúnaðarsamfélag muni áfram veikjast nema til komi viðtækari kerfisbreytingar. „Nauðsynlegt er að gera búskap að raunhæfum og aðlaðandi valkosti fyrir næstu kynslóð,“ segir hann. Og þrátt fyrir ríkjandi viðhorf sé til ungt fólk sem vill hasla sér völlu í landbúnaði.

Jarðaverð meginástæðan

Meginástæðan fyrir því að ungt fólk hefji ekki búskap sé þó umfram allt sú að jarðaverð sé í sögulegum hæðum. Ungt fólk hafi ekki efni á því að kaupa sér jarðir til ábúðar. Til þess að það breytist þurfi að vera til staðar lífvænlegur og stöðugur markaður fyrir staðbundnar gæðaauður. Og jarðakaup þurfa að verða viðráðanleg.

Brooks segir Bandaríkjaþing geta gert ýmislegt til þess að gera ungum bændum kleift að hefja búskap. Auka mætti fjármagn til landverndarsamninga sem verja ræktarland gegn uppbyggingu, rýmka aðgengi að lánum á hagstæðum kjörum á vegum hins opinbera og koma á nýjum stuðningi við útborgun, allt með það að markmiði að auðvelda nýjum bændum kaup á landi. Jafnframt ætti alríkisstjórnin að koma á fót sérstakri skrifstofu fyrir smábúskap innan landbúnaðarráðuneytisins, enda er ljóst að margir ungir bændur vilja, og geta aðeins, stundað búskap á þeim skala.

Ríkisstjórnir einstakra ríkja gætu einnig mótað eigin úrræði, svo sem skattaafslætti fyrir nýliða í landbúnaði og styrki til að mæta kostnaði við uppbyggingu innviða og kaup á búnaði, aðgerðir sem njóta þverpólitísks stuðnings. Félagasamtök geta jafnframt lagt sitt af mörkum með því að veita tæknilega aðstoð, tengja saman landeigendur og unga bændur sem vilja leigja eða kaupa land og byggja upp staðbundin samvinnuverkefni í búskap, sem geta styrkt bæði markaðssetningu og vinnslu afurða. /bh



Á Inkaslóðum í Perú

29. september – 16. október 2026

Fararstjórn: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir

Verð 1.149.900 kr. á mann í tvíbýli

Ferðalag til Perú er mikið ævintýri, hér blandast saman á heillandi hátt hin forna og merkilega Inkamenning landsins, litskrúðugir íbúar og minjar frá nýlendutíma Spánverja. Við kynnumst lífinu í fjöllumum, ferðumst um hinn Heilaga dal og upplifum að sjálfsögðu frægasta áfangastað Perú, týndu borgina Machu Picchu, í stórbrotnu landslagi á hásléttum Andesfjalla.

bænda
FERDIR

Allir geta bókað sig í Bændaferð - bendaferdir.is

Sími 570 2790 • bokun@bendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík





ÍSFUGL

frá
ÍSLENSKUM BÆNDUM
sem við þekkjum og treystum





Gjörunnin matvæli umlykja okkur

Oft getur reynt erfitt að átta sig á hvort tiltekin matvara sé gjörunnin eða ekki. Helstu einkenni þeirra eru þó oft löng innihaldslýsing þar sem finna má meðal annars litarefni, bragðefni og bindiefni. Samkvæmt rannsóknum bendir margt til þess að þeir hópar fólks sem borða mikið af gjörunnum matvörum séu líklegri til að þróa með sér hjarta- og æðasjúkdóma og lífa skemur.

Mynd / ál

AdBlue í öllum stærðum



Adblue 1,89L
Fullt verð: **1.290 kr** m/vak

Adblue 10L
Fullt verð: **2.990 kr** m/vak

Adblue 210L
Fullt verð: **58.989 kr** m/vak

Adblue 1000L
Fullt verð: **169.900 kr** m/vak



Toyota Kaupfélagið
Knafla 7, 210 Garðabær
S 570-5000
vp@toyota.is

VIÐ SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Undanfarin ár hefur fræðasamfélagið veitt matvælum sem hafa undirgengist fjölda vinnsluferla og innihalda mörg aukaefni athygli. Ýmislegt bendir til þess að þeir hópar fólks sem fá stóran hluta af sinni orku úr þessum matvælum séu líklegri til að þróa með sér lífsstíllsjúkdóma og lífa skemur. Núna er í gangi verkefni sem skoðar gjörunnin matvæli í íslensku samhengi, en neysla Íslendinga á þessum matvælum er meiri en í mörgum Evrópulöndum.



Bryndís Eva Birgisdóttir.



Steina Gunnarsdóttir.

áferð, gera þau bragðbetri og þannig að við neytendur vildum borða meira af

þeim flæddu yfir markaðinn í Brasilíu. Smám saman urðu skyndibitar meira ofan á og hefðbundið mataræði í Brasilíu sem byggist á baunum, grænmeti og ferskvöru, lenti undir.

Montero lagðist yfir þetta og bjó til Nova skalann þar sem matvælum er skipt í fjóra flokka,“ segir Bryndís. Flokkur fjögur er það sem kallast gjörunnar matvörur, en hinir þrjú flokkarnir eru til að flokka hráefni og hefðbundin matvæli sem er ýmist búið að vinna fyrir geymslu eða neyslu. „Allar þessar gömlu hefðbundnu aðferðir við eldun og geymslu á mat, eins og að gerja mjólk, salta kjöt, brugga bjór og vín telst ekki til gjörvinnslu á matvælum. Mörg gjörunnin matvæli verða til þegar hráefnin eru skilin í sundur í vinnslunni og eru svo sett saman aftur á alveg nýjan hátt.“

Auka þarf matvælafræðslu

Bryndís bendir á að eftir seinna stríð hafi matur orðið meira og meira unninn samhliða aukinni iðnvæðingu við framleiðslu hans. Úrval þessara matvara hafi snaraukist síðustu áratugi, en meirihlutinn af gjörunnum matvælum sé það sem við myndum kalla óheilsusamleg matvæli, eins og snakk, gos, sælgæti, kex og kökur. Eins geti skyndibiti, hvers kyns tilbúinn matur og þurrvörur eins og morgunkorn, fæðubótarefni og fleira fallið í flokkinn gjörunnin matvæli.

„Stundum eru matvörurnar settar saman þannig að þær spila með skynjunina okkar,“ segir Bryndís. „Heilu doktorsritgerðirnar hafa verið skrifaðar um það við hvaða hitastig er



best að súkkulaði bráðni í munnum svo að okkur finnist það ómótstæðilega gott. Matvælaframleiðendur nýta sér svona rannsóknir til að gera mat sem við neytendur eigum erfitt með að standast.

Þetta er ójafn leikur því að fersk matvara er dýr í flutningum og krefst oft óslitinnar kælikeðju á meðan gjörunnar matvörur eru oft þurrvörur með langan líftíma og sem er auðvelt að geyma. Hagnaðarhlutfallið af vörum eins og orkudrykkjum er hátt sem gefur framleiðendum enn meira tækifæri til markaðssetningar og vörupróunar.

Á allra síðustu árum er búið að sannfæra nánast hvern einasta ungan einstakling að þau verði að kaupa orkudrykki, sem er mögnuð auglýsingamennska. Ég held að lítið fáiist úr því að banna svona drykki því að við vitum að boð og bönn hafa oft ekki rétt áhrif. Mikilvægara er að auka upplýsingagjöf um raunveruleg áhrif þeirra og ættum við að setja miklu meiri næringarfræði inn í námsefni barna," segir Bryndís.

Kokteiláhrif E-efna lítið þekkt

„Hvað aukaefnin varðar þá eru þeim gefin E-númer, en þessi flokkun var gerð til þess að vernda neytendur og

koma í veg fyrir að framleiðendur gætu sett hvað sem er í matinn," segir Bryndís. „Byrjað var að gefa út opinber leyfi fyrir E-efnum fyrir mörgum áratugum, en þá lágu oft að baki dýrarrannsóknir þar sem horft var til dæmis til hjartasjúkdóma, sykursýki og krabbameins. Með hverju E-efni fylgja leiðbeiningar um hversu mikið má nota í ólík matvæli.

Sum E-efni voru til að mynda leyfð vegna þess að þau frásoguðust ekki í líkamann, en í dag vitum við að þau geta hugsanlega haft áhrif á þarmaflóruna. Núna eru til fleiri leiðir til að meta áhrif aukaefna á heilsu og áhugi hefur skapast á að taka sum E-efni aftur til skoðunar til að sjá hvernig þau brotna niður þó svo að þau frásogist ekki," segir Bryndís. Hún bendir á að frekar lítið sé vitað um hvaða áhrif það hefur á líkamann þegar mörg aukaefni koma saman. Enn fremur tekur hún fram að þó svo að aukaefni sé með E-númer geti það verið náttúrulegt, eins og E-300 sem er C-vítamin sem hægt er að nota til að koma í veg fyrir að hveiti þráni.

Gjörunninn matur hefur kosti

„Við getum samt ekki tekið allan gjörunninn mat og hent honum út í horn. Aukið geymsluþol getur gert að verkum að við hendum minna af mat," segir Bryndís. „Þetta er ekki eins klippt og skorið og Montero vill vera láta, og það er lítið sem bendir til þess að ef þú borðar heilt yfir lítið unninn og næringarrikan mat að einstök matvæli sem eru gjörunnin hafi neikvæð áhrif á heilsuna. Þá má nefna að trefjarik morgunkorn og trefjarik brauð geta fallið undir skilgreininguna gjörunnin matvæli, en í dag er ekki hægt að fullyrða út frá rannsóknum að þessi tilteknu matvæli auki líkur á sjúkdómum.

Við sjáum samt í faraldsfræðilegum rannsóknum að því meira sem fólk borðar almennt af gjörunnnum matvællum, því sterkari tengsl við alls kyns sjúkdóma og snemmbæran dauða. Þarna eru einhver tengsl, en það er ekki alveg skýrt enn þá hver þau eru. Væntanlega erum við að horfa á mjög marga hluti sem koma saman," segir Bryndís.

Nova flokkunin gagnleg í rannsóknum

Steina Gunnarsdóttir, doktorsnemi í heilbrigðisvísindum við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, hefur undanfarin misseri kannað gjörunnin matvæli í íslensku samhengi. Rétt eins og Bryndís segir bendir Steina á að almenna skilgreiningin á gjörunnnum matvællum sé að þau eru með innihaldsefni sem hafa undirgengist marga vinnsluferla.

„Þá er verið að tala um extrusion, sem nefnist þrýstimótun á íslensku, herðing á olíum og margt fleira í þeim dúr," segir Steina. „Þessum efnun er svo raðað aftur saman og innihaldslýsing matvæla er oft frekar löng. Oft er talað um að ef þú þekkir ekki eitthvert innihaldsefnið og finnur það ekki í eldhúsinu þínu þá getur matvaran verið gjörunnin. Það er hins vegar mikil einföldum, því að sum af þessum E-efnum eru algeng innihaldsefni eins og C-vítamín, matarsódi og pektín. Litarefni eða íblöndunarefni sem eru notuð til að bragðbæta eða stjórna áferð eru oft aðaleinkenni gjörunninna matvæla," segir Steina. Hún tekur fram að þó svo að matvara innihaldi aukaefni til að lengja líftíma þeirra séu þau ekki sjálfkrafa sett í flokk með gjörunnnum matvællum.

„Nova flokkunin er ekki góð til að dæma einstaka matvæli heldur gagnleg til að skoða heildarmyndina á mataræði

fólks. Meiri áhersla er lögð á hvað við viljum inn í mataræði fólks. Ég myndi ekki halda að neysla á tilteknu morgunkorni umfram hafragraut sé vandamálið, heldur felst vandinn í því að ákveðna fæðuhópa vantar í daglega neyslu fólks sem við vitum að eru verndandi gegn langvinnnum sjúkdómum, eins og ávexti, grænmeti, heilkorn, baunir, hnetur og fisk. Fyrir flesta neytendur er stórt og mikilvægt skref að bæta þessum hollu matvællum við daglega neyslu," segir Steina.

45% hitaefninga úr gjörunnnum mat

Hluti af doktorsverkefni Steinu felst í skrifum á tveimur fræðigreinum sem snúa að gjörunnnum matvællum. Önnur þeirra var birt síðastliðið haust í erlendu fagriti, en hin er í vinnslu og stendur til að senda hana í ritrýni. Hún vonast til að senda síðari greinina frá sér í sumar og opinbera einhverjar frumniðurstöður í kjölfarið, en hún bendir á að nokkurn tíma geti tekið að fá greinar sem þessar birtar í fagritum.

„Í greininni sem birtist síðastliðið haust skoðum við gögn úr landskönnun á mataræði fullorðinna einstaklinga á Íslandi sem var framkvæmd á árunum 2019 og 2020," segir Steina. „Þar sést að 45 prósent af orkunni kemur úr gjörunnnum matvællum að meðaltali. Hópurinn sem borðar mest af gjörunnnum matvællum, það er efsti fjórðungurinn, fær í kringum 64 prósent af hitaefningunum þaðan. Við lögðum aðaláherslu á það í greininni að skoða þann fjórðung sem er með mestu neysluna á gjörunnnum matvællum og bera saman við fjórðunginn sem borðar minnst af þessum matvællum.

Ef við skoðum þetta í samhengi við ráðleggingar um mataræði borðar þessi hópur fólks mun minna af ávöxtum, grænmeti og heilkorni ásamt því að innbyrða fleiri hitaefningar. Við sáum líka að þessi hópur borðar minna af kjöti, sem má útskýra með því að þessi hópur borðar almennt minna af grunnfæðu. Eins er áhugavert að sjá að þessi hópur er með lægra kolefnisfótspor samanborið við þá sem borða minnst af gjörunnnum matvörum, sem skýrist af því að þau neyta minna af rauðu kjöti, en einnig að ferillinn í framleiðslu á gjörunnnum matvörum er mjög skilvirkur.

Við sáum út frá gögnunum að þeir sem borða mest af gjörunnnum matvællum eru aðeins yngri og með aðeins lægra menntunarstig. Við gátum ekki komið með óyggjandi svör sem

Nova skali Carlos Monteiro

Steina þekkir Nova skalann hans Montero vel, en eins og áður segir stendur hann saman af fjórum flokkum sem ólíkar matvörur falla inn í, en jafnframt er sérstaklega horft til markmiða í hverjum flokki. Eins og komið hefur fram eru mikil vafaatriði sem fylgja Nova skalanum og ekki alltaf einfalt verkefni að staðsetja einstök matvæli.

Nova 1: Óunnar eða lítið unnar matvörur. Ætí hlutinn af öllum mat, eins og grænmeti, ávöxtum hnetum, fræjum, eggjum, mjólk, kjöti, fiski. Gerilsneydd mjólk og matvara sem er búið að frysta eða sjóða fellur í þennan flokk. Markmiðið er að lengja líftíma matvaranna og undirbúa fyrir eldun án þess að bæta við salti, sykri eða fitum. Hérna geta verið einhver aukaefni til þess að auka líftíma matvæla.

Nova 2: Hráefni sem eru notuð til að matreiða það sem fellur í flokk eitt, eins og grænmetisólur, smjör, eða salt.

Nova 3: Unnin matvæli sem samanstanda úr hráefnum úr flokki 1 og 2 og eru ekki með bragð- og litarefni en geta verið með einstaka rotvarnarefni. Markmiðið er að gera matvælin tilbúin fyrir neyslu, lengja líftíma eða bragðbæta t.d. með salti. Hérna geta verið matvörur eins og saltkjöt, nýbakað og ópakkað brauð, ostar, reyktur lax, jógúrt, björ og salthnetur.

Nova 4: Gjörunnin matvæli sem hafa undirgengist marga vinnsluferla og eru með mörg innihaldsefni eins og litarefni, bragðefni og bindiefni. Markmiðið er að auka líftíma og gera matvælin að betri söluvöru með því að bæta bragð og áferð. Umbúðir eru oft litríkar til þess að draga að sér athygli.

skýra þennan mun, en komum með þær tilgátur að unga fólk hafi alist upp við annað fæðuumhverfi en þeir eldri. Fólk sem er núna á milli tvítugs og þrítugs hefur mun stærri hluta ævi sinnar verið umkringt gjörunnnum matvællum en fólk í kringum áttrætt. Í fræðunum er einnig talað um að það hafi áhrif hversu mikið fólk kann að elda og hversu mikinn tíma það hefur aflögu, en ungt fólk er oft á hlaupum að mennta sig og eignast börn.

Ísland fellur mitt á milli Evrópu og Norður-Ameríku þegar kemur að meðaltali þeirrar orku sem kemur frá neyslu á gjörunnnum matvællum. Meðaltalið í Bandaríkjunum er á bilinu 55 til 60 prósent á meðan aðrir Evrópuþjóðir eru oft aðeins fyrir neðan okkur. Einhverjar rannsóknir frá Ítalíu hafa sýnt að þar sé meðaltalið á milli 11 til 20 prósent. Norðmenn voru á pari við okkur en gögnin þar eru ekki alveg sambærileg," segir Steina.

Von á skýrari flokkun

Steina tekur fram að svona samburður milli landa sé ófullkominn þar sem þær erlendu rannsóknir sem hún komst í tæri við eru oft byggðar á eldri gögnum en okkar. „Í löndunum sem við berum okkur oft saman við hefur neyslan á gjörunnnum matvællum þó staðið ekki komið með óyggjandi svör sem

Ísland er oft aðeins á eftir í þróun þannig að ég gæti trúað að neyslan hér hafi ekki aukist mikið frá 2010, þó að ég geti ekkert fullyrt þar sem þetta hefur ekki verið skoðað áður hér.

Í hinni greininni sem ég er að vinna að núna erum við að nota gögn frá Hjartavernd sem var safnað saman um aldamótin þar sem við erum með góða og ítarlega skráningu á mataræði hjá um 5.000 manns sem við tengjum við hjarta- og æðasjúkdóm og snemmbær dauðsföll. Við erum ekki enn komin með neinar niðurstöður, en erlendar rannsóknir benda til þess að mikil neysla á gjörunnnum matvællum auki hættuna.“

Aðspurð um hvers sé að vænta úr þessum fræðum segir Steina að núna sé verið að skoða hvort hægt sé að flokka gjörunnin matvæli í einhverja undirhópa. „Þar sjáum við að þessi matur sem við vitum að er óhollur, eins og gosdrykkir, sælgæti og fleira, sé mögulega að drífa þetta neikvæða samband við heilsuna áfram, á meðan til dæmis trefjaríku brauðin geti haft einhver jákvæð áhrif. Ég held að það verði spennandi að sjá hvað kemur úr rannsóknunum sem eru að skoða mekanismann, eins og hvaða áhrif aukaefni hafa á þarmaflóruna. Mér finnst áhugavert hversu mikla athygli gjörunnin matvæli fá, bæði hjá stjórnvöldum og almenningi," segir Steina.

HÖRÐ Í HORN AÐ TAKA

BÓTARÉTTUR
INNHEIMTA SLÝFA- OG SKABANÓTA

bótaréttur.is
520 5100
Suðurlandsbraut 24

Orkuþörf sett í samhengi

Bryndís bendir á að meðalmanneskjan þurfi um 2150 kkal orku á dag. Fræðilega séð geti meðalmanneskjan því uppfyllt orkuþörfina með einu af eftirfarandi:

- 800 grömm af gúmmiböngsum.
- 520 grömm af súkkulaðirúsínum.
- 12,5 kílógrömm af tómtómum.

Grasalækningar

Gull, reykelsi og myrra

- Myrra sem lækningajurt

Gyllt trjákvöða er unnin úr myrru og nýtt við margvíslegum kvillum.

Myrra hefur verið nýtt sem lækningajurt frá örófi alda. Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir notar tinktúru gerða úr myrru í meðhöndlun á meltingarvanda.

Myrra er lítið tré

Myrra er heiti á litlu tré eða runna sem hefur þyrnóttar greinar og vex villt á Arabíuskaga og í Austur Afríku. Á latnesku heitir það Commiphora myrrha og nafnið því dregið beint úr því. Frá aldaöldi hefur tréð verið nýtt til lækninga og þekktust er myrran vafalaust úr sögunni um vitringana þrjá sem færðu Jesú nýfæddum gull, reykelsi og myrru. Reykelsi var að öllum líkindum frankincense. Sögur af myrru koma víðar fyrir í Biblíunni, til dæmis þegar Jesú er fært vín blandað myrru fyrir krossfestinguna. Hann þáði víst ekki sopann. Einnig eru sögur af konum sem báru á sig myrruolíu til feagnar.

Notkun í grasalækningum

Fjölbreytt og góð örveru- og bakteríuflóra er lykillinn að góðri meltingu sem aftur hefur mikil áhrif á aðra starfsemi líkamans. Sé meltingin í ólestri á líkaminn erfitt með að taka upp þau næringarefni sem hann þarf úr matnum og önnur líkamskerfi fá þá ekki þá næringu sem þau þurfa til að halda úti eðlilegri starfsemi. Slikt getur til að mynda valdið bólgum og óþægindum og leitt af sér sjúkdóma.

Grasalæknafræðingur í dag nota myrru sem lækningajurt. Hún er ýmist notuð sem finnalátt duft eða tinktúra en þá hefur þurrkuð kvöðan, sem minnir helst á óreglulega litla gyllta steina, verið látin liggja í etanóli í dálitinn tíma og hún svo þynnt út með vatni til inntöku. Frábendingar eru um að nota myrru á meðgöngu.



Trjákvöða úr myrru líkist helst litlum gylltum steinum.

Mynd / Freepik

Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir hefur um áratugaskeið notað myrru til að meðhöndla ákveðin meltingarvandamál þeirra er til hennar leita í Jurtaapótekinu sem nú er orðið hluti af Lyfju. „Ég nota hana mest til að eyða óæskilegum bakteríum úr meltingunni, fyrir fólk sem er með ófuga bakteríuflöru sem kallast, þá er hún mjög öflug í að drepa lífseigar bakteríur neðar í meltingarveginum, í smáþörmunum og ristlinum.“ Fjölmargir á Íslandi nýta sér kosti myrrunnar.

Ilmkjarnaolía úr myrru

Hægt er að eima trjákvöðuna til að vinna ilmkjarnaolíu úr myrrunni

sem þá er handhæg í notkun. Ilmkjarnaolíur eru aðeins notaðar í örlytlu magni, töldu í dropum, út í burðarolíur, til dæmis möndlu- eða arganolíu. Helstu kostir myrrunnar eru að hún er góð á bólgu í húð, exem og kláða og er græðandi á sár. Hún er notuð gegn berkjubólgu og hæsi, í tannlæknavörum og sem ilmefni í snyrtivörum og ilmvoft. Myrruolían er einnig sögð hafa róandi og sefandi eiginleika og því virka vel við kvíða og streitu. Hún er einnig sögð koma reglu á tíðir kvenna. Engan skal því undra að myrruolían hafi verið notuð af konum til forna og að Jesú hafi verið boðinn dreitill á erfiðum tíma.

/eks



Matvara

Páskasúkkulaðiðibollinn

Mikið úrval er af súkkulaði í búðum og vefverslunum.

Á páskum er hefð fyrir miklu súkkulaðiáti víða um veröld. 100% súkkulaði er næringarríkt og eykur einbeitingu.

Hreint súkkulaði er næringarríkt það er fádæma lúxus að útbúa sér góðan súkkulaðiðibolla og njóta hans í rólegheitunum, jafnvel uppi í rúmi. Fram undan er tíð súkkulaðiáts yfir páska og vert að huga að því súkkulaði sem er valið. Súkkulaði með mjög háu kakóinnihaldi, 85-100% fæst víða. Best er ef það er lífrænt ræktað, með því að velja lífrænt tryggir neytandinn sig fyrir notkun hvers kyns plöntuvarnarefnum í ræktuninni. Lífrænt ræktaðar vörur eru merktar með græna Evrópulaufinu. 100% súkkulaði er alveg ósætt, inniheldur engin aukaefti en öllu jafna enn kakósmjör. Hreint súkkulaði er bæði

næringarríkt, fullt af andoxunarefnum og veitir ómælda ánægju. Vinsælt er að laga heitt súkkulaði og drekka þegar einbeitingar er þörf, til dæmis fyrir hugleiðslu, skrif eða annað sem krefst góðrar athygli.

Hægt er að útbúa heitan súkkulaðiðibolla hvort heldur er með kúamjólk eða jurtamjólk, svo sem haframjólk eða möndlumjólk ef vilji er fyrir því að gera súkkulaðið eilítið léttara. Til að laga súkkulaðiðibolla eru um 20 g af því besta og hreinasta súkkulaði sem finnst sett út í góðan bollla af mjólk og hitað við vægan hita. Gæta þarf þess að ekki sjóði því þá byrja næringarefni að tapast úr súkkulaðinu. Hægt er að krydda með salti á hnifsoði, eldþipar, kardimommum eða stjórnuanis og bæta við sætu ef vill, svo sem hunangi, hráskyri eða rapadura sykri sem hefur minni áhrif á blóðsykurinn.

/eks

„Rjómaís okkar er sannarlega rjómaís“

- segir framkvæmdastjóri Emmessís

Í síðasta Bændablaði var fjallað um hertar fitur í ís, þar á meðal frá Emmessís.

Kristján Geir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Emmessís, segir það viðtekna vengu að nota smjör í rjómaísgerð og sé Emmessís ekki að gera óðrúvísi þar en erlendir framleiðendur.

„Að sama skapi kjósa aðrir framleiðendur að nota rjóma en að flestra mati hefur það ekki áhrif á lokaútkomuna. Samkvæmt öllum reglugerðum og isvenjum þá er rjómaísinn okkar svo sannarlega rjómaís.“


Kristján Geir gerir þá athugasemd við umfjöllunina í Bændablaðinu að vatn, smjör og sykur séu aðalinnihaldsefni

í Rjómaís frá Emmessís, ekki smjör og sykur, og leiðréttist það hér með. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Einnig leiðréttist að samkvæmt bandarískum reglugerðum um ísgerð þarf ís að innihalda 6-10% mjólkurþurrefni, ekki mjólkurprótein.

Vert er að bæta við að íslenska reglugerðin um ís er ekki ólík þeirri bandarísku. Í íslensku reglugerðinni segir: „Í þeim (Mjólkurís og rjómaís) skulu próteinin og fitan eingöngu vera úr mjólk en bæta má í vöruna öðrum hráefnum, aukefnum og bragðefnum.“ Emmessís má samkvæmt henni kalla ís sinn rjómaís en ekki var um það fjallað í greininni.

/ph



KRAFTUR Í BÁTANA FYRIR SUMARIÐ



TUDOR Rafgeymar • AGM þurrir eða sýru



Hleðslutæki 12/24V

SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 577-1515 • Vefverslun: www.skorri.is

Harðfiskurinn frá Ísafirði www.fiskverkun.is

Hjallapurrikaður í vestfirsku sjávarlofti
Pantaðu á vefverslun og fáðu sent með póstinum

ýsa - þorskur - steinbítur - lúða



Pantaðu núna í vefverslun okkar fáðu sent í næsta
póstbox, pósthús eða heimsendingu.

Sendum um land allt

www.fiskverkun.is

Skógrækt

Skógarjarðvegur góð kolefnisgeymsla

– Öflug skógarauðlind

Mestur kolefnisforði er í efsta lagi jarðvegs sem er stærsta kolefnisgeymsla heims. Lífið í skóginum var þema á árlegri fagræðstefnu skógræktar.

Margþætt áhrif skóga á lífríki staðar, mikilvægi góðrar undirbúningsvinnu og ríkulegs samráðs voru rædd á ráðstefnunni þar sem gæðaviðmið um val á landi til skógræktar voru kynnt ásamt annarri útgáfu rannsóknarverkefnisins Skógvistar.

15% ræktarlands til skógræktar

Brynjar Skúlason skógerfðafræðingur sagði frá gæðaviðmiðum um val á landi til skógræktar fyrir hönd vinnuhóps sem staðið hefur að gerð þeirra hjá Landi og skógi. Gæðaviðmiðin hafa verið kynnt eftir mikið samráð og koma væntanlega út í vor. Kveðið var á um gerð gæðaviðmiða í Land og líf sem er landsáætlun stjórnvalda í landgræðslu og skógrækt en hún kemur til endurskoðunar að ári.

Brynjar kynnti kortlagningu sem var gerð á góðu og mjög góðu ræktunarlandi þar sem stór hluti af framræstu votlendi flokkast sem gott eða mjög gott ræktunarland. Lagt sé til sem viðmið að 15% af því geti verið nýtt til skógræktar enda eykur skógarskjólið uppskeru og uppskeruöryggi. Sumum þykir talan há og öðrum lág.

Afdráttarlaus afstaða er ekki tekin í gæðaviðmiðunum, sagði Brynjar um hvort eigi að endurheimta framræst votlendi utan ræktunarlandsins frekar enn að rækta þar skóg, heldur skoða hvern stað fyrir sig. Notast eigi við vistfræðilykil Náttúrufræðistofnunar hvað varðar óraskað votlendi, það skuli undantekningalaust látið óhreyft. Einnig kveði í gæðaviðmiðunum á um að tillit sé tekið til menningarminja og annarra sérkenna, til að mynda útsýnis. Notkun gæðaviðmiðanna er ætlað að skýra og einfalda vinnslu við

umsóknir um framkvæmdaleyfi til skógræktar, bæði fyrir þann sem ætlar að hefja skógrækt og fyrir sveitarfélög að afgreiða slík leyfi.

Fjölþætt hlutverk skóga

Íslenskur burðarviður, greining á hættusvæðum í gróðureldum og mannlíf í skjóli skóga var meðal þess sem einnig var á dagskrá. Skýrt kom fram að grundvöllur góðs árangurs og forðunar á fyrirsjáanlegum vandkvæðum er góð undirbúningsvinna og ljóst að ávinningur af ríkulegu þverfaglegu samtali og samráði er mikill. Eitt af því sem var kynnt var nýr staðall um sjálfbæra skógrækt.

„Segja má að staðall um sjálfbæra skógrækt taki við þar sem gæðaviðmiðunum sleppir, íslenska leiðin er að skógur sé orðinn skógur um leið og skóflunni er stungið niður“ sagði Úlfur Óskarsson, skógræðingur hjá Landi og skógi, í sínu erindi þar sem hann kynnti nýjan staðal sem veitir samræmdan ramma fyrir skipulag, hönnun og umhirðu skóga í takti við sjálfbærnimarkmið, lög og alþjóðasamninga. Staðallinn er öllum aðgengilegur í boði Lands og skógar og getur verið liður í að stuðla að því að til verði öflug skógarauðlind.

Rannsóknarverkefnið Skógvist II

Í landsáætluninni Land og líf er einnig lögð áhersla á að rannsaka áhrif breyttrar landnotkunar á líffræðilega fjölbreytni sem oft hefur verið deilt um. Ítarlega var sagt frá rannsóknarverkefninu Skógvist II sem er annar hluti verkefnis sem unnið var á árunum 2002-2005 og fól í sér að rannsaka áhrif skógræktar í landi sem áður var mólendi á líffræðilegan fjölbreytileika.

Mælireitir í Skorradal voru rannsakaðir aftur nú 20 árum síðar en í fyrri hlutanum voru reitir í skógum í Fljótsdalshéraði einnig rannsakaðir.



Svipmynd úr skóginum ofan við Seyðisfjörð.

Mynd eks

Reitirnir samanstanda af misgömlum furu-, greni- og birkiskógum og samanburðarmæling var gerð í beittu mólendi. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig aldur skógar hefur áhrif á líffræðilega fjölbreytni og kolefnisforða skógarins.

„50% kolefnis er geymt í jarðveginum í þroskuðum skógi,“ sagði Kristín Sveiney Baldursdóttir, skógræðingur hjá Landi og skógi. Hún sagði kolefni aukast með

hækkunum aldri skóga og að langmestur kolefnisforði sé í efstu 10 cm jarðvegarins, þar bindist mest. Kristín sagði skóga hafa veruleg áhrif á eiginleika jarðvegs meðal annars með uppsöfnun lífræns efnis. Hún sagði jarðveg vera stærstu geymslu kolefnis á jörðinni.

Mikill munur er á líffræðilegri fjölbreytni í lauffallandi skógi samanborið við greniskógi samkvæmt niðurstöðum sem Járngerður Grétarsdóttir frá Náttúrufræðistofnun sagði frá mælingum á reitunum í Skorradal. Flestar tegundir fundust í beittu mólendi sem mælt var til samanburðar en fæstar í greniskógi.

Tegundaval í landgræðslu og skógrækt

Farið var yfir þær tegundir sem notaðar hafa verið í landgræðslu og skógrækt. Skúli Skúlason, vatnalíffræðingur og þróunarfræðingur, prófessor við Háskólann á Hólum og sérfræðingur hjá Náttúruvinnuáskrifum

Íslands, sagði frá verkefni Lands og skógar um tegundaval og áréttaði mikilvægi þess að draga saman stöðu þekkingar, greina tegundanotkun, gera áhættumat og leiðbeiningar og að lokum að draga saman í skýrslu til kynningar. Hann sagði mikinn árangur nást með samráðsnálgun verkefnisins. Hún byggir á náinni samvinnu við hagaðila út frá aðferðafræði svokallaðrar vistkerfisnálgunar sem stuðlar að jafnvægi þriggja meginmarkmiða aðildarþjóða Sameinuðu þjóðanna, sjálfbærri nýtingu, verndun vistkerfa og jafnri deilingu ágóða.

Ráðstefnan var haldin á Helli en ráðstefnustaður er breytilegur ár frá ári. Land og skógar, Landbúnaðarháskóli Íslands, Skógræktarfélag Íslands og Bændasamtök Íslands standa að ráðstefnunni. Ráðstefnugestir fóru að þessu sinni í heimsókn í Gunnarsholt og sungu yfir kvöldverði. Söngbókin er stórfín og hana er hægt að nálgast á vefsvæði ráðstefnunnar á island.is. /eks




**HÁPRÝSTIDÆLUR
OG FYLGIHLUTIR,
ÞVOTTAKERFI OG FLEIRA**

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Dynjandi · Skeifunni 3h · Sími: 588 5080 · dynjandi.is

5 mest gróðursettu trjátegundirnar



Fimm mest gróðursettu trjátegundirnar í landgræðslu og skógrækt frá aldamótum til 2023. Blár er ösp (AÖ), rauður furu (SF), gulur lerkí (RL), fjólublár greni (SG/HSG) og grænn birki (B).

Mynd / Skúli Skúlason



MERKIÐ TRYGGIR UPPRUNANN

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT - NÁTTÚRULEGA

Upprunamerki Íslensks lambakjöts stendur fyrir tryggan uppruna og úrvinnslu afurða, framleiðendum og neytendum til heilla. Það er staðfesting á því að lambið sem boðið er upp á hverju sinni sé sannarlega frá íslenskum bændum, hvort sem það er eldað til hátíðarbrigða eða einfallega til að gera hversdaginn örlítið bragðbetri.

Tryggði sér keppnisrétt í úrslitakeppni Bocuse d'Or

– Snædís fyrst íslenskra kvenna til að taka þátt



Snædís Xyza Mae Jónsdóttir og Marlís Jóna Þórunn Karlsdóttir eru fyrsta íslenska kvennateymið sem tekur þátt í Bocuse d'Or.

Snædís Xyza Mae Jónsdóttir tryggði sér á dögunum sæti í hinni virtu úrslitakeppni Bocuse d'Or sem haldin er í Lyon í Frakklandi á tveggja ára fresti, með því að ná títunda sætinu í undankeppni Evrópuþjóða sem haldin var í Marseille í Frakklandi.

Snædís er yfirmatreiðslumaður á veitingastaðnum Fröken Reykjavík í Reykjavík en hefur víða komið við á sínum ferli; vann til að mynda á Mími á Hótel Sögu og hefur

lengi verið virk í kokkalandslíðinu sem liðsmaður, fyrirliði og landsliðsþjálfari.

Íslenskt wasabi og skyr

Keppninni var í grunninn skipt í tvo hluta. Í „On stage“ hlutanum þurfa keppendur að koma fram og kynna sín handbrögð og nalgun fyrir dómara og áhorfendum – um leið og eldað er. Þá er eldaður einn réttur og borinn fram á 14 diskum



Fyrir stóra fatið var búið að velja red gurnard-fisk, ígulker, litla fjólubláa ætíþistla og kjúklingabaunir sem hráefnisgrunn. Myndir / Karl Petersson



Miðjarðarhafspæma Snædísar. Sérstök tegund af franskri nautalund og aioli-sósa. Snædís notaði íslenskt wasabi, skyr og leturhumar í sína útfærslu.

– og var þemað fyrir þann rétt Miðjarðarhafsið. Hinn hlutinn fólst í að útbúa stórt fat þar sem búið er að ákveða skylduhræfni, en keppendur fá að velja þema í kringum það.

Að sögn Snædísar var fyrir fram ákveðið hráefnisþema fyrir „On stage“-hlutann smokkfiskur, sérstök tegund af franskri nautalund og grunngerð af aioli-sósu. „Við þurftum að koma með okkar útfærslu á réttinum og áttum að setja íslensk hráefni inn í réttina. Ég ákvað að nota íslenskt wasabi, skyr og leturhumar í mína,“ segir hún.

Fyrir stóra fatið var búið að velja red gurnard-fisk, ígulker, litla fjólubláa ætíþistla og kjúklingabaunir sem hráefnisgrunn.

Fjallkonan þema fyrir stóra fatið

Snædís ákvað snemma í ferlinu að þemað hennar fyrir stóra fatið yrði Fjallkonan, hin íslenska glæsimynd kvenna í öllu sínu veldi sem allir Íslendingar geti tengt við.

Á ensku ber þemað heitið She Wears the Sea in Silver og er sóttur innblástur í íslenska þjóðbúning kvenna og tengsl hans við hafid.

Snædís er einmitt fyrsta íslenska konan sem keppir í Bocuse d'Or og aðstoðarmaðurinn var Marlís Jóna Þórunn Karlsdóttir. „Það er mikill heiður að fá að vera fyrsta konan sem keppir fyrir hönd Íslands. Aðstoðarmaðurinn gegnir mikilvægu hlutverki og er bæði mín vinstri og hægri hönd í gegnum ferlið allt. Hún er eini aðstoðarmaðurinn í öllum íslenska hópnum sem má vera með mér inni í buri þegar ég er að keppa.“

Þegar Snædís er spurð hvernig henni hafi fundist ganga í ferlinu öllu segir hún að helstu erfiðleikarnir hafi komið fram strax í æfingafarlinu þar sem ljóst varð að erfitt yrði að gera ákveðna hluti fullkomlega.

Eiga ótrúlega mikið inni

Úrslitakeppnin verður haldin í janúar á næsta ári. Snædís segist nú taka pásu frá þessu öllu í smá tíma, hún ætli að hreinsa hugann í Ölpunum og vinna úr keppninni. „Vinnan er rosaleg og held að fáir geri sig grein fyrir hversu margar klukkustundir og dagar fara í að æfa og undirbúa fyrir svona keppni.“

Hún segir að það megi margt læra af Evrópukeppninni. „Það er hægt að nýta sér þekkinguna og reynsluna úr henni, við eigum ótrúlega mikið inni. Það nefnilega fór mjög margt úrskeiðis í keppninni sjálfri en það er samt eðlilegt að það sé ekki allt 100 prósent í svona aðstæðum.“ Ekki muni liggja fyrir hvað eigi að elda í lokakeppninni fyrir en í haust, né hvaða hráefni megi nota.

Stefnan er sett á topp fimm í úrslitakeppninni, en til að það náist þurfi allt að vinna með þeim og leggja þurfi allt í sölnarar á næsta tímabili og meira til. /smh

**ROTÞRÆR,
VATNSTANKAR
OG SKILJUR**

MARGAR STÆRÐIR OG TEGUNDIR
SEM HENTA ÓLÍKUM ÞÖRFUM

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 50 ÁR

BORGARPLAST
STOFNAÐ 1971



Íslenskt skyr, leturhumar og wasabi tók Snædís með sér frá Íslandi.

BLUETTI varaafli og vörn við rafmagnstruflunum

“Kýrnar geta ekki verið án rafmagns!”

...segir **Halldór Örn Árnason bóndi á Grund**, en hann valdi **BLUETTI vara-aflskerfi** til að tryggja rekstraröryggi fyrir mjaltakerfi búsin.

Í rafmagnsleysi tekur **BLUETTI varaafli-kerfið** við á sekúndubroti (10ms) og heldur mikilvægum búnaði gangandi í lengri eða skemmri tíma.

BLUETTI vara-aflskerfi eru nú þegar á **16 stöðum** á landinu og tryggja m.a. rekstraröryggi **Lely** og **DeLaval** mjaltapjóna.

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar

Bluetti varaaflikerfi tryggir rafmagn fyrir:

- Mjaltapjóna
- Kælikerfi
- Tölvakerfi
- Ljós og hitakerfi



Halldór Örn valdi **BLUETTI EP2000**, þriggja fasa **BLUETTI** vara-aflikerfi fyrir Grund í Eyjafirði.

Allt að
155
kWs



BLUETTI

Hrein og örugg íslensk orka

ORKULAND - 680 6000 - info@orkuland.is - www.orkuland.is

Útvarp Bændablaðið:

„Það vantar algjörlega fyrirsjáanleika í styrkjakerfin“

Próstur Helgason
throstur@bondi.is



Stefán Bragi Birgisson, sauðfjárbóndi á Galtastöðum ytri í Hróarstungu, segir að stuðningskerfi til nýliðunar og framkvæmda í landbúnaði skorti fyrirsjáanleika og gagnsæi. Hann hefur þó lokið umfangsmiklum framkvæmdum á búinu og er bjartsýnn á reksturinn, þrátt fyrir erfiða stöðu í sauðfjárrækt og háan meðalaldur bænda. Stefán Bragi var viðmælandi í fjórtánda þætti Útvarps Bændablaðsins.

Stefán Bragi Birgisson tók formlega við búskap á Galtastöðum ytri árið 2020, þegar hann keypti jörðina af ömmu og afa. Hann hafði þó þegar tekið við rekstrinum að hluta. „Ég keypti 2020,“ segir hann, og bætir við að hann hafi verið farinn að annast búid nokkru fyrir. Vélarnar og bústofninn keypti hann árið 2014, en jarðarkaupum seinkaði um nokkur ár. „Gömlu vildu ekkert vera að selja of snemma,“ segir hann.

Hann fékk nýliðunarstyrk, en segir það kerfi verulega ófyrirsjáanlegt. „Þetta er pottur og þú veist ekkert hvað þú færð,“ segir hann og bendir á að enginn fái lengur hámarksupphæð. Því sé ekki hægt að nota styrkinn í neinar raunhæfar rekstraráætlanir.

400 kinda bú

Stefán er með 400 kindur á Galtastöðum. „Þetta er bara svona passlegt í húsinu,“ segir hann og lýsir rekstrinum sem hentugum, bæði miðað við tún og húsakost. Búið hefur þó krafist verulegra framkvæmda.



„Ég er allavega búinn að koma mér þannig fyrir að þetta rúllar alveg sæmilega,“ segir Stefán Bragi Birgisson, sem hér sést ásamt fjölskyldu sinni í fjárhúsinu á Galtastöðum ytri í Hróarstungu.

Árið 2023 tók hann íbúðarhúsið í gegn. „Við tókum það í gegn á sex mánuðum,“ segir hann. Fermingarpeningarnir fóru í framkvæmdina. Húsið, byggt 1957, hafði lítið verið endurnýjað.

Síðasta haust tók hann svo

fjárhúsin í gegn. „Ég var algerlega kominn með nóg af handgjöf á garðana,“ segir hann og lýsir löngum vinnudögum þegar hann þurfti að samræma fæðun og vinnu utan bú. Hann ákvað því að byrja frá grunni. Settur var

upp gjafagangur, allt rífið út og endurnýjað.

Framkvæmdir fjármagnaðar með láni og ótryggjum styrkjum

Stefán fór í bankann til að fjármagna framkvæmdir og fékk jafnframt framkvæmdastyrk. En einnig þar segir hann fyrirsjáanleika skorta. Styrkurinn getur numið allt að 40% af heildarkostnaði, „en ég get samt ekki búið til neinar áætlanir því ég veit ekki nákvæmlega hvað ég mun fá.“

Styrkurinn dreifist yfir þrjú ár og fer eftir fjölda umsókna. „Það er svolítið erfitt ef þú ætlar að fara í einhverja stóra framkvæmd og veist ekki hvort þú fái 10% eða 40%,“ segir hann. Þegar síðasti hluti styrksins berst séu vextirmir þegar komnir á lánin. „Það vantar algjörlega fyrirsjáanleika.“

Afkoman „sæmileg“ en framtíðarsýn björt

Þrátt fyrir framkvæmdir og mikla vinnu segir Stefán reksturinn líta vel út. „Ég er bjartsýnn,“ segir hann. Hann telur að skynsamleg forgangsröðun hafi skipt sköpum: byrja þurfti á íbúðarhúsinu áður en útihús væru tekin í gegn. Nú sé búið komið í gott horf: „Ég er allavega búinn að koma mér þannig fyrir að þetta rúllar alveg sæmilega.“

Bág staða á Austurlandi

Þrátt fyrir eigin bjartsýni segir Stefán að hljóðið í bændum fyrir austan sé þungt. „Meðalaldur bænda hérna fyrir austan er mjög hár,“ segir hann. Hann bendir á að lítið sé um að unga fólkið taki við: „Það lítur ekki þannig út að fólk sé tilbúið til að taka við á hverjum bæ.“ Þvert á móti sé það stundum yngri bændur sem hafi gefist upp vegna afkomu og aðstæðna.

Hann bendir á að þegar búi er hætt aukist smalasvæði næstu bæja og verði sumum einfaldlega of mikið. „Þá hálfpartinn gefast menn upp.“

Vill skýrari og markvissari stuðning

Að mati Stefáns þarf stuðningskerfið að verða markvissara. Hann gagnrýnir pottakerfin þar sem fjármunum er dreift á marga. „Þetta breytir engu,“ segir hann, og vill að styrkir nýtist þeim sem raunverulega stíga inn í búskap.

Hann leggur til að nýliðunarstuðningur dreifist eftir landshlutum og taki tillit til mismunandi aðstæðna. „Austurlandið myndi koma vel út því fólk fengi miklu hærri nýliðunarstuðning við að kaupa jörð hérna,“ segir hann.

Mikil fjárfestingarþörf í sauðfjárrækt

Stefán bendir einnig á að fjós og fjárhús séu víða orðin gömul. Flest hafi verið byggð á sjöunda og áttunda áratugnum og litlu verið breytt síðan. „Það er rosalega mikil fjárfestingarþörf,“ segir hann. Bændur þurfi að kaupa jarðir á háu verði, fara í endurbætur á íbúðarhúsi og síðan útihúsum og samanlagður kostnaður sé mjög mikill.

Til að ungt fólk sjái fram á framtíð í búskap þurfi öflugri og skýrari stuðning. „Maður þarf að sjá fram á að geta klofið þetta,“ segir hann.

„Maður er alltaf brattur“

Þrátt fyrir allt er Stefán jákvæður gagnvart eigin rekstri. „Já, já, maður er alltaf brattur,“ segir hann og bætir við að dugnaður, bjartsýni og hagsýni séu lykilatriði. Þá gangi þetta bara.

Jarðvegsþjöppur frá Ammann

Mikið úrval af þjöppum á lager með rafmagnsmótor, dísil eða bensínsmótor

Wendel



Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is

Tilboð 1- 690.000
Án blómaramma 590.000

**STEINSMIÐJA
AKUREYRAR**
steinsmidjaakureyrar.is



Tilboð 2
199.000

255.000
með lukt



VORTILBOÐ

Innifalin er uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi.
Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.

Tilboð 3 - 610.000
Án blómaramma
510.000



Tilboð 4 - 495.000
Án blómaramma
395.000



Rúmar vel tvö nöfn

Minni steinar sem passa líka á duftleiði

Tilboð 5
Demantur
175.000
225.000
með lukt



Blár



Grár



Svartur



Svartur



Paradiso

Tilboð 6
Hjarta 199.000
255.000 með lukt

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is
Verzlun Njarðarnes 4, 603 Akureyri

Loftslagsaðgerðir:

Aðalhöfundur skýrslu um tæknilausnir á sviði loftslagsmála

Sigurður Már
Harðarson
smh@bondi.is



Nýlega var Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, sérfræðingur í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, valin til að vera einn aðalhöfunda í aðferðafræðiskýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) sem fjallar um tæknilausnir.

Er þetta í fyrsta skiptið sem Íslendingur er valinn inn í slíkan höfundahóp hjá IPCC. Aðferðafræðiskýrslur IPCC eru afar sérhæfðar skýrslur og tæknilegar, sem leggja grunn að því hvaða aðferðir á að nota við að reikna losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda sem síðan er fært inn í árlegt losunarbókhald þeirra landa sem eiga aðild að Parísarsamningnum. Þar er markmiðið að halda hækkun meðalhita jarðar vel undir tveimur gráðum, miðað við hitastig fyrir iðnbýltingu, og leitast við að takmarka hana við 1,5 gráður.

„Skýrslurnar samræma þannig hvaða aðferðir eru gjaldgengar til að meta losun og bindingu og hvernig á að beita þeim,“ segir Sandra þegar hún er spurð um tilgang þeirra.

Ströng vísindaleg rýni

„Þær loftslagslausnir sem fjallað er um í aðferðafræðiskýrslum IPCC hafa farið í gegnum mjög stranga vísindalega rýni með það að markmiði að tryggja að aðeins lausnir sem skila raunverulegum og mælanlegum loftslagsávinningi fyrir sem breiðastan hóp verði fyrir valinu. Aðferðafræðiskýrslurnar snúast því um að meta loftslagsávinning þessara aðgerða með sannreynanlegum hætti, þannig að gögn séu sambærileg milli landa



Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir verður einn aðalhöfunda í aðferðafræðiskýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar sem snýr að tæknilausnum á sviði loftslagsmála.

Mynd / Aðsend

og aðferðir byggja á vísindalegum grunni,“ heldur Sandra áfram.

„Dæmi um fyrri skýrslur er til dæmis aðferðafræðiskýrsla um mat á bindingu og losun frá landi, landnýtingu og skógrækt – úr flokknum LULUCF.“

Bakgrunnur hjá Carbfix

Sandra er með bakgrunn í tækniþróunarvinnu fyrir nýsköpunarfyrirtækið Carbfix, sem hefur sérhæft sig í tækni við að binda kolefni í stein með niðurdælingu á koltvísýringi niður í jarðlög. „Ég tók þátt í að þróa aðferðir Carbfix nánast frá upphafi, en ég gerði doktorsverkefnið mitt um fyrstu niðurdælingartilraun Carbfix

á Hellsheiði árið 2012 þegar Carbfix var enn rannsóknarverkefni Orkuveitu Reykjavíkur, Háskóla Íslands, Columbia University í New York og CRNS í Frakklandi.

Eftir doktorsnám fór ég til Orkuveitunnar og vann við áframhaldandi rannsóknir og tækniþróun tengda Carbfix. Árið 2020 var svo ákveðið að stofna dótturfélag utan um Carbfix og var ég ein af fyrstu starfsmönnum þar. Síðustu ár hef ég starfað sem yfirvísindakona Carbfix en hef nú fært mig um set og er komin til starfa sem sérfræðingur hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu þar sem ég fæ að vinna að loftslagsmálum í enn stærra samhengi en áður.“

Mismunandi loftslagsaðgerðir

Skýrslan sem Sandra mun vinna að, verður einmitt helguð mati á þeim tæknilausnum sem snúast um að fanga koltvísýring úr útblæstri og andrúmslofti, flutningi þess, og varanlegri geymslu þess; með framleiðslu á afurðum eða í jarðlögum.

Hún segir að IPCC hafi metið stöðuna sem svo að föngun koltvísýrings og kolefnisfjarlægungu séu nauðsynlegar aðgerðir til að ná loftslagsmarkmiðum.

„Tæknilausnir eru til dæmis nauðsynlegar til að fanga koltvísýring úr útblæstri iðjuvera þar sem hann er hluti af iðnferlunum og því ekki hægt að koma í veg fyrir losun hans með orkuskiptum. Þetta er það sem hefur verið kallað „torleyst losun“. Dæmi um þetta er losun frá álframleiðslu, stálframleiðslu og framleiðslu á sementi. Slík loftslagsaðgerð flokkast sem samdráttur í losun.“

Þetta eigi einnig við um föngun koltvísýrings úr orkuverum sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti sem ekki er fyrir sjáanlegt að verði leyst af hólmi á næstu áratugum. Slík loftslagsaðgerð flokkast einnig sem samdráttur í losun.

Samdæmi um loftslagsaðgerð sem flokkast undir kolefnisfjarlægungu, nefnir Sandra koltvísýring í andrúmslofti; bæði sá sem erfitt er að koma í veg fyrir að losni – eins og frá flugvélum – og sá sem hefur þegar hefur verið losaður.

Um 150 manns koma að gerð skýrslunnar

Spurð um hvernig val á henni hafi komið til, segir Sandra að IPCC auglýsi eftir tilnefningum og þær geti komið frá landsnefndum eða beint í gegnum IPCC. „Ég var valin sem ein aðalhöfundur kaflans sem snýr að niðurdælingu koldíoxíðs í jarðlög, en ég sótti um hjá okkar landsnefnd sem tilnefndi mig og ég var í kjölfarið valin.“

Ferlið er þannig að það er auglýst eftir leiðandi aðalhöfundum, aðalhöfundum og yfirlesurum sem rýna efnið fyrir hvern kafla skýrslunnar. Áhugasöm sækja þá um að vera tilnefnd af sinni landsnefnd og landsnefnd velur úr umsóknum og tilnefnir svo til IPCC sem velur úr tilnefningum byggt á

vísinda- og tækniþekkingu, reynslu og bakgrunni og reyna að tryggja fjölbreyttan þátttakendahóp með tilliti til kyns, aldurs og uppruna.“

Hún segir að á seinni stigum komi meðhöfundar og sérfræðingar að skrifum og rýni og gert er ráð fyrir að yfir 150 manns komi að gerð þessarar skýrslu á því tveggja ára tímabili sem unnið verður að henni.

Háværari raddir vantrúaðra

Þegar Sandra er spurð um hvernig þessi aðferðafræðiskýrsla tengist þeim framvinduskýrslum IPCC sem kannski séu kunnari almenningi, segir hún að aðferðafræðiskýrslurnar leggi grunninn að því hvernig hægt sé að gera loftslagslausnir mælanlegar og samanburðarhæfar. „Þær nýtast inn í matsskýrslurnar og landsbókhaldið svo hægt sé að skoða framvindu í tengslum við bindingu og losun, árangur aðgerða og til að meta stöðu loftslagsmála, sem er svo viðfangsefni stóru IPCC framvinduskýrslunnar.“

Sandra segir stöðuna almennt í loftslagsmálum í dag vera nokkuð flókna. „Við sjáum bakslag, bæði í umræðunni og í aðgerðum. Loftslagsmáaáhrif hefur ekki farið varhluta þegar kemur að þeirri miklu skautun sem hefur orðið meira og meira áberandi undanfarin ár og raddir þeirra sem hreinlega trú á loftslagsbreytingar af mannavöldum hafa orðið háværari en þær hafa verið um árabíl.“

Þá er líka áberandi hvernig loftslagsmál hafa farið neðar á forgangslistann nú þegar stríð, verðbólga og óvissa hefur skapast í alþjóðamálum. Á sama tíma er verið að hrinda í framkvæmd stórum loftslagsverkefnum sem hafa verið í undirbúningi um árabíl. Þar má til dæmis nefna uppbyggingu móttökustöðva fyrir koltvísýring í Noregi, Danmörku, Hollandi, Ítalíu og Grikklandi – og ótrúlegan uppgang í nýtingu sólarorku.“

Uppgangur endurnýjanlegra orkugjafa á stríðstímum

„Mér finnst áhugavert að sjá hversu stórt hlutverk orkuskiptin geta leikið í friðarmálum. Það eru aðeins örfá ár síðan við horfðum upp á gaskrisuna í kjölfar innrásar Rússa inn í Úkraínu og nú sjáum við jafnvel stærri mynd vera að teiknast upp í tengslum við ófrið í Mið-Austurlöndum og aðgang að olíu. Jarðefnaeldsneyti spilar stórt hlutverk í tengslum við ófrið í heiminum í dag. Á svona tímum sjáum við oft uppgang í uppbyggingu í tengslum við endurnýjanlega orkugjafa og ég geri ráð fyrir að það verði líka raunin núna.“

Þegar hún er spurð um stöðu þeirrar tækni sem skýrslan hennar fjalli um og hvað lönd séu þar í fararbroddi, segir hún að Bandaríkin hafi verið leiðandi í föngun og niðurdælingu á koltvísýringi. „Honum hefur verið dælt niður síðan á 8. áratug síðustu aldar í tengslum við olíuframleiðslu [enhanced oil recovery] og enn í dag eru flestar tæknilausnir þróaðar þar í landi. Kanada hefur svo verið á fullri ferð síðustu ár í þróun tæknilausna, ekki sist eftir forsetaskiptin í Bandaríkjunum. Í Evrópu hafa Norðmenn verið í fremstu röð, en þar hefur niðurdæling á koltvísýringi í Norðursjó staðið síðan 1996.“

HÁGÆÐA HESTAKERRUR - GOTT VERÐ

Topplausnir

www.topplausnir.is • S: 517 7718



NÝ HEIMAVIST Í BORGARNESI

Nýjir Nemendagarðar MB verða teknir í notkun frá og með haustinu. Um er að ræða 12 einstaklings og tveggja manna íbúðir með með fullbúinni snyrtingu og eldunaraðstöðu. Íbúðirnar eru á neðstu hæð Borgarbrautar 63, sem er í hjarta Borgarnes og nokkurra mínútna göngufjarlægð frá Menntaskóla Borgarfjarðar.



Sameiginleg braut Menntaskóla Borgarfjarðar og Landbúnaðarháskóla Íslands býður nemendum að útskrifast sem stúdents og búfræðingur. Nemendur taka tvö fyrstu árin í Menntaskóla Borgarfjarðar þar sem megináherslan er á kjarnagreinar til stúdentsprófs og valdar greinar á sviði raunvísinda.

Tvö seinni árin taka nemendur við búfræðibrautina á Hvanneyri. Nemendur útskrifast bæði með stúdentspróf frá Menntaskóla Borgarfjarðar og sem búfræðingar frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Námið veitir nemendum undirbúning undir störf í landbúnaði en einnig háskólanám í náttúruvísindum, búvísindum, dýralækningum eða umhverfisfræðum og tekur að jafnaði fjögur ár.



Aðildarviðræður uppspretta óvissu

Óvissa um ESB, endurskoðun búvörusamninga og vernd heimila bænda eru meðal þeirra mála sem Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, talaði um í setningarræðu Búnaðarþings.

Trausti Hjálmarsson setti Búnaðarþing á mánudag og sagði helstu áskoranir íslensks landbúnaðar nú snúast um óvissu vegna mögulegra ESBviðræðna, yfirvofandi endurskoðun búvörusamninga og nauðsyn þess að vernda heimili bænda betur. Hann ítrekaði að samstaða bænda og náð samráð við stjórnvöld yrði lykill að því að styrkja starfsskilyrði greinarinnar á komandi árum.

Trausti lýsti síðasta ári sem mjög viðburðaríku. Ný ríkisstjórn hafi tekið við og samstarfið verið gott, „ekki hnökralaust, en árangursríkt“. Hann lagði áherslu á að yfirvegum og sanngirni hefðu skilað því að mörg mál hefðu tekið breytingum í meðförum Alþingis. „Bændasamtökin hafa tekið það alvarlega að gæta hagsmuna bænda,“ sagði hann og bætti við að á samtökin væri hlustað.

Velvilji almennings

Formaðurinn minnti á sterkan stuðning þjóðarinnar við bændur og sagði könnun eftir könnun sýna yfirgnæfandi velvild. Auglýsingaherferðin „Við erum til úr sömu sveit“ hefði verið áminning um sameiginlega hagsmuni.

Hann sagði þó að dæmi sýndu að almenningur ætti enn erfitt með að skilja eðli búskapar. Starfsstöð bónda væri jafnframt heimili hans og fjölskyldu og ætti að njóta ríkari verndar en fyrirtæki almennt: „Við höfum séð að ekki er skilningur á því að starfsstöð bóndans er líka heimili hans, og heimili fjölskyldunnar. Sem slík hlýtur hún að njóta ríkari verndar og virðingar – hvað varðar persónuvernd og friðhelgi einkalífs – en almennt gerist um atvinnurekstur. Öll okkar starfsemi lýtur opinberu eftirliti og í sumum tilfellum öðru eftirliti líka. Það þarf engin önnur starfsstétt að þola það að brotist sé inn til þeirra án nokkurra eftirkasta fyrir



Trausti Hjálmarsson sagði nauðsynlegt að stjórnvöld ynnu náð með bændum og öðrum hagaðilum ef til aðildarviðræðna kæmi.

brotamennina. Við eigum ekki að þurfa það heldur.“

Óvissa á alþjóðavettvangi

Í ræðu sinni lýsti Trausti dökkri mynd í alþjóðamálum: stórstyrjaldir, belgingur stórveldaleiðtoga og brotalamir í alþjóðakerfinu. Slík óvissa væri hættuleg litlu eylandi. Hærra olíuverð og ótrygg aðkoma að áburði væru raunveruleg áhyggjuefni. Hann sagði eðlilegt að ríki leituðu leiða til að tryggja eigið öryggi, ekki sist í matvælaframleiðslu. Markmiðið væri ekki að framleiða allan mat innanlands, en þegar kreppti að sé ómetanlegt að hafa öfluga innlenda framleiðslu. „Við verðum að efla eigin framleiðslugetu,“ sagði hann og minnti á að sjálfstæð matvælaframleiðsla væri hornsteinn fullveldis.

„Óvissan sjálf er vandinn“

Trausti fjallaði ítarlega um mögulegar framhaldsviðræður við Evrópusambandið og ítrekaði að Bændasamtökin væru ekki á móti þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann sagði þó rangt að halda því fram að málefnaleg umræða væri ómöguleg án fullgerðs samnings.

Hann nefndi nokkur atriði sem samningsaðilar þyrftu að hafa í huga. Aðildarviðræður væru sjálfstæð óvissuuppspretta sem kældi fjárfestingar í landbúnaði. Stærstu áhrifin gætu líklega orðið brottfall tolla, frekar en styrkjámál. Þar sem framleiðendaverð hér er víða hærra en í ESB myndi slíkt kalla á „mjög auknar greiðslur“ ef koma ætti í veg fyrir búsisfjar. Samningsstaða Íslands í fyrri viðræðum hefði byggt á banni við innflutningi lifandi dýra, fersks

kjöts og tiltekinna plantna. Óvist væri hvaða afstaða stjórnvalda yrði nú.

Hann sagði nauðsynlegt að stjórnvöld ynnu náð með bændum og öðrum hagaðilum ef til viðræðna kæmi. „Það væru stór mistök að halda bændum utan við þá vinnu,“ sagði Trausti og minnti á að landbúnaðarmál væru ekki sérhagsmunir heldur almannahagsmunir.

Nýir búvörusamningar stærsta verkefnið fram undan

Í lok ræðu sinnar lagði Trausti áherslu á að endurskoðun búvörusamninga væri eitt stærsta verkefnið. Bændur hefðu verið skýrir. Kerfið þurfi að vera réttlátt, fjárfest og byggt á trausti. Rekstur búanna þarf að verða lífvænlegur og nýliðun möguleg. Og neytendur eigi að geta treyst því að íslenskt fæði standist strangar kröfur.

Tollvernd verði áfram meginþáttur og þurfi að fylgja verðlagsþróun. Þá þurfi að leysa úr málum sem snúi að búvörulögum og afurðastöðvum með samráði, ekki yfirboðum.

Samstaða bænda verði þó aðalatriðið. „Við erum ein stétt með það sameiginlega markmið að tryggja íslenskum landbúnaði framtíð,“ sagði hann og minnti á að saga bændastéttarinnar sýndi að samstaða og seigla hefðu flýtt henni í gegnum marga storma.

„Ég hef trú á framtíðinni“

Ræðu sinni lauk Trausti á hjartsynnum nótum. „Við lifum á tímum óvissu og tækifæra,“ sagði hann og lagði áherslu á gildi heiðarlegrar vinnu í íslenskum landbúnaði. Hann sagðist trúa að samvinna bænda og stjórnvalda gæti skilað starfsskilyrðum sem ýti undir vöxt, fjárfestingu, nýsköpun og stöðugleika næstu áratuginna. „Hér dugga engin vettlingatök,“ sagði hann, en bætti við að bændur hefðu aldrei verið latir til verks.

/ph

Geitfjarrækt

Gripagreiðslur til fjölgunar geita

Nýtt skýrsluhaldskerfi kemst brátt í gagnið og er mikilvægt til utanumhalds á stofni í útrýmingarhættu.

Kjarngóður fundur fór fram í deild geitfjarræktar. Tvær tillögur um innmat og áhersluatriði í búvörusamningagerð voru samþykktar og mun stjórn deildarinnar fylgja þeim eftir.

Ný stjórn geitfjarræktenda

Hákon Bjarki Harðarson situr áfram sem formaður. Anna María Flygenring gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en Kristín Halla Bergsdóttir var kjörin í hennar stað. Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir situr áfram í stjórn og varastjórn skipa Halla Sigríður Hrefnu Steinólfsdóttir og Susanne Lintermann og taka við af Guttormi Hrafn Stefánssyni og Huldu Brynjólfsdóttur.

„Það sem er helst á dagskrá framundan er að koma nýja skýrsluhaldskerfinu í gagnið fyrir vorið og í framhaldinu af því förum við í vinnu við að koma öllum geitum á Íslandi inn í kerfið,“ sagði Hákon Bjarki formaður stjórnar að fundi loknum, en fram kom í tillögum sem samþykktar voru á fundinum að lykilatriði sé að hafa gott utanumhald um alla gripi þegar stækun stofns í útrýmingarhættu er í brekkudepli.

Hákon bætir við að „með haustinu förum við í arfgerðargreiningu á geitastofninum vegna riðu og munum taka sýni úr um 1500 gripum“. Það verði gert til að skoða hvort verndandi gen gegn riðu sé í

íslenskum geitum, en aldrei hefur greinst riða í geit á Íslandi. „Svo verða það búvörusamningarnir þegar þeir komast á dagskrá“, bætti hann við, en síðari tillaga fundarinnar laut að áherslum geitfjarræktenda í komandi búvörusamningagerð.

Tillögur um innmat og búvörusamningagerð

Stemmingin á fundinum var góð og létt yfir fundarmönnum sem horfðu yfir flugbrautina af fundarstað. Fyrir fundinum lágu tvær tillögur sem báðar voru einróma samþykktar. Sú fyrri að stjórn deildarinnar er falið að ræða við sláturleyfishafa um áform um að hætta að afhenda bændum innmat úr geitum í næstu sláturtíð. Nýting innmatar er geitabændum mikilvæg til að skjóta styrkari stoðum undir tekjuöflun í sínum búrekstri.

Seinni tillagan lýtur að komandi búvörusamningagerð þar sem áhersla er lögð á að fá aukið fjármagn til geitfjarræktar, stofninn sé enn í útrýmingarhættu og sökum smæðar þurfi bændur sjálfir að vinna og selja sínar afurðir ólíkt öðrum búgreinum. Fjölga þurfi geitum í landinu og hvetja til þess með gripagreiðslum og eins að fjárfestingarstuðningur nái til allra búgreina innan Bændasamtakanna auk þess sem stuðningur verði greiddur til tækjakaupa. Í tillögunni er einnig kveðið á um nauðsyn fjármagns til áframhaldandi reksturs hafrastöðvarinnar sem og frír aðgangur að skýrsluhaldskerfinu Heiðrónu.

/eks

Fyrir alla aldurshópa

Hyper Bee

Light Bee

Ultra Bee

SURRON

ELLINGSEN

Vinlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is



GESTAÐÚS & GARÐHÚS

Öll húsin eru úr sérvalinni hægvaxta furu



Gestahús og garðhús Völundarhúsa eru bjálkahús með tvöfaldri nót og henta því vel fyrir íslenskar aðstæður.

Gestahúsin: 44mm bjálki, tvöfalt gler og gólf.
Garðhúsin: 34 mm bjálki, tvöfalt gler og gólf,
9,9m² garðhúsið er eina húsið án glugga og gólfs.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

BJÁLKAHÚSIN henta vel fyrir íslenskar aðstæður

Nánari upplýsingar um **BJÁLKAHÚSIN** á heimasíðu og í síma **864 2400**

volundarhus.is

VH-26-09 - Mána hönnunarstofa



TILBOÐ · GRÓÐURHÚS

Viðhaldsfrí gróðurhús/garðskálar á 15% afslætti



Tilboð á frábærum viðar-gróðurhúsum í ýmsum litum og gerðum. Í ramma húsanna er sérvalin hitameðhöndluð fura sem gerir húsin því sterkari viðhaldsfrí og vistvæn.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

GRÓÐURHÚSIN eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Nánari upplýsingar um **GRÓÐURHÚSIN** á heimasíðu og í síma **864 2400**

volundarhus.is

VH-26-06 - Mána hönnunarstofa



Deild landeldis:

Vilja leyfi til að flytja inn laxahrogn

Landeldisbændur á Búnaðarþingi lögðu fram þrjár umfangsmiklar tillögur sem snerta kjarnaverkefni greinarinnar næstu ár.

Tillögurnar lúta að uppbyggingu innletrar framleiðslu á lifrænum áburði, nauðsyn þess að stjórnvöld veiti atvinnugreininni svigrúm við þróun langtímalausna í meðhöndlun fiskeldismykju og formllegri endurskoðun reglna um innflutning laxahrogn. Allar tillögurnar snúa að rekstraröryggi, sjálfbærni og framtíðarfjárfestingum í vaxandi grein.

Innflutningur laxahrogn

Fundurinn lagði fram tillögu sem snýr að reglum um innflutning laxahrogn sem eru samkvæmt gildandi reglum óheimil. Fundurinn telur þetta fyrirkomulag hamla vexti greinarinnar þar sem fyrirtækin séu háð einum innlendum framleiðanda og hafi ekki aðgang að fjölbreyttum erfðalínum eða samkeppnishæfu verði.

Í rökstuðningi er vísað til erfðabreytileika, samkeppnisstöðu, tækniframfara í sjúkdómavörnum og áhættumats og bent á að fjármögnunaraðilar hafi lýst áhyggjum af núverandi fyrirkomulagi. Rekstraröryggi sé einnig takmarkað þar sem framleiðandinn sé staðsettur nærri virkri eldstöð.

Fundurinn vill að stjórnvöld framkvæmi formllega endurskoðun, uppfæri áhættumat og leggi fram valkosti fyrir framtíðarfyrirkomulag innflutnings.

Efling innletrar framleiðslu á lifrænum áburði

Deildarfundurinn beindi því til Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir því að stjórnvöld komi að vinnu við uppbyggingu innletrar framleiðslu á áburði úr lifrænum hliðarstraumum úr landbúnaði, þar á meðal frá landeldi, svínarækt og alifuglarækt, í samstarfi við hagaðila, og tryggji nauðsynlega fjárveitingu til slíkrar uppbyggingar.

Í rökstuðningi er bent á að



Deildarfundur landeldisbænda.

Mynd / ál

hækkandi verð á tilbúnum áburði, aukin óvissa í heimsámálum og mikilvægi fæðuöryggis kalli á að Ísland efla eigin framleiðslugetu. Með því að umbreyta hliðarstraumum í verðmæti megi draga úr innflutningsþörf, styrkja hringrásarhagkerfi og minnka gjaldeyrisútlæði.

Slík uppbygging krefjist samhæfðrar stefnumótunar milli ráðuneyta, stofnana og atvinnugreina. Fundurinn telur Bændasamtökin eiga að knýja á um að vinna við greiningu, stefnumótun og fjármögnun hefjist formllega og ljúki eigi síðar en fyrir árslok 2026.

Þróun lausna fyrir fiskeldismykju

Fundurinn hvatti einnig stjórnvöld til að sýna skilning á þeirri vinnu sem landeldisfyrirtæki hafa undanfarið lagt í til að finna langtímalausnir í meðhöndlun fiskeldismykju. Fyrirtækin undirrituðu í september 2025 viljayfirlýsingu um samræmda vinnu og hafa greint þrjár raunhæfar sviðsmyndir til framtíðar: Notkun þurrkaðrar mykju sem lifræns áburðar, lífgas- og áburðarframleiðslu og framleiðslu lífkols með

varmaniðurbroti.

Allar þessar leiðir eru tæknilega flóknar og mikið regluverk í kringum þær. Þær krefjast rannsókna, leyfisveitinga, fjárfestinga og náns samráðs við stjórnvöld. „Fyrirtækin geta því ekki uppfyllt öll skilyrði í starfsleyfum fyrir en þessi vinna er komin lengra. Þetta millibilsástand skapar bæði óvissu og óöryggi sem aðeins verður leyst með skýrum stuðningi og samvinnu stjórnvalda,“ segir í tillögu fundarins.

Fundurinn telur brýnt að stjórnvöld og stofnanir veiti atvinnugreininni svigrúm, meðal annars með sveigjanleika í tímamörkum og leyfisveitingum á meðan þróunin á sér stað, og að samstarfið verði formfest.

Lárus áfram formaður

Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxeyjar, var kjörinn til að gegna formennsku deildar landeldisbænda á fundinum. Auk hans sitja í stjórn Steinþór Pálsson, forstjóri, Thor Salmon, Jón Kjartan Jónsson, framkvæmdastjóri Samherja Fiskeldis, og Stefán Ágústsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hjá First Water, sem óráðið er hver verður.

/ph



„Sú vinna verður unnin í nánú samtali við greinina,“ sagði Hanna Katrín Friðriksson um endurskoðun á stuðningskerfi landbúnaðarins.

Mynd / ál

Endurskoðun á stuðningskerfi landbúnaðarins fram undan

Með framlengingu gildandi búvörusamninga til loka árs 2027 er lagður grunnur að stöðugleika en jafnframt er fram undan umfangsmikil endurskoðun á stuðningskerfi landbúnaðarins, sagði atvinnuvegaráðherra við setningu Búnaðarþings. Hann nefndi jafnframt ýmis brún verkefni sem liggja fyrir á næstu mánuðum og misserum svo sem endurskoðun á lögum um velferð dýra og á jarðalögum.

Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra sagði í ávarpi sínu við setningu Búnaðarþings að með því að klára formllega framlengingu gildandi búvörusamninga til loka árs 2027 væri lagður grunnur að stöðugleika á sama tíma og ljóst væri að fram undan sé umfangsmikil vinna við endurskoðun á stuðningskerfi landbúnaðarins.

„Sú vinna verður unnin í nánú samtali við greinina. Markmiðið er að tryggja að stuðningurinn endurspeglir breyttar aðstæður, auki sveigjanleika, styðji við nýsköpun og framleiðni og taki mið af auknum kröfum samfélagsins um sjálfbærni, gagnsæi og ábyrgð.“

Kynslóðaskipti

Ráðherra sagði að fram undan væri því mikilvægt samtal um framtíð íslensks landbúnaðar. „Þar þurfum við að horfa til þess hvernig við tryggjum að greinin sé bæði samkeppnishæf og aðlaðandi fyrir komandi kynslóðir.“

Kynslóðaskipti væru ein stærsta áskorun landbúnaðarins í dag. „Við sjáum að meðalaldur bænda er hár og að nýliðun þarf að aukast. Þetta snýst ekki aðeins um að taka við búum, heldur um að skapa aðstæður þar sem ungt fólk sér tækifæri til að byggja upp lífsviðurværi sitt í landbúnaði. Þar skipta aðgengi að fjármagni, stuðningskerfi sem hvetja til nýliðunar og skýr framtíðarsýn sköpum.“

Fjárfestingarþörf

Ráðherra sagði þennan vanda einnig tengjast fjárfestingarþörf landbúnaðarins. „Til að mæta kröfum um aukna framleiðni, bæta nýtingu auðlinda, draga úr losun kolefnis og auka velferð dýra þarf verulegar fjárfestingar. Við þurfum að tryggja að rekstrarmhverfið styðji slíkar fjárfestingar og að hvatar séu til staðar fyrir bændur til að þróa starfsemi sína áfram.“

Velferð dýra

Ráðherra sagði að velferð dýra væri málefni sem njóti sífellt meiri athygli í samfélaginu. „Það er eðlilegt og mikilvægt. Íslenskur landbúnaður hefur á margan hátt staðið framfarlega

á því sviði, en við megum aldrei slaka á kröfum. Traust almennings byggir á því að við sýnum í verki að velferð dýra sé í forgangi og að við séum reiðubún að þróa reglur og starfshætti í takt við aukna þekkingu og breytt viðhorf.“

Sagðist ráðherra hafa áform um að taka til endurskoðunar á næsta þingvetri lög um velferð dýra sem voru sett 2013 „og um það verður að sjálfsögðu haft samráð við bændur eins og aðra hagaðila“, sagði ráðherra.

Tryggja þarf stöðu kvenna

Ráðherra sagði mikilvægt að tryggja stöðu kvenna í landbúnaði og að tækifæri þeirra séu jöfn. „að aðgengi að stuðningi og fjármagni sé raunverulega opið öllum og að raddir kvenna fái aukið vægi í stefnumótun og ákvörðunum.“

Endurskoðun á jarðalögum

Í máli ráðherra kom fram að til stendur að skoða hvernig tryggt sé að land nýgtist til framleiðslu matvæla, að aðgengi að landi sé raunhæft fyrir þá sem vilja hefja búskap og að langtímahagsmunir samfélagsins, þar á meðal fæðuöryggi, séu hafðir að leiðarljósi. „Það hyggjumst við meðal annars gera með því að taka gildandi jarðalög til skoðunar í því ljósi,“ sagði ráðherra.

Efla innlenda framleiðslu

Ráðherra sagði að atburðir í alþjóðasamfélaginu hafi sýnt að traustar innletrar framleiðslukeðjur skipti sköpum. „Íslenskur landbúnaður og önnur matvælaframleiðsla er þar lykilþáttur. Það er sameiginlegt verkefni okkar að styrkja þann grunn enn frekar, með því að efla innlenda framleiðslu, tryggja aðföng og byggja upp þekkingu og nýsköpun.“

Alþjóðlegar áskoranir

Ráðherra lagði áherslu á að áskoranir íslensks landbúnaðar væru á margan hátt hluti af stærra alþjóðlegu samhengi og sannarlega ekki séríslenskar. „Við um heim glímur greinin við hækkandi meðalaldur bænda og erfið kynslóðaskipti, auk þess sem óstöðugar aðfangakeðjur og hækkandi verð á aðföngum hafa haft veruleg áhrif á rekstrarskilyrði. Það er ekki bara hér sem landbúnaður er háður innfluttu jarðefnaeldsneyti, lyfjum, tækjabúnaði og mörgu öðru. Það er mikilvægt að efla sjálfbærni og auka viðnámsþrótt bæði landbúnaðarins og samfélagsins í heild, svo við fáum betur staðist áföll í ótryggum heimi. Atburðir undanfarna missera hafa leitt það skýrt í ljós.“

/ph

JAKKATILBOÐ



Moor Padded Blár

Escape Quilted

Moor Padded Brúnn

VERÐ KR. 14.950

Sími: 551 6770
www.vesturröst.is

Deerhunter®

Vesturröst

vfs.is

YATO 

DAGAR

YATO VÖRUR Á TILBOÐI TIL 6. APRÍL




Skannaðu og skoðu tilboðin.

**VERKFÆRA
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALVEGI 32A, KÓPAVOGI • ÓSEYRI 4, AKUREYRI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • 560 8888 • vfs.is

Álklæðningar frá Alucoil framleiddar á Íslandi
Sléttar, stuðla eða læstar - límdar eða skrúfaðar.



Við gerum teikningar fyrir þig og bjóðum flasningar úr sama efni.

Pantaðu klæðningu tímanlega fyrir sumarið!



Framleiðsla klæðninga
Sala - Uppsetning

Flugvellir 15 / 788-9949 / reisandi.is / reisandi@reisandi.is



Stjórn og varastjórn deildar hrossabænda með nýjan formann fyrir miðri mynd.

Mynd / eks

Hrossarækt Nýr formaður hrossabænda

Skeggrætt var á fundi hrossabænda. Ólafur Þórisson er nýr formaður.

Hiti var í fundinum og áleitnum spurningum velt upp. Fráfarandi formaður sagði að virkja þyrfti félagskerfi hrossabænda, þátttaka endurspegladi ekki umfang greinarrinnar.

Margslungin búgrein

Dagskrá deildarfundar hrossaræktenda var hefðbundin en ljóst að hiti var í fundargestum enda þó nokkrir sem kváðu sér endurtekið hljóðs. Nanna Jónsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku og var Ólafur Þórisson sjálfkjörinn eftirmaður hennar og situr næstu þrjú árin. Aðrir stjórnarmenn höfðu enn ekki lokið stjórnarsetu sinni og sitja því áfram en það eru Guðný Helga Björnsdóttir, Jón Vilmundarson, Agnar Þór Magnússon og Ólafur Sigurgeirsson. Ný varastjórn var kjörin á fundinum. Fyrsti varamaður var kjörinn Þórdís Ingunn Björnsdóttir, annar Rúnar Þór Guðbrandsson og þriðji varamaður Sonja Línal.

Stundum var stutt í grínið og sköndin orð látin falla en annars

gekk á með hæðum og lægðum á fundinum sem fram fór síðdegis og teygði sig inn í kvöldið. Fráfarandi formaður Nanna Jónsdóttir fór yfir skýrslu stjórnar og áréttaði að hrossarækt væri mögnuð atvinnugrein með marga anga sem hefðu styrkst í gegnum árin, hún telur tækifærin vera mörg fyrir hrossabændur. Hún sagði þó þurfa að virkja félagskerfi hrossaræktenda til að auka þátttöku þeirra í starfi deildarinnar. Nanna sagði flestar aðrar búgreinar fyrst og fremst sinna matvælaframleiðslu á meðan hrossaræktendur væru með verðmætaskapandi kerfi sem byggja frekar á munaði. „Við skulum ekki gera lítið úr matvælaframleiðsluþætti hrossaræktar, þegar ég horfi yfir hjörðina mína fyllist ég öryggistilfinningu, sér í lagi á stríðstímum“, sagði Ólafur Sigurgeirsson sem stýrði fundinum, þegar Nanna hafði lokið máli sínu.

Ekki meira fjármagn til Horses of Iceland

Farið var yfir markaðsáttaksverkefnið Horses of Iceland sem haldið hefur verið úti undanfarin 10 ár í samstarfi við Íslandsstofu og hefur kostað um 30 milljónir á ári. Verkefnið hefur

að mati verkefnisstjóra gengið mjög vel og skapað mikil verðmæti. Áhrifavaldar léku mikilvægt hlutverk í verkefninu og náðu gríðarlegri athygli með efni sem þeir deildu og náði til milljóna manns. Nú stendur yfir endurskoðun á fjármagni ríkisins til kynningarmála og því hefur ekki fengist frekara fjármagn til að halda verkefninu áfram. Það er því í biðstöðu enn sem komið er. Mikil synd þykir ef það heldur ekki áfram.

–Sá undir iljarnar á splúngu nýjum formanni í bláfundarlok, hann þurfti enda að mæta til keppnisstarfa á Hellu um rökkurbil, hann þakkaði Nönnu fyrir sín störf og kvaðst hlakka til að vinna með stjórn á komandi tíð. Í framboðstillkynningu sinni sagði Ólafur „mig langar að leggja mitt af mörkum til að sýnileiki hrossaræktarinnar í samfélaginu verði sem mestur og við munum halda áfram að þróast og fylgja þeim málefnum sem munu hjálpa hrossaræktinni að lifa og dafna sem best í framtíðinni. Virkja grasrótna, styrkja grunnstöðir og vera sýnileg á sem flestum stöðum.“ Hann rekur ásamt konu sinni, Söru Maagaard Nielsen, hrossaræktar- og tanningarstöð í Miðkoti í Landeyjum. /eks



Stjórn deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands. Frá vinstri: Reynir Þór Jónsson, Davíð Logi Jónsson, Sigurbjörg Ottesen formaður, Sigrún Hanna Sigurðardóttir og Jón Örn Ólafsson.

Mynd / ál

Nautgripabændur með nýjan formann

Á deildarfundum nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands (NautBÍ) voru helstu áherslumál búgreinarrinnar slípuð. Ályktanir þaðan voru svo sendar til frekari umræðu á Búnaðarþingi á miðvikudaginn.

Deild nautgripabænda kaus nýjan formann á deildarfundum sínum á þriðjudaginn. Rafn Bergsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu og var Sigurbjörg Ottesen, bóndi á Hjarðarfelli í Eyja- og Miklaholtshrepp, kosin í hans stað, en hún hefur verið í stjórn NautBÍ um árabil. Á fundinum þurfti jafnframt að kjósa um alla aðra stjórnarmenn og kom Davíð Logi Jónsson nýr í stjórn. Aðrir stíjandi stjórnarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og fengu allir endurnýjað umboð.

Helstu áherslumál deildar nautgripabænda þegar kemur að nýjum búvörusamningum voru samþykkt á deildarfundum þeirra á þriðjudaginn. Fyrst er að nefna brýningu um að stefnt verði að stöðuleika og uppbyggingu í greininni með því að viðhalda framleiðslustýringarkerfi í mjólkurframleiðslu. Jafnframt er kallað eftir að stórauknu fjármagn verði varið í búvörusamningana, fjárfestingastuðningur verði aukinn, tollverndin eflað og ítrekað að ekki skuli verja fjármagn sem er ætlað í nautgripasamninginn í önnur málefni.

Kúabændur vilja eins að hagræðingarkrafan sem verið hefur í búvörusamningunum frá 2005 verði tekin út. Þá benda þeir á að verðtryggingarákvæði skuli halda gildi sínu út samningstímamann og verði fylgt eftir árlega.

Búgreinin vill jafnframt að tryggt verði að grunnstöð beingreiðslna verði framleiðslutengdur stuðningur og að aukid fjármagn verði sett í þann lið. Eins eigi að halda fjárstuðningi til aðgerða í loftslagsmálum

aðskildum þannig að þær skerði ekki annan stuðning.

Í rökstuðningi segir að afkoma kúabænda hafi verið neikvæð á árunum 2021 til 2024 samkvæmt gögnum frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). Bændur hafi þurft að greiða á bilinu 11 til 15 krónur með hverjum innlögðum mjólkurlittra. Samkvæmt nýjum verðlagsgrundvelli hafi rekstrartap mjólkurframleiðenda verið 107,6 krónur á lítrann í lok árs 2025. Eins hafi bændur í nautakjötsframleiðslu þurft að greiða með sinni framleiðslu, þó svo að þróunin hafi verið í rétta átt á því sviði.

Þá skorðu fundarmenn á stjórn deildar nautgripabænda í Bændasamtökum Íslands (NautBÍ) að hefja viðræður við atvinnuvegaráðuneytið um breytingu á reglugerð um kjómat á þann veg að kvígur sem átt hafa kálf geti flokkast í UN flokk fram að 30 mánaða aldri. Með tilkomu kyngreinds sæðis sé fyrir séð að fjöldi kvíga muni aukast. Mjólkurframleiðendur geti því haft hag af því að lög kvígum eftir burð fyrir 30 mánaða aldur falli þær af einhverjum ástæðum ekki að framleiðsluskilyrðum.

Kúabændur vilja jafnframt að sæði úr íslenska mjólkurkúastofninum verði ekki aðeins kyngreint fyrir erlæðum sem gefi af sér kvenkyns gripi, heldur vilja þeir líka geta valið sér að fá nautkálfa. Bændur geti því sett sínar allra bestu kýr með svokölluðu Y sæði til þess að framleiða kynbótanaut.

Fundurinn beindi því enn fremur til stjórnar NautBÍ að gripagreiðslur verði uppfærðar miðað við verðlagsgrundvallarbúið. Er það vegna þess að samkvæmt nýjum verðlagsgrundvelli er meðalbúið með 61 árskýr, en ekki séu skerðingar á greiðslum fyrir bú með allt að 60 árskúm. /ál



LÍFRÆN SKOLP HREINSISTÖÐ

- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einföld uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi



vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is

Eggjabændur: Tollur fylgir ekki verðlagi

Á deildarfundum eggjabænda hjá Bændasamtökum Íslands lögðu fulltrúar áherslu á að tryggja þurfi starfskilyrði greinarrinnar. Þar sem krónutölur í magnollum fylgdu ekki verðlagi væri tollurinn hættur að veita vörn gegn innflutningi.

Eggjabændur veltu jafnframt upp þeim möguleika að allar búgreinadeildir í hvíta geiranum sameinist, það er svínabændur, kjúklingabændur og eggjabændur, enda hagsmunamálin oft þau sömu. Fáir félagsmenn eru í hverri deild, en veltan og framleiðslan mikil á hverju búi. Fundarmenn lögðu áherslu á að ef að sameiningu yrði þyrftu að tryggja að eggjabændur ættu alltaf fulltrúa í stjórn.

Á deildarfundinum var samþykkt að stofna vinnuhóp í samvinnu við hinar tvær deildirnar til þess að skoða kosti og galla sameiningar. Skoða þurfi sérstaklega fjölda Búnaðarþingsfulltrúa verði af sameiningu þeirra.

Þrjár sitja í aðalstjórn deildar eggjabænda. Halldóra Hauksdóttir hjá Græneggjum í Sveinbjarnagerði á Svalbarðsströnd var endurkjörin sem formaður til tveggja ára. Þá voru Andri Freyr Þórisson hjá Nesbúi á Vatnsleysuströnd og Arnar Arnason hjá Gæðaeeggjum á Hranstöðum kosnir til áframhaldandi setu í stjórn. Stefán Már Símonarson hjá Stjórneggjum á Vallá á Kjalarnesi var valinn sem varamaður. /ál

Nýtt

Holla
KJÚKLINGUR

SAFARÍKAR

KJÚKLINGALUNDIR



Gott á grillið

Husqvarna

MHG Verslun er með umboð fyrir
Husqvarna Forest & Garden á Íslandi

*Varahlutir og
þjónustuverkstæði



Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt
12,5 cm

Husqvarna
520IRX
Sláttuorf 36V



Husqvarna
Traktor TC220
14,4kw



Husqvarna
K970 Steinsög
Sögunardýpt
15,5 cm

Husqvarna Rider
320X AWDTraktor
10,5 kW



Husqvarna
522IHD60
60cm



Husqvarna
LC253S Sláttuvél
2,8kW

Husqvarna
525BX Blásari
86 m/s



Husqvarna
535RX Sláttuorf
1,6kW



Husqvarna
580 EPOS
16.000m²

Husqvarna
AM535AWD
EPOS 3.500 m²



Husqvarna 450e
Keðjusög
2,4kW



MHG
VERSLUN

Husqvarna Forest & Garden Products

Garðverkfæri, slátturóbotar, steinsagir, steinsagarblöð,
jarðvegsþjöppur, hoppaparar, kjarnaborvélar, garðsláttuvélar,
golfslípivélar, sandarar, gröfur, golfbílar og margt fleira

MHG Verslun | Víkurhvarf 8
S. 544 4656
mhg@mhg.is



Deildarfundur sauðfjárbænda:

Sátt ríkir um núverandi stuðningsfyrirkomulag

Alls voru 18 tillögur til afgreiðslu hjá sauðfjárbændum á deildarfundum þeirra sem haldinn var á mánudaginn og þriðjudaginn á Búnaðarþingi.

Meðal samþykktu tillagna var að beina því til Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir niðurgreiðslu ríkissjóðs á arfgerðargreiningum, eins og heimilt er samkvæmt reglugerð 1570/2025. Í rökstuðningi með tillögunni kemur fram að nauðsynlegt sé að tryggja að þessar niðurgreiðslur verði áfram og ekki minni en undanfarin ár þar til markmiðum um almenna útbreiðslu verndandi arfgerða hefur verið náð í samræmi við Landsáætlun um útrýmingu riðu. Ný lög setji ákveðnar kvæðir varðandi ræktun verndandi arfgerða sem ómögulegt er að ná án þess að taka mikið af arfgerðarsýnum á næstu árum. Nauðsynlegt sé því að ríkissjóður fylgi því eftir með fjármagni.

Lagt er til að þessu verði komið til leiðar með þrýstingi af hálfu Bændasamtaka Íslands.

Kortlagning sauðfjársjúkdóma

Einnig var samþykkt að beina því til Bændasamtaka Íslands að beita sér fyrir því að ríkissjóður og Matvælastofnun skipuleggi og fjármagni kortlagningu sauðfjársjúkdóma á Íslandi með nákvæmum og faglegum hætti.

Í rökstuðningi segir að sala fjár með verndandi arfgerðir geti haft í för með sér dreifingu sjúkdóma annarra en riðu og skapað fjárhagslegt tjón fyrir bændur. Með fækkun varnarlína verði þessi kortlagning sífellt mikilvægari – og því sé komin tími á að vinna þessa vinnu.

Mælt er til þessa að Bændasamtökin þrýsti á ríkisvaldið til að koma þessu til leiðar og að Matvælastofnun vinni þetta verkefni.

Rafrænt kjötmat

Tilmælum var einnig beint til Bændasamtaka Íslands, fagráðs í sauðfjárrækt, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Landbúnaðarháskóla Íslands um að halda

áfram að vinna að faglegu mati og þróun á rafrænu kjötmati.

Í tillögunni felast einnig tilmæli til sláturleyfishafa um að taka upp samræmt rafrænt kjötmat í öllum sláturhúsum landsins þar sem notuð er sambærileg tækni og aðferðir um leið og nægileg gögng liggja fyrir til að tryggja að rafrænt kjötmat sé rétt og faglegt.

Sátt um núverandi stuðningskerfi

Loks má nefna samþykktu tillögu deildarfundar þar sem brýnt er fyrir stjórn Bændasamtaka Íslands að halda því samningsmarkmiði til streitu við gerð nýrra búvörusamninga að ekki verði gerðar verulegar breytingar á núverandi stuðningskerfi, þar sem almenn sátt ríki um núverandi fyrirkomulag ríkisstuðnings við sauðfjárframleiðslu.

Í tillögunni kemur fram að fyrirsjáanleiki opinbers stuðnings sé grundvöllur þess að búrekstur geti gengið til framtíðar enda erfitt hverjum rekstraraðila, sama hvort viðkomandi er í búrekstri eða öðrum rekstri, að búa við óstöðugleika rekstrarumhverfis. /smh



Ný stjórn sauðfjáredeildar Bændasamtaka Íslands. Þórarinn Óli Rafnsson, í varastjórn, Birgir Haraldsson, Ásta Fönn Flosadóttir, Þuríður Lilly Sigurðardóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Sveinn Úlfarsson, í varastjórn. Á mynd vantar Sigríði Ólafsdóttur, í varastjórn, og Sigurborgu Hönnu Sigurðardóttur.

Góður samhljómur fyrir búvörusamningana

Á deildarfundum sauðfjárbænda var Eyjólfur Ingvi Bjarnason endurkjörinn formaður til næstu tveggja ára án þess að móttframboð bærast.

Nýja stjórn skipa þau Ásta Fönn Flosadóttir og Birgir Haraldsson, árin 2025 til 2027, og Þuríður Lilly Sigurðardóttir og Sigurborg Hanna Sigurðardóttir fyrir árin 2026 til 2028. Fráfarandi stjórnarmaður er Magnús Helgi Loftsson, en Þuríður Lilly kemur ný inn í stjórn.

Tollamálun mikilvæg sauðfjárbændum

Eyjólfur segir að fundurinn hafi gengið vel. „Það var góður samhljómur í fulltrúum og alveg skýrt hvað við viljum sjá til framtíðar. Við förum nú í markvissa vinnu með Bændasamtökunum fyrir komandi búvörusamningagerð.“

Hann segir að staða sauðfjárbænda hafi lagast aðeins að undanfögnu en það sé ýmislegt í óvissu nú með boðaðri þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhald viðræðna við Evrópusambandið. „Þar er kannski ekki endilega stuðningsumhverfi Evrópusambandsins sem skiptir mestu máli heldur tollamálun. Verði brottfall á tollum í hinum kjötgreinum mun það væntanlega leiða til lækkunar á sauðfjárafurðum

líka á Íslandi. Tollverndin skiptir okkar grein miklu máli líka.

Sauðfjárrækt er víða undirstaða byggðar í dreifbýli og það er ekkert samfélag sterkara en veikasti hlekkur þess. Ég vonast því til að samdrættinum sé lokið og við getum farið að spyrna við.“

Rafrænt kjötmat mikilvæg

Þegar Eyjólfur er beðinn um að nefna sérstök máli sem standi upp úr frá fundinum, segir hann að samningsmarkmið búvörusamninganna hafi verið mikilvægt mál. Þar er lagt til að ekki verði gerðar verulegar breytingar á núverandi stuðningskerfi, þar sem almenn sátt ríki um núverandi fyrirkomulag ríkisstuðnings við sauðfjárframleiðslu.

„Það er líka hægt að nefna tillöguna um rafrænt kjötmat, sem mun leiða til mikilla framfara ef allt virkar eins og það á að virka. Þá hverfur hið huglæga mat út úr ferlinu og í staðinn koma mældar stærðir. Við gerum ekki ráð fyrir því að það verði búið að innleiða þetta næsta haust en vonandi haustið 2027 ef allt gengur upp. Það hefur auðvitað lengi verið tortryggni gagnvart þessu hefðbundna kjötmati og sjálfsagt verður tortryggni út í þetta líka – í það minnsta til að byrja með.“ /smh

Óttast kostnað af tilflutningi eftirlits

Deild alifuglabænda í Bændasamtökum Íslands sendi frá sér ályktun þar sem því var beint til stjórnar að kanna hvaða kostnaður muni hlötnast af því að flytja verkefni frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Matvælastofnunar (MAST).

Í rökstuðninginu segir að stjórnvöld hafi boðað breytingar á fyrirkomulagi eftirlits og útgáfu starfsleyfa þar sem verkefni sem nú eru að hluta til á höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga verða færð til MAST og Umhverfis- og orkustofnunar (UOS). Slíkar breytingar geta haft veruleg áhrif á framkvæmd eftirlits, stjórnsýslu og þann kostnað sem fellur á bændur í mismunandi búgreinum.

Í dag annast heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga útgáfu starfsleyfa og eftirlit með umhverfisþáttum í starfsemi margra búrekstra, sérstaklega smærri rekstrareininga. Stærri starfsemi fellur hins vegar undir UOS. Af fyrirliggjandi gögnum má þó ætla að fyrirhugaðar breytingar geti haft í för með sér að fleiri bú, óháð búgrein eða stærð, falli undir gjaldskrár og verklag UOS.

Samanburður á gjaldskrár bendir til þess að slíkar breytingar geti haft veruleg áhrif á kostnað við útgáfu starfsleyfa og eftirlit. Til dæmis má nefna alifuglarækt þar sem kostnaður við útgáfu starfsleyfis hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er nú fast gjald fyrir tvo tíma, eða um 44.000 kr., auk

árlegs eftirlitsgjalds um 82.000 kr. Samkvæmt gjaldskrá UOS er hins vegar innheimt tímagjald fyrir vinnu við útgáfu starfsleyfis, að lágmarki 40 klukkustundir á 22.400 kr. á klukkustund. Lágmarkskostnaður vegna starfsleyfis gæti því numið um 896.000 kr., auk 165.000 kr. fyrir vettvangsheimsókn, eða samtals að minnsta kosti um 1.060.000 kr.

Þar sem ekki virðist vera sérstök gjaldskrá fyrir minni rekstrareiningar gæti kostnaður minni búa margfaltast ef sama gjaldskrá gildir fyrir alla aðila. Ef slíkt fyrirkomulag yrði yfirfært á fleiri búgreinar gæti það haft viðtæk áhrif á rekstur bænda, sérstaklega minni og meðalstórra búrekstra.

/ál

Selen fyrir lömb



- Örvar kyngiviðbragð
- Getur fyrirbyggt stíuskjögur
- Stuðlar að auknu ónæmi
- Getur flýtt fyrir þroska
- Hraðar efnaskiptum í vöðvum
- Einstaklega góð upptaka
- Mjög bragðgott
- Nákvæm skammtadæla
- Tilbúið til notkunar

Flaskan dugar fyrir 100 lömb

Pantaðu í netverslun okkar eða í síma 430-5500



Sendum um allt land!

WWW.KB.IS

Kaupfélag Borgfirðinga / Egilsholti 1 / 310 Borgarnesi / S: 430 5500 / verslun@kb.is



Ný stjórn skógarbænda. Hrönn, sem er nýr formaður, fyrir miðju ásamt Sólrúnu Þórðardóttur, starfsmanni skógarbænda hjá Bændasamtökunum. Mynd / Valur Þorsteinsson

Skógrækt: Hrönn nýr formaður skógarbænda

Stjórnar- og formannskipti voru gerð í deild skógarbænda.

Hrönn Guðmundsdóttir er nýr formaður búgreinadeildarinnar. Greinin stendur á tímamótum.

Stjórnarmenn úr öllum landshlutum

Stjórn búgreinadeildar skógarbænda samanstandur af fimm aðalmönnum, einum frá hverjum landshluta, Austur-, Vestur-, Norður- og Suðurlandi og Vestfjörðum auk fimm varamanna þeirra. Hrönn Guðmundsdóttir úr suðri er nýr formaður deildarinnar og henni á vinstri hönd og réttislaus kringum landið sitja Sigurkarl Stefánsson í vestri, Sæmundur Þorvaldsson á Vestfjörðum, Embla Björnsdóttir í

norðri og Lilja Sigurðardóttir í austri. Varamenn þeirra í sömu röð eru Kári Steinn Karlsson, Bergþóra Jónsdóttir (ný), Sighvatur Þórarinnsson, Birgir Steingrímsson og Helgi Bragason (nýr).

Fjórugar umræður einkenndu fundinn sem var vel sóttur enda búgreinin orðin býnsa stór.

Skógrækt á Íslandi stendur á tímamótum því skógar eru víða orðnir hæfir til nytja sem krefst nýrrar þekkingar og nálgunar í greininni auk mögulegra breytinga á regluverkinu. Hrönn sagðist spennt fyrir starfinu fram undan. Hjörtur Bergmann, fráfarandi formaður og eiginmaður nýs formanns, sló á létta strengi og sagði umræðuna munu halda áfram við eldhúsbörð. /eks



Prófaðu hillureiknivélina



RMI



HUGUM AÐ VORI MEÐ Áburðardreifingar og tætarar



SKY
AGRICULTURE



PINNATÆTARI

Sterkur og endingargóður 4m pinnatætarari.

Aukabúnaður

- Sterkari pinnar, RAPIDFIT 330x18mm
- Jöfnunarbúnaður
- Aukin styrking fyrir grjót í jarðvegi
- Flutningsstaða: 2,80m

Fleiri stærðir fáanlegar!

MEIRI
SPARNAÐUR

BETRI
NÝTING

MIKID
ÚRVAL TIL
Á LAGER!



SKY DX20

Einfaldir dreifarar sem hafa reynst afar vel.



SKY DX30+

Aukin nákvæmni í dreifingu með samspili vigtar og GPS tengingar gegnum Isobus.



SKY DX40+ Econov

Með Econov tækninni frá Sky næst fram umtalsverður sparnaður á áburði.


LANDSTÓLPI

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi 📍 Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5600 ☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is

Deildarfundur garðyrkjudeildar:

Skilyrði verði sköpuð fyrir aukna innlenda framleiðslu

Deildarfundur garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands var haldinn á þriðjudaginn og var yfirferð yfir fjölda mála og tillagna fyrirferðarmesti hluti fundarins, sem komu frá þeim fimm nefndum sem voru starfandi í aðdraganda fundarins.

Stjórn garðyrkjudeildarinnar var endurkjörin og verður Axel Sæland því áfram formaður og með honum í stjórn þau Óli Björn Finnsson, Guðni Þór Guðjónsson, Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir og Eygló Björk Ólafsdóttir.

Jarðræktarnefnd lagði meðal annars áherslu á mikilvægi þess að efla fjárfestingarstuðning til útiræktar grænmetis á Íslandi. Nauðsynlegt væri að skapa skýra hvata til að bæta innviði greinarinnar, svo sem í jarðvinnslu, landgæði, varnir gegn veðri, aðra uppbyggingu sem og aukinni fræðslu í formi ráðunauta sem styrkir framleiðslugetu bænda. Með auknum fjárfestingarstuðningi skapist betri skilyrði til að auka innlenda framleiðslu grænmetis, bæta fæðuöryggi landsins og efla sjálfbæra nýtingu landsins.

Jarðræktarnefnd lagði líka áherslu á tryggingavernd fyrir uppskeru í útirækt og skorar á stjórnvöld að koma til móts við garðyrkjubændur og stuðla að því að komið verði á raunhæfni slíkrí tryggingavernd. Mikil óvissa fylgi ræktun grænmetis utandyra þar sem ófyrirsjáanleg veður og náttúruvá geta á skömmum tíma valdið stórfelldu tjóni og jafnvel eyðilaggt alla uppskeru.

Landbúnaður á tímamótum kynslóðaskipta

Ylræktarnefnd lagði ríka áherslu á að landbúnaður sé á tímamótum hvað varðar kynslóðaskipti. Bent var á að núverandi skattalagaumhverfi og regluverk geti skapað verulega þröskulda við yfirtöku bóva og að þörf sé á markvissari nálgun. Mælt er til þess að þessum áherslum sé komið inn í vinnuna um gerð nýrra búvörusamninga.

Í ylræktarnefnd var rætt ítarlega



Endurkjörin stjórn garðyrkjudeildar; Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, Axel Sæland Óli Björn Finnsson og Guðni Þór Guðjónsson. Á mynd vantar Eygló Björk Ólafsdóttir. Mynd / smh

um að fjárfestingar í nýrri tækni í garðyrkju séu mjög fjármagnsfrekar miðað við framleiðslurými, sérstaklega í samanburði við önnur lönd. Því er afar brýnt að garðyrkjan hafi aðgang að fjárfestingarstuðningi sem nái yfir nýbyggingar og tækni. Mikil og ör þróun sé í garðyrkju í gervigreind og róbotum. Þessi tækni sé afar dýr og þar sem íslenskar einingar eru afar smáar í samanburði við þá samkeppni sem hún býr við erlendis frá er mikilvægt að hafa aðgang að fjárfestingarstuðningi til að standast þá samkeppni. Slíkur fjárfestingarstuðningur gerir greinina sjálfbærari og minnkar kolefnisspor greinarinnar til muna.

Sú reynsla sem komin er af fjárfestingarstuðningnum í gegnum Loftslags- og orkusjóðs sé afar jákvæð og ljóst að sá sjóður muni nýtast vel í að bæta rekstrarumhverfi garðyrkjunnar og þá sérstaklega í betri nýtingu á raforku.

Mikilvægi fyrirsjáanleika stuðningskerfisins

Í ylræktarnefnd var einnig lögð áhersla á mikilvægi fyrirsjáanleika í stuðningskerfinu. Fram kom að traust bænda á breytingar sé brothætt og að vel þurfi að rökstyðja allar tillögur um breytingar. Mikilvægt

sé að nýtt kerfi hafi möguleika á að vaxa með greininni og hamlí ekki vexti einstakra bóva. Stöðug og mikil eftirspurn er í öllum vöruflokkum sem eru framleiddir hér á landi og því mikil tækifæri fyrir greinina að vaxa.

Blómanefnd var starfandi fyrir deildarfund garðyrkjubænda og frá henni komu nokkrar tillögur um áherslubreytingar varðandi innflutning á blómum og tollskráningu þeirra. Segir í greinargerð að ljóst sé að vitlaus tollaframkvæmd geti haft mikil áhrif á íslenskan markað, eins og getið sé um í Skýrslu ríkisendurskoðanda frá 2022 á tollframkvæmd landbúnaðarvara. Þar sé meðal annars gerð grein fyrir þeim undirliggjandi hagsmunum sem til staðar séu og hafa grundvallarþýðingu bæði fyrir hið opinbera og íslenskan landbúnað.

Óvissan með framtíð Garðyrkjuskóla Íslands

Úr menntanefnd kom tillaga um framtíð Garðyrkjuskóla Íslands. Þar er kallað eftir því að Garðyrkjuskóli Íslands verði sjálfstæður skóli og að fullu aðskilinn frá FSU. Að stofnuð verði sjálfseignarstofnun sem muni annast allt garðyrkjunám á Íslandi. Klára þurfi uppbyggingu á þeim

garðyrkjunám á Íslandi til framtíðar í takti við raunþörf garðyrkjunnar í dag.

Fundurinn lagði áherslu á að málefnið verði forgangsmál hjá stjórn og að brýnt sé að það verði tekið til meðferðar án tafar, enda um að ræða síðustu tækifæri til að bregðast við stöðu garðyrkjunáms á Íslandi í dag. Nám í garðyrkju sé mikilvægt fyrir framtíð greinarinnar, bæði til að styðja við þá öru uppbyggingu sem er að eiga sér stað og til að tryggja traustan grunn þekkingar sem stuðlar að öruggri og farsælli framþróun garðyrkjunnar sem atvinnugreinar á Íslandi.

Framtíð stofnúsæðismála

Loks fjallaði stofnræktarnefnd um framtíð stofnúsæðismála á Íslandi. Nefndinni var falið að velja upp tillögum hvernig haga ætti stofnúsæðismálum hérlendis til framtíðar og horfa til næstu 15 ára að minnsta kosti.

Velt var upp nokkrum sviðsmyndum fyrir framtíð stofnræktunar á íslensku karftöflurkjunum sem hafa verið í slíkrí ræktun, í þeim tilgangi að halda þeim sjúkdómafrium. /smh



Ný stjórn deildar loðdýrabænda; Bjarni Stefánsson í Túni og feðgarnir Ásgeir Pétursson og Pétur Ásgeirsson á Dalsá. Mynd / smh

Loðdýrabændur starfa áfram í deild Bændasamtaka Íslands

– Einungis eitt bú enn starfandi

Loðdýrabændur munu áfram starfa í sérstakri búgreinadeild, þó einungis eitt bú standi eftir á Dalsá í Mosfellssveit þar sem feðgarnir Ásgeir Pétursson og Pétur Ásgeirsson stýra búrekstri minkabús.

Í lok síðasta árs bárust fréttir af því að öll fimm minkabúin á Suðurlandi hefðu ákveðið að hætta búrekstri. Í nýrri stjórn deildarinnar eru feðgarnir ásamt Bjarna Stefánssyni í Túni í Flóa, sem þó er hættur búskap á sínu bú.

Fráfarandi stjórn skipuðu þau Björn Harðarson formaður, Veronika Narfadóttir og Hjalti Logason. Á deildarfundinum voru samþykktar tvær tillögur, báðar sem viðbragð við fréttáflutningi Ríkisútvarpsins í fréttaskýringaþættinum Kveik um meintan slæman aðbúnað minka á nokkrum búum.

Í fyrri tillögunni er því beint til Búnaðarþings Bændasamtaka Íslands að persónugreinanleg gögn úr eftirlitsskýrslum Matvælastofnunar séu ekki gerð opinber. Fundurinn hvetur stjórn Bændasamtaka Íslands til að taka upp samtal við Matvælastofnun til að byggja upp trúnaðartraust milli stofnunarinnar og bænda.

Í rökstuðningi með tillögunni

segir að fullur trúnaður þurfi að vera til staðar milli eftirlitsstofnunar og eftirlitsþega enda hafi eftirlitsstofnun eins og Matvælastofnun viðtækar heimildir til inngríps og aðgerða á meðan dýraeigendur hafi takmarkaðan rétt. Þannig sé tekið fram í verklagsreglum Matvælastofnunar að munnleg athugasemd við framkvæmd eftirlits geti talist óásættanleg hegðun eftirlitsþega.

Félagsmenn séu varðir fyrir skipulagðri glæpastarfsemi

Í seinni tillögunni er því einnig beint til Búnaðarþings Bændasamtaka Íslands að gera aðgerðaáætlun til að verja félagsmenn fyrir skipulagðri glæpastarfsemi í sveitum landsins.

Í rökstuðningi segir að nýlega hafi Ríkisútvarpið auglýst í sjónvarpi sínu að auðvelt væri að fremja innbrot hjá bændum og auðvelt væri að finna bæi þar sem auðvelt væri að brjóta inn. Ríkisútvarpið hafi einnig upplýst um að stofnunin væri í samstarfi við aðila sem fremja innbrot hjá bændum. Með skipulagðri glæpastarfsemi sé einnig átt við skipulögð mannorðsmorð íslenskrar ríkisstofnunar á íslenskum borgurum. /smh

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF EFNI OG ÁHÖLDUM TIL FLUGU HNÝTINGA





Sjáðu allt efni og áhöld til fluguhnýtinga í vefverslun Veidihornsins.



VEIDIHORNID

Síðumúla 8 • 108 Reykjavík • S: 568 8410
veidihornid.is



TRAUT FJÓLSKYLDUFYRIRTEKI FRÁ 1998

Húsquvarna®

Há Verzlun er með umboð fyrir
Húsquvarna Construction
á Íslandi

- Eigum jarðvegsþjökkur á lager uppí 500 kg
- Þjónustuverkstæði og varahlutir

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Húsquvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Húsquvarna FS 500 E
rafmagns gólfög
Sögunardýpt 19 cm



Húsquvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Húsquvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Húsquvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Húsquvarna FS 400 LV
gólfög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Húsquvarna Rammer
Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Húsquvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm



Húsquvarna K4000
Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Húsquvarna K3600
Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Húsquvarna K7000 Ring
rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Húsquvarna K7000 Pre Cut
rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm



Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opíð mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Húsquvarna Construction Products

Gólfög, jarðvegsþjökkur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbilar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5



Jarðvegsgrindur

Fyrir bílastæði, göngustíga, garðinn og margt fleira



Auðveld
uppsetning

Sterkt
yfirborð

100%
endurunnid efni

Málmsreypan

Stórtækur búskapur í Reykjavík

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Einn stærsti einstaki aðilinn í framleiðslu landbúnaðarafurða hérlendis er fyrirtækið Lambhagi í Reykjavík. Hafberg Þórisson stofnaði það á áttunda áratugnum og segist hvergi nærri hættur, enda ekki nema 77 ára.

Hafberg segir í samtali að á næsta ári séu 50 ár komin síðan honum var úthlutað landið sem gróðrarstöð hans stendur á, en Lambhagi var áður hluti af Korpúlfsstöðum. Gróðrarstöðin er neðarlega í Úlfarsárdal og vel falin í þéttri skógrækt sem Hafberg hefur unnið að samhliða garðyrkjustörfum.

Hann leitaðist fyrst eftir því að byggja upp garðyrkjustarfsemi á Flúðum, en hætti við þegar hann sá að skipulag þorpsins var að þróast í átt sem hann taldi ekki henta garðyrkju. „Mér leist ekkert á þetta og gaf verkefnið frá mér árið 1976 og fékk starfstilboð úti í Afríku. Ég var á leiðinni þangað þegar mér var boðið að tala við einn borgarfulltrúa sem kom því í gegnum borgarráð á nokkrum vikum að ég myndi fá land hjá Reykjavíkurborg, en yrði sjálfur að velja staðinn.

Þá var ég að klára nám í Flugskóla Helga Jónssonar og fór í lágflugi yfir efri hluta Elliðaáa og hérna meðfram Úlfarsánni. Þetta var fyrsta landið sem ég óskaði eftir og fulltrúum borgarinnar leist vel á það – og hér er ég enn í dag. Mér fannst þessi blettur fallegur úr lofti, þetta liggur á móti suðri og er tiltölulega flatt. Ég fékk þrjá hektara undir byggingar í upphafi og núna er ég með fjóra og hálfan. Svo fékk ég til notkunar einn og hálfan hektara meðfram ánni þar sem ég er með skógrækt. Ég er því samtals með sex hektara.“

Lítið var á grænmeti sem skraut

„Ég byrjaði að selja afurðir ræktaðar í Lambhaga árið 1979. Þá seldi ég salat og ýmsar káltegundir. Til að byrja með leiddi ég hitalagnir í jarðveginn og gat verið með tvær



Hafberg Þórisson, bóndi í Lambhaga í Reykjavík.

Mynd / ál

til þrjár uppskerur á hverju sumri af sama blettinum. Jarðvegurinn hér er hins vegar ekki góður til að vera með útiræktun þar sem neðan við yfirborðið er streymi af köldu vatni sem kælir jarðveginn. Þegar verðið hækkaði á heitavatninu stóð þetta ekki lengur undir sér og ég hætti útiræktun árið 1990.

Fyrsta gróðurhúsið sem ég byggði í Lambhaga var tekið í notkun árið 1982 og var þá ekki nema 720 fermetrar. Fyrstu árin ræktaði ég mikið pottaplöntur, en frá fyrsta degi hef ég líka alltaf verið með salat. Þá var ég meðal annars með kínakál, sem var nýtt á Íslandi á þeim tíma. Árið 1991 fór ég að selja salat allt árið þegar við tókum í gagnið

heilsárskýringu í gróðurhúsunum. Sama ár tók ég í notkun færiband í gróðurhúsunum þar sem við létum nýspírað salatið á einn endann og svo kemur það fullvaxið hinum megin,“ segir Hafberg. Forræktunin tekur 14 daga og svo tekur við 20 daga ferð eftir færibandinu.

„Fyrst var ekki auðvelt að fá fólk til að borða salat, en lítið var á grænmeti á disk sem skraut nema það væri vel soðið. Það tók mig á milli 15 og 20 ár að kynna salatið, en ég stóð í verslunum og kynnti þetta og benti á að þarna væru næringarefni. Min hugsjón var að búa til C-vítamin fyrir landsmenn.

Okkar keppikefli hefur verið að vera með hreinar afurðir sem við

höfum ekki eittrað. Allt salat sem er ræktað utandyra erlendis þarf að sprauta með efnun minnst vikulega. Héru notum við bara heitt vatn og sápu og erum alltaf að þrifa. Þá erum við með skúringavélar sem fara um öll húsin.“

Ný gróðurhús í Mosfellsdal

„Árið 2014 byggði ég 7.000 fermetra hús héru sem gaf mér nýjar ræktunareiningar og núna er ég með samtals 15.000 fermetra gróðurhús héru í Lambhaga. Árið 2007 keypti ég jörðina Lund í Mosfellsdal þar sem ég er með 6.500 fermetra og ætlum við að hefja byggingu á 15.000 fermetra húsi þar í sumar. Í þeirri aðstöðu ætla ég að rækta grænmeti sem hefur lítið verið ræktað hér á landi og er alveg nýtt á markaði.

Núna rækta ég smálaufasalat í Lundi, eins og íssalat, rómanssalat, pak choi og ýmislegt annað. Ræktunin þar er á annan hátt en hér í Lambhaga, en plönturnar eru með smærri lauf og ræktunartíminn er styttri,“ segir Hafberg. Þar er ræktunarfæriband á tveimur hæðum þar sem plönturnar fá að spíra í myrkri í 4 daga og við taka 10 dagar undir LED lýsingu. Þá færast plönturnar upp á efri hæðina sem er lýst upp með hefðbundnum HPS lömpum og tekur ferðalagið til baka 14 daga. Þar er salatið skorið sjálfvirkt og býður þetta kerfi upp á mikil afköst án þess að mannshöndin þurfi að koma mikið nærri.

Vantar tækninám í garðyrkju

Hafberg segir að þegar hann var að byrja sína starfsemi hafi salat sannarlega verið ræktað á Íslandi, en ekki í neinum stórum mæli ásamt því sem það var árstíðabundið. „Ég fór út til Noregs á sautjándra ári til að læra garðyrkju í Gjennestad Gartnerskole. Ég hafði viljað læra garðyrkju frá því að ég var 14, 15 ára því mér fannst þetta bæði skemmtileg og spennandi atvinnugrein og hafði mikinn áhuga á tómtum og gúrkum, sem ég hef hins vegar aldrei ræktað sjálfur.“ Uppeldisstöðvar Hafbergs eru á Kleppsveginum í Reykjavík en hann komst fyrst í kynni við garðyrkju þegar hann var í sveit sem krakki á Laufskálum í Borgarfirði.

„Ég vil að á Íslandi verði settar á fót námsbrautir sem geti

leitt fólk í tækninám í garðyrkju. Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi hentar íslenski garðyrkju eins og hún er í dag mjög illa. Hann er rekin af góðu fólki sem ætlar sér góða hluti, en við sem viljum stunda tæknivædda garðyrkju getum ekki notað okkur nemendurna sem útskrifast þaðan. Þó svo að það sé ýmis tækni innleidd í skólanum verður hún úrelt á nokkrum árum og við höfum ekki efni á að halda í við tækniþróunina. Þá legg ég til að við verðum með grunnnámið á Íslandi og styrkjum það fólk sem vill virkilega læra til náms erlendis.“

Aðspurður um hvernig hann meti horfurnar í grænmetisrækt á Íslandi svarar Hafberg: „Það verður samþjöppun þar sem búin verða stærri á meðan smábúskapur leggst af. Þó verður vonandi áfram þannig að menn geti byrjað smátt og hafi möguleika á að stækka. Það er mjög hryggilegt að hugsa til þess að okkur vantar grænmeti á Íslandi, en það er alltaf minna og minna hlutfall sem er framleitt hérlendis á ári hverju. Við erum að flytja inn gúrkur og tómata! Það er bara skammarlegt.“

Grallarar vildu kaupa Lambhaga

„Við framleiðum um 500 tonn af salati á ári,“ segir Hafberg. Hann ætlar að Lambhagi sé með allt að 80 prósent markaðshlutdeild af salati sem hann selur um allt land ásamt því að flytja einhvern hluta út til Grænlands.

„Fyrir nokkrum árum reyndi ég að selja Lambhaga og við lögðum mikla vinnu í það. Við vorum hins vegar óheppin, því að þetta voru bara grallarar sem voru að tosa mig áfram á asnaeyrunum. Að lokum gafst ég upp á viðræðunum og stóð upp frá borði. Síðan hafa nokkrir komið hingað sem vilja kaupa Lambhaga af mér, en eftir þennan gjörning hugsa ég þetta öðru vísi og hef ákveðið að láta þetta í hendurnar á minni fjölskyldu,“ segir Hafberg. Kynslóðaskipti í búskapnum séu því komin í farveg og gerir Hafberg ráð fyrir að þau verði komin vel á veg á þessu ári.

Aðspurður af hverju hann hefur ákveðið að minnka ekki við sig þrátt fyrir að vera kominn yfir miðjan aldur svarar Hafberg: „Það er spennandi að vera garðyrkjumaður og þess vegna hef ég engan áhuga á því að hætta, enda er ég ekki nema 77 ára.“

Þarftu að halda fuglum frá?

Fuglafælu búnaður frá Scarecrow

Er vistvæn og skilvirk lausn. Heldur gæsum frá ræktunarsvæðum og verndar niðurgöngu seiða í laxveiðiám frá ágangi máva.

Nánari upplýsingar
www.fuglavarnir.is
sala@fuglavarnir.is
Sími 896 1013



fuglavarnir.is

Þakklæðningar




Finnsk framleiðsla • 30 ára reynsla á Íslandi • CE vottuð framleiðsla

GREENCOAT®

Bárujárn

Verð kr. 3.460 m² með vsk.



GREENCOAT®

Stallað stál

Verð kr. 3.900 m² með vsk.



GREENCOAT®

Trapisustál

Verð kr. 3.460 m² með vsk.



H. HAUKSSON EHF. Ögurharfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is



VAXTALAUS LÁN Á VÖLDUM VÖRUM!



ÚTBORGUN 30%
EFTIRSTÖÐVAR VAXTALAUST Í 18 MÁNUÐI



vallarbraut.is
454 0050





Andri Freyr Þórisson, framkvæmdastjóri Nesbús, í pökkunaraðstöðu fyrirtækisins á Vatnsleysuströnd núna í mars. Starfsemi fyrirtækisins er bæði á Suðurnesjunum og Suðurlandinu og er það eitt af tveimur stærstu eggjaframleiðendum landsins. Myndir / ál

Innlit á hæsnabú

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Nesbú er annað af stærstu eggjaframleiðslufyrirtækjum landsins. Það var stofnað árið 1971 af Sigurði Sigurðssyni og Ólafi Jónssyni. Fyrst var starfsemin í bílskúr í Keflavík en mjög fljótlega komu þeir upp aðstöðu á Vatnsleysuströnd, þar sem höfuðstöðvar Nesbús hafa verið alla tíð síðan. Í dag er Lífland ehf. eini eigandi Nesbús eftir að hafa verið meðeigandi um nokkra hríð.

„Á landinu eru tvö verulega stór eggjabú, annars vegar Stjörnuegg og hins vegar Nesbú,“ segir Andri Freyr Þórisson, framkvæmdastjóri Nesbús, í samtali. „Hvort að við séum á sama stað, eða rétt undir eða yfir vitum við ekki alveg, en það tíðkast ekki að við segjum hvor öðrum nákvæman fjölda fugla.

Við erum með í kringum 140 til 150 þúsund fugla. Svo eru ýmsir smærri aðilar líka, eins og Grænegg, Hranastaðir, Klaufabrekkur, Grænahraun og fleiri,“ segir Andri.

Aðspurður um sögu fyrirtækisins segir Andri að fyrsta húsið sem var byggt á Vatnsleysuströnd og tekið í notkun árið 1972 hafi rúmað um 2.000 hænur. Það hús var alltaf nefnt Jóahús eftir bústjóranum á þeim tíma. Hvað varðar helstu atriðin í sögu fyrirtækisins í seinni tíð nefnir Andri fyrst að í kringum aldamót hafi verið komið á fót eggjavinnslu í Vogum. „Þar er hægt að skilja að rauður og hvítur, búa til eggjablöndur ásamt því að sjóða egg og taka af þeim skurnina. Nesbú er eina eggjabú á landinu sem gerir þetta.“ Andri segir mikinn markað fyrir þessar vörur, en aðskildar eggjahvítur og rauður henti jafnt almennum neytendum og fyrirtækjum. Eggjablöndurnar séu notaðar í bakstur, eggjærur og fleira á veitingastöðum og bakaríum. Þá séu soðin egg seld án skurnar



Höfuðstöðvar Nesbús eru á Vatnsleysuströnd, en upphaf starfseminnar var í bílskúr í Keflavík.

Fagþing dönsku nautgripa- ræktarinnar 2026

– annar hluti

Snorri Sigurðsson


snorri.sigurdsson@outlook.com

Kvæggkongres 2026, árlegt og einkar áhugavert fagþing hinnar dönsku nautgriparæktar, var haldið í lok febrúar sl. og líkt og undanfarin ár voru þar flutt ótal erindi sem eiga mörg hver erindi við íslenska bændur og annað fagfólk í nautgriparækt.

Fagþingið, sem er í senn bæði ársfundur félagsamtaka danskra nautgripabænda og fagfundur helsta vísindafólks í greininni, stóð í tvo daga og var skipt upp í meira en 10 málstofur með 67 erindum. Í síðasta Bændablaði var fyrsti hluti umfjöllunar um fagþingið og þá fyrst og fremst fjallað um ársfundinn sjálfan. Nú verður hér haldið áfram með umfjöllunina og gripid niður í nokkur áhugaverð erindi sem voru flutt í málstofunum um Samkeppnishæfa nautgriparækt og um Gagnanotkun.

Samkeppnishæfa nautgriparækt

Í þessari málstofu var lögð áhersla á að fjalla um stöðu og horfur nautgriparæktar bæði í Danmörku og á heimsvísu. Um erindið sem sneru að dönskum aðstæðum verður ekki fjallað nánar um hér en tvö erindi sneru beint að heimsmarkaðsmálum og voru afar áhugaverð. Annað þeirra var flutt af Niels Ulrich Duedahl, forstjóra Danish Crown, en hann flutti erindi um þróun og horfur á nautakjötsmarkaði. Danish Crown er samvinnufélag í eigu danskra bænda og er m.a. stærsti útflutningsaðili á svínakjöt í Evrópu og er auk þess umsvifamikill á nautakjötsmarkaði svo Niels þekkir þetta svið út og inn. Hann greindi m.a. frá því að fyrirsjáanleg eftirspurn eftir nautakjöti í heiminum, 2025-2034, væri mjög ólík eftir heimsálfum og þó svo að bændur í Evrópu séu að sjá fram á dálitinn samdrátt í eftirspurn þá sé aukning í öllum öðrum heimsálfum og



Þróun heimsmarkaðar nautakjöts 2025-2034 að mati dönsku Bændasamtakanna. Byggt á mynd L&F.

í sumum þeirra hreint gríðarlega mikil aukning eins og sjá má á meðfylgjandi þýddri mynd frá Niels. Sú sýn sem margir bændur í Evrópu væru því með á markaðinn væri staðbundin og alls ekki yfirfærarleg á heimsmarkaðinn.

Skýringin á þessari þróun sagði Niels felast í auknum kaupmætti fólks utan Evrópu og reynslan sýndi að þar sem kaupmáttur vex, fylgir með aukin neysla á dýraafurðum. Þá sækir fólk með aukinn kaupmátt einnig í að bæta gæði matvaranna sem það neytir auk þess sem ásókn í matarupplifun og veislumat eykst.

Framleiðsla nautakjöts í sókn utan Evrópu

Miðað við ásókn neytenda í nautakjöt má hverjum vera ljóst að það þarf að

snaruka framleiðslu á nautakjöti og er viðbúið að sú framleiðsluaukning verði að mestu utan Evrópu á komandi árum. Þannig er því spáð að framleiðslan innan landa Evrópusambandsins muni dragast saman hægt og rólega á næstu 10 árum en að sama skapi muni framleiðslan í Afríku taka kipp upp á við og sömuleiðis í Suður-Ameríku.

Neytendur vilja framleiðslu nær sér

Sé horft á nærmarkaðinn, þ.e. hér í Evrópu, sagði Niels að undanfarin ár hafi orðið ákveðnar áherslubreytingar þar sem hinir efnameiri neytendur horfi í auknum mæli á uppruna matvaranna og sérstaklega að matvælin séu framleidd í nærumhverfi neytendanna. Sú áhersla, þ.e. að matvaran hafi ekki farið um

langan veg frá bónda til neytenda, virðist vera að ná yfirhöndinni á margs konar annars konar þróun eins og lífræna vottun eða að matvaran sé unnin eingöngu úr plönturíkinu. Þetta er sérlega áhugavert fyrir íslenska bændur og muni þessi þróun eiga sér einnig stað hér á landi eru mikil tækifæri fram undan í íslenskum landbúnaði.

12% lækun afurðastöðvaverðs á einu ári

Af öðrum annars ágætum erindum í þessari málstofu má nefna erindi Rémi Valençot, sem er ráðgjafi hjá hinu franska rannsóknar- og ráðgjafarfyrtæki Gira. Rémi fjallaði um þróun mjólkurmarkaðarinnar og fór yfir stöðu mála nú um stundir en afurðastöðvaverð til bænda hefur snarlækkað á undanföllum mánuðum og stefnir í að verðið fari niður undir sömu krónutölu og það var í árið 2020. Þannig hefur verðið fallið um 12% innan landa Evrópusambandsins frá desember 2024 til desember 2025 en í Danmörku hefur verðið fallið um 18% á þessu sama tímabili eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Hann fór m.a. yfir ástæður þess að verðlækkunirnar hafi orðið en skýringin felst aðallega í gríðarlega háu afurðastöðvaverði framman af 2025 sem gerði það að verkum að bændur nýttu hreinlega allar kýr sem hægt var að kreista mjólk úr. Í ágúst og september náði framleiðslan hámarki og fóru birgðir að hlaðast upp og síðan þá hefur verð til bænda fallið nokkuð hratt. Að sögn Rémi var afurðastöðvaverð til bænda í Evrópusambandinu að jafnaði 47,31 evrusent á hvert innvegið kíló í janúar sl., eða um 79,2 krónur, en í Danmörku var verðið á sama tíma 41,90 evrusent, eða um 70,1 krónu.

Hækkunir í farvatninu

Evrópskir kúabændur eru orðnir nokkuð vanir sveiflum á afurðastöðvaverði mjólkur svo líklega eru fáir uggandi vegna stöðunnar og það sjást einnig þegar teikn á lofti um að viðsúningur sé fram undan. Þannig sé útlit fyrir að heimsmarkaðurinn fyrir smjör og undanrennuðuft sé að taka við sér á ný og þegar verðhækkunir verði á þessum fyrirferðarmiklu vörum á heimsmarkaðinum, þá dragi þær með sér afurðastöðvaverðið upp á við.

Örlítil framleiðsluaukning

Sé lítið fram á veginn spáir Rémi því að heimsmarkaðsframleiðsla mjólkur aukist lítillega, eða um 0,7%, frá því sem nú er og fram til ársins 2030. Þessi aukning verði þó utan Evrópu og að því sé í raun spáð að þar verði ekki nema um 0,1% framleiðsluaukning næstu fimm árin. Mest aukning muni verða í Suðaustur-Asíu, eða um 4,0%. Þegar hann horfir til markaðsmálanna og í hvað hin framleidda mjólk muni fara næstu fimm árin, þá telur hann að drykkjarmjólk haldi sinni stöðu og vel það, neyslan á henni muni aukast um 0,7% og þar sem sá flokkur sé ríkjandi meðal annarra mjólkurvara þá vegi neysluþróun drykkjarmjólkur þungt þegar horft sé til þróunarinnar. Þá stefnir í að jógurtneyslan aukist allverulega, sem og neysla á ostum. Þessi vöxtur verði þó utan Evrópu, sem sé eina heimsálfan þar sem stefnir í að markaðurinn muni hreint ekki vaxa heldur standa í stað.

Aukaprótein í „öllu“

Rannsóknar- og ráðgjafarfyrtækið Gira telur að á komandi árum mun verða veruleg aukning á hreyfingu vara á heimsmarkaði mjólkurvara, flæði þeirra á milli landa muni aukast og þá sérstaklega á sérvörum þar sem prótein er áhersluatriði. Sagði Rémi að í raun væri það mjög mikil aukning á öllum mjólkurvörum sem væru með viðbættu próteini, hollir lifnaðarhættir og aukin áhersla á próteinneyslu væru að slá í gegn hjá neytendum um allan heim og það skilaði sér í breyttri neysluhegðun. Því mætti einnig sjá í dag merkingar á umbúðum þar sem próteininnihaldið er áberandi svo ekki sé talað um ef um viðbætt prótein er að ræða. Það væri svo mikil aukning í þessari áherslu á prótein að það mætti meira að segja finna snakk á markaðinum þar sem próteininnihaldið er sett á umbúðirnar með áberandi hætti!

Þyngdarstjórnunarlyfin breyta miklu

Eins og áður hefur komið fram í Bændablaðinu er aukin notkun þyngdarstjórnunarlyfja að hafa veruleg áhrif á neysluhegðun í hinum vestræna heimi og kom fram í máli Rémi að það komi m.a. fram í aukinni eftirspurn eftir mysupróteini. Það sjáist einnig skýrt að verðþróun á mysupróteini, sem áður fylgdi mjög vel öðrum mjólkurvörum

Til leigu einbýlishús á Selfossi

frá 1. október 2026 til 30. apríl 2027

Möguleiki er að lengja leigutíma

í sitthvorn endann um 1-2 vikur.



Um er að ræða rúmgott nýuppgergt hús með þrem rúmgóðum svefnherbergjum, tveimur baðherbergjum og heitum potti.

Húsið leigist með öllum húsgögnum og öðrum búnaði. Staðsett í miðbænum.

Er í 10 mín. göngufjarlægð við FSU.

Óskir um nánari upplýsingar sendist á netfang: rognvaldur.bjarnason@gmail.com



Úr eftirlitsmyndavél frá kúabúi Esper Agger og hér sést hvernig gervigreindin hefur greint allar kýr sem ekki liggja.

á heimsmarkaði, hefur verið allt önnur og síðan um mitt árið 2023 hefur mysuprótein verið á sinni eigin vegferð og nánast stöðugt hækkad í verði. Skýringin er snaraukin eftirspurn eftir próteini sem má bæta í alls konar matvæli og er jafnvel talið að það verði ekki hægt að anna þessari eftirspurn á komandi árum! Þarna séu því mikil tækifæri fyrir mjólkuriðnaðinn og bændur.

Gagnanotkun

Í dag er gagnanotkun á kúabúum enn mikilvægari en fyrr og með sífellt betra aðgengi að kerfum til að vinna úr gögnum, svo sem gervigreind, geta gögn reynst bændum afar dýrmæt auðlind. En það getur verið flókið að hreinsa upp gögn og notfæra sér allar þær ótal upplýsingar sem eru í raun aðgengilegar og um þetta fjallaði heil málstofa á fagþinginu. Lars Krabbe, bústjóri á kúabúinu Elmegården, og hún Mette Fjordside frá SEGES, tóku einmitt sérstaklega fyrir það hvernig bústjórn í dag snýst um að horfa á gögnin með gagnrýnum augum og nýta sér gagnavinnslu með réttum hætti.

Dagleg notkun eftirlitskerfa

Lars og Mette röktu hvernig Elmegården er stýrt í raun en búið er með þeim betri í Danmörku, með 900 Holstein kýr og meðalnyt upp á 14.000 lítra af orkuléiðréttri mjólk á hverja kú. Búið er með hefðbundinn mjaltabás og því ekki með beint aðgengi að sambærilegum hugbúnaði og þau bú sem notast við mjaltabjóna. Í Danmörku eru allir bændur tengdir þarlendri „Huppu“ sem heitir DMS og þar inni fást alls konar áhugaverðar upplýsingar. Þar sem um sérhæft danskt kerfi er að ræða er ástæðulaust að fara af nákvæmni inn í hvað kerfið býður upp á en almennt séð hefur það verið hannað þannig að það „fylgist“ með gögnum danskra kúabúa og getur gefið bændum daglegar upplýsingar með viðvörðunum séu einhver frávik á búinu frá eigin meðalgildum og/ eða ef búið vikur verulega frá öðrum sambærilegum kúabúum. Sagði Lars að það væri gríðarlega mikilvægt að nota kerfið daglega og raunar oft á dag, til þess að bæði setja inn í kerfið mikilvægar upplýsingar, en ekki síður

til þess að fá frá því unnin gögn sem auðvelda honum ákvarðanatöku fyrir búreksturinn.

Dagleg sjálfvirk vigtarskráning

Undanfarin ár hefur snaraukist að bændur nýti sér upplýsingar um þunga kúa til þess að stýra búskapnum af meiri nákvæmni. Tilfellið er nefnilega að þungi kúnna, og sér í lagi breyting á þunga þeirra, gefur einkar góða innsýn inn í líf þeirra og hvernig þær hafa það. Þannig eru þær í raun fljótar að „gefa til kynna“ að ekki sé allt með felldu með því að þær léttist umfram spár o.s.fr. Í dag er til búnaður frá VikingGenetics sem með þrívíðri myndatöku metur þunga kúa með fljótverkum hætti og er svona búnaður notaður á Elmegården. Þannig eru kýrnar „vigtaðar“ eftir hverjar mjaltir og fer útreiknuð vigt þeirra beint inn í tölvukerfið. Svo fær Lars tilkynningu í símann sinn ef kýr eru að víkja frá ætlaðri þungabreytingalínu og þá getur hann brugðist hratt við. Sagði hann t.d. að ef kýr eru í aflögn þá sæðir hann þær ekki þar sem líkurnar á því að þær haldi séu mun minni en ella.

Aukinn legutími = meiri mjólk!

Annað skemmtilegt erindi í þessari málstofu sneri að notkun nýrrar tækni sem fylgist náið með legutíma kúa og var flutt af kúabóndanum Esper Agger og Anne-Mette Søndergaard frá Viking SmartFarming sem byggir á því að tengja stafrænar eftirlitsmyndavélar kúabúa við gervigreind sem svo má nýta við bústjórn með margs konar hætti. Eitt af því sem kerfið býður upp á er að gervigreindin tengist myndavélunum og „fylgist“ með kúnum og telur hreinlega hve margar liggja á hverjum tíma o.s.fr. Eiginlega magnað að þetta sé hægt og með þessu fá bændur upplýsingar um legutímann og ef hann er ekki nægur, minnkar nyt kúnna og þá geta þeir brugðist við stöðunni. Í næsta Bændablaði verður haldið áfram með umfjöllun um danska fagþingið en þar sem ekki er hægt að taka fyrir öll erindi og/ eða allar málstofur er áhugasömum bent á að flest erindi ráðstefnunnar eru aðgengileg á vefslóðinni: www.kvaekongres.dk/praesentationer

Harðskafi



Sláttuvél GKS 220
Kr 725.000 án vsk
Stærðir 200cm – 290cm



Sveiflukóngurinn



Hnífætari 250cm
Kr 845.000 án vsk
Stærðir 95cm – 250cm



Vélsópur 150cm 30L
Kr 560.000 án vsk



Sveiflukóngurinn RPM1000 280cm
Kr 1.190.000 án vsk
Stærðir 200cm 230cm 280cm



Classic



PREMIUM



Sattuvél 175
Kr 295.000 án vsk
Stærðir 95cm – 220cm



Hreykiplógur
Kr 135.000 án vsk

NÓG TIL OG MEIRA FRAMMI



Sláttuvél f. fjórhol 120cm
Kr 385.000 án vsk



Kurlari 80 15HP EL
Kr 345.000 án vsk



Kurlari 80 6,5HP EL
Kr 195.000 án vsk



Flórskafla hleðslu
Kr 595.000 án vsk



Vélsópur 870 hleðslu
Kr 295.000 án vsk



Plógur einskeri
Kr 115.000 án vsk



Hnífætari 180cm
Kr 385.000 án vsk



Rúllubindivél Mini
Kr 875.000 án vsk



Dreifari 56L
Kr 75.000 án vsk



Margar stærðir og útfærslur
Kurlari 25cm PTO RPM1000
Kr 1.190.000 án vsk



Sturtuvagn 2ja tónna
Kr 520.000 án vsk



Flutningskassi 200cm
Kr 245.000 án vsk



Hrífa f. ATV 200cm
Kr 175.000 án vsk



Tindaskafa 180
Kr 250.000 án vsk

Nýtt blað

www.hardskafi.is

sala@hardskafi.is

Sími 555 6520

apríl 2026



Húsin okkar

Bambahús ræktunarrúm byggð fyrir íslenskar aðstæður
Bambahús eru sterk og vönduð ræktunarrúm hönnuð með íslenskt veðurfar í huga. Húsin eru stöðug, endingargóð og hafa reynst vel víða um land þar sem kröfur um styrk, einfaldleika og áreiðanleika eru miklar. Hvert hús er 6,6 m² að stærð með góðri lofthæð og nýtanlegu ræktunarrými. Byggingin heldur vel hita, þolir vind og veður og skapar skjólgott umhverfi fyrir ræktun frá vori langt fram á haust og allt árið með einföldum búnaði.

Bambahús nýtast jafnt í heimagörðum, hjá skólum og í markvissri ræktun þar sem gæði skipta máli.

Nánari upplýsingar og myndir:
www.bambahus.is



BAMBAHÚS
www.bambahus.is
bambahus@bambahus.is
s.862-5008/777-6161

Eiginleikar

- Bambahús þurfa aðeins sléttan flöt og engin þörf eru á jarðfestu
- Bambahús þola vind og snjóþunga betur en flest önnur gróðurhús
- Bambahús koma með gróðurkerjum
- Bambahús nýtir fermetrapláss betur en önnur gróðurhús
- Bambahús henta betur fyrir hreyfihamlaða
- Bambahús er íslensk hugvit og framleiðsla
- Bambahús er hringrásarhagkerfið í allri sinni mynd
- Bambahús eru færanleg, hægt að færa þó það sé í fullri notkun

Matís tekur við greiningu arfgerða sem stýra þoli gegn riðu

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) samdi nýverið við Matís um að taka við greiningum á arfgerðum sem stýra þoli gegn riðu í sauðfé.



Björn Þór Aðalsteinsson.



Ásgeir Sigurðsson.

Matís tekur við greiningunum af Íslenskri erfðagreiningu (IE) sem hefur sinnt þeim undanfarin ár.

Matís annast arfgerðagreiningarnar og skilar niðurstöðum til RML þar sem þær eru lesnar inn í Fjárvis, gagnagrunn sauðfjárræktarinnar. Með þessu verklagi er tryggt að ferlið haldist óbreytt fyrir bændur og að allar upplýsingar fari í gegnum sama farveg og áður. Mikilvægt er að bændur sendi sýni til greininganna til RML, en ekki Matís, þannig að þau séu skráð móttekin og leiti í réttan farveg.

Erfðahópur Matís hefur um árabíl veitt fjölbreytta þjónustu sem snýr að arfgerðagreiningum sauðfjár og annars búfænaðar. Hvað sauðfé varðar þá hafa greiningarnar einkum falist í ákvörðun erfða sem taldar eru stýra næmi fyrir riðu, frjósemi (Lóa og Þoka), myndun gulrar fitu og bógkreppu, auk fæðnisgreininga. Árlegur heildarsýna fjöldi í þessar greiningar síðastliðin ár er talinn í hundruðum sýna. Umfang þess verkefnis sem nú er verið að ráðast í er af umtalsvert stærri skala. Innleiðing þess hjá Matís styrkir erfðahópinn því verulega og kallar jafnframt á umtalsverða aðlögun. Síðastliðin ár hefur sýna fjöldi í greiningu á riðu-arfgerðum verið um 70-80.000 og búist er við svipuðum sýna fjöldi á ári. Verkefnið hefur því kallað á ráðningu starfsfólks,





Sýnahylki opnuð (vinstri) og lífsýni flutt í sýnaglas (hægri). Línurit er dæmi um gögn af raðgreini þar sem annað sýnið (sample 1) er arfhreint um tiltekinn breytileika en hitt sýnið (sample 2) arfblendið.

kaupum og uppsetningu á fjölbreyttum búnaði og innleiðingu viðeigandi verkferla hjá Matís – ferli sem staðið hefur yfir síðan í upphafi árs. Til viðbótar við tvo starfsmenn sem ráðnir voru í fast starf vegna verkefnisins nú í upphafi árs kallar verkefnið á tímabundnar ráðningar yfir sumartímann til að anna þeim sýna fjöldi sem berst yfir ‚sumarvertíðina‘.

Greiningarnar hjá Matís eru nú komnar á gott skrið samhliða áframhaldandi undirbúningi fyrir sumarið. Á sjötta þúsund sýni hafa borist til greiningar og niðurstöðum skilað fyrir á fjórða þúsund.

Verkferlið

Fyrsta skref greiningarinnar er að opna sýnahylki og flytja viðkomandi



„Bógkreppa er alvarlegur erfðagalli sem ekki er þekktur í öðrum sauðfjáarkynjum utan Íslands. Svipgerðin lýsir sér þannig að framfætur eru verulega vanskapaðir og lömb geta oft ekki staðið upp.

lífsýni í sýnaglas. Strikamerki sýnahylkis er skráð í gagnagrunn Matís og viðkomandi hugbúnaður merkir þá sýnið móttekið til greiningar. Samhliða þessu prentar hugbúnaðurinn út strikamerki sem notað er til að merkja viðkomandi sýnaglas. Byrja þarf á að skera neðan af hylkjunum (mynd 1a) og í kjölfarið eru þau færð í tæki, sérsmíðuð hjá IE, þar sem málmpinni er rekinn niður í gegnum hylkið sem þrýstir lífsýninu út og í sýnaglas (mynd 1b).

Annað skref greiningarinnar felur í sér að draga DNA úr viðkomandi lífsýni í vatnslausn. Slíkan útdrátt má framkvæma með fjölbreyttum hætti og ræst val aðferða gjarnan á því hvaða hreinleika og magn erfðaefnis er krafist – eftir því sem kröfurnar aukast, þeim mun umfangsmeiri og dýrari eru aðferðirnar. Í tilfalli þeirrar greiningar sem hér er til umfjöllunar er mikilvægt að útdrátturinn sé hraður og að hann megi framkvæma samhliða hundruðum sýna. Í kjölfarið er útdregið DNA flutt í 96-holu bakka (mynd x) og staðsetning sýnanna

í bakkanum skráð í viðkomandi gagnagrunn.

Þriðja skref greiningarinnar felur í sér mögnun erfðaefnisins með aðferð sem kallast PCR (e. polymerase chain reaction). Tilgangurinn er að fjölfalda það svæði erfðamengisins sem ætlunin er að raðgreina. Erfðamengi sauðfjár samanstendur af tæplega 3 milljörðum basa, táknuð með bókstöfunum A, G, C og T, sem kóða fyrir upplýsingum erfðamengisins. Í þeirri greiningu sem hér er til umfjöllunar skoðum við sex basa í PRNP geninu (einnig þekkt sem PrP) sem koma fyrir á svæði samliggjandi 100 basa raðar. Af þeim sökum skipta aðrar upplýsingar en þær sem koma fyrir á þessu stutta svæði erfðamengisins okkur ekki máli. Með mögnun svæðisins veljum við ‚réttan hluta‘ erfðamengisins til raðgreiningar.

Raðgreiningin felur í sér að mögnuðu DNA er blandað saman við ensím og sérhæfð hvarfefni sem ‚lita‘ erfðaeftnið með mismunandi flúrljómandi litum fyrir hvern bókstaf, A, C, G og T. Í kjölfarið er afurðin flutt í raðgreini þar sem skynjari skráir niður ljósmerkin á hinu ‚litaða‘ erfðaeftni svo úr verður línurit sem notað er til að lesa viðkomandi erfðaröð (mynd Y).

Síðasta skref ferilsins er greining þeirra gagna sem safnað er á raðgreininum. Sú greining er framkvæmd af starfsfólki Matís þar sem raðgreining hvers sýnis fyrir sig er skoðuð og bókstafir sex þar sem erfðabreytileiki er þekktur innan PRNP gensins eru ákvarðaðir. Gæði gagnanna eru sannreynd og ef þau eru ófullnægjandi er ferlið fyrir viðkomandi sýni (frá DNA mögnun) endurtekið. Gögnin eru að lokum keyrð inn í gagnagrunn Matís þar sem þau eru tengd strikamerki viðkomandi sýnis. Þá eru þau keyrð úr gagnagrunninum og send RML sem færa þau inn í Fjárvis.

Viðbótargreiningar

Til viðbótar við greiningu arfgerða

**STÓRAR OG ÖFLUGAR
RAFSTÖÐVAR**

POWER IS
JUST YOU
**TRUST
YOUR
POWER**
POWER TRU
JUST YOU
TRUST
YOUR
POWER

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Dynjandi · Skeifunni 3h · Sími: 588 5080 · dynjandi.is



Útdregið DNA flutt í 96-holu bakka.

sem stýra þoli gegn riðu stendur bændum til boða að senda sýni til annarra arfgerðagreininga á mun hagstæðara verði en áður hefur boðist. Skýrist sú verðbreyting á því hagræði sem felst í greiningu svo mikils fjölda sýna og þeim verkferlum sem af því leiðir. RML mun annast utnumhald þessara viðbótar-greininga og hefur kynnt bændum forsendur, verð og verklag hvað þetta varðar á vefsíðu sinni. Bændur geta þá valið að senda sýni til greiningar vegna bógræpu eða frjósemis ýmist með eða án greiningu m.t.t. þols gegn riðu. Forsenda slíkra viðbótar-greininga er að þær séu tilgreindar/valdar við innsendingu sýnis til RML – þ.e ekki verður boðið upp á að velja viðbótar-greiningar afturvirkir fyrir sýni sem þegar hefur verið sent/ greint.

Bógræpa er alvarlegur erfðagalli sem ekki er þekktur í öðrum sauðfjárkynjum utan Íslands. Svipgerðin lýsir sér þannig að framfætur eru verulega vanskapaðir og lömb geta oft ekki staðið upp. Flestir einstaklingar eru því aflifaðir stuttu eftir burð. Þar sem erfðagallinn er víkjandi, þá getur hið gallaða gen leynst í hjörðum og ómögulegt er að uppræta gallann nema með erfðagreiningum. Matis hefur stundað rannsóknir

á bógræpu undanfarin ár, í samvinnu við RML og Keldur, til að finna erfðagallann í erfðamengi sauðfjár og þróa erfðapróf. Rannsóknirnar leiddu til þess að erfðagalli fannst sem talinn er valda sjúkdómnum. Erfðagallinn er þess eðlis að brottfall er á einum G-basa SHOX gensins. Slíkt brottfall veldur því að þær erfðaupplýsingar gensins sem á eftir koma riðlast og þær upplýsingar sem þær kóða fyrir tapast. Með öðrum orðum þá óvirkjast viðkomandi gen, sem í tilfalli SHOX virðist valda viðkomandi galla við fósturþroska. Haustið 2025 hóf Matis að bjóða upp á greiningu erfðagallans. Greiningin fer fram með Sanger-ræðgreiningu, með sambærilegum hætti og lýst er hér að ofan.

Tveir erfðabreytileikar eru þekktir í íslensku sauðfé sem valda aukinni frjósemi hjá ám: Þoku- og Lóugen. Þetta eru stökkbreytingar í sama geni. Þegar genið er í arfblendnu ástandi, eykst frjósemi á til muna og algengt er að þær eignist þá fjögur eða fimm lömb. Ær sem eru arfhreinar fyrir Þoku- eða Lóu stökkbreytingarnar eru hins vegar ófrjóar. Skimun fyrir erfðabreytileikumunum getur því verið afar mikilvægt tól í kynbótum og Matis hefur um árabíl boðið upp á greiningar á þessum eiginleika.

Erfðabreytileikinn Þoka er þess eðlis að á einum stað í DNA röð GDF9 gensins í erfðamengi sauðfjár er C í stað A, en í tilfalli Lóu er brottfall á fjórum bösum í sama geni. Breytileikarnir tveir eru staðsettir í nægjanlegri nálægð hver við annan að hægt er að greina þá báða í einu með Sanger-ræðgreiningu eins og lýst er hér að ofan.

Þakklæti fyrir gott samstarf

Matis hefur um árabíl átt í mjög góðu samstarfi við RML og sauðfjárbændur varðandi erfðagreiningar í sauðfé. Með því verkefni sem hér er lýst styrkist það samstarf enn frekar. Matis þakkar starfsfólki RML og sauðfjárbændum kærlega fyrir þetta góða samstarf og jafnframt hlökkum við til að takast á við nýjar og spennandi áskoranir í tengslum við kynbætur hins íslenska sauðfjárstofns.

Matis þakkar starfsfólki ÍE jafnframt kærlega fyrir veitta aðstoð og samstarf við innleiðingu verkefnisins.

Björn Þór er fagstjóri erfðahópsins hjá Matis og Asgeir er verkefnastjóri hjá Matis.

Betri nætursvefn?



Viltu betri hvíld og nætursvefn? Kröftug blanda af magnolíuberki og íslenskum fjallagrösom.



„Rólegri kvöld og betri næturhvíld“

Í gegnum árin hef ég oft átt erfitt með að festa svefn eftir langa og erilsama daga. Ég var annaðhvort of þreytt til að sofna eða með verki í fótum og liðum sem héldu mér vakandi. Þar sem ég vil ekki nota svefnlyf eða sambærileg úrræði fór ég að leita að náttúrulegri lausn og ákvað að prófa **Sofðu rótt**. Ég fann fljótt mun – það varð auðveldara að sofna, ég **sofna hraðar og sef nú djúpt og samfleytt**.

Ég hef tekið **Sofðu rótt** í mörg ár og get sagt að það hafi breytt kvöldunum mínum. Rólegri hugar, mýkri lending og betri næturhvíld. Eftir góð kynni mín af vörunni gaf ég móður minni, sem dvelur á hjúkrunarheimili, **Sofðu rótt í mixtúruformi**. Hún átti það til að vakna oft um nætur en nú festir hún svefn fyrr og sefur lengur. Mixtúran hentar sérstaklega vel þeim sem eiga erfitt með að taka hylki.

Ég er mjög ánægð með innihaldsefnin, **magnólíu-börkur** sem hjálpar til við að róa huggann og **íslensk fjallagrös** sem styðja almenna vellíðan. Góð næturhvíld skiptir mig öllu máli.

– Guðrún le Sage de Fontenay
grafískur hönnuður, hugmyndasmiður og listmálari.



ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Hágæða Mobil smurolíur fást hjá N1

Við eigum olíur fyrir öll landbúnaðartæki Vefverslunin er opin allan sólahringinn

440 1000 | n1.is



Afkvæmarannsóknir á hrútum á vegum bænda árið 2025

Haustið 2025 voru gerðar upp 78 afkvæmarannsóknir á hrútum hjá bændum sem töldust styrkhæfar. Í heild voru afkvæmahóparnir 673 og þar af eiga veturgamlir hrútar 396 afkvæmahópa. Afkvæmarannsóknirnar eru aðeins fleiri en haustið 2024 en þá voru búin 65. Afkvæmahóparnir eru þó aðeins færri í heild en þeir voru 720 haustið



Arni Brynjar Bragason.

2024. Þannig að þó gerðar séu upp afkvæmarannsóknir á fleiri búum þetta árið er umfang þeirra í heild minna. Það var minna gert upp af stórum rannsóknum en oft áður. Hafa ber í huga að erfitt er að bera hrútana saman

á milli afkvæmarannsókna. Hinsvegar er ekki ólíklegt að hrútar sem sker sig mikið úr í samanburði innan búsmuni einnig sýna yfirburði í öðrum hjörðum. Samantekt yfir niðurstöður styrkhæfra afkvæmarannsókna sem framkvæmdar voru af bændum veturinn 2024 til 2025 er að finna á heimasíðu RML undir liðnum Forrit og skýrsluhald – Niðurstöður 2025.

Hrútar sem sýna mesta yfirburði í heildareinkunn

Kútur 22-752 frá Kerlingardal í Mýrdal skorar hæst heildareinkunn. Hann er sonur Gimla 20-876 frá Hesti. Að baki móður hans í fjórða lið standa stöðvahrútar Bekri 12-911, Borði 08-838 og Raftur 05-966 allir

frá Hesti og síðan er Ljómi 98-865 frá Brautartungu MMMF. Flekkur 24-013 á Kópsvatni 2, sonur Fannars 23-925 frá Svínafelli 2, sýnir mjög afgerandi yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Flekkur er arfhreinn fyrir mögulega verndandi breytileikanum H154. Móðir hans er sonardóttir Óðins 15-992 frá Skörðum. Myrkvi 23-065 frá Hriflu skilar afgerandi best gerða sláturlambahópnum í Hriflu og mat á lifandi lömbum styður vel við það. Myrkvi er dóttursonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti en faðir Myrkva er sonarsonur Hroka 15-969 frá Hesti og dóttursonur Dranga 15-989 frá Hriflu. Jafar 24-119 á Kálfafelli 2 í Suðursveit er einn af athygliverðum sonum Jaðurs 20-891 frá Múlakoti sem fram komu í afkvæmarannsóknum þetta árið. Jafar sýnir mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Móðir Jafars er sonardóttir Garra 11-908 frá Stóra-Vatnshorni.

(Tafla 1 – Hrútar með 122 eða meira í heildareinkunn)

Hrútar sem sýna mesta yfirburði í kjötmatseinkunn

Þegar raðað er eftir kjötmatseinkunn skipa toppinn þeir Stallur 22-522 frá Rauðholti í Hjaltastadabinghá og Prúður 24-109 frá Skarðaborg í Reykjahverfi. Styrkleiki afkvæma Stalls 22-522 er góð gerð en fremur litil fita og kemur það vel fram bæði í mati á lifandi lömbum og í sláturhúsi. Stallur stóð einnig efstur í afkvæmarannsókn í Rauðholti



Fannar 23-925 frá Svínafelli 2, sonur Hornsteins 22-901 frá Þernunesi, hefur skilað nokkrum athyglisverðum lambafeðrum. Fannar reyndist erfa frá sér ofurfjórðungi (pokugen) og því rétt að athuga með arfgerðargerðargreiningu hverjir sona hans eru að fá þann föðurarf.

Bú	Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþ.eink.	Kjötme.eink.	Einkunn líflömb	Afkr.heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómvöðvi	Ómfita	Læri	Aldur
Kerlingardalur	Kútur	22-752	Gimli	20-876	99	147	153	133	18.9	11.2	6.7	34.7	3.4	18	147
Kópsvatn 2	Flekkur	24-013	Fannar	23-925	104	134	150	129	20.3	12.4	8	33.5	3	18.3	132
Hrifla	Myrkvi	23-065	Krókur	19-069	99	146	129	125	16.9	11.6	6.3	34.3	2.6	18.1	143
Kálfafell 2	Jafar	24-119	Jaður	20-891	98	138	139	125	16.4	10.9	6.8	31.4	2.8	17.8	158
Hrísar	Vestri	24-782	Austri	20-892	107	115	149	124	17.5	10.9	6.7	31.1	2.7	17.8	146
Kollsá	Bergur	24-224	Barði	22-204	109	128	136	124	17.6	10	5.6	33	3.1	17.9	127
Fagribær	Sandi	24-409	Mosdal	23-457	103	123	146	124	14.6	9	5.1	30.7	2	17.9	141
Hrifla	Fontur	24-047	Fannar	23-925	110	124	137	124	17.9	11.1	6.6	34.3	2.5	18.1	141
Lækjarvellir	Skúfur	22-172	Kurdo	22-878	110	134	126	124	17.9	11.5	6.6	32.4	2.7	18	131
Melár 1	Jaki	24-370	Steinn	23-926	112	114	143	123	20.8	13.2	7.9	33.2	4.5	18.6	127
Þorpar	Hnykill	24-012	Hnokki	21-040	103	131	135	123	18.2	11.5	6.3	34.4	2.7	17.8	135
Rauðholt	Stallur	22-522	Lómur	18-447	102	148	119	123	18	10.8	6.7	32.9	2.5	17.6	137
Þorgautsstaðir 2	Högni	21-187	Völlur	18-835	103	129	135	122	16.9	10.3	5.7	31.8	2.6	17.5	135
Gillastaðir	Sörli	24-185	Steinn	23-926	111	131	123	122	19.2	11.9	6.6	30.5	3	17.8	139
Tröllatunga	Mokki	24-413	Moli	23-919	102	114	151	122	17.3	10.8	7.1	33.8	5	18.1	145
Kollsá	Gutti	22-207	Gauti	21-245	97	142	128	122	16.4	10.5	5.8	32.4	3.1	18.1	135
Haukholt 1	Kvilli	23-002	Galli	20-875	108	118	140	122	19.7	11.4	8	31.9	3.1	18.2	152

Tafla 3 - Hrútar með 115 eða meira í fallþungaekinn

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþ.eink.	Kjötme.eink.	Einkunn líflömb	Afkr.heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Rauðholt	Stallur	22-522	Lómur	18-447	102	148	119	123	18	10.8	6.7	32.9	2.5	17.6	137
Skarðaborg	Prúður	24-109	Frosti	22-913	95	148	109	117	17.9	11.5	6.8	33.3	2.7	17.9	137
Kerlingardalur	Kútur	22-752	Gimli	20-876	99	147	153	133	18.9	11.2	6.7	34.7	3.4	18	147
Hrifla	Myrkvi	23-065	Krókur	19-069	99	146	129	125	16.9	11.6	6.3	34.3	2.6	18.1	143
Rauðholt	Dvalinn	23-552	Hnjúkur	22-524	99	143	109	117	17.8	10.8	7.2	33.1	3.2	17.6	138
Kollsá	Gutti	22-207	Gauti	21-245	97	142	128	122	16.4	10.5	5.8	32.4	3.1	18.1	135
Ingveldarstaðir	Moli	24-155	Moli	23-919	94	142	120	119	18	11	6.8	31.4	3	17.3	152
Rauðholt	Hjalli	22-523	Kuti	19-464	97	139	88	108	17.7	10.7	6.2	31.4	2.7	17.5	141
Kálfafell 2	Jafar	24-119	Jaður	20-891	98	138	139	125	16.4	10.9	6.8	31.4	2.8	17.8	158
Nýpugarðar	Glaður	24-538	Kátur	20-905	106	136	112	118	16.6	11.6	6.8	28.9	2.7	17.7	153
Rauðholt	Mosi	24-666	Arragon	23-558	97	135	98	110	17.6	10.6	6.5	31.5	2.6	17.7	138
Tröllatunga	Gulli	24-409	Gullmoli	22-902	110	135	103	116	18	11.4	6.8	29.4	4.4	17.9	147
Ketilsseyri	Gunni	24-062	Bogi	21-909	110	135	78	108	17.2	11.1	6.6	27.8	3.2	17.5	134

Tafla 1 - Hrútar með 122 eða meira í heildareinkunn

Nafn	Númer	Faðir	Faðir nr.	Fallþ.eink.	Kjötme.eink.	Einkunn líflömb	Afkr.heildareink.	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Ketilsseyri	Neisti	22-061	Fálki	20-061	127	123	90	113	18.5	11.4	7.3	28.8	3.5	17.6	135
Hafrafellstunga	Stapi	24-107	Hraunar	23-929	119	112	110	114	18.5	10.7	6.6	31	2.6	17.3	138
Stóra-Vatnshorn	Haukur	18-001	Gyllir	17-554	118	99	113	110	19.4	10.8	7.2	30.9	3.4	17.8	140
Breiðabólstaður	Ýmir	22-770	Rammi	18-834	117	93	135	115	17.6	9.7	6.7	32.2	2.7	17.5	126
Ingjaldsstaðir	Stubbur	24-175	Hraunar	23-929	117	89	99	102	19.4	11	7.4	36.6	3.4	18.5	135
Heydalsá (R og S)	Vindur	24-130/24-984	Atlas	23-924	116	111	112	113	20.2	12.9	6.7	32.1	3.4	18	137

Tafla 2 - Hrútar með 135 eða meira í kjötmatseinkunn

haustið 2024 og var í öðru sæti árið þar á undan. Stallur rekur ættir í þriðja lið til þekktar kynbótahrúta, þeirra Grábotna 06-833 frá Vogum, Hvata 13-926 frá Hesti og Kletts 13-962 frá Borgarfelli. Prúður 24-109 á Skarðaborg er sonur Frosta 22-913 frá Ásgarði og móðir hans dótturdóttir Rafals 09-881 frá Úthlíð. Prúður sækir yfirburði sína að langmestu leyti í kjötmatshlutann þar sem hann ber talsvert af félögum sínum í gerð sláturlamba. Prúður er eins og vænta mátti arfblandinn fyrir H154. Næstir í röðinni koma svo þeir Kútur 22-752 frá Kerlingardal og Myrkvi 23-065 frá Hriflu sem áður hefur verið getið. (Tafla 2 – Hrútar með 135 eða meira í kjötmatseinkunn)

Hrútar sem sýna mesta yfirburði í fallþungaekinn

Hrútar sem skila miklum yfirburðum í fallþunga eru allrar athygli verðir á hverju búi því viðbótar kíló skilar fleiri krónum í budduna en svolítið hærri gerð. Verðmæstastir eru að sjálfsgöðu gripir sem ná fráberum árangri í öllum þremur þáttunum sem heildareinkunn er reiknuð út frá. Neisti 22-061 á Ketilsseyri við Dýrafjörð skorar hæst í fallþungaekinn þetta árið. Afkvæmi hans eru nokkuð afgerandi best gerð í samanburði hrútanna á Ketilsseyri og fallþungi sláturlamba undan Neista er 1,9 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Neisti er sonarsonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum. (Tafla 3 – Hrútar með 115 eða meira í fallþungaekinn)

Stöðvahrútar sem áttu flesta syni í afkvæmarannsóknum 2025

Í töflu fjögur má sjá þá stöðvahrúta sem áttu flesta syni sem koma til uppgjors í afkvæmarannsóknum á síðasta ári. Þarna er ánægjulegt að sjá marga þeirra stöðvahrúta sem bera riðupólna breytileikann R171 í fjárfstofn landsmanna, þrátt fyrir að hér koma aðeins til greina þeir hrútar sem stóðu á stöðvunum veturinn 2023 til 2024 eða fyrr. Nokkur munur er þó á kollóttum og hýrnum hrútum hvað það varðar. Allir kollarnir í töflunni bera R171 og sá þeirra sem á flesta syni, Hreinn 23-920 frá Þernunesi, arfhreinn gagnvart þeim eiginleika. Í þremur rannsóknum stendur sonur Hreins efstur í heildareinkunn. Gullmoli 22-902 frá Þernunesi sýnir hér enn

Hyrndir stöðvahrútar	Fjöldi sona
Laxi 19-903 frá Svarfhóli	21
Birkiland 23-927 frá Austurhlíð	16
Frosti 22-913 frá Ásgarði	13
Grettir 20-877 frá Ytri-Skógum	12
Fannar 23-925 frá Svínafelli 2	12
Jaður 20-891 frá Múlakoti	10
Úlli 22-914 frá Ytri-Skógum	10

Kollóttir stöðvahrútar	Fjöldi sona
Hreinn 23-920 frá Þernunesi	25
Moli 23-919 frá Miðdalsgröf	24
Gullmoli 22-902 frá Þernunesi	22
Blær 23-918 frá Hraunhálsi	16
Steinn 23-926 frá Kaldbak	15
Gimsteinn 21-899 frá Þernunesi	13

Tafla 4 - Þeir hrútar sem eiga flesta syni í afkvæmarannsóknunum 2025.



Steinn 23-926 frá Kaldbak er einn af öflugustu sonum Gullmola 22-902 frá Þernunesi og komu fram mjög athyglisverðir lambafeður í hópa sona hans.

og aftur hve sterkur lambafaðir hann var. Í sex rannsóknunum stendur Gullmolasonur efstur í heildareinkunn. Synir Gullmola þeir Steinn 23-926 frá Kaldbak og Moli 23-919 frá Miðdalsgröf standa einnig sterkir. Fjórir synir Steins standa efstur í afkvæmarannsókn og tveir synir Mola. Hjá hyrndu stöðvahrútinum á Laxi 19-903 frá Svarfhóli flesta syni en enginn þeirra nær þó að standa efstur í afkvæmarannsókn. Laxi var arfhreinn fyrir fyrir mögulega verndandi breytileikanum H154 og sömu sögu er að segja af Frosta 22-913 frá Ásgarði sem á þarna þrettán syni. Þeir Birkiland 23-927 frá Austurhlíð og Fannar 23-925 frá Svínafelli 2 eru þeir einu sem bera R171 af hyrndu hrútum á þessum lista. Birkiland á fleiri synir en Fannar virðist heldur drýgri í að skila sterkum lambafeðrum. Innleiðing á R171 er komin heldur lengra á veg í kollótta fénu í landinu en því hyrnda og er það skiljanlegt miða við að fyrstu stöðvahrútinna sem báru R171 voru kollóttir. Þetta mun þó væntanlega jafnast á allra næstu árum þar sem hyrnum hrútum sem bera R171 fjölga ár frá ári á stöðvunum

og R171 er fundið í hyrndu fé bæði í Dalasýslu og í Mýrdal. (Tafla 4 - Þeir hrútar sem eiga flesta syni í afkvæmarannsóknunum 2025)

Afkvæmarannsóknir hjá bændum hafa gengt mikilvægu hlutverki í ræktunarstarfinu í sauðfjárrækt um árabil. Margoft hafa niðurstöður úr einstökum rannsóknum beint kastljósinu að efnilegum hrútum sem síðar hafa endað sem stöðvahrútar. Riðuarfgerð lamba mun væntanlega ráða mestu við ásetningsval á mörgum búum á allra næstu árum. Þá hafa bændur verið hvattir til að skipta hrútum ört út, sérstaklega þar sem keyra á hratt á innleiðingu verndandi riðuarfgerðar, til þess að forðast of mikla aukningu á skyldleikarækt. Því er enn mikilvægara en áður að vanda valið á þeim hrútum sem fá áframhaldandi notkun og eru vel skipulagðar afkvæmarannsóknir ein besta leiðin til að velja af kostgæfni hvaða hrútar ættu að fá áframhaldandi notkun.

Höfundur er ráðunautur á búfjárræktar- og þjónustusviði RML.

Fermingargjöfina færðu hjá

Galleriskart.is

Einnig selja

Betra Líf kringlunni Reykjavík og Gjafir Jarða Laugavegi 60 Reykjavík vörur frá Galleriskart.is

Við þrífum allar stærðir og gerðir af sótsíum

Vik verkstaedi ehf

Einhellu 6
221 Hafnarfirði
tel. +354 8961083

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ TRYGGJA SÉR SÁNU FYRIR SUMARIÐ

Leil SAUNAS

Vandaðar sánur frá Leil í Eistlandi, sem hefur framleitt útisánur í yfir 16 ár.

NORMX

AUÐBREKKU 6 · KÓPAVOGI
SÍMI 565 8899 · NORMX.IS
Opð mán. - fim. 10-18 og fös. 10-17.

PATIO 3-5 manna
Verð frá 1.150 þús. kr.
Vinsælasta sánan okkar.
Nútímaleg og stílhrein.

VIVA 1-5 manna
Verð frá 1.190 þús. kr.
Viva er meira en bara sána
- hún er yfirlýsing.

DICE 3-5 manna
Verð frá 1.100 þús. kr.
Fullkomin sánuupplifun.
Hönnun, þægindi og hagkvæmni.

Kynbótaskipulag fyrir íslenska kúastofninn með erfðamengjaúrvali

Búið er að birta lokaskýrslu verkefnisins „Kynbótaskipulag fyrir íslenska kúastofninn með erfðamengjaúrvali - Samanburður mögulegra kynbótakerfa með tilliti til erfðaframtara og skyldleikaræktar“ á heimasíðu RML. Verkefnið var unnið á árunum 2024 til 2026 í samstarfi Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, Árósháskóla, Landbúnaðarháskóla Íslands og VikingGenetics. Megnið af niðurstöðunum birtust í grein í nóvemberhefti vísindaritans Journal of



Þórdís Þórarinsdóttir.



Guðmundur Jóhannesson.



Jón Hjalti Eiríksson.

Dairy Science á síðasta ári. Skýrslan greinir frá niðurstöðum verkefnisins á íslensku ásamt því að fara yfir frekari greiningar og ræða niðurstöður út frá hagnýtingu fyrir kynbótakerfið og kostnaði.

Niðurstöður sýndu meðal annars að hömlulaus notkun á kyngreindu sæði til að fá kvígukálfa (X-sæði) í bestu kýrnar/kvígunar getur dregið verulega úr erfðaframtöllum og aukið skyldleikarækt. Þetta er hægt að koma í veg fyrir með stýrðri notkun á sæði sem gefur auknar líkur á nautkálfulum (Y-sæði) eða hefðbundnu sæði í allra bestu kýrnar, eða með innleiðingu á fjöldaegglosi og fósturvísaflytningum úr bestu kvígum hvers tíma til að framleiða sæðingana. Skynsamlegt væri að velja um það bil 20 sæðingana á ári úr hópi nálægt 500 arfgerðargreindra nautkálfa. Einnig sýna niðurstöðurnar skýrt að notkun heimanauta dregur úr erfðaframtöllum.

Bakgrunnur

Fyrir lokaðan búfjórstoð einn og íslenska kúastofninn er lyklatríði að



varðveita erfðabreytileika og halda skyldleikarækt í lágmarki, á sama tíma og framleiðslugildi stofnsins er aukið með erfðaframtöllum í mikilvægum eiginleikum. Til þess að ná fram sem mestum erfðaframtöllum án þess

að ganga of nærri erfðabreytileika þarf að samtvína þessa þætti með vönduðu kynbótastarfi. Forsendur kynbótaskipulags fyrir íslenska kúastofninn hafa breyst mikið á síðastliðnum árum. Þar ber fyrst að nefna tilkomu erfðamengjaúrvals sem hefur þegar gerbreytt kynbótakerfinu þar sem naut eru valin lokavali byggðu á erfðamati (erfðamengjakynbótamati) frekar en að biða niðurstaðna afkvæmarannsóknar. Annað atriði er að nú er einnig farið að bjóða upp á kyngreiningu sæðis sem getur haft áhrif á kynbótakerfið. Erlend kynbótakerfi fyrir mjólkurkúr hafa mörg tekið upp notkun á fjöldaegglosi og fósturvísaflytningum þar sem bestu kvígur hvers tíma samkvæmt erfðamati eru teknar til skolonar og fósturvísar úr þeim settir upp í staðgöngumæður. Þetta er möguleiki sem vert væri að kanna hér á landi. Helstu spurningar sem við reyndum að svara voru: 1) Hve marga nautkálfa á að kaupa á nautastöð árlega til notkunar í sæðingum? 2) Borgar notkun fjöldaeggloss og fósturvísaflytninga sig til að fá fleiri kálfa undan bestu kvígum fyrir kynbótakerfið? 3) Hvaða áhrif hefur víðtæk notkun kyngreinds sæðis á kynbótakerfið? 4) Hve marga nautkálfa þarf að arfgerðargreina til að velja nautkálfa inn á sæðingastöð?

Aðferðir

Til að reyna að svara þessum spurningum settum við upp hermilikön af íslenska kúastofninum í forritinu ADAM. Stofninn sem búinn var til er 18.000 kúa stofn sem skiptist niður á 300 bú, 60 kúr á hverju. Hver gripur verður til við þörun nauts og kúr/kvígu. Úr verður naut- eða kvígukálfulur, sem hefur kynbótageildi, eldist, er mældur, arfgerðargreindur, eignast afkvæmi og deyr eftir ákveðnum líkum og úrvælskilyrðum. Við settum svo upp mismunandi kynbótakerfi og sviðsmyndir þar sem breytilegu þættirnir voru meðal annars fjöldi sæðingana, notkun heimanauta, notkun kyngreinds sæðis, beiting fjöldaeggloss og fósturvísaflytninga og fjöldi arfgerðargreindra nautkálfa. Samtals voru skoðaðar yfir 100 sviðsmyndir. Meginskrefin á einu ári í einfaldasta kynbótakerfinu sem var skoðað, hér nefnt grunnur, sjást á mynd 1. Önnur kynbótakerfi voru svo frávik eða viðbætur við þennan grunn. Í töflu 1 má sjá stutta samantekt á þeim kynbótakerfum sem sjást á mynd 2. Nánari útskýringar og niðurstöður um fleiri sviðsmyndir má finna í skýrslunni. Til að auðvelda samanburð á milli sviðsmynda var grunnkynbótakerfið með 20 sæðingana haft sem viðmiðunarsviðsmynd. Árlegar erfðaframtöllum og skyldleikaræktaraukning á kynslóð fyrir allar sviðsmyndir voru

hlutfallsleg aukning á árlegum erfðaframtöllum (ΔG) og aukning á skyldleikarækt (ΔF) í hluta þeirra sviðsmynda sem voru rannsakað í verkefninu. Hér er ΔG stöðluð þannig að 100 samsvarar árlegri erfðaframtöllum upp á 0,38 staðalfrávik samleggjandi erfða (σ_a) og ΔF stöðluð þannig að 100 samsvarar 0,65% aukningu í skyldleikarækt á kynslóð. Svarta línan táknar 1,0% aukningu á skyldleikarækt á kynslóð. Grunnur 20 naut er viðmiðunarsviðsmynd.

stöðluð þannig að niðurstöður fyrir viðmiðunarsviðsmyndina urðu 100.

Hæfilegur fjöldi sæðingana Eins og sjá má á mynd 2 aukast erfðaframtöllum og skyldleikarækt eftir því sem færri sæðingana eru notuð á hverjum tíma. Ef einungis voru valin 10 sæðingana á ári fór skyldleikaræktaraukning töluvert yfir 1,0% á kynslóð sem er ekki ásættanleg þróun í búfjórstoðum. Í sviðsmyndum þar sem notuð voru 20 eða 30 sæðingana var skyldleikaræktaraukning aftur á móti innan ásættanlegra marka. Miðað við þessar niðurstöður væri hæfilegt að miða við að u.þ.b. 20 sæðingana komi til nota á ári.

Það sést líka skýrt á niðurstöðunum að notkun heimanauta dregur úr erfðaframtöllum, en dregur einnig lítilla úr skyldleikaræktaraukningu. Heimanautanotkun er samt mjög ómarkviss leið til að draga úr skyldleikarækt, til dæmis getur lítillsháttar fjölgun nauta á sæðingastöð á hverjum tíma minnkað skyldleikarækt með mun minni áhrifum á erfðaframtöllum.

Hömlulaus notkun kyngreinds sæðis getur dregið úr framtöllum

Á mynd 2 sést að Kyn-kynbótakerfið þar sem eingöngu var notað X-sæði í bestu kýrnar og kvígurnar, en hvorki Y-sæði né fjöldaegglos og fósturvísaflytningar, kom mjög illa út. Kyn með 10 nautum var sú sviðsmynd sem sýndi mesta aukningu skyldleikaræktar og Kyn með 30 naut var sú með minnstar árlegar erfðaframtöllum. Ástæðan er skortur á nautkálfulum undan úrvælskum eða kvígum til að velja sem sæðingana þegar yfirgnæfandi líkur eru á kvígukálfi (við gerðum ráð fyrir 90% líkum) hjá betri helmingi kúa og kvígna sem er sæddur með X-sæði. Hins vegar ef Y-sæði var notað í tvær bestu kýrnar/kvígunar á hverri hjörð samhliða notkun á X-sæði (kynbótakerfi KynY og HnKynY) voru áhrif kyngreinds sæðis jákvæð og erfðaframtöllum urðu 5-6% meiri miðað við grunnsviðsmyndirnar. Notkun heimanauta á kvígur dró úr ávinningi Y-sæðisins.

Hægt að auka erfðaframtöllum að æxlunartækni, en það má ekki kosta hvað sem er

Kyngreining á sæði gefur möguleika á hagræði á einstökum

Nafn	X-sæði	Heima-naut	Lýsing
Grunnur	Nei	Nei	Nautkálfar með hæsta EKM ¹ voru valdir í sæðingar. 60 kúr/kvígur með hæsta EKM innan hvers búu voru sæddar.
Kyn	Já	Nei	Nautkálfar með hæsta EKM voru valdir í sæðingar. Þrjátíu bestu kúr/kvígur samkvæmt EKM voru sæddar með X-sæði og hinar 30 með Y-sæði eða sæði úr holdanautum.
KynY	Já	Nei	Kyn-kynbótakerfið með þeirri viðbót að tvær bestu kúr/kvígur á hverju búi samkvæmt EKM voru sæddar með Y-sæði.
KynFEFF25	Já	Nei	Kyn-kynbótakerfið ásamt því að 25 kvígur með hæsta EKM yfir öll bú notaðar í FEFF ² . Hver kvíga átti sex afkvæmi samtals úr tveimur sæðingum.
Hn/Ett	Nei	Já	Nautkálfar með hæsta EKM voru valdir í sæðingar. Á 70% búanna voru tveir bestu nautkálfarir samkvæmt ætternismati valdir sem heimanaut og notaðir á kvígur innan 30 búa búahóps. 22 kvígur og 38 kúr með hæsta EKM voru sæddar eða haldið.
HnKyn	Já	Já	Kyn- og Hn/Ett- kynbótakerfin sett saman.
HnKynY	Já	Já	KynY- og Hn/Ett- kynbótakerfin sett saman.
HnKynFEFF25	Já	Já	HnKyn-kynbótakerfið ásamt því að 25 kvígur með hæsta EKM yfir öll bú notaðar í FEFF. Hver kvíga átti sex afkvæmi samtals úr tveimur sæðingum.

¹ Erfðamengjakynbótamati

² Fjöldaegglos og fósturvísaflytningar.

Tafla 1 – Yfirlit yfir hluta þeirra kynbótakerfa sem voru skoðuð í rannsókninni. Fyrir hverja útgáfu hér í töflunni voru sviðsmyndir þar sem valin voru 10, 20 eða 30 sæðingana á ári.

HÍFIBÚNAÐUR

Bindikeðjur - Krókar - Lásar - Talír

Keðjustrekkjarar


D-Lásar

Hífikeðjur

Staðlaðar stærðir á hagstæðu verði

862 4046

skralli@skralli.is



Myndræn útskýring á helstu skrefum grunnkynbótakerfisins.

búum, svo sem með því að geta aukið verðmæti nautkálfa til kjötframleiðslu, til viðbótar við áhrif á kynbótakerfið þannig að sú fjárfesting þarf ekki að skila sér eingöngu í verðmætri erfðaframtöku. Ef farið er að nota fjöldaegglos og fósturvísaflutninga (FEFF) skipulega til að reyna að keyra upp erfðaframtöku þarf aftur á móti að huga að kostnaði.

Niðurstöður sýndu að FEFF jók erfðaframtöku í stofninum miðað við grunnkynbótakerfin, óháð heimanotnotkun og fjölda sæðingana og án þess að auka skyldleikarækt úr hófi. Á mynd 2 má sjá niðurstöður fyrir tvö kynbótakerfi þar sem 25 úrvaskvígur voru látar hafa fjöldaegglos á ári. Í verkefninu skoðuðum við einnig kerfi þar sem voru skolaðar 12 kvígur og 50 kvígur árlega. Því fleiri kvígur sem voru skolaðar því meiri varð árleg erfðaframtöku og voru áhrifin mest þegar farið var frá því að skola engar kvígur yfir í 12 kvígur. Innleiðing á FEFF felur hins vegar í sér töluverðan kostnað og gerðum við tilraun til að meta hvort sú fjárfesting myndi borga sig fyrir kynbótastarfið, bæði með því að kasta tölu á kostnað við FEFF og reikna út ávinning af aukinni erfðaframtöku á ári sem slíkt kerfi myndi hafa í för með sér. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að það myndi líklega borga sig fyrir nautgriparkerfina í heild að taka 10 til 20 bestu kvígurnar samkvæmt erfðamengjakynbótamati á ári í fósturvísaflutningum og fá þannig 60 til 120 kálfa úr FEFF. Ávinningurinn yrði meiri ef notkun á kyngreindu sæði yrði mikil. Þannig væri líklega skynsamlegt að prófa að setja upp slíkt kerfi en meta verður hvort það borgar sig í raun þegar raun árangur og kostnaður liggur fyrir.

Arfgerðargreiningar eru annar þáttur sem kostar fjármuni í kynbótastarfinu

og á að skila sér í erfðaframtöku. Arfgerðargreiningar á kvígukálfum eru fyrst og fremst til að byggja upp viðmiðunarróp þannig að erfðamatið verði öruggt, en við skoðuðum ekki þann þátt í þessu verkefni. Kostnaður við sýnatöku og arfgerðargreiningu á nautkálfum ætti aftur á móti að skila sér í auknum erfðaframtöku og miðað við niðurstöður borgar sig að arfgerðargreina u.þ.b. 500 nautkálfa á ári til að velja um 20 sæðingana. Sú tala liggur nærri því sem hefur verið stefnt að síðustu misseri. Ef tekin væri upp notkun á fjöldaegglosi og fósturvísaflutningum til framleiðslu á sæðingana mætti fækka arfgerðargreindum nautkálfum, t.d. niður í 300.

Lokaorð

Samantekið benda niðurstöður okkar til að framkvæmd kynbótastarfsins síðustu misseri eftir að erfðamengjaúrvalið hófst sé nærri því að vera eins og best verður á kosið til að ná erfðaframtöku innan íslenska kúakynsins á sama tíma og erfðafjölbreytni þess er tryggð. Heimanautnotkun er þó alltaf svolítill dragbítur. Hvernig framleiðslu nautkálfa til að velja sæðingana úr samhliða notkun á kyngreindu sæði verður háttáð er líka ekki að fullu útkljáð. Lausnirnar þar krefjast góðs samstarfs ábyrgðarfólks kynbótastarfsins og bænda, annað hvort með því að stýra notkun á sæði til að tryggja gott framboð nautkálfa undan bestu kúnum eða með því að bestu kvígur hvers tíma verði keyptar eða leigðar til að fá úr þeim fósturvísa.

Þórdís Þórarinsdóttir og Guðmundur Jóhannesson eru ráðunautar RML og Jón Hjalti Eiríksson er lektor LbhÍ.



Airlessco LP555 Hiboy

Málningarsprauta með stimpildælu sem hentar vel í smærri og meðalstór verkefni. Ef þú þarft að mála úti eða inni, fúaverja, lakka eða grunna þá er þetta rétta græjan.

- Spíss stærstur: 0,023 in.
- Flæði á mínútu: 2,3 ltr.
- Hámarksprýstingur: 227 bar.
- Hámarkslengd slöngu: 90 metrar.
- Þyngd: 23-30 kg.

Takmarkað magn - nú á aðeins

299.000 kr.

Verð áður 428.000 kr.

30% afsláttur

Málning hf - Dalvegur 18, 201 Kópavogur - Sími: 580 6000 - www.malning.is



Hvað mun ESB aðild þýða fyrir íslenskan landbúnað?

Mikil umræða á sér nú stað í við eldhúsbörð og á netmiðlum landsins um kosti og galla ESB aðildar. Þetta er mikilvæg umræða en það er líka mikilvægt að kappi fylgi forsjá og að við sýnum ákveðna auðmýkt gagnvart þessu stóra viðfangsefni. Ég hef lengi búið innan ESB og get vottað um það að þetta er ekki brennandi hús, að öll sambandsríkin eru fullvalda og sjálfstæð ríki og að flesta daga verður maður ekki meira var við valdið í Brussel en á Íslandi. ESB-aðild hefur leitt til margvíslegra breytinga fyrir landbúnaðarframleiðslu einstakra ríkja og svæða en oftast hefur tekist að viðhalda framleiðslu og tryggja fæðuöryggi og byggðafestu.

Ísland er nú þegar á innri markaði ESB í gegnum EES-samninginn og aðili að Schengen. Af þeim málaflökkum sem standa utan EES-samningsins er einkum rætt um myntbandalagið, sjávarútveg og landbúnað. Hér ætla ég að einblína á landbúnaðarmálin enda er það sá hluti sem ég þekki best.

Það er alls ekki auðvelt að spá fyrir um hvað ESB aðild muni þýða fyrir landbúnað á Íslandi. Það er hægt að skoða hvað gerðist í Finnlandi en það var fyrir 30 árum síðan og Finnland er ekki Ísland. Það er hægt að skoða hversu langt við náðum áður en viðræður voru stöðvaðar um árið en þar sem samningsaðstaða Íslands var aldrei lögð fram þá höfum við ekki á miklu að byggja. Það er hægt að lesa þúsundir blaðsíðna af reglugerðum en maður verður ekki alltaf margs vísari. En við verðum samt að reyna.

Stóru drættirnir eru þeir að með ESB aðild mun tollvernd falla niður, sem og opinber verðlagning á mjólk – bæði á heildsölustigi og til framleiðenda. Og það eru litlar



„Mjólkurframleiðendur sætu eftir með mun lægra mjólkurverð og eitt af markmiðum kerfisins yrði að tryggja þeim viðbótarstuðning til að bæta þetta upp.“

líkur að hægt sé að fá undanþágur frá þessu. Íslenskur landbúnaður mun fá styrki í gegnum sameiginlegu landbúnaðarstefnuna þar sem megnið af beinum stuðningi er greiddur út á landbúnaðarland og það eru líkur á að íslenska ríkið fái heimildir til að greiða viðbótarstuðning til bænda. Við vitum ekki hversu mikill stuðningurinn verður, hvorki það sem kæmi úr sjóðum ESB og það sem mögulega kæmi frá íslenska ríkinu.

Finnland og Svíþjóð hafa heimild til að styrkja sérstaklega svæði norðan 62. breiddargráðu með fjárfraðslögum úr eigin sjóðum. En í þessum löndum er kjarni

landbúnaðarframleiðslunnar miklu sunnar og norðurslóðastuðningurinn er því fyrst og fremst byggðaaðgerð. Þannig er því ekki háttáð á Íslandi og þess vegna má færa fyrir því sterk rök að Ísland þurfi annars konar heimildir til að tryggja matvælaframleiðslu og fæðuöryggi landsins. Við vitum ekki hvort það takist eða hvernig þannig heimildir myndu líta út.

En ef við göngum út frá lagarammanum eins og hann er núna þá er kannski ekki svo margt í landbúnaðarhlutanum sem við getum ekki unnið með. Eina raunverulega undanþágan sem Ísland myndi berjast fyrir snýr að innflutningi á

lifandi búfé. Hér höfum við reynslu frá ferlinu síðast og vitum að það eru líkur á að við getum samið um undanþágu byggða á einstakri stöðu íslenskra búfjárstofna. Lagalega séð eru ýmsar leiðir til að útfæra svona undanþágu og hér höfum við visindin með okkur.

Hins vegar yrðu umtalsverðar breytingar á rekstrarumhverfi landbúnaðarins. Sennilega auðveldast að eiga við sauðfjárræktina. Hún vinnur á frjálsum markaði og er ekki háð tollvernd. Þar væri tiltölulega auðvelt að veita bændum viðunandi stuðning í gegnum sambland af landgreiðslum, gripagreiðslum, búgreiðslum, umhverfisgreiðslum, fjárfestingarstuðningi og álagsgreiðslum frá íslenska ríkinu.

Staðan er flóknari í mjólkurframleiðslu því það er ekki auðvelt að spá fyrir um hvernig markaðurinn bregst við ef opinber verðlagning verður afnumin. Iðnaðurinn gæti þá hækkað verð á þeim vöruflokkum sem nú eru undir opinberri verðlagningu og þar með tekið inn eðlilega framlegð. Á móti þyrfti hann að lækka verð á öðrum vörum til að mæta samkeppni við tollfrjálsan innflutning.

Verðlagning á mjólk til bænda yrði líka frjáls og verðið myndi örugglega færast nær því sem gerist í t.d. Noregi og Svíþjóð. Það mun bæta samkeppnisstöðu iðnaðarins og jafnvel opna á arðbæran útflutning einhverra vöruflokka en hér er óvissan mikil. Mjólkurframleiðendur sætu eftir með mun lægra mjólkurverð og eitt af markmiðum kerfisins yrði að tryggja þeim viðbótarstuðning til að bæta þetta upp. Greiðslumark myndi leggjast af eða verða fasað út yfir nokkur ár og það væri ekki útilokað að íslenska ríkið myndi kaupa upp eitthvað af greiðslumarki eins og dæmi eru um í búvörusamningum fyrri ára. Þannig yrði gerbreyping á allri virðisreikjunni og því mikilvægt að geirinn fengi nokkurra ára aðlögunartíma með tímabundnum undanþágum frá almenna regluverkinu.

Svína og alifuglarækt fá enga ríkisstyrki í dag en njóta óbeins stuðnings í formi tollverndar. Það getur verið erfitt að spá fyrir um

hversu mikið afurðaverð muni lækka við afnám tollverndar. Ísland yrði áfram dýrt land og flutningskostnaður er hár og innlendir framleiðendur geta mögulega boðið betri viðskiptakjör en erlendir. Þá er um marga vöruflokka að ræða og fjarlægðarverndin virkar misvel á t.d. beikon eða ferskar kjúklingabringur. Við getum skoðað hvað þessar vörur kosta í Færeyjum eða á Grænlandi til að fá einhverja hugmynd um líklegt útsöluverð hérlandis. En að endingu mun mikið ráðast af vilja íslenska ríkisins til að veita innlendum stuðningi til þessara greina til að tryggja framlag þeirra til fæðuöryggis landsins. Þannig stuðningur væri alls ekki ómögulegur og líta má til Svíþjóðar og Finnlands til að finna fordæmi.

Og þetta er bara byrjunin. Við eigum eftir grænmetið og kartöflurnar, skógræktina, hrossaræktina, kornræktina, fullvinnslu afurða, orkubúskap, fiskeldi, ferðaþjónustu, leiðbeiningaþjónustu og allt það sem felst í samspili byggðastefnu og landbúnaðarstefnu. Því á sama hátt og hefðbundinn búskapur er undirstaða byggðar þá er byggðin undirstaða hefðbundins búskapar. ESB-aðild hefði áhrif á allar þessar greinar – sumt jákvætt annað neikvætt.

Landbúnaðarkerfi ESB hefur á síðustu árum þróast sífellt meir í átt til fyrirkomulags með sameiginlegum markmiðum en töluverðu frelsi aðildarríkjana til að móta fyrirkomulag stuðnings og bæta við stuðningi úr eigin sjóðum. Það sem vinnur með okkur er að ESB-kerfið er móttækilegt gagnvart rökum sem snúa að fæðuöryggi og byggðapróun. Þetta þýðir að aðildarviðræður munu ekki snúast um að finna undanþágur frá gildandi reglum heldur að móta sérislenskt fyrirkomulag innan rammans sem tryggir ásættanleg rekstrarskilyrði landbúnaðar, byggðafestu og fæðuöryggi. Kjarni málsins er að kerfið myndi breytast – en verkefnið væri að láta það virka fyrir íslenskar aðstæður.

Höfundur er framkvæmdastjóri Nordic Insights.

Aðalskipulag Hörgársveitar 2024-2044 auglýsing skipulagstillögu



Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á 196. fundi sínum þann 27. janúar 2026 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Hörgársveitar 2024–2044 í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samhliða er auglýst tillaga að umhverfissmatskýrslu skv. 15. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 111/2021.

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdum HMS sbr. 3 mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og fylgja athugasemdirnar gögnum málsins.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir allt sveitarfélagið þar sem sett er fram stefna um landnotkun, byggðapróun og -mynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og atvinnu- og umhverfismál. Aðalskipulaginu er ætlað að vera virkt stjórnæki sem nýtist við ákvarðanatöku og við uppbyggingu og eflingu mannlífs og atvinnulífs í sveitarfélaginu.

Skipulagstillagan og umhverfissmatskýrslan eru aðgengilegar í Skipulagsgátt undir málsnúmeri 825/2023, á heimasíðu Hörgársveitar og á skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri. Fyrirspurnir um málið má senda á sbe@sbe.is.

Ábendingar og athugasemdir skulu vera skriflegar og þurfa að berast í gegnum Skipulagsgátt í síðasta lagi 30. apríl 2026

Opnað verður á skráningu á kynbótasýningarnar um mánaðarmótin apríl/maí og nánar verður þá tilkynnt um skráningarfresti á einstakar sýningar.

Vorsýningar

18. - 21. maí	Rangárbakkar
26. - 29. maí	Rangárbakkar
1. - 5. júní	Rangárbakkar - Sörlastaðir - Hólar
8. - 11. júní	Rangárbakkar - Sörlastaðir - Mið-Fossum - Akureyri
15. - 19. júní	Rangárbakkar - Víðidalur - Hólar
22. - 24. júní	Rangárbakkar - Hólar
5. - 11. júlí	Landsmót að Hólum

Miðsumarssýningar

18. - 21. maí	Rangárbakkar - Akureyri
---------------	-------------------------

Síðsumarssýningar

10. - 13. ágúst	Rangárbakkar
17. - 21. ágúst	Rangárbakkar - Hólar

Kynbótasýningar 2026 og val kynbótahrossa á Landsmót

Nú er búið að stilla upp áætlun fyrir kynbótasýningar árið 2026 og er hún komin inn á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (rml.is) undir Kynbótastarf/Hrossarækt/Kynbótasýningar. Ákveðið var að byrja viku fyrir sunnanlands en verið hefur og einnig að bjóða upp á heldur fleiri sýningar norðan heiða. Þá verður kynbótasýning á Mið-Fossum á Vesturlandi en í fyrta var haldin sýning þar í fyrsta skipti síðan 2016 og tókst vel. Afar spennandi sýningarár er í vændum og miðað við framfarir síðustu ára er mikils að vænta af kynbótahrossum þessa lands.



Þorvaldur Kristjánsson.

Landsmót 2026 – inntökuskilyrði kynbótahrossa

Landsmót 2026 – inntökuskilyrði kynbótahrossa

Landsmót verður haldið í þriðja sinn að Hólum í Hjaltadal og hefst það 5. júlí og endar laugardagskvöldið 11. júlí. Síðustu vorsýningum lýkur miðvikudaginn 24. júní en reynt er að teygja þær eins nálægt mótinu og hægt er. Að þeim loknum tekur við útreikningur á kynbótamati en röðun afkvæmahesta á Landsmóti grundvallast á því og annar undirbúningur vegna sýninga kynbótahrossa á mótinu.

Fagráð í hrossarækt tók ákvörðun nú í febrúar um val kynbótahrossa inn á Landsmót 2026. Fyrirkomulag við val kynbótahrossa inn á mótið verður að mestu leyti sambærilegt og síðast. Nú er þó sérstaklega lögð áhersla á að auðvelda þátttöku fleiri úrvals klárhrossa. Ákveðið hefur verið að velja 160 hross inn á mótið samkvæmt aðaleinkunn (sjá nánar um fjölda í hverjum flokki í töflu). Í flestum flokkum er fjöldinn sá sami og á síðasta Landsmóti. Hins vegar

Flokkur:	Heildarfjöldi:
7v. og eldri hryssur:	10
6v. hryssur:	30
5v. hryssur:	30
4v. hryssur:	20
4v. hestar:	20
5v. hestar:	20
6v. hestar:	20
7v. og eldri hestar:	10
Samtals:	160

10 hross valin eftir aðaleinkunn án skeiðs: Heildarfjöldi á mótinu er því 170 hross.

hefur verið fækkað um fimm hross í elsta flokki stóðhesta og um fimm í elsta flokki hryssna, þannig að nú verða valin 10 hross í hvorum þeirra flokka. Auk þess verða 10 hross valin sérstaklega af stöðulista miðað við aðaleinkunn án skeiðs, óháð kyni og aldri. Hér er um að ræða 10 efstu hrossin eftir aðaleinkunn án skeiðs sem ekki eru þegar á meðal þeirra 160 sem þegar hafa verið valin. Gera má ráð fyrir að þar verði um að ræða úrvals klárhross á ýmsum aldri, bæði hryssur og stóðhesta. Þannig verður heildarfjöldi kynbótahrossa sá sami á mótinu eins og síðast eða 170 hross.

Þegar kynbótasýningar byrja í vor verður birtur stöðulisti í WorldFeng sem sýnir hvaða hross eru inni á mótinu hverju sinni. Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið (til dæmis fleiri en ein hryssa í 10. sæti í flokki 7 vetra og eldri hryssna) þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu. Eins verða eigendur hrossa sem vinna sér þátttökurétt á mótinu en ætla sér ekki að mæta með þau af einhverjum ástæðum beðnir um að láta vita fyrir ákveðna dagsetningu, þannig að hægt sé að bjóða hrossum sem eru neðar á listanum þátttöku á mótinu.

Höfundur er ráðunautur í hrossarækt hjá RML.

ergo

Fleiri hestöfl í heyskapinn?

Við skiljum allar ástæður fyrir nýrri vél

Reiknaðu dæmið á ergo.is



SEGWAY AT6L fjórhjól



#1 mest selda hjól í sínum flokki á landinu árið 2025*

570cc - 44 hestöfl - 48Nm tog
14" Beadlock felgur - 26" dekk
1.599.000 með vsk.

Öll Segway fjórhjólin eru tveggja manna og götuskráð (T3 dráttarvél), með læsanleg mismunadrif framan og aftan, rafmagnsstýri og tengingu við app í síma, með dráttarkúlu og spili, handahlífum og sætisbaki.

Til á lager og til afgreiðslu strax!



Hafnarfjörður: Selhella 1 - Sími 546 0415 | Akureyri: Frostagata 2 - Sími 415 6415
nánari upplýsingar á hesja.is | hesja@hesja.is

*Skráningartölum Samgöngustofu fyrir árið 2025 eru Segway AT6 mest skráðu 501-600cc fjórhjólin.

Kynning á nýjum reglugerðum um riðuveiki og flutninga fjár

Eins og bændum er kunnugt kom út ný reglugerð um riðuveiki í árslok 2025. Í henni koma fram töluverðar breytingar frá eldri reglugerð,



Sigurbjörg Bergsdóttir.

enda byggir nýja reglugerðin á Landsáætlun um útrýmingu riðuveiki í sauðfé, sameiginlegu stefnuskjali Bændasamtaka Íslands, atvinnuvegaráðuneytisins og Matvælastofnunar. Markmið reglugerðarinnar er að útrýma riðuveiki í sauðfé á Íslandi og ná þeim markmiðum sem sett eru fram í landsáætlun um útrýmingu sauðfjárriðu:

- Að litlar líkur séu á að uppkomi riðuveiki á landinu frá og með árinu 2028.
- Að Ísland hljóti viðurkenningu ESB árið 2032 um að hverfandi líkur séu á að riðuveiki komi upp hér á landi.
- Að innan 20 ára hafi sauðfjárriðu verið útrýmt á Íslandi.

Reglugerðin kveður á um nýja nálgun við útrýmingu riðuveiki. Í stað þess að reyna að útrýma smitefninu sjálfu verður veikinni útrýmt með ræktun fjárstofns sem ber verndandi arfgerðir gegn riðuveiki ásamt áframhaldandi aðgerðum til að hefta mögnun og dreifingu smitefnisins. Aðgerðir verða áhættumiðaðar, og beint að tilteknum áhættuflokkum bæjum en ekki jafnt að öllum bæjum í viðkomandi varnarhólfi líkt og verið hefur. Einnig verður öllum sauðfjáreigendum skylt að rækta fé sitt þannig að það verði ónæmt fyrir riðuveiki.

Takmarkanir sem settar verða á riðubæi og áhættubæi verða



Úr sauðburði á Suðurlandi 2025.

Mynd / ál

hnitmiðaðri og gilda í styttri tíma eða í allt niður í sjö ár (2 ár á riðubæjum

þar sem eingöngu er fé með V/x arfgerð) í stað tuttugu ára eins og

verið hefur. Helstu takmarkanir á þessum tegundum bæja umfram aðra bæi eru:

Takmörkunartími/aflétting:

Á riðubæjum þar sem eingöngu er fé með V/x arfgerðir 2 ár.

Á riðubæjum þar sem bæði er fé með V/x og MV/x arfgerðir allt að 7 ár eða þegar að lágmarki 75% hjarðar er með V/V og rest V/x eða MV/MV en þó ekki fyrr en að 2 árum liðnum frá greiningu riðu.

Að fé sem ekki ber V/x sé haldið innan girðingar og frá öðrum hjörðum og skal það merkt með rauðum eyrnamerkjum. Þetta þýðir að hægt er að sækja um leyfi MAST til þess að setja V/x kindur á fjall.

Opinberar klínískar skoðanir: 1 x árlega á riðubæjum og áhættubúum í 2. og 3. flokki, en 2 x árlega á áhættubúum í 1. flokki.

Ræktun í samræmi við markmið: sett fram í töflu 4.1 í Landsáætlun t.d.

Kynbótahrútar á riðubæjum skulu vera V/V

Kynbótahrútar á áhættubæjum í 1. áhættuflokki skulu vera V/V, V/MV eða MV/MV

Sýnataka úr fé eldra en 18 mánaða sem drepst eða er aflifað á bæ.

Flutningur fjár frá bæ á önnur fjárbú:

Frá riðubúum: *óheimill fyrstu 2 árin, en síðan heimill á V/V arfgerð með skilyrðum með leyfi MAST.*

Frá áhættubúum: *óheimill, nema fyrir V/V, V/MV eða MV/MV til riðu eða áhættubúa innan hólfis með leyfi MAST.*

Flutningur fjár frá riðubæjum á afrétt, sérstök eyrnamerki. Eingöngu má sleppa á fjall/sameiginleg beitolönd fé með V genasamsætu með leyfi MAST. Fé sem ekki ber V genasamsætu skal halda heimavið innan girðinga fjárrí öðru fé og það skal merkt með rauðum eyrnamerkjum.

Flutningur á önnur fjárbú eða samnýting á öllu því sem komist hefur í snertingu við slímhúð eða líkamsvessa fjár frá bænum er almennt bannaður en hægt er að sækja um leyfi í þjónustugátt á mast.is.

Flutningur eða samnýting á öðru sem borið getur með sér smitefnið almennt bannaður, en hægt að sækja um leyfi í þjónustugátt á mast.is.

Farið er nákvæmlega í gegnum bæði takmarkanir og afléttingar þeirra í greinum 8-13 í reglugerðinni

Reglugerðin kveður m.a. á um einföldun stjórnsýslu. Bætur til bænda vegna niðurskurðar og stuðnings við uppbyggingu nýrra hjarða verða fyrirsjáanlegri og miða að því að bændur hafi náð að jafna tekjumissu vegna uppkomu riðuveiki innan fimm ára. Stjórnsýsla vegna riðuveiki færast að mestu frá atvinnuvegaráðuneytinu til Matvælastofnunar.

Helsta breytingin varðandi fé á riðubúum er sú að Matvælastofnun verður heimilt að leyfa flutning fjár með verndandi arfgerð á afrétt á fyrsta ári eftir uppkomu riðuveiki. Fé á riðubæjum sem ekki verður leyft að flytja á afrétt, það er fé sem ekki ber verndandi arfgerð, ber að halda í

VARAHLUTIR Í KERRUR



Sími 517 5000
Vagnhófa 7, 110 Rvk.
stalogstansar.is

Bílabúðin
Stál og stansar



heimahögum á takmörkunartíma og verður Matvælastofnun heimilt að taka þátt í girðingakostnaði bænda að vissum skilyrðum uppfylltum. Sótt er um slíka girðingarstyrki í þjónustugátt á heimasíðu stofnunarinnar, mast.is.

I reglugerðinni kemur fram kvöð um opinbera klíniska skoðun fjár á riðubúum og áhættubúum. Er hún hugsuð sem viðbót við eigin eftirlit bænda sjálfra, en eigin eftirlit er mikilvægasta vörnin gegn uppkomu og dreifingu búfjárjúkdóma.

I reglugerðinni koma einnig fram ákvæði um styrki og aðrar greiðslur til fjáreigenda í því augnamiði að auka útbreiðslu verndandi og mögulega verndandi arfgerða á landsvísi annars vegar og hraða ræktun á riðu- og áhættubæjum hins vegar. Í þessum tilgangi er heimilt að úthluta styrkjum vegna notkunar sæðingahrúta á landsvísi og notkunar kynbótahrúta á riðu og áhættubæjum óháð uppruna þeirra.

Styrkir þessir eru:

a. Sæðingastyrkir ná til notkunar á sæðingastöðvahrútum sem bera V eða MV genasamsætur. Styrkgreiðslur miðast við skráðar sæðingar í Fjávís og skal skráningu hafa verið lokið fyrir 8. janúar ár hvert.

b. Ræktunarstyrkir ná til notkunar á hrútum (öðrum en sæðingahrútum) á áhættubæjum, sbr. 6. gr. Styrkir miðast við fjölda áa sem haldið er undir hrúta sem bera V/V, V/MV eða MV/MV arfgerðir og skulu styrkir vera misháir eftir arfgerðum, þannig að V/x arfgerðir hljóti allt að helmingi hærri úthlutun en MV/x arfgerðir. Á riðubæjum nær styrkur aðeins til notkunar á V/V hrútum. Ræktunarstyrkir miðast við skráningu í Fjávís 20. ágúst ár hvert.

Í marsmánuði 2026 kom síðan út ný reglugerð nr 253/2026 um flutning sauð- og geitfjár yfir varnarlinur.

Þar koma einnig fram umtalsverðar breytingar. Almenna reglan er að óheimilt er að flytja sauð- og geitfé yfir varnarlinur án leyfis Matvælastofnunar. Stærsta breytingin lýtur að einföldun stjórnsýslunnar þannig að kaupaleyfi vegna flutnings fjár yfir varnarlinur verða óþörf. Einungis söluaðilar þurfa að sækja um söluleyfi í þjónustugátt á heimasíðu Matvælastofnunar, mast.is, kaupendur munu héðan í frá sjálfir bera ábyrgð á því að kanna hvort sá sem þeir óska eftir að versla við sé með gilt söluleyfi til sölu fjár yfir varnarlinur.

Önnur breyting lýtur að því að óheimilt er að flytja sauðfé yfir varnarlinur sem ekki er arfgerðagreint, eða arfgerð er óþekkt. Óheimilt verður að flytja

fé sem ber VRQ genasamsætu yfir varnarlinur. Matvælastofnun er heimilt að veita leyfi til flutnings fjár yfir varnarlinur að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Að varnarhólfíð sem flutt er frá hafi jafna eða betri sjúkdómastöðu með tilliti til riðuveiki en það varnarhólf sem flutt er til, nema um sé að ræða sauðfé með V/V arfgerð.
2. Að varnarhólfíð sem flutt er frá hafi jafna eða betri sjúkdómastöðu undangengin 10 ár með tilliti til garnaveiki eða annarra tilkynningaskyldra smitsjúkdóma í fé en það varnarhólf sem flutt er til.
3. Að sauðfé beri V eða MV genasamsætu
4. Að sauðfé sem flutt er í áhættuhólf beri V/x arfgerð, MV/MV arfgerð eða T137/x arfgerð.

Líflambasölusvæði

Óheimilt er að flytja fé inn í líflambasölulúhólf án leyfis Matvælastofnunar. Þeir sem óska eftir að flytja líflömb inn í líflambasölulúhólf sem skilgreind eru í 6. gr. reglugerðarinnar skulu sækja um leyfi hjá Matvælastofnun. Matvælastofnun er aðeins heimilt að leyfa flutning á líflömbum sem bera V/V arfgerð og eingöngu á milli líflambasölulúhólfa.

Tilkynningaskyldur flutningur

Önnur breyting varðar tilkynningaskyldan flutning fjár yfir varnarlinur. Móttakandi fjárins skal tilkynna Matvælastofnun í gegnum þjónustugátt um flutninginn innan tveggja sólarhringa frá því flutningur fór fram. Fé sem fellur undir þessa grein eru t.d. línubrjótar sem flytja má til baka beri þeir V/x eða MV/x arfgerðir (x er ekki VRQ) með ákveðnum skilyrðum, fé sem ber V/V arfgerð (gildir ekki líflambasölulúhólf) eða um sé að ræða flutning á skráða kynbótastöð.

Flutningur lamba sem hvorki bera V eða MV genasamsætu

Sérstakar reglur gilda um leyfi til flutnings líflamba sem hvorki bera V eða MV genasamsætur. Slík lömb má því aðeins flytja að því tilskyldu að þau séu flutt frá líflambasölulúhólfi í önnur hólf en áhættuhólf. Bannað er að flytja líflömb með næmu arfgerðirnar ARQ og VRQ inn í áhættuhólf nema í undantekningartilfellum. MAST getur veitt leyfi til flutnings lamba með ARQ ef þau bera einstaka erfðaeiginleika sem vert er að varðveita á landsvísi að fenginni umsögn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, fagraðs í sauðfjarrækt og erfðanefndar landbúnaðarins.

Höfundur er sérgreinadýralæknir jörturdýrasjúkdóma hjá MAST.



AKURSHÚS

Fljótlegur og hagkvæmur kostur

Íbúðar- og frístundahús afhent úppsett í einingum eða uppsett á byggingarstað - allt eftir þínum óskum

Kynntu þér húsabæklinginn okkar á www.akur.is og fáðu verðáætlun í húsið þitt



Smiðjuvellir 9 300 Akranes 430 6600 akur@akur.is



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Varmahlíð undir Eyjafjöllum – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan að Varmahlíð undir Eyjafjöllum tekur til sex byggingarreita sem þegar hefur verið byggt á. Tillagan gerir ráð fyrir stækkunarmöguleikum og breyttri notkun undir ferðapjónustu.

Fossengi úr landi Brúar við Auraveg – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan að Varmahlíð undir Eyjafjöllum tekur til sex byggingarreita sem þegar hefur verið byggt á. Tillagan gerir ráð fyrir stækkunarmöguleikum og breyttri notkun undir ferðapjónustu.

Garðatún úr landi Stóra-Moshvols – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 3,7 spildu úr Stóra-Moshvoli 2, L199620. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að reisa frístundahús á einni hæð eða 160 m² að flatarmáli. Hámarkshæð er 4,5 og þakform er marghalla. Einnig verður heimilt að byggja 120 m² gestahús og bílskúr af sömu stærð.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 17. mars 2026.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 30. apríl 2026.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega í Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra



RANGÁRÞING EYSTRÁ

FLOTTAR FERMINGARGJAFIR



Znen, R9 er komin með digital mælaborð, diskabremsur að aftan, USB tengi, Fatbar stýri, geymsluhóli. USB tengi. Stærri 8,5 l. bensín-tank, innfeldur poka hanki, nýtt body, ofl.



Urðarhvarfi 4 - 557 4848



50cc bensín fjörgengisvespa. Bein innspýting, minni mengun, minni eyðsla. 12 tommu felgur. Frábær í skólann og snattið. Engin skráning né próf.



180 kúbika sjálfskipt fjórhjól með rafstarti og bakkgrí. 10" felgur. Sætishæð 74 cm. Þyngd 105 kg. 5,5 lítra bensín-tankur. L 157 x B 102 x H 103 cm. 10 hestöfl á 8000 rpm.

Nánari upplýsingar á nitro.is

Umboðsaðilar: KS, Sauðarkróki. Suður England, Selfossi. Lyngás, Hellu. Bikevik, Reykjanesbæ. Landstólpi-AB, Egilsstöðum.

Samstaða um sterka ímynd

Íslenskur landbúnaður á sér langa sögu sem við eigum öll að vera stolt af. Bændur hér á landi hafa kynslóðum saman lagt sig fram um að fara vel með land sitt og búfé — ekki vegna þess að einhver horfði yfir öxlina á þeim, heldur vegna þess að þeir vita að góð



Reynir Þór Jónsson.

meðferð á dýrum og heilbrigð hjörð eru undirstaðan að góðum búskap. Þessi þekking er gömul. Í dag, þegar neytendur krefjast sífellt meira gagnsæis og ímynd hvernar

búgreinar hefur bein áhrif á afkomu hvers og eins bónda, er ekki nóg að vita, heldur þurfum við að sýna það.

Einna ströngustu lög í Evrópu

Lög nr. 55/2013, um velferð dýra, eru meðal heildstæðustu löggjafar sinnar tegundar innan Evrópu. Innan ríkja Evrópu er löggjöfin oft ósamræmd milli landa og mörg lönd hafa dregist aftur úr við innleiðingu eigin velferðarreglna. Á sama tíma hefur Ísland lögfest samræmda og yfirgripsmikla löggjöf sem nær til allra búfjártegunda í landbúnaði ásamt öflugum sértækum reglugerðum fyrir hverja búfjártegund. Löggin kveða skýrt á um að dýr séu skynjandi verur með rétt til lífs, laus við þjáningar og er þessum grundvelli haldið í gegnum allt lagakerfið.

Í 9. gr. laganna kemur fram allt það sem gerir þetta kerfi sérstaklega öflugt. Ákvæðið leggur skyldu á alla þá sem koma að dýrahaldi — bændur, dýralækna, eftirlitsaðila og fagfélög — að vinna saman og styðja hvert annað.

Þetta eru ekki tilmæli heldur lagaleg skylda. Á sínum tíma var ákvæðið lögfest, þannig að enginn getur horft til hliðar og sagt að þetta sé verkefni einhvers annars.

Í framkvæmd þýðir virkjun 9. gr. dýravelferðarlaga að



„Íslenskur búskapur hefur frá upphafi byggst á búskap nátengdum íslenskrri náttúru,“ segir Reynir í grein sinni.

Mynd / Bbl

Matvælastofnun skuli sjá til þess að gildandi lögum sé framfylgt. Dýralækna og aðrir fagaðilar eru hluti af fyrirbyggjandi kerfi, ekki eingöngu viðbragð við vanda sem þegar er kominn upp.

Fagfélög standa með bændum bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs.

Að bændur fái skýrar leiðbeiningar fyrirfram — ekki eftir á þegar tjónið er orðið.

Tilkynningarskylda — ekki val, heldur skylda

Með 8. gr. laganna er síðan gengið enn lengra. Ákvæðið leggur almenna tilkynningarskyldu á hvern þann sem verður var við brot, óháð starfi eða stöðu. Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum, er skylda að tilkynna það Matvælastofnun. Þetta er ekki tilmæli eða val.

Lög um dýralækna og

heilbrigðisþjónustu við dýr ganga í sömu átt af enn meiri þunga. Samkvæmt þeim ber dýralæknum skylda að tilkynna Matvælastofnun tafarlaust ef grunur vaknar um alvarlegt velferðarbrott á dýrum. Dýralæknir sem sér eitthvað athugavert og aðhefst ekkert frekar, brýtur þannig bæði lög um dýravelferð og starfsskyldur samkvæmt eigin starfsleyfislöggjöf.

Í lögum um barnavernd kveður á um lögbundna tilkynningarskyldu lækna, hjúkrunarfræðinga, kennara og annarra fagaðila sem verða varir við grun um vanrækslu eða misnotkun barna. Í þeim lögum er kveðið á um að öllum sem stöðu sinnar og starfa vegna koma að málefnum barna sé skylt að hafa samstarf við barnaverndaryfirvöld, beri svo undir.

Barnaverndarlög hafa því sömu uppbyggingu og tilgang og fyrirnefnd 9. gr. dýravelferðarlaga. Samfélagið hefur þegar viðurkennt þessa hugmynd í barnavernd — að verndunarskyldan hvíli á kerfinu í heild sinni en ekki aðeins á einum aðila. Löggjafinn gerði sama hlutinn í dýravelferðarlögunum og tímabært er að framkvæmdin endurspeglí það.

Ímynd er sameiginlegt mál — og sameiginleg ábyrgð

Vandinn í dag er að of margir tala hver um sitt og heildarhagsmunir eiga það til að gleymast þó svo að heildin sé sterk. Bændur, vinnsluaðilar, eftirlitsaðilar og fagfélög eru of oft að vinna sitt í hvoru horninu. Á meðan neytendur, bæði hér á landi og erlendis, leita í auknum mæli að vörum sem þeir geta treyst og rakið til upprunans. Þessi krafa mun ekki minnka, aðeins aukast.

Ein neikvæð saga — ein frétt sem fer á kreik — getur kastað skugga og rýrð á alla greinina, sama hversu vel aðrir standa sig. Þess vegna er samstaðan svo mikilvæg og þess vegna skiptir ákvæði 9. gr. dýravelferðarlaga svo miklu máli. Ímynd íslensks landbúnaðar er ekki eign einstaka bónda eða eins fyrirtækis. Hún tilheyrir öllum þeim

sem að greininu koma og hún skaðast eða styrkist eftir framkomu hvers og eins á hverjum einasta degi.

Ástæða til stólts — en stolt nægir ekki

Íslenskur búskapur hefur frá upphafi byggst á búskap nátengdum íslenskrri náttúru. Búfé á Íslandi líður að mestu vel og sú staðreynd er hluti af þeirri ímynd sem greinin hefur byggt upp í gegnum tíðina. Ímynd íslenskra afurða er góð og sem dæmi hlaut íslenskt lambakjöt verndað upprunatákn á alþjóðlegum markaði árið 2023. Þarna er gott dæmi um hvað er hægt þegar saga, gæði og velferð ganga saman með skýrum og sannreyndum hætti.

Við höfum ástæðu til að vera stolt en stoltið dugur skammt ef það er ekki sagt upphátt og í einum rómi.

Við þurfum ekki að finna upp hjólið


Við höfum lögin, við höfum hefðina, við höfum vörurnar en það eina sem á vantar er viljinn til að nota þetta í sameiningu.

Dýravelferðarlöggjöfin er tækifæri til þess að allir sem koma að íslenskum landbúnaði, hvort sem það eru bændur, dýralækna, eftirlitsaðilar eða fulltrúar fagfélaga, geti staðið saman að einu markmiði, þ.e. að íslensk landbúnaðarframleiðsla sé í fremstu röð að gæðum og velferð.

Þetta er ekki óskhyggja. Þetta er það sem lögin heimila, hefðin styður og markaðurinn krefst. Það sem vantar hins vegar er að þessir aðilar sitji við sama borð og vinni sameiginlega að þessu markmiði — ekki bara þegar eitthvað fer úrskeiðis, heldur sem fast vinnulag. Reglulegir samráðsfundir, skýr hlutverkaskipting og samræmd framkoma út á við. Við þurfum að setjast niður og vinna saman að þessu sameiginlega markmiði — öllum til hagsbóta — þar sem lögin styðja vel við þessa vegferð.

Höfundur er Nautgripa- og sauðfjárbóndi á Hurðarbaki í Flóa og í stjórn Bændasamtaka Íslands.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

Bilskurshurdir.is

Vagnhöfða 9, 110 Reykjavík. Sími: 660-1819. Netfang: olafur@gastec.is



Hrossin styrkjast og þroskast með árunum, auk þess sem rétt þjálfun hefur jákvæð áhrif á útlit þeirra.

Sköpulagsdómar hrossa – aukinn sveigjanleiki eftir fimm vetra aldur

Þegar þróun sköpulagsdóma er skoðuð kemur í ljós að hross hækka almennt í einkunn með auknum aldri. Sum hross lækka í einkunn af einhverjum ástæðum en langflest hross hækka í einkunn.



Þorvaldur Kristjánsson.

Þetta er eðlilegt þar sem hrossin styrkjast og þroskast með árunum, auk þess sem rétt þjálfun hefur jákvæð áhrif á útlit þeirra. Mesta breytingin verður yfirleitt á milli fjögurra og fimm vetra aldurs, en eftir það breytist sköpulagsdómur yfirleitt ekki verulega. Þó eru að sjálfsögðu einstaka hross sem breytast meira en önnur.

Í ljósi þessa var tekin ákvörðun um að gera sköpulagsdóma valkvæða eftir fimm vetra aldur. Tillaga þess efnis var lögð fyrir aðalfund FEIF í byrjun febrúar og samþykkt þar. Hér á eftir verður gerð grein fyrir því hvaða áhrif þessi breyting hefur.

Sköpulagsdómur fyrir yngri hross

Samkvæmt nýju fyrirkomulagi þurfa hross sem koma til dóms fjögurra og fimm vetra gömul að fara í sköpulagsdóm áður en þau fara í reiðdóm.

Fyrir hross sem eru sex vetra og eldri verður byggingardómur hins vegar valkvæður, hafi þau áður hlotið byggingardóm fimm vetra eða eldra. Eigendur geta þá valið hvort þeir endurtaki byggingardóm eða nýti fyrri dóm.

Ef hross kemur í fyrsta sinn til dóms fimm vetra eða eldra þarf það að lágmarki að hljóta einn byggingardóm; frekari byggingardómur eftir það eru valkvæðir. Þetta þýðir til dæmis að hross sem kemur til dóms fjögurra vetra og aftur sex vetra þarf að fara í sköpulagsdóm við sex vetra aldur, en eftir þann dóm getur eigandi valið hvort byggingardómur sé endurtekinn eða fyrri dómur látinn standa.

Sköpulagsdómur og reiðdómur þurfa ekki að fara fram samtímis

Þá hefur því einnig verið breytt svo að byggingardómur og hæfileikadómur þurfa ekki lengur að fara fram á sömu sýningu til að hross hljóti fullnaðardóm.

Hross getur þannig komið í byggingardóm snemma árs, til dæmis í maí, og síðar á árinu í hæfileikadóm. Þegar báðir dómur liggja fyrir telst fullnaðardómur

kominn. Byggingardómur þarf að fara fram á undan reiðdómi þegar stefnt er að fullnaðardómi; ekki er heimilt að sýna hross eingöngu til hæfileikadóms án þess að byggingardómur liggi fyrir.

Nýting eldri sköpulagsdóma

Áfram gildir að hross, þar á meðal fjögurra og fimm vetra, geta komið í byggingardóm snemma árs og látið þann dóm standa síðar á sýningarárinu.

Nú þarf sá byggingardómur ekki lengur að vera hluti af fullnaðardómi til að nýta hann áfram eins og verið hefur. Ef eigandi eða sýnandi kys að nýta eldri byggingardóm á annarri sýningu gildir ávallt nýjasti byggingardómur hrossins.

Hafi hross þegar verið fulldæmt á almanaksárinu getur eigandi einnig ákveðið að láta nýjasta byggingardóm standa við endursýningu. Þegar ákveðið er að nýta eldri sköpulagsdóm, þá eru einnig áður gerðar skrokkmælingar nýttar, að hófalengd undanskilinni; hófalengd mælist og skráist við hvern dóm.

Markmið breytinganna

Markmið þessara breytinga er fyrst og fremst að skapa aukinn sveigjanleika fyrir eigendur hrossa og spara fjármuni.

Ekkí er talið að með þeim tapist verðmætar upplýsingar, enda er almennt gert ráð fyrir að flest hross komi endurtekið til byggingardóms, að minnsta kosti fram til sex vetra aldurs. Í íslenski hrossarækt er safnað afar miklum og verðmætum upplýsingum um hvert einasta hross.

Sú gagnasöfnun er einn af styrkleikum kerfisins; hún hjálpar ræktendum að taka upplýstar ákvarðanir og er forsenda rannsókna og áframhaldandi þróunar kynbótakerfisins. Það er ekkí talið að þessi breyting nú hafi neikvæð áhrif á þekkingargrunn greinarinnar. Þegar þróun byggingardóma með hliðsjón af aldri var skoðuð kom í ljós að eftir fimm vetra aldur bæta endurteknir byggingardómur yfirleitt litlum nýjum upplýsingum við.

Með hliðsjón af því var talið unnt að létta á þessari gagnasöfnun að einhverju marki, án þess að rýra gæði þeirra upplýsinga sem liggja ræktunarstarfinu til grundvallar. Því var ákveðið að stíga þetta skref og gera byggingardóma valkvæða eftir fimm vetra aldur.

Höfundur er ráðunautur í hrossarækt hjá RML.

Opið alla virka daga frá 8:00-17:00



Husqvarna TC220T Slátturtraktor




Husqvarna 535RX Slátturorf



Háþrýstidætur, allt fyrir raf- og logsuðu o.fl.



STÁLVÖRUR



Úrval af iðnaðargasi



Baldursnes 2 | 603 Akureyri | 568 6824 | stalvorur@stalvorur.is

BOLTALAUSAR HILLUR OG STAFLANLEGIR KASSAR

BOLTALAUSAR HILLUR FRÁ BITO ERU AUÐVELDAR OG FLJÓTLEGAR Í SAMSETNINGU ÁN ÞESS AÐ NOTA BOLTA, SKRÚFUR EÐA ÖNNUR VERKFÆRI

HVER STÖK HILLA ER MEÐ 100 KG BUREARBEGETU



MARGNOTA KASSAR FYRIR GRÆNMETI OG AÐRAR AFURÐIR

Með sterkum handföngum og staflanlegir. Vinsælir hjá vinnslum, verslunum, vöruhúsum, veitingahúsum og býlum á landsvísu.

FÁÐU FREKARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÖLURÁÐGJÖFUM OKKAR Í VERSLUN EÐA Í SÍMA 595-6200

DRAGHÁLSI 22 BVT.IS



Framhald viðræðna við Evrópusambandið í ljósi sögunnar

Þegar aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið hófust á árunum 2009–2010 var strax ljóst að landbúnaðarmál yrðu meðal þeirra málaflökka þar sem reyndi á grundvallaratriði. Starfsumhverfi íslensks landbúnaðar mótast af norðlægri legu landsins, einangruðum búfjárstofnunum og því að framleiðslan miðar fyrst og fremst að því að þjóna innanlandsmarkaði og styðja byggð um land allt.



Erna Bjarnadóttir.

Undirbúningsvinna Bændasamtakanna

Bændasamtök Íslands hófu strax umfangsmikið undirbúningsstarf á eigin forsendum. Regluverk sambandsins á sviði landbúnaðar var tekið kerfisbundið til skoðunar og farið var sérstök ferð til Finnlands til að kynna reynslu bænda þar í landi af aðildarferlinu á sínum tíma. Á sama tíma var unnin fræðileg greining á regluverkinu sjálfu þar sem farið var yfir landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins og EES-samningsins með það að markmiði að meta hvaða áhrif hún hefði á íslenskt kerfi. Þar var grunnurinn lagður með samstarfi við Stefán Má Stefánsson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, og riti hans sem ber heitið: Landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins og Evrópska efnahagsvæðisins.

Sérstök áhersla var lögð á að greina þau atriði í aðildarsamningi Finnlands sem lúta að heimildum fyrir sérstakar stuðningsaðgerðir til landbúnaðar í norðurhluta landsins. Til þeirra var og er oftinnis vitnað sem dæmis um sérlausnir innan Evrópusambandsins. Við nánari greiningu kom í ljós að um tímabundnar eða skilyrtar ráðstafanir var að ræða innan ramma sameiginlegrar landbúnaðarstefnu, en ekki varanleg frávik frá meginreglum hennar. Þær byggja á heimildum sem eru háðar reglubundinni endurskoðun



„Í rétti Evrópusambandsins falla lifandi dýr undir hugtakið „vara“ í skilningi sáttmálans. Evrópudómstóllinn hefur skilgreint hugtakið vítt sem vörur sem hægt er að meta til fjár og eru viðfang verslunar. Lifandi dýr falla augljóslega þar undir og lúta því reglum um frjálsa vöruflutninga samkvæmt 34. og 35. grein TFEU.“

og samþykki innan stofnana sambandsins. Hér er því ekki að finna fyrirmynd sem veitir traustan grundvöll fyrir kröfum um varanlegar undanþágur fyrir íslenskan landbúnað.

Varnarlínur Bændasamtaka Íslands

Á þessum grunni voru mótaðar svokallaðar varnarlínur Bændasamtaka Íslands, sem samþykktar voru á Búnaðarþingi árið 2011. Þetta voru lágmarkskröfur í hugsanlegum

aðildarsamningi og byggðu á þeirri afstöðu að hagsmunir íslensks landbúnaðar væru betur tryggðir utan Evrópusambandsins. Mikilvægt er að halda til haga að ráðherra málaflökksins gerði þær að sínum í ríkisstjórn Íslands og kynnti þær opinberlega í apríl 2011.

Í þeim fólst meðal annars krafa um vernd dýraheilbrigðis, ríkisstyrki, tollvernd og fjárhagslega vernd fyrir bændur vegna mögulegs verðfalls á eignum kæmi til aðildar. Sameiginlegt einkenni þeirra var

skýrt: þær gerðu ráð fyrir varanlegum undanþágum frá meginreglum regluverks Evrópusambandsins. Þær voru því ekki samningatækni heldur skilgreining á þeim mörkum sem Bændasamtökin höfðu greint að ekki mætti fara yfir án þess að gengið yrði á hag íslenskra bænda.

Samanburður á regluverki Íslands og ESB

Á sama tíma fór fram svokallað rýniferliá vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Í rýniskýrslu fyrir landbúnaðarkafllann kemur fram að stuðningskerfi íslensks landbúnaðar sé „ekki í samræmi við reglu ESB“. Sama orðalag er notað um fleiri þætti, svo sem framleiðslustýringu í mjólkurframleiðslu. Í skýrslunni er jafnframt bent á að framkvæmd sameiginlegrar landbúnaðarstefunnar krefjist sérstakrar stjórnsýslulegrar uppbyggingar, þar á meðal viðurkenndrar greiðslustofnunar og eftirlitskerfis sem standist úttektir framkvæmdastjórnarinnar.

Í rýniskýrslu um matvælaöryggi og dýraheilbrigði segir meðal annars að bann við innflutningi lifandi dýra sé „í ósamræmi við regluverkið“ (not in line with the acquis). Hér er ekki um pólitískt mat að ræða heldur lagalega niðurstöðu sem hefur grundvallarþýðingu.

Frjálst flæði dýra er hluti af grunnregluverki ESB

Í rétti Evrópusambandsins falla lifandi dýr undir hugtakið „vara“ í skilningi sáttmálans. Evrópudómstóllinn hefur skilgreint hugtakið vítt sem vörur sem hægt er að meta til fjár og eru viðfang verslunar. Lifandi dýr falla augljóslega þar undir og lúta því reglum um frjálsa vöruflutninga samkvæmt 34. og 35. grein TFEU.

Þessar reglur hafa bein réttaráhrif, sem þýðir að einkaaðilar – fyrirtæki eða einstaklingar – geta byggt á þeim fyrir dómstólum. Þetta hefur verið staðfest í dómaframkvæmd

Evrópudómstólsins frá upphafi, meðal annars í Van Gend en Loos, þar sem viðurkennt var að sáttmálinn skapi réttindi sem einstaklingar geta beitt fyrir dómstólum.

Af þessu leiðir að bann eða takmarkanir á innflutningi lifandi dýra geta fallið undir bann við hindrunum á vöruflæði. Dómstóllinn hefur í dómaframkvæmd sinni lagt til grundvallar að slíkar ráðstafanir teljist almennt hindranir á vöruflæði, og túlkað heimildir til undanþága frá þeirri meginreglu þröngt.

Sama gildir um aðgerðir sem byggja á dýraheilbrigðissjónarmiðum. Evrópudómstóllinn hefur ítrekað tekið fram að aðildarríki hafi svigrúm til að vernda heilsu dýra, en slíkar ráðstafanir mega ekki ganga lengra en nauðsyn krefur og mega ekki fela í sér dulbúnar viðskiptahindranir.

Ef Ísland yrði aðili að Evrópusambandinu gæti aðili sem telur sig verða fyrir tjóni vegna innflutningshafta – hvort sem það er erlendur aðili eða íslenskur búfjarræktandi – leitað til dómstóla og byggt á reglum innri markaðarins. Slíkt mál gæti farið fyrir innlenda dómstóla en enda með álitsskiðni til Evrópudómstólsins. Reglur um innflutning lifandi dýra eru því ekki samningsatriði heldur hluti af réttarkerfi sem einstaklingar geta virkjað.

Samningahópar stjórnvalda

Bændasamtökin áttu fulltrúa í nokkrum samningahópum stjórnvalda á þessum tíma, þar á meðal þrjá í hópnun um landbúnað. Fjöldi funda var haldinn og farið yfir fjölmörg mál. Á þessum fundum komu fulltrúar stjórnvalda fram með vísanir í „fyrirmyndir“ innan Evrópusambandsins, einkum svæði sem skilgreind eru sem outermost regions – eða það sem kalla má eyjar og úthéruð, svo sem Azoreyjar, Kanaríeyjar og Madeira. Þetta eru landfræðilega afskekkt svæði sem njóta sérstakrar stuðningsaðgerða og eru almennt efnahagslega veikari en ríkin sem þau tilheyra. Í tilvikum Íslands er hins vegar um heilt ríki að ræða sem er efnahagslega margfalt sterkara en þessi svæði.

Varnarlínur Bændasamtakanna voru leiðarljós fulltrúa þeirra í starfi samningahópanna. Þegar kom fram á árið 2012 létu þeir reyna á kröfu um að tollvernd yrði áfram gagnvart innflutningi í samræmi við varnarlínurnar. Svárið var að slík krafa yrði ekki lögð fram, þar sem hún væri talin óraunhæf. Í kjölfarið hættu samtökin þátttöku í starfi hópsins. Þarna raungerðist varnarlína samtakanna: ef ekki var talið raunhæft að leggja fram kröfu um tollvernd, þá var svigrúmið í raun fyrir fram afmarkað.

Framhald viðræðna nú

Viðræður um málefni landbúnaðar hófust aldrei formlega á sínum tíma þar sem opunaraskilyrði ESB voru ekki uppfyllt. Íslensk stjórnvöld hættu síðan sjálf viðræðunum í ársbyrjun 2013.

Þeirri spurningu sem nú er reist um framhald viðræðna verður ekki svarað án þess að horft sé til þessarar reynslu. Hún sýnir að um er að ræða ferli sem byggir ekki eingöngu á pólitískum vilja heldur á regluverki og forsendum sem að verulegu leyti liggja fyrir. Því þarf að svara í upphafi spurningunni, erum við tilbúin að taka þau skref sem þarf til að uppfylla kröfur um aðlögun að regluverki ESB?

Höfundur er hagfræðingur.

SÚLUR
STÁLGRINDARHÚS

**ALLT FRÁ
FYRSTU
HUGMYND AÐ
FULLBÚNU HÚSI**

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn

Súlur
stálgrindarhús
fyrir atvinnu-, iðnaðar- og
íbúðarverkefni

kristjan@sulurehf.is

www.sulurehf.is

669 0803

Lambið stendur allt fyrir sínu

Það getur verið fremur sláandi að kynna sér framboð stórmarkaða á kjöti, ekki síst á lambakjöti. Hvarvetna blasir við ágætt framboð af lambalærum, kótiletum og hryggjum fyrir hátíðleg tilefni, en þegar leitað er að öðrum pörtum af lambinu, eins og bógi, skanka, hálsi, hjörtum eða jafnvel hakki, er víða fátt um fína drætti.



Hafliði Halldórsson.



bjóðum lambið fram til neytenda. Þegar aðeins hluti dýrsins fær pláss í kjötbörðum og kælum verslana er hætt á að verðmæti annarra parta falli í skuggann og fólk missi hreinlega af stórum hluta framboðsins og þá tækifærum til eldamennsku og neyslu.

Jafnframt snýst málið um mun meira en matreiðslu, þar sem afkoma sauðfjárbænda er að mörgu leyti nátengd virðingu okkar fyrir hráefninu og nýtingu afurðanna. Með því að auka framboðið í lambakjöti og stuðla með því móti að bættri afurðanýtingu, má efla innlenda kjötvinnslu með aukna verðmætasköpun að markmiði. Enn fremur skapast aukið svigrúm fyrir fræðslu og fjölbreyttari matarmenningu. Reynslan sýnir að neytendur eru almennt forvitnir og viljugir til að prófa eitthvað nýtt, svo framarlega sem þeir fá hvata og tækifæri til.

Við getum gert betur

Aukin samvinna og samtal milli bænda, afurðastöðva og verslana leiðir af sér aukinn sýnileika þeirrar miklu fjölbreytni sem íslenskt lambakjöt gefur kost á. Þetta þarf ekki að gerast á einni nóttu en aðalatriðið er að sýna vilja í verki.

Íslenskt lambakjöt er langt frá því að vera einsleit matvara. Það er fjölbreytt og verðmætt í heild sinni, ásamt því að njóta viðurkenningar á heimsvísu fyrir einstök gæði. Ef við ætlum að tala af alvöru um einstök gæði og uppruna kjötsins, þurfum við líka að sýna það í verki heima fyrir – í þessu tilviki í kjötbörðinu.

Höfundur er framkvæmdastjóri Icelandic Lamb.



Sumarstarf í ferðaþjónustu

Southcoast Adventure ferðaþjónustufyrirtæki, staðsett á Hvolsvelli, leitar að metnaðarfullum einstaklingum til að starfa sem atvinnubílstjóri/ leiðsögumaður með ríka þjónustulund. Í boði er sumarstarf með möguleika á framtíðarstarfi hjá rótgrónu og traustu fyrirtæki í ferðaþjónustu.

· Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál. Umsóknir og fyrirspurnir sendist á info@southadventure.is eða í síma 867-3535 (mánudaga-föstudaga kl. 08:00-16:00)



WWW.SOUTHADVENTURE.IS

ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

Icevet
Dýraheilsa

LAMBOOST og SAFYGUT (áður FLORYBOOST) eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba og kiðlinga. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og er með íslenskum leiðbeiningum.



LamBOOST

Fæðubótarefni auðugt af næringarefnum sem er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og veikburða lamba og kiðlinga í huga.



SafyGut fyrir lömb

Stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar þegar meltingartruflanir gera vart við sig.

Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðaðilla www.dyraheilsa.is.



Framkvæmdasýslan Ríkiseignir



BAKKAKOT 2 – TIL SÖLU

Meðallandi, 881 Kirkjubæjarklaustri

Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir (FSRE) auglýsir til sölu jörðina Bakkakot 2 í Meðallandi, Skaftárhreppi. Jörðin er um 256 ha, þar af 56,9 ha ræktað land.

Ásett verð kr. 79.000.000.

Mannvirki á jörðinni:

- Íbúðarhús 126,3 m² (1972)
- Fjós 126,2 m² (1970)
- Hlaða 170,3 m² (1965)
- Aukahús (geymsla og reykhus)

Eignin er á landbúnaðarsvæði. Þinglýstur beitarssamningur á 72 ha til 2030.

Hús og land þarfnast viðhalds en bjóða upp á möguleika til landbúnaðar, ferðaþjónustu og annarrar starfsemi.

Eignin selst í núverandi ástandi.

Óskir um nánari upplýsingar sendast á eignasala@fsre.is. Einnig er hægt að skoða nánar á fasteignavefnum fjölmiðla.


DIAMOND LÍFRÆN SKÓLPHREINSISTÖÐ

Einföld, áreiðanleg og fyrirferðalítill



IDNVER

Sími 517 2220 | www.idnver.is



Kolefnisskógrækt og notkun flygilda (dróna) í skógmælingum

Landbúnaðarháskóli Íslands tekur þátt í þriggja ára alþjóðlegu rannsóknarverkefni sem styrkt er af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (Northern Periphery and Arctic Programme, NPA). Verkefnið ber heitið **FORESTCARBONVISION** og er unnið í samstarfi við **GREEN SKIBBEREEN** á Írlandi, **Natural Resources Institute (LUKE)** og **Oulu University of Applied Sciences** í Finnlandi. Markmið verkefnisins er að þróa og bæta aðferðir til að meta kolefnisbindingu og lífmassa skóga með samþættingu fjarkönnunargagna og vettvangsmælinga. Í verkefninu er lögð sérstök áhersla á notkun flygilda (dróna) til að safna nákvæmum gögnum um vöxt og kolefnisbúskap skóga. Slíkar aðferðir geta einnig auðveldað vöxtun á breytingum í skógum yfir tíma og þannig stutt við stefnumótun í loftslagsmálum og sjálfbæra þróun skógræktar.

FORESTCARBONVISION miðar þannig að því að þróa áreiðanlegar og hagkvæmar aðferðir til að kortleggja og vakta kolefnisbindingu skóga á norðlægum slóðum.



Ljósmynd úr dróna, vel má greina hinar ýmsu trjategundir, t.d. stafafuru, sitkagreni og víði.

Kolefnisskógrækt

Kolefnisskógrækt er skógrækt sem hefur það sem meginmarkmið að binda kolefni úr andrúmslofti og draga þannig úr styrk gróðurhúsalofttegunda. Tré taka upp koltvísýring (CO_2) við ljóstillífun og geyma kolefnið (C) í stofni, greinum, rötum og jarðvegi. Með nýskógrækt má auka kolefnisbindingu sem mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum.



Emmanuel Pierre Pagneux.



Ólafur Eggertsson.

Kolefnisskógrækt getur farið fram sem hluti af hefðbundinni nytjaskógrækt eða verið sérstaklega skipulögð með kolefnisbindingu sem aðalmarkmið, til dæmis í tengslum við valkvæða kolefnismarkaðinn, þar sem íslensk fyrirtæki og einstaklingar geta framleitt og selt kolefniseiningar án þess að það sé lögbundin krafa.

Hérlendis hefur kolefnisskógrækt

fengið aukið vægi á síðustu árum, ekki síst vegna skuldbindinga landsins í loftslagsmálum og aukinnar vitundar almennings og fyrirtækja um kolefnisspor sitt. Ísland er að mestu skóglaut, aðeins 2% af landinu eru vaxin skógi eða kjarri. Víða eru rofin og illa farin landsvæði eftir aldalanga ofbeitt og skógeyðingu. Endurheimt skóga og uppgræðsla lands getur því haft tvíþætta ávinning: annars vegar að binda kolefni og hins vegar að bæta jarðveg, draga úr rofi og auka líffjölbreytni.

Skiptar skoðanir eru á því hvernig og hvar best sé að stunda skógrækt. Við undirbúning skógræktar getur orðið rask á landi, sem í sumum tilvikum leiðir til þess að kolefni losnar úr jarðvegi. Þetta getur dregið úr loftslagsávinningi aðgerðarinnar, sérstaklega fyrstu árin. Hversu mikil losunin er fer þó eftir stadháttum og því hvernig að framkvæmdum er staðið. Einnig hafa komið fram áhyggjur af áhrifum skógræktar á umhverfið. Skógrækt á opnum svæðum getur breytt landslagi og haft áhrif á berjalönd og búsvæði vaðfugla. Á móti kemur að á öðrum svæðum getur skógrækt og uppgræðsla lands aukið líffjölbreytni og skapað ný og betri búsvæði t.d. fyrir fugla. Með því að velja rétt svæði, nota víðeigandi trjategundir og taka mið af umhverfisaðstæðum er hægt að auka ávinning skógræktar fyrir loftslag, náttúru og samfélag.

Aðstæður til skógræktar á Íslandi eru sérstakar. Loftslag er kalt og vaxtartími stuttur miðað við mörg önnur lönd, sem þýðir að vöxtur trjáa er yfirleitt hægari. Hins vegar geta sumar trjategundir, svo sem lerkí, greni og stafafura vaxið vel við íslenskar aðstæður ef rétt er staðið að vali á kvæmum og staðsetningu. Rannsóknir á uppruna og aðlögun trjategunda hafa skipt miklu máli til að tryggja góða lífun og vöxt, sem aftur hefur bein áhrif á kolefnisbindingu til lengri tíma.

Kolefnisskógrækt á Íslandi þarf að taka mið af landnotkun, náttúruvernd, forminjum og samfélagslegum þáttum. Mikilvægt er að velja svæði þar sem skógrækt hentar, til dæmis rofið land eða lítt gróðið svæði, fremur en að planta skógi í öröskuð vistkerfi eins og votlendi sem getur sjálft bundið mikið kolefni.

Kolefnismarkaðir hafa opnað ný

tækifæri fyrir íslenska landeigendur. Með vottuðum verkefnum er hægt að selja kolefniseiningar sem byggja á mældri og staðfestri bindingu. Til að slíkt kerfi virki þarf þó áreiðanlegar mælingar, skýrar reglur og langtíma stefnu um vernd og umhirðu skóganna. Þar liggja bæði tækifæri og áskoranir fyrir Ísland á komandi árum.


Í heild sinni er kolefnisskógrækt mikilvægur þáttur í loftslagsaðgerðum Íslands. Hún er þó ekki ein og sér lausn á loftslagsvandnum, heldur hluti af stærri heild sem felur einnig í sér samdrátt í losun, endurheimt vistkerfa (t.d. myrlendis) og sjálfbæra landnýtingu. Með vandaðri skipulagningu, rannsóknum og samvinnu getur kolefnisskógrækt orðið öflug leið til að styrkja bæði umhverfi og byggðir landsins til framtíðar.

Hvað er LiDAR-tækni og hvernig gagnast hún í skógrækt?

LiDAR (Light Detection and Ranging) er fjarkönnunartækni sem byggir á notkun leysigeisla til að mæla fjarlægðir. Leysirinn er sendur frá flugvél, flygildi eða færanlegri stöð á jörðu og endurkast geislans er mælt þegar hann lendir á fyrirstöðu, svo sem jarðvegsyfirborði, mannvirkjum, trjágróðri eða öðrum hlutum. Út frá þessum mælingum er hægt að vinna nákvæmar þrívíðar upplýsingar um yfirborð lands, gróður og mannvirki.

LiDAR-mælingar skila hins vegar svokölluðu punktaskýi, þar sem hver punktur hefur bæði staðsetningu og hæð. Slík gögn gera kleift að greina byggingu gróðurs í þrívídd, þar á meðal hæð og lögun trjáa, sem og hæð og þekju lágróðurs. LiDAR-mælingar gefa okkur lóðréttu viddina, en loftmyndir sem oft eru teknar samhliða LiDAR-mælingum styrkja okkur í öðrum greiningum t.d. tegundagreiningum. LiDAR-gögn nýtast meðal annars til að meta hæð og þéttleika skóga, áætla lífmassa og fylgjast með breytingum í skógum yfir tíma. Tæknin getur því verið mikilvægt verkfæri við skipulagningu skógræktar, mat á vexti og framleiðni skóga og við rannsóknir á kolefnisbindingu

Tegund	Fjöldi trjáa	Lágmarkshæð (m)	Hámarkshæð (m)	Meðalhæð (m)	Hæðarbil (m)	Staðalfrávik (m)
Stafafura	4.382	1,0	7,4	3,3	6,4	0,9
Sitkagreni	11.470	1,0	8,3	4,1	7,3	1,4
Víðir og önnur lauftré	692	1,0	7,3	3,6	6,3	1,2



Við erum með sex verslanir á landinu með mikið úrval af rekstrarvörum og lyftibúnaði fyrir landbúnað, sjávarútveg, matvælavinnslur, byggingariðnað og aðra starfsemi.

HAMPIDJAN

hampidjan.is/verslun · <https://vefverslun.hampidjan.is>

Reykjavík

Skarfagarðar 4
Sími 530 3333

Ólafsvík

Ólafsbraut 19
Sími 436 1214

Ísafjörður

Suðurtangi 14
Sími 470 0830

Akureyri


Norðurtangi 1
Sími 841 1322

Neskaupstaður

Naustahvammur 49
Sími 470 0807

Vestmannaeyjar

Friðarhöfn
Sími 664 3340



LiDAR mynd sem sýnir hæðarlitað punktaský (skásýn, úr lofti)



LiDAR mynd sem sýnir litrofsliða punktaský sem tekin er lárétt (hliðarsýn).

skóga og annarra vistkerfa. Endurteknar LiDAR-mælingar ásamt loftmyndagreiningum gerir okkur kleift að fylgjast með vexti og útbreiðslu skóga yfir ár og áratugi, greina áhrif ytri áfalla (t.d. skordýrafaraldra) og meta árangur landgræðslu og skógræktaraðgerða.

Tilraunaverkefni í Hvalfirði, fyrstu niðurstöður

Sem tilraunasvæði var valinn um 10 ha skógur við Ferstiklu í Hvalfirði sem er í eigu Rúnars Vífilssonar skógfræðings. Skógurinn var gróðursettur upp úr aldamótum og hefur vaxið mjög vel síðustu árin. Helstu trjátegundirnar í skóginum eru víðir, stafafura og sitkagreni. Rúnar hefur verið duglegur að hirða um skógin og framkvæmt reglulega skógmælingar í föstum reitum.

Vettvangsvinna fór fram í byrjun október 2025. Við gagnasöfnun var notast við dróna búinn litrófsmýndavél og LiDAR-skanna til að meta samsetningu skógarins, hæðir trjáa og krónuþekju á tilraunasvæðinu. Fyrsta greining gagna úr þessu tilraunaflugi veitti upplýsingar um fjölda trjáa eftir tegundum, hæðardreifingu og krónuþekju.

Fyrstu niðurstöður eru sýndar í töflu hér til hliðar.

Útreikningar á krónuþekju, þar sem miðað er við 100% þekju trjákrónu, bendir til þess að stafafuran þeki um 1,2 ha, sitkagrenið um 5,2 ha og lauftré um 0,2 ha. Heildarflatarmál krónuþekjunnar

á rannsóknarsvæðinu er því áætlað sem 6,6 hektarar. Heildarstærð þess skóglendis sem var kortlagt í þessari rannsókn var 11 hektarar, sem samsvarar um 60% krónuþekju fyrir svæðið í heild. Samtals voru skráð 16.000 tré innan rannsóknarsvæðisins. Þegar miðað er við heildarflatarmál svæðisins sem flogið var yfir (11 ha) gefur það meðalþéttleika upp á um 1.500 tré á hektara. Síðar munum við bera saman niðurstöður við mælingar Rúnars á vettvangi.

Niðurstöðurnar benda til þess að drónatækni, þar sem samþætt eru litrófsgögn og LiDAR-mælingar, geti líklega veitt nákvæmar upplýsingar um byggingu skóga, þéttleika og útbreiðslu krónuþekju. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar við mat á lífmassa og kolefnisbindingu skóga.

Í desember 2025 var skógurinn síðan grisjaður lítillga. Fyrirhugað er að framkvæma sambærilega vettvangsvinnu haustið 2026. Sú rannsókn mun vonandi veita upplýsingar um hversu mikill lífmassi var fjarlægður við grisjunina og hvernig þéttleiki skógarins hefur breyst í kjölfar hennar. Einnig verður skoðað hvort greina megi breytingar í vexti og byggingu skógarins með samanburði á drónamælingum milli ára.

Ólafur Eggertsson er dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands og sérfræðingur hjá Landi og skógi. Emmanuel Pierre Pagneux er dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands.



BORUM EFTIR HEITU OG KÖLDU LAGNALEIÐIR FYRIR VARMADÆLUR



LANDBOR
arnartangi@simnet.is



821 9019
840 2233

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Varmahlíð undir Eyjafjöllum – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan að Varmahlíð undir Eyjafjöllum tekur til sex byggingarreita sem þegar hefur verið byggt á. Tillagan gerir ráð fyrir stækkunarmöguleikum og breyttri notkun undir ferðapjónustu.

Fossengi úr landi Brúar við Auraveg – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan að Varmahlíð undir Eyjafjöllum tekur til sex byggingarreita sem þegar hefur verið byggt á. Tillagan gerir ráð fyrir stækkunarmöguleikum og breyttri notkun undir ferðapjónustu.

Garðatún úr landi Stóra-Moshvols – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 3,7 spildu úr Stóra-Moshvoli 2, L199620. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að reisa frístundahús á einni hæð eða 160 m² að flatarmáli. Hámarkshæð er 4,5 og þakform er marghalla. Einnig verður heimilt að byggja 120 m² gestahús og bílskúr af sömu stærð.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 17. mars 2026.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 30. apríl 2026.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega í Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra



RANGÁRÞING
EYSTRÁ

Vema TRACK®

FYLGIHLOTIR FYRIR VINNUVÉLAR



Drifhjól



Gúmmibelti



Hliðardrif



Keðjur



Framhjól



Rúllur



Manst þú eftir náttúrunni?

Manstu eftir að bretta upp buxnaskálmur og dýfa litlum fótum ofan í glitrandi strauminn? Vaða í læknum og finna litlar steinvölur og mjúkan leir þrýstast á milli tanna? Hlusta á heillandi tónverk vatnsins, þegar það leikur við fótleggina, steinana og bakkann? Heyra kannski í býflugu, skógarþresti eða hrossagauk?

Manstu eftir björtum kvöldum, máluðum af bleikum himni og heiðlóusöng? Ganga berfætt/ur í grasinu, fætunnir rakir af döggi. Fylgjast með álfum á flugi, heyra krumma krunka í fjarska og óska þess innst inni, að sumarið gæti verið eilíft?

Manstu eftir að handleika veiðistöng í fyrsta sinn? Litlar hendur prófa að snúa hjóli og hifa upp litrikan spún? Horfa yfir tært og fallett vatnið, ímynda þér að þú sjáir fiskana skjótast um sín votu heimkynni, viss um að þeim þætti spennandi að smakka spúninn þinn. Manstu eftir að veiða litinn fisk? Kannski var það bleikja, sem bragðaðist eins og allur heimurinn þegar mamma var búin að steikja hana á pönnu með smjöri og kryddi.

Manstu eftir að sjá lítið hreiður í lynginu? Fagurlöguð eggin, lítil hífýli ófæddra fugla? Kannski voru fjaðrir af foreldrum þeirra með í hreiðrinu, til þess að allt væri mjúkt og hlýtt. Eins og dúnsængin sem þú áttir í rúminu þínu heima. Manstu eftir að skoða þessi litlu egg með forvitni og aðdáun?

Syngjandi glöð með að vera komin hingað

Manstu eftir útilegunni? Tjalda á grænu túni við fallett vatn eða inni í grænum skógi. Hjálpast að við að banka á tjaldhæla með steini og hlusta á fuglasönginn óma um loftið á meðan ómótstæðileg angan af grilluðum pylsum gaf góð fyrirheit? Busla í vatninu langt fram á kvöld og fylgjast með litlum andarungum læra að synda og kafa.

Manstu eftir að heyra í fyrstu lóunni að vori? Finna eitthvað tendrast innra með þér, loforð um sól og vor með hlýlegum bjarma. Fylgjast með þessari litlu divu hoppa um móann og leita að góðum stað til þess að ala börnin sín. Syngjandi glöð með að vera komin hingað. Til Íslands, þar sem hún hefur komið á hverju ári á þessum tíma. Vorboðinn ljúfi.

Vissir þú að vistkerfi landsins okkar eru viðkvæm? Vissir þú að náttúran fyrirfinnst ekki í excel skjölum með formúlum og fyrirséðum útreikningum, heldur er hún sibreytilegur og flókinn heimur lífs og dauða? Eins og barnið sem fylgist með hreiðri eða andarungum að læra fyrstu sundtökin, þá ættum við öll að fylgjast með af samhygd, forvitni og auðmýkt. Ekki drottna, ekki breyta um of og ekki traðka á.

Þá fer ósjálfrátt að halla á heilsu náttúrunnar

Samvistir manna og náttúru eru ekki í góðu jafnvægi á heimsvísu. Þegar við tökum meira en við þurfum, mengum, stíflum og eyðum náttúrulegum svæðum meira en góðu hófi gegnir - þá fer ósjálfrátt að halla á heilsu náttúrunnar, sem birtist í hnignun vistkerfa.

Gleymum ekki öllum þeim stundum, sem við höfum átt í faðmi náttúrunnar í gegnum lífið.

Þessar stundir eru ekki sjálfsagður hlutur. Ef við viljum að komandi kynslóðir fái að njóta slíkra stunda líka, þá verðum við að staldra við og stíga varlega til jarðar. Aldrei hefur farið meira



„Erlent fjármagn seilist í náttúruvernlurnar okkar, hverja af annarri, með vindorkugarða, gagnaver og sjókvíaeldi í rassvasanum og engin skýr sýn tilbúin um það hvernig við ætlum að passa að ekki verði farið offari,“ skrifar Rakel Hinriksdóttir.

Mynd / Aðsend

fyrir framkvæmdum sem ganga á votlendi, breyta vistkerfum fallvatna, ógna fjölbreyttum svæðum með einhæfri skógrækt, ógna fuglalífi með risavöxnum vindmyllum, eða ógnar heilbrigði fjarðanna okkar og villtu fiskistofnunum með opnum sjókvímum fyrir laxeldi. Svo ekki sé talað um að þrengt er verulega að okkar dýrmætu víðernum með orkuvinnslu og hranalegri uppbyggingu ferðamannastaða.

Náttúruverndarsamtök hafa magnað upp slagkraft sinn í ljósi þess að náttúran á enga rödd á þingi þessa stundina og ráðherra umhverfis- orku og loftslags hefur steingleymt að hann er umhverfisráðherra. Virðingin fyrir vísindalegum rannsóknum og umhverfismati er lítil sem engin og vernd svæða í gegnum rammaáætlun er engin. Það er bókstaflega ekki búið að setja nein svæði í verndarflokk. Þvert á móti hafa svæði með hátt verndargildi verið sett í bið og vindorkuver í Garpsdal sett í nýtingu án þess að búið sé að rannsaka áhrif á viðkvæman stofn hafarnarinn.

Undirbúningur við vindorkuver

Erlent fjármagn seilist í náttúruvernlurnar okkar, hverja af annarri, með vindorkugarða, gagnaver og sjókvíaeldi í rassvasanum og engin skýr sýn tilbúin um það hvernig við ætlum að passa að ekki verði farið offari. Gott dæmi er að undirbúningur við vindorkuver eru hafinn víða, þó að lagaramminn utan um vindorku sé ekki tilbúinn. Ríkisstjórn Valkyrjanna þarf verulega að lita sér nær, og ákveða hvort að þau

vilji fara í sögubækurnar sem ríkisstjórnin sem seldi Ísland.

Mín upplifun er sú, að mörg sem kusu Samfylkingu eða Viðreisn hafi náttúruverndarharta. Vitandi það, að atkvæði þeirra væri kastað í vindinn ef Vinstri Grænir eða Píratar yrðu fyrir valinu, þar sem skoðanakannanir sýndu gríðarlega lítið fylgi á þeim bæjunum. Ég er ekki viss um, að það sé almenn ánægja hjá kjósendum þessara flokka, með orkuöflunarofvirkni, áframhaldandi sjókvíaeldi og virðingarleysi fyrir aðvörunarröddum náttúruvísindafólks, sem virðist einkenna framgöngu ríkisstjórnarinnar um þessar mundir. Síðasta útspil er að einfalda leyfisveitingar og greiða götu framkvæmdaáðila, á kostnað réttinda landeigenda og náttúrunnar.

Gakktu með okkur

Enginn stendur upp og stígur í pontu á Alþingi Íslendinga, til þess að grípa í bremsuna. Eg er búin að horfa á umræður um flokkun í rammaáætlun, og það er skelfilegt að fylgjast með. Náttúran á enga rödd í þessum sal, sem þýðir að röddin verður að hljóma frá götunum.

Á sumardaginn fyrsta efna náttúruverndarsamtök til Grænnar göngu og samstöðu með náttúru Íslands. Gakktu með okkur, og taktu með þér allar góðu minningarnar af ókastundum í náttúrunni, allar lóurnar, bleikjurnar, kvöldsólinu og lækjarniðinn.

Komdu með, og sýnum í verki að okkur er ekki sama.

Höfundur er formaður SUNN, Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi.

Loftslags- og orkupólitík sem gagnast bændum

Frá því að ný ríkisstjórn tók við höfum við beitt Loftslags- og orkusjóði með markvissum hætti til þess að yta undir framþróun og tæknivæðingu í landbúnaði. Um leið höfum við unnið að lagabreytingum til þess að tryggja fulla jöfnun dreifikostnaðar raforku í samræmi



Jóhann Páll Jóhannsson.

við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar og verður frumvarp þess efnis lagt fyrir Alþingi í lok marsmánaðar. Með þessu mun raforkureikningur fjölda bænda um allt land lækka.

Síðasta vor réðumst við, í fyrsta skipti í áratugi, í skipulegan fjárfestingarstuðning við framleiðendur garðyrkjuafurða vegna kaupna á LED-ljósum og öðrum orkusparandi búnaði í gróðurhúsum. Samtals höfum við stutt garðyrkjubændur um 260 milljónir króna og samkvæmt mati Umhverfis- og orkustofnunar nemur raforkusparnaður af aðgerðunum 17,8 GWst sem jafngildir árlegri raforkunotkun 3.900 heimila.

Nú á öðru ári ríkisstjórnarinnar göngum við lengra og horfum til fleiri greina landbúnaðarinnar. Nýlega gerði ég breytingu á reglugerð um Loftslags- og orkusjóð og fól sjóðnum að annast úthlutun styrkja til loftslagsvænna tæknilausna í landbúnaði, meðal annars til þess að styðja við skilvirka

áburðardreifingu með tilheyrandi sparnaði vegna áburðarkaupa. Ekki veitir af þessa dagana þegar horfur eru á hækkanði áburðarverði vegna stríðsátaka í Miðaustralíu.

Nú í mars úthlutaði Loftslags- og orkusjóður samtals 80 milljónum króna til 42 slíkra verkefna. Þetta eru kaup á GPS-stýrdum áburðardreifurum, bættri tækni fyrir lífrænan áburð, dráttarvélum, sáningarvélum og svona mætti áfram telja. Aætlaður samdráttur vegna þessarar loftslagsaðgerðar nemur 1.007 tonnum CO2-íg/ári. Það samsvarar um 18% af allri losun gróðurhúsalofttegunda vegna áburðarnotkunar árið 2024. Ávinningurinn er fjölbættur. Hann felst ekki aðeins í minni losun gróðurhúsalofttegunda heldur líka í rekstrarsparnaði í búrekstri, betri meðferð á takmörkuðum auðindum og minni vistkerfisröskun.

Tækifærin til orkusparnaðar, aukinnar sjálfbærni og samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda eru gríðarleg í íslenskum landbúnaði. Frá því ég tók við embætti umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hef ég reynt að nýta öll þau verkfæri sem ég hef til þess að styðja bændur á þessari vegferð. Þetta er loftslags- og orkupólitík sem er góð fyrir bændur, góð fyrir hinar dreifðu byggðir á Íslandi og skilar sér í aukinni framleiðni, fæðuöryggi og verðmætaköpun.

Höfundur er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Varðveisla Guðmundarlundar

Guðmundarlundur í Vatnsendahlíð í vatnsendalandi er eitt vistlegasta útsvæði Kópavogs og algjör perla fyrir fjölskyldur og ungmenni. Lundinum er einstaklega vel við haldið af Skógræktarfélagi Kópavogs sem heldur nú úti flottu leiksvæði fyrir börn, mini-golf velli, frisbí-golf velli, útigrillum, salernisaðstöðu og hefur Skógræktarfélagið m.a. staðið fyrir Ævintýri í Jólaskógi við góðar undirtektir. Talið er að um 200.000 manns heimsæki Guðmundarlund árlega.



Beitir Ólafsson.

Nú er þó svo komið að ekki er hægt að fresta mikilvægru fjárfestingu á svæðinu sem hefur setið á hakanum allt of lengi.

Rafmagns- og vatnsæðar eru ekki nægilega sverar til þess að anna eftirspurn. Þetta er ekki bara öryggismál heldur hefur þetta einnig áhrif á vænleika á útleigu veislusalarsvæðisins. Rafmagni slær ítrekað út og svarar vatnsæðin ekki magni og þrýstingi. Í sinubrunanum um daginn ætlaði slökkvilið höfuðborgarsvæðisins að tengjast brunahananum í lundinum en þurftu að nota dælu svo nægt vatnsmagn og þrýstingur næðist upp til að geta sinnt slökkvistarfinu.

Húsakostir á svæðinu eru tveir, annarsvegar Gamla Húsið sem Skógræktarfélagið á og er með afnot af fyrir sína starfsemi og hinsvegar nýtt félags- og þjónustuhús sem er jafnframt fræðslusetur og veislusalur, Nýja Húsið.

Gamla húsið stendur undir nafni og er bara tímaspursmål hvenær það verður ónothæft. Þessu

hafa starfsmenn svæðisins og stjórnendur í leik- og grunnskólum áhyggjur af. Á svæðinu hefur útikennsla aukist til muna og fá börn í Kópavogi mikilvæga útivist, fræðslu og tengingu við náttúruna og hafa nýtt Gamla húsið til að hita mat og sem aðsetur ef t.d. barn meiðir sig eða veður verður vont. Er húsið einnig aðstaða starfsmanna og sumarstarfsmanna.

Skógræktarfélag Kópavogs hefur horft til gámaeininga í eigu Kópavogsbæjar sem nýttar hafa verið við Þingholtsskóla og Kársnesskóla sem mögulegan arftaka. Kennarar bera gámunum góða sögu og er tilvalið að nýta það sem bærinn á nú þegar.

Við í Miðflokknum í Kópavogi teljum að svara verði kalli á úrbótum á svæðinu í þágu Kópavogsbúa. Þegar horft er á heildarmyndina og til langs tíma þá snýst þetta um meira en bara að viðhalda grænu svæði. Þetta snýst um að auka aðgengi barnana okkar á öllum stigum skólakerfisins að útiveru og fræðslu, lýðheilsu og vana, öryggismál og margt fleira.

Guðmundarlundur er án efa eitt besta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins og hefur skapað sér stóran sess í hjarta íbúa, á Skógræktarfélag Kópavogs stóran þátt í því og skilið miklar þakkir fyrir.

Það er löngu tímabært að setjast niður og skipuleggja þetta fallega svæði til framtíðar. Varðveitum Guðmundarlund, hlustum á ákallið og framkvæmum í þágu Kópavogs.

Höfundur er byggingarverktaki og í 3. sæti á lista Miðflokksins í Kópavogi í komandi sveitarstjórnarkosningum.



TIL SÖLU

IÐNAÐARBIL / GEYMSLUR LÆKJARVÖLLUM VIÐ AKUREYRI

Verð
45,2 fm að norðan 17,9 m
45,2 fm að sunnan 19,0 m
Hægt er að fá milli loft í bilinn

FS fasteignir
Fasteignasala
FSFASTEIGNIR.IS

Friðrik Sigþórsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 694 4220
Fridrik@fsfasteignir.is

Svala Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími: 663 5260
Svala@fsfasteignir.is

Bændablaðið kemur næst út **16. apríl**



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri
560-5501
698-6655
pall@allt.is

ALLT FYRIR ÞIG

FAGMENNSKA OG TRAUST Í FYRIRRÚMI

Það sem er innifalið í minni þjónustu:

- Ljósmyndun og drónamyndir, teknar af atvinnuljósmyndara
- Opin hús og einkasýningar, þar til eignin selst
- Les yfir öll gögn tengd kaupum á nýri eign
- Aðstoð við verðmat og kaup á næstu eign
- Vandað verðmat, þar sem ég hef aðgang að öllum kaupsamningum úr þínu hverfi
- Frábær þjónusta

ÉG HELD UTAN UM ÞÍN FASTEIGNAVIÐSKIPTI OG FYLGI ÞÉR ALLA LEIÐ

ALLT eru fagmenn í öllu því sem viðkemur fasteignum og tókum við að okkur allt ferlið frá a-ö.

ALLT
FASTEIGNASALA

560-5500 | allt@allt.is

Atvinna- Bókhald

Bókvís ehf. óskar eftir að ráða nákvæman og áreiðanlegan einstakling í starf bókara/launafulltrúa.

Bókvís ehf. er í eigu Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Viðskiptavinir okkar eru einstaklingar og minni fyrirtæki en bændur eru þar í meirihluta.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almenn bókhaldsstörf og launaútreikningar
- Afstemmingar og uppgjör
- Vinna við ársreikninga
- Vinna við skattframtöl
- Önnur tilfallandi verkefni tengd fjármálum og rekstri



Menntunar og hæfniskröfur:

- Reynsla eða menntun í bókhaldi eða viðskiptafræði
- Góð tölvukunnátta, reynsla af DK æskileg
- Skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð

Umsóknir óskast sendar fyrir 7. apríl á netfangið hafdis@bugardur.is



MEIRAPRÓF fjarkennsla

Næstu meiraprófsnámskeið í fjarfundi:

19. mars,
30. apríl og 4. júní

Upplýsingar, verð og skráning á aktu.is





Aðilar í viðarvinnslu taka höndum saman

Skógar eru verðmæti í margvíslegum skilningi. Á alþjóðlegum degi skóga þetta árið var sjónum beint að því hvernig þessi verðmæti snerta hagkerfi eða efnahag heimsins, afkomu fólks, umhverfi og samfélag. Á Íslandi er lítill skógariðnaður enn sem komið er. Engu að síður fer sá iðnaður vaxandi og um þessar mundir er verið að hleypa af stokkunum samtökum aðila í viðarvinnslu hérlendis.

Alþjóðlegur dagur skóga er 21. mars að frumkvæði Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Deginum er ætlað að vekja athygli á mikilvægi skóga og trjáa fyrir umhverfi, samfélag og efnahag. Skógar gegna mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Þar er brýnt bæði að vernda skóga sem fyrir eru og breiða skóga út á ný þar sem þeim hefur hnignað. Lífríki skóga fóstur mikla fjölbreytni og er fólki lífsbjörg um allan heim. En mikilvægi trjáa og skóga í og við þéttbýli verður líka æ meira.

Skógar og hagkerfi

Þema alþjóðlegs dags skóga árið 2026 er skógar og hagkerfi. Með því er sjónum beint að því hvernig skógar og sjálfbær nýting þeirra gagnast efnahagslífinu, skapar störf og stuðlar að fjölbreytni og seiglu í samfélögum fólks. Lífsviðurværi hundraða milljóna jarðabúa stendur og fellur með skógum. Auk viðar og viðarafurða færa skógarnir okkur mat, tækifæri til margs konar framleiðslu og ýmis önnur nyt sem byggjast á gæðum skóganna.

Samt eru skógar ekki einungis uppspretta hráefna eða annarra efnislegra verðmæta. Þeir eru verðmæti í sjálfu sér, eins konar innviðir í bókstaflegri merkingu. Þeir veita fjölbreytta vistkerfisþjónustu, bæði fólki og öðrum lífverum. Þeir tryggja aðgengi að hreinu vatni, vernda jarðveg og stilla loftslag og veðurfar. Slík þjónusta hefur bein áhrif á framleiðni í til dæmis landbúnaði, við orkuöflun og í iðnaði, fyrir utan að auka lífsgæði fólks í þéttbýli og dreifbýli.

Innlegg í íslenskt hagkerfi

Á Íslandi eru skógar enn tiltölulega ungrir í samanburði við mörg önnur

lönd, en mikilvægi þeirra fer vaxandi með hverju árinu. Lengi hefur verið lögð áhersla á að rækta og endurheimta skóga til að efla landgæði, binda kolefni og búa til útivistarsvæði. Smám saman er athyglin líka farin að beinast að efnahagslegum tækifærum sem felast í sjálfbærri nýtingu skógarafurða.

Úrvinnsla timburs er að ryðja sér til rúms hér á landi. Jafnvel þótt hún sé enn á frumstigi bendir þróunin til vaxandi eftirspurnar eftir íslensku timbri og viðarafurðum, meðal annars í byggingariðnaði, hönnun og handverki en líka til orkuframleiðslu, í landbúnaði, hestamennsku og fleiru. Með aukinni þekkingu, tækni og fjárfestingu skapast tækifæri til að nýta skógarauðlindina betur og byggja upp verðmætasköpun innanlands. Mjór er mikill vísir fyrir íslenskan efnahag og hagkerfi.

Lífið í skóginum

Þessi þróun fellur vel að áherslum alþjóðlegs dags skóga 2026. Sjálfbær skógrækt og ábyrg nýting skóga getur styrkt byggðir, skapað störf og aukið fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Um leið er mikilvægt að tryggja að uppbygging skóga, umhirða og nýting þeirra fari fram með langtímasjónarmið að leiðarljósi, þar sem jafnvægi er milli efnahagslegra, vistfræðilegra og samfélagslegra þátta. Umræða um þetta var áberandi á Fagræðstefnu skógræktar sem fór fram á Hellu 18.-19. mars með yfirskriftinni „lífið í skóginum“. Sjá má erindin á Youtube-rás Lands og skógar.

Mörg dæmi mætti nefna af erindum á ráðstefnunni sem snertu á þema alþjóðlegs dags skóga. Aaron Shearer sagði til dæmis frá áhugaverðum doktorsrannsóknum sínum á mikilvægi trjáa og skóga í og við þéttbýli. Mikil var fjallað um gæðamál og ábyrga skógrækt, landval, tegundaval og fleira. Olivia Murray frá Skotlandi talaði um hvernig rækta mætti skóga þannig að þeir gögnuðust samfélögum í raun.

Í erindi Eiríks Þorsteinssonar kom fram að nú er í burðarliðnum samstarfsvettvangur aðila í viðarvinnslu á Íslandi, félag sem heitir einfaldlega Viðarmiðlun. Upplýsingar um félagið og aðilana sem að því standa má finna á www.skog.is/vm.

Höfundur er kynningarstjóri hjá Landi og skógi.



Orkunotkun í landbúnaði:

Kostnaðarliður sem hægt er að stýra

Orka er mikilvægur rekstrarliður í landbúnaði. Það skýrist ekki aðeins af því að rafmagns- og eldsneytiskostnaður hefur víða



Unnsteinn Snorri Snorrason.

hækkað undanfarin misseri, heldur líka af því að orka kemur við sögu í nær öllum verkum búans. Hún er notuð til að knýja mjaltabúnað, kælikerfi, lýsingu, loftfræstingu, dælur, fóðurkerfi og dráttarvélar. Ef eitthvað er má ætla að orkunotkun aukist enn frekar, á næstu árum, samhliða meiri sjálfvirkni og auknum tæknibúnaði. Þess vegna er afar mikilvægt að

horfa markvisst til orkunotkunar og líta á hana sem rekstrarlið sem hægt er að mæla, greina og draga úr með skynsamlegum aðgerðum.

Landbúnaður er þó ekki aðeins orkunotandi. Hann umbreytir líka orku í afurðir og getur jafnframt framleitt orku, til dæmis úr lífmassa, húsdýraáburði, sól, vindi eða öðrum staðbundnum auðlindum. Þar geta falist tækifæri til framtíðar, þó að slík þróun kalli jafnframt á varkárni og mat á samkeppni um auðlindir, ekki síst land og aðgengi að lífmassa.

Orkunotkun hefur ekki aðeins áhrif á kostnað búans, heldur líka á umhverfis- og loftslagsáhrif landbúnaðar. Hún tengist meðal annars losun gróðurhúsalofttegunda og því hvaða orkugjafar eru notaðir. Þess vegna snýst bætt orkunýting

ekki bara um lægri kostnað, heldur líka um sjálfbærari og öruggari rekstur.


Bein og óbein orkunotkun

Þegar rætt er um orku í landbúnaði er gagnlegt að greina á milli beinnar og óbeinnar orkunotkunar. Bein orka er sú sem bóndinn sér á sínum eigin reikningum, svo sem rafmagn, díselolía og önnur orka sem er notuð beint í búreksstrinum. Þar undir falla til dæmis dráttarvélar og vinnuvélar, rafmagn í útihúsum og orka sem fer í vinnslu, geymslu, kælingu, upphitun og þurrkun.

Óbein orka er hins vegar falin í aðföngunum sjálfum. Hún felst meðal annars í framleiðslu á áburði, framleiðslu og flutningi



Klippur og beygjuvélar



Stroffur
Naglar
Viralásar
Járnabakkar
Plastlistar og stjörnur
Kambar

Klippum og beygjum rúllustál í sjálfvirkri beygjuvél

Vir og lykkjur ehf • viroglykkjur@internet.is • 772-3200

á föðri, smíði véla og bygginga og vinnslu afurða utan búsinu. Þessi orka getur verið stór hluti af heildarorkunotkun landbúnaðar og því gefa eldsneytisnotkun og rafmagnsreikningar einir og sér ekki fulla mynd af orkunýtni búsinu. Þetta skiptir máli þegar bú eru borin saman, því tvö bú geta verið með svipaða vélanotkun og sambærilega framleiðslu en samt mjög ólíka heildarorkunotkun. Munurinn getur meðal annars legið í vali á aðföngum, almennri bústjórn og þeim tæknibúnaði sem notaður er.

Íslenskar aðstæður móta orkunotkun

Íslenskur landbúnaður starfar við sérstakar aðstæður þegar kemur að orkumálum. Loftslagið er kalt, vaxtartímabilið stutt og þörfin fyrir upphitun yfir vetrartímamann er mikil. Um leið býr landið yfir góðu aðgengi að endurnýjanlegri raforku og heitu vatni til upphitunar. Þetta mótast orkunotkunina með afgerandi hætti.

Þegar meta á orkunotkun er mikilvægt að skoða hana í samhengi við afköst og framleiðslu. Mikil orkunotkun er ekki sjálfkrafa merki um óhagkvæmni ef hún skilar meiri afurðum, betri gæðum eða minni vinnu á hverja einingu. Réttari mælikvarðar eru oft kílóvattstundir á hvern lítra mjólkur, á hvert kíló afurðar eða lítrar af díselolíu á hvert tonn framleiðslu.

Orkuöryggi

Samhliða umræðu um orkunotkun þarf einnig að horfa til orkuöryggis búsinu. Nútíma búrekstur er mjög háður stöðugu aðgengi að raforku og rafmagnsleysi getur á skömmum tíma haft áhrif á mjaltir, kælingu, vatnsöflun, loftræstingu, föðrun og þar með bæði dýravelferð og rekstraröryggi. Þess vegna er

mikilvægt að bændur hafi aðgang að neyðarafla, vararafstöðvum, rafgeymum eða öðrum lausnum sem geta tryggt lágmarksrekstur þegar truflanir verða í afhendingu raforku.

Á sama tíma er ástæða til að fylgjast vel með tækni sem tengist staðbundinni orkuframleiðslu og orkugeymslu á búum. Þar kunna að leynast tækifæri til framtíðar, bæði til að lækka kostnað og styrkja orkuöryggi, þó að slíkar lausnir fari ætíð eftir aðstæðum, umfangi og tæknilegri þróun.

Kortlagning á Hvanneyri

Við Landbúnaðarháskóla Íslands er unnið að verkefni þar sem verið er að kortleggja orkunotkun í fjósinu á Hvanneyri. Markmiðið er að fá skýrari mynd af því hvernig raforkan nýtist í daglegum rekstri, hvenær álag er mest og hvernig notkunin dreifist á milli ólíkra ferla í fjósinu. Með slíkri kortlagningu verður auðveldara að greina hvar helstu tækifæri liggja til að bæta nýtingu og draga úr kostnaði.

Verkefnið getur nýst beint til að bæta rekstur fjóssins á Hvanneyri, en hefur jafnframt víðara gildi. Með betri mælingum og skýrari greiningu verður auðveldara að ræða orkunotkun á faglegum grunni, meta kostnað af meiri nákvæmni og bera saman ólík fjós út frá framleiðslu og orkunotkun. Um leið getur þessi vinna lagt grunn að gagnlegum viðmiðum fyrir íslenskan landbúnað, þar sem sambærileg gögn hafa hingað til verið takmörkuð.

Hvernig spörum við orku?

Orkusparnaður í landbúnaði þarf ekki að þýða minni framleiðslu. Markmiðið er fyrst og fremst aukin skilvirkni, það er að vinna sama

verkið með minni orku, minni kostnaði og betri nýtingu búnaðar. Niðurstöður erlendra rannsókna sýna að markvissar aðgerðir til orkusparnaðar geta dregið úr orkunotkun um 5–15% án þess að skerða framleiðslu.

Fjögur skref skipta mestu máli þegar hugað er að orkusparnaði og innleiðingu nýrrar tækni:

- Mæla: Safna gögnum um orkunotkun á helstu tækjum og verkferlum.
- Aðlaga núverandi búnað: Bæta núverandi búnað, stilla kerfi rétt og hagræða við notkun.
- Fjárfesta í orkusparandi tækni: Endurnýja eða uppfæra búnað og tækni þegar það skilar lægri orkuþörf og betri nýtingu.
- Eftirlit með árangri: Fylgjast með hvort aðgerðir skili raunverulegum sparnaði og auknu rekstraröryggi, og endurmeta reksturinn eftir því sem ný gögn liggja fyrir.

Oft liggja fyrstu tækifærin í einföldum úrbótum. Þar má nefna réttar stillingar og notkun búnaðar, reglubundið viðhald, hreinsun kæli- og loftræstibúnaðar og betri einangrun á heitavatnslögnum og geymum. Þegar búið er að nýta þessi tækifæri má skoða tæknilegar umbætur, til dæmis bætt kælikerfi, varmaendurvinnslu, tíðnistýringu á mótörum eða orkusparandi lýsingu.

Þegar öllu er á botninn hvolft er orkusparnaður fyrst og fremst spurning um hagkvæmni. Við mat á aðgerðum þarf að spyrja þriggja einfaldra spurninga: Hvað kostar breytingin? Hvað sparast í rekstri? Og hvaða áhrif hefur hún á afköst og rekstraröryggi?

Höfundur er adjúntur við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Φ FJÁRHILDUR

Áttu fé? Við getum smalað því á rétta staði fyrir þig. Fjárhildur ehf. býður upp á *ahlíða bókhaldsþjónustu* fyrir fyrirtæki og einyrkja.

Sendu tölvupóst á info@fjarhildur.is og fáðu tilboð.

Fjárhildur ehf. - Grandagarði 16 - 101 Reykjavík



Skoðaðu úrvalið okkar á gorri.is | **GORRI EHF**

KOMDU SKIPULAGI Á HJÓLAGEYMSLUNA



Hjólarekkarnir frá Falco hámarka nýtingu á gólfplássi.

HJÓLALAUSNIR

hjolalausnir.is

Áreiðanleg dekk fyrir krefjandi aðstæður



Gæði og ending þegar mest á reynir.

Maxam landbúnaðardekk bjóða upp á framúrskarandi grip og einstaka endingu í öllum veðrum.

Hafðu samband við **Eggert B. Eggerstsson** í **590 5180** eða ebe@klettur.is og vertu vel dekkjaður fyrir sumarið.



www.klettur.is — 590 5100



Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2025–2037

Auglýsing skipulagsáætlunar

Þveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á 163. fundi sínum 9. desember 2025 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2025–2037 í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulag er stefnumótandi áætlun fyrir allt sveitarfélagið þar sem mörkuð er stefna um m.a. landnotkun, byggðapróun, samgöngur, þjónustukerfi og umhverfismál og varðar hún hagsmuni allra íbúa, landeigenda og fyrirtækja í sveitarfélaginu.

Skipulagsstilling er aðgengileg í Skipulagsgátt undir málnúmeri 123/2024, á heimasiðu Svalbarðsstrandarhrepps og á skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjatjarðar, Skólatróð 9, 605 Akureyri. Fyrirspurnir um málið má senda á sbe@sbe.is

Ábendingar og athugasemdir skulu berast í gegnum Skipulagsgátt í síðasta lagi 29. apríl 2026.

Sagnapáttur:

Einbúinn á Þelamörk

Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com



Haustið 1788 var Jóni Þorlákssyni veitt embætti sóknarprestis á Bægisá á Þelamörk í Eyjafirði. Þetta var þriðja brauðið sem hann þjónaði um ævina. Í bæði fyrri skiptin hafði farið illa. Hann orðið að segja af sér prestsembætti fyrir barneignir utan hjónabands. Það var þó ekki svo að Jón væri dæmigerður kvennaskelfir sem aldrei gat séð vinnukonur í friði heldur átti hann börn í bæði skiptin með sömu konunni, Jórinni Brynjólfsdóttur frá Fagradal á Skarðsströnd. Þegar Jón varð prestur á Staðarhóli í Saurbæ árið 1768, aðeins 24 ára, eða Saurbæjarþingum eins og prestakallið hét þá, kynntust þau skötuhjú, en þótt óljóst sé um nákvæmar ástæður, þá varð ekki af hjónabandi þeirra. Flestir sem um málið skrifa segja að Brynjólfur í Fagradal, faðir Jórunnar, hefði lagst gegn ráðahagnum. Höfðu menn það eftir Brynjólfi að heldur myndi hann flegja dóttur sinni í foss sem er uppi í Fagradal, Gullfoss, en leyfa henni að giftast Jóni. En ástin brann og Jórunn varð ólétt og eignaðist barn um einu og hálfu ári eftir að Jón kom í Saurbæinn. Biskup tók málið fyrir og svipti Jón kalli fyrir barneignir utan hjónabands árið 1770.

Blind ást

Jón hafði verið í þjónustu veraldlegra embættismanna áður en hann varð prestur. Faðir hans, Þorlákur Guðmundsson, hefur sem klausturhaldari og sýslumaður líklegast haft þar sitt að segja. Jón starfaði fyrst sem skrifari fyrir Magnús Gíslason amtmann, fyrsta íslenska amtmanninn, og síðan, þegar Magnús lést árið 1766, fyrir arftaka hans og tengdason, Ólaf Stephensen. Sviptur prestsembætti fór Jón nú aftur í þjónustu veraldarherra, en hélt sig í nánd við Jórinni, var í Hjarðarholti í Dölum og svo á Ballará á Skarðsströnd.



Af Hólafjalli, séð þvert yfir Öxnadal, berghlaupin og jarðirnar Hóla og Hraun. Mynd / Eric Vassar Howden.

Jón var harðákveðinn í að verða aftur prestur og fékk að lokum uppreisn eins og það var kallað árið 1772 og tók skömmu síðar við Stað í Grunnvík. Einhvern veginn hafði þeim Jórinni tekist að hittast áður en hann kvaddi Skarðsströndina og því hafði hann varla verið einn vetur á Stað en hann missti hennu að nýju, því aftur hafði Jórunn orðið ólétt og eignast barn honum kennt og sem hann gekkst liðlega við.

Jórunn hefur greinilega litið svo á að Jón væri maðurinn í lífi hennar því hún giftist aldrei. Jón orti kvæði til hennar þar sem hann rómar fegurð hennar og yndisleika og harmar örlögin: „falleg ertu, Jórunn!“ segir þar.

Þar með var Jón búinn að fyrirgera sínum möguleikum á prestskap í bili. Hann sneri sér að öðru, en fór ekki langt frá Fagradal, því nú fékk hann vinnu í hinni splunkunýju prentsmiðju Boga Benediktssonar í Hrapsey, fyrstu

prentsmiðju landsins sem ekki var undir stjórn kirkjulegra yfirvalda.

Í Hrapsey var hann svo kynntur fyrir heimasættunni Margréti, dóttur Boga, og giftust þau 1774, ári eftir að Jón kom í eyrna. Þau eignuðust eina dóttur en sambúðin gekk víst aldrei sérlega vel, ástarsagan vill að sjálfsögðu meina að Jórunn hafi aldrei liðið honum úr minni. En margt er skritið í kýrhausnum þegar kemur að ástarmálum. Þær Margrét og Jórunn voru nefnilega systkinabörn.

Ljóðabók í lifanda lífi

Jón Þorláksson átti því láni að fagna að vinna hjá einu einkareknu bókaútgáfunni á Íslandi. Hann hafði því tækifæri til að koma verkum sínum út á prent. Árið 1774 var gefið út safn kvæða og ljóðabýðinga hans, fyrsta veraldlega ljóðabókin sem gefin var út eftir íslenskt samtímaskáld á meðan það var enn

á dögum, og skáldið þá rétt þritugt.

Meginnefni bókarinnar voru þýðingar á kvæðum hins norska Christians Tullin en líka ýmislegt annað efni. Árið 1783 kom svo út heilt ljóðasafn eftir Jón, þar sem þýðingar skipuðu háan sess, en einnig sálmar og andleg kvæði og svo, undir bókarlok, öllu hressilegri ljóð um ýmislegt sem fyrir Jón hafði borið, svo sem kvæði um spænskan hrút sem fluttur hafði verið til Íslands í kynbótarskyni – tilraun sem ekki heppnaðist vel – og erfikvæði um kanarifugl sem Jón hafði greinilega átt og verið honum til gleði með garki sínu. Síðan orti Jón um um mús sem fannst dauð í kirkju, kvæði sem margir þekkja: „Ei er forvitnin öllum hent / einatt hún skaðar drótt“. En í hópi þessara dýrakvæða Jóns er þó líklegast hann Vakri Skjóni þekktastur sem nýttist eiganda sínum bæði lífs og liðinn. Jón hefur verið ansi skemmtilegur náungi.

Eftir margra ára stapp fékk Jón loks að nýju uppreisn og rétt til að þjóna sem prestur. Það var ekki síst fyrir atbeina nýs Hólabiskups, Árna Þórarinssonar. Var það gert að skilyrði að Jón myndi ekki þjóna í Skálholtsbiskupsdæmi og varð úr að hann fékk Bægisá í Eyjafirði.

Skáldjófurinn

Jón og Margrét, kona hans, höfðu frá því að þau giftust búið í Galtardal á Fellsströnd. Áhugamál þeirra voru ekki þau sömu. Eins og Margrét átti kyn til vildi hún græða fé og efla sitt bú, Jón vildi yrkja og lesa. Hann þótti alveg eindæmalélegur í praktískum málum og þegar hann kom norður í Hóla til að fá vigslu var hann svo fátækur að hann átti ekki klár undir sig, kom fótgangandi í hálfgerðum lörfum, þá orðinn 44 ára gamall. Árið eftir, 1789, tók hann við Bægisá.

Á næstu árum þýddi hann stórvirki bókmenntasögunnar, ábúðarmikil og alvarleg verk sem verður að segjast eins og er að afar fáir hafa lesið nú á dögum þótt mikið sé með þau látið. Hann hófst handa við að þýða Tilraun um manninn eftir Alexander Pope, sem umsvifalaust var prentuð og gefin út í gömlu prentsmiðjunni hans í Hrapsey sem nú var kominn undir hramm Stephensen-ættarinnar í Leirárgörðum. Næst hófst Jón handa við Paradísamissi Miltons, 17. aldar kvæði, byggt á trúarhugmyndum kalvinískra mótmælenda í Bretlandi um forákvörðun Drottins og hvort maðurinn hefði frjálstan vilja og edli góðs og illis, ekki beinlínis léttmeti.

Allt þetta gerði hann án þess að kunna annað en hrafl í frummáli þessara verka, enskunn, en byggði á öðrum þýðingum, sem síðan hefur verið síður meðal íslenskra þýðenda og þykir enn í allra besta lagi.

Hvort andi frumtextans skilaði sér í þessum verkum skal ósagt látið en skáldskapurinn „rataði til sinna“, ekki síst notkun Jóns á edduhættinum fornryðislagi til að þýða hina ensku stakhendu, órímaðan hátt, ættaðan frá Ítalíu, sem Englendingar tóku upp á sína arma og notuðu til að skrifa sínar heimsbókmenntir. Þar á meðal þeir Shakespeare og Milton.

Þegar Paradísarmissir kom svo loksins út á prenti í Kaupmannahöfn árið 1828 stóð stórum stöfum á tiltilsiðu: „Paradísarmissir, á íslensku snúinn af þjóðskáldi Íslendinga“. Jón hafði verið hafinn upp á stall sem eitt mesta góðskáld íslenskrar bókmenntasögu, en það segir kannski ýmislegt um vinsældir verksins að síðan hefur það ekki komið út í heild á prenti, þótt brot eða erindi úr því sé víða að finna.

Gigtveikur í lágri kytru

Jón Þorláksson var prestur í um 30 ár á Bægisá. Allan þann tíma vann hann að þýðingum stórvirkja bókmenntanna auk þess að semja bæði sálma og léttari kveðskap af ýmsum toga. Hann var konulus allan þennan tíma. Margrét hafði orðið eftir í Galtardal þegar hann fór norður árið 1789 og þau sáu aldrei framar. Lokastykkið í stórvirkjaþýðingum Jóns var þýðing hans á Messíasi eftir þýska 18. aldar skáldið Klopstock, og þar skildi þó Jón frummálið, en hann var vel að sér í þýsku. Lauk hann við verkið skömmu fyrir andlátíð.

Jón varð gigtveikur eftir því sem aldurinn færðist yfir hann. Til er lýsing á honum höltum og skökkuðum og kytrunni sem hann bjó í eftir enska prestinn Henderson sem heimsótti Jón á Íslandsferð sinni 1814. Sökum krankleika fékk hann aðstoðarprest sér til fulltingis og varð fyrir valinu Hallgrímur Þorsteinsson sem fyrst bjó á Hrauni í Öxnadal en síðar á Steinsstöðum. Eins og kunnugt er var hann faðir Jónasar skálds sem fæddist á Hrauni 1807. Var Jónas söknað barn Jóns á Bægisá fram til 1816 en þá var hann sendur fram í Eyjafjörð eftir að Hallgrímur faðir hans drukknaði í Hraunsvatni. Á síðan höfum við séð fyrir okkur að milli þeirra tveggja, Jóns og Jónasar, liggi leyndur þráður.



Góð íbúð í borgarmiðju



Falleg, björt og vel skipulögð 4 herbergja íbúð á 2. hæð við Hjaltabakka 14, 109 Reykjavík. 105,1 m². Byggingarár 1968.
Skjólssælur suðursvalir. Í kjallara á besta stað er 14 fm. geymsla sem fylgir íbúð. Hjólageymsla í sameign. Sameiginleg bílastæði við húsið. Snyrtileg sameign og góðir grannar. Leiksvæði í garði á milli húsa.
Húsið gert upp að utan og nýir gluggar 2020-2021.
Stutt í alla helstu þjónustu og samgöngur, skóla og leikskóla, góðar gönguleiðir og fallega náttúru.

**Nánari upplýsingar hjá Styrmi Þór Sævarssyni,
LF-fasteignasölu: styrmir@lf-fasteignasala.is, s. 846-6568.**

Vísnaðhornið

Ég fór ekki rétt með vísu **Heiðreks** í síðasta blaði, að sögn kunnugra. En hún á að vera svona og vonandi geta Húnavetningar fyrirgefið mér:

Það sem skilur okkur að er í raun og veru, að Húnavetningar þykjast það sem Þingeyingar eru.

Einnig mun ögn rangt farið með vísu **Rósbergs** um **Heiðrek** og skal leiðrétt enda skal hafa það sem sannara er:

Heiðrekur á sínum Saab suðrúr bænum æddi, suma meiddi, suma drap, en suma bara hræddi.

Eyjólfur Jónasson var f. á **Gillastöðum** í Laxárdal 1889 en flutti ungur að **Sólheimum** og var kenndur við þann bæ jafnan, hann var kunnur hagrýðingur. Eyjólfur mun hafa ort um sitt lífshlaup:

Ungur sá ég heiði háa, haldinn dável knár. Yfir flár og frerann bláa flaug á gráum klár.

Purfri ekki þæfða glófa, þá var í mér blóð. Treysti bara á harða hófa hunsaði hverja slóð.

Frændi Eyjólfur var **Jóhannes úr Kötlum** og var góð vinátta þeirra, um Jóhannes orti Eyjólfur og bætti við skýringum:

Jóhannes hefur jafna lund. (Ölvaður) Jagar hann til sín indæl sprund. (Bölvður) Postulins eitt sinn átti hund. (Mölvður) Alsæll fyrst á dauðastund. (Fölvður)

Jóhannes Kristjánsson eða **Dala Jói** frá **Bugðustöðum** var þekktur á sinni tíð af hagamælsku og hestamennsku. Þeir voru vinir, Dala Jói og Eyjólfur, sem fékk þessa vísu frá vini sínum:

Ég læt vaða öllu á, eldar hraðir glóa, eigðu blað með bögu frá Bugðustaða Jóa.

Ekki þarf að skýra þessa vísu sem Dala Jói orti:

Finnst mér ganga flest í vil fyrst ég hef á járnum, meðan ég á tuggu til töðu gef ég klárnum.

Gísli Ólafsson frá **Eiríksstöðum** var auðvitað þjóðkunnur fyrir sínar vísur:

Ef á borðið öll mín spil ætti ég fram að draga. Held ég yrðu skrytín skil á skuldum fyrri daga.

Og Gísli frá Eiríksstöðum lýsir sínum tilfinningum svona:

Finnst mér hæfa að hlægja dátt helst það svæfir trega þó að gæfan gefi smátt gullið ævinlega.

Flest í leyni fellir mann. Fátt vill meinum bægja. Lífsins eina ánægjan er að reyna að hlægja.

Jakob Jónsson frá **Varmalæk í Borg** orti þegar **Séra Ólafur Jens Sigurðs**, prestur í Hvanneyrar prestakalli, byggði sér tveggja hæða hús:

Mótin fyllast meðan drottins andi mildur svifur yfir þessu landi heiður og hreinn. Við horfum yfir handarverk að lokum hér var steypt úr fjöldamörgum pokum utan um einn.

Ekki veit ég hvern Jakob á Varmalæk yrkir um þessa vísu, en margir gætu passað við lýsinguna trúi ég:

Hefur námsins þunga þreytt þraut í tveimur álfum. Enda er svo til ekki neitt orðið af honum sjálfum.

Svona yrkir Jakob á Varmalæk um endurbyggingu á ótilteknu húsi:

Húsið reisir harðskeytt lið, hvílik sníll og kraftur. Nú telst það bráðum tilbúið til að fjúka aftur.

Umsjón: Magnús Halldórsson
Mhalldorsson0610@gmail.com



ÓDÝR

gleraugu
umgjörð og gler



Gleraugu með glampa og rispuvörn

19.900 kr.

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu

39.900 kr.

Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002



SIJÓNTÆKJAVERSLUN




Brettatjappar og staflarar með lithíum rafhlöðum

Þú sérð Microlift á

etna.is

og á Krókhálsi 1



Vönduð smíði - Nýjasta tækni

Etna ehf. • Krókháls 1, Reykjavík.

MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFÁRAFURÐA



Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn vegna 2026. Styrkhæf eru verkefni sem stuðla að aukinni verðmætasköpun íslenskra sauðfjárafurða. Nýsköpun, vöruþróun, kynningar- og markaðsstarf er styrkt.

Umsóknarfrestur framlengist til og með 7. apríl n.k.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá hafliði@icelandiclamb.is



Bilanaust

FYRIR FÓLK
Á FERÐINI

Skoðuðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

STÓRVERSLUN ÁLFABAKKA 4 109 Reykjavík S. 535 9000	Bildshöfða 12 110 Reykjavík S. 535 9000	Bæjarhrauni 12 220 Hafnarfirði S. 555 4800	Hafnargata 52 260 Reykjanesbæ S. 421 7510	Hrísmýri 7 800 Selfossi S. 482 4200	Furuvöllum 15 600 Akureyri S. 535 9085	Miðvangi 2-4 700 Egilsstöðum S. 471 1244
--	---	--	---	---	--	--

Myndlist og jarðskjálftamælingar

– Skjálfti er verk sem hreyfir við

Finnbogi Pétursson var valinn myndlistarmaður ársins á dögnum fyrir verkið Skjálfta.

Áratuglangt samtal Finnboga og Ragnars Stefánssonar jarðskjálftafræðings kristallast í verkinu sem sýnt var í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Logi Einarsson menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðgjafi veitti verðlaunin.

Lína samhlíða flekamótunum

Íslensku myndlistarverðlaunin voru veitt í níunda skipti og var Finnbogi Pétursson valinn myndlistarmaður ársins 2026 fyrir sýninguna Skjálfti í Listasafni Árnesinga.

Hugmyndin að því að skoða hreyfingar í jörðinni kviknaði fljótt eftir að boð um að sýna í safninu kom til enda mikið um skjálftavirkni á svæðinu. Verkið ætlaði Finnbogi að vinna með tengdaföður sínum Ragnari en hann lést í júní 2024 svo ekki varð af því. Verkið tók því óvænta stefnu.

Í skygðu rými sýningarsalarins lúrdi látlaust verkið. Fjögurra metra langt ljós speglaðist í jafnlangri spegilmúri á vegg, þar sem tveir ljósgeislar hreyfðust eftir fletinum í bylgjum sem sköruðust í sífellu og mynduðu samfellda hreyfingu. Spegilmynd áhorfandans færðist með honum og ólík sjónarhorn birtu bæði form og skuggamyndir sem hreyfðust í óræðum takti. Eldraut leirker var skorðað ofan í hvítan stöpl til hliðar og minnti helst á



Á verðlaunaafhendingunni sem fram fór 11. mars.

Mynd / Sunday & White Studio

brjóstmynd.

Á Tjörn í Svarfaðardal var Ragnar Stefánsson lagður til hvílu henni í eldrauðu leirkeri, enda þekktur fyrir að vera mjög vinstrisinnður. Leirkerin tvö mynda línu sem er samsíða skilunum á milli Ameríku- og Evrasíuflekans sem skipta Íslandi á milli tveggja heimsálfa. Kannski á milli tveggja heima. Flekaskilin voru stór hluti daglegs lífs Ragnars sem stjórnaði jarðeðlisfræðilegri vöktun og rannsóknunum á Veðurstofu Íslands í nær 40 ár.

Verkið vann Finnbogi í góðu samtali við fjölskyldu Ragnars. Í gróf hans kom hann fyrir jarðskjálftanema sem nemur minnstu hreyfingu í jörðinni. Upplýsingar um hreyfingarnar voru sendar inn í sýningarsalinn. Hreyfingar ljóssins sem áhorfandinn horfði á voru



Skjálfti frá 2025 í Listasafni Árnesinga í Hveragerði.

Mynd / Finnbogi Pétursson

því beint streymi af hreyfingum jarðar úr hvílu Ragnars sem var landsþekktur enda tíður gestur á skjáum landsmanna og var gjarnan kallaður Ragnar skjálfti. Það verður að segjast að upplifun af verkinu var kynngimögnuð.

Áratuglangt samtal

Finnbogi og Ragnar áttu í um fjörutíu ára löngu samtali. Þeir deildu enda áhuga og ástríðu á þessum ósýnilegu kröftum sem tíðni er og hafa báðir nýtt áratugi í að finna henni birtingarmyndir sem bæði gagn er af, upplifun og innblástur fyrir okkur hin. Annar fann sinni ástríðu farveg í jarðskjálftafræði, hinn í myndlist, þar sem hljóðbylgjur, ljósbylgjur og aðrar ósýnilegar bylgjur í umhverfinu spila stórt hlutverk.

Áhugi Finnboga á hljóðbylgjum og upptökum nær aftur til æsku. Hann var í Myndlista- og handíðaskólanum þegar Nýja málverkið hóf innreið sína og flestir samnemendur hans skiptu um hest í miðri á eins og



Leiði Ragnars Stefánssonar á Tjörn í Svarfaðardal.

Mynd / aðsænd

hann orðaði það, hentu frá sér öllu sem þeir voru með í vinnslu til að stíga þessa nýju öldu. Málverkið átti aldrei við Finnboga sem hélt sig við grúsk í hljóðvinnslu, blaðaði í erlendum myndlistarimartum sem bárust á bókasafn skólans og var ráðinn í sumarverkefni að byggja hljóðupptökuaðstöðu fyrir nýlistadeildina sem þá hét í skólanum. Það var mikil gerjun í myndlistinni á þessum tíma.

Jan van Eyck akademían í Hollandi varð fyrir valinu þegar Finnbogi valdi sér framhaldsnám, þar voru til Revox upptökutæki og það var allt sem hann dreyndi um. Hjólin tóku að snúast og Finnbogi fór fljótt að vinna að mjög stórum rýmisverkum þar sem hann nýtti ýmsa hljóðtækni, bjó til lúppur á segulbandi og tengdi við ýmsa hluti svo úr varð heildræn upplifun fyrir áhorfandann. Hver hugmyndin leiddi svo aðra.

Á Feneyjatvíæringnum, sem er elsti og virtasti alþjóðlegi myndlistarviðurður heims, var Finnbogi fulltrúi Íslands árið 2001 en þjóðum heims er boðið að taka þátt í svokölluðum þjóðarskálum sem ýmist eru á stóru sýningarsvæðunum, sem eru tvö, Giardini og Arsénale, eða í sýningarrýmum í borginni. Þetta árið var Ísland með skála Finnlands í láni og verkið Diabolus var innsetning sem byggði á tveimur sinusbylgjum sem mynda tónbil sem kallað hefur verið diabolus in musica og var bannað í kaþólsku kirkjunni á miðöldum.

Nýr mælipunktur í jarðskjálftanetið

Hugmyndir Finnboga og Ragnars og samtölin héldu áfram að þróast eftir því sem árin liðu. Störf Ragnars gjörbreyttu vöktun á jarðskjálftum og eldgosum á Íslandi. Hann stóð mjög framlega á sínu fagsviði á alþjóðlegum vettvangi og hafði frumkvæði að uppbyggingu mælikerfa og rannsókna til að lágmarka skaða af eldgosum og jarðhræringum. Ragnar hóf að þróa jarðskjálftanetið sem Íslendingar

reiða sig svo mjög á um miðjan níunda áratuginn og leiddi þróun þess um tveggja áratuga skeið.

Upplifun blaðamanns af myndlistarverkinu Skjálfta er að það sé eins konar teikning þar sem sífelldar ljóslínur eru dregnar eftir myndfletinum. Teikningin er lifandi og ófyrirsjáanleg. Spegillinn á einnig sínar táknaðar merkingar sem í sumum tilfellum tengjast hjátrú eða handanheimum, jafnvel eilífðinni og því er spegillinn mikilvægur hluti verksins. Hann bæði birtir áhorfandann hreyfingar jarðarinnar en býður einnig upp á hugmyndir um að horfa inn á við eða skyggjast inn í aðra heima.

Vísindamenn og rannsakendur Veðurstofu Íslands hafa vöskult auga með mælingum sem berast úr mælitækjum víðs vegar um land. Eftir samtal Finnboga við starfsfólk Veðurstofunnar varð úr að nýr mælipunktur mun bætast inn í netið, sá sem hann lagði í gróf Ragnars. Segja má að við það bráðni þessi verk þeirra saman og Ragnar muni samlagast netinu sem hann lagði sjálfur út og með því stuðla að enn frekara öryggi landsmanna um ökomna tíð.

Verk í opinberu rými

Myndlistarverk geta vakið áhorfandann til umhugsunar, veitt innblástur, kitlað skilningarvitin og örvað bæði gagnrýna og skapandi hugsun sem hverjum einstaklingi er gagnleg ef ekki nauðsynleg. Myndlistarmenn leita fanga á öllum fagsviðum og verk Finnboga eru dæmi um verk sem hafa skýra snertifleti við eðlisfræðina og gera hana áþreifanlega á sinn ljóðræna hátt.

Finnbogi hefur unnið verk sem eru öllum aðgengileg og eru staðsett í opinberu rými. Annars vegar er vatnsverkið Dýpi í Háskólanum í Reykjavík þar sem hljóðbylgjur mynda gáru á stórum vatnsfleti og hins vegar verkið Hringur sem er í Orkuveituhúsinu, í grafhýsi byggingarinnar og hefur undirtitilinn rafbylgja hljóðbylgja loftbylgja vatnsbylgja ljósbylgja. /eks

Íslensku myndlistarverðlaunin

Myndlistarráð stendur að baki verðlauninum sem hafa það að meginmarkmiði að vekja athygli á því sem vel er gert á sviði myndlistar hverju sinni. Myndlistarmiðstöð heldur utan um framkvæmd. Aðrir verðlaunaflokkar eru hvatningarverðlaun sem veitt eru listamanni snemma á ferli sínum sem að þessu sinni féllu í skaut Hildar Elísu Jónsdóttur fyrir gjörning á myndlistartvíæringnum Sequences XII. Sýningin Tímaflakk, umfangsmikil sýning á verkum Steinu var valin endurlit ársins en hún var unnin í samstarfi Listasafns Íslands og Listasafns Reykjavíkur. Hópsýning ársins var Hamraborg festival sem árlega fer fram í Kópavogi. Rúrí hlaut heiðursviðurkenningu og sagði í umsögn dómnefndar að í yfir 50 ár hafi Rúrí staðið vörð og haldið áhorfendum vakandi. Rúrí var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum árið 2003.

FAGFUNDUR SAUÐFJÁRRÆKTARINNAR

Haldið á vegum Fagrads í sauðfjarrækt

Laugardagur 11. apríl klukkan 12:30 til 15:40

Hótel Laugarbakkí

Setning

Sigurborg Hanna Sigurðardóttir, formaður fagrads í sauðfjarrækt

Nokkrar vörður og staksteinar úr kynbótastarfinu

Eypór Einarsson, RML

Innleiðing verndandi arfgerða og þróun skyldleikaræktar - hvernig

hefur gengið hingað til?

Jón Hjalti Eiríksson, LBHÍ

Skila skýrsluhaldsniðurstöður sér í veskið?

Guðfinna Harpa Árnadóttir, RML

Verðlaunaafhendingar

Áhrif tímalengdar kjarnfóðurgjafar á vöxt og afurðir lambgimbra

Logi Sigurðsson, Steinahlíð

Bergsstaðir á Vatnsnesi

Magnús Örn Valsson, Bergsstöðum

Gerðarmat lambaskrokka byggt á lengdarmælingum

Jón Hjalti Eiríksson, LBHÍ

Almennar umræður

Fundinum verður einnig streymt



Afþreying um páskana

Um páskana má gera sér ýmislegt til skemmtunar, en hér eru nokkur dæmi um afþreyingu dagana 29.mars-6.apríl þar sem má annaðhvort njóta útivistar, tónlistar eða jafnvel félagsskapar annarra á meðan maulað er á páskaeggjunum.

- Gamanleikritið Heilsugæslan verður á fjölonum í félagsheimilinu á Þingeyri, skírdag kl. 20 og föstudaginn langa kl.17. Um ræðir beittan og bráðfyndinn gamanleik þar sem tveir leikarar, þau Elfar Logi Hannesson og Rakel Björk Björnsdóttir, takast á við hlutverk sýningarinnar – og heilbrigðiskerfið í raun – í allri sinni dýrð og vitleysu. Miðasala er á www.midix.is, miðaverð 5.900 kr.

- Ísafjarðarbær auglýsir páskamarkað í Dokkuni Brugghús, en þar munu smáframleiðendur á Vestfjörðum kynna vörur sínar og hafa til sölu þann 4. apríl á milli klukkan 13-16.

- Ferðafélag Fljótsdalshéraðs býður upp á páskaeggjagöngu annan í páskum, þann 6. apríl, en um ræðir auðvelda göngu að vali fararstjóra. Brottför er áætluð klukkan 10:00 frá skrifstofu Ferðafélags Fljótsdalshéraðs, Tjarnarásí 8.

- Bókasafn Garðabæjar býður gestum sínum upp á leshring þriðjudaginn 7. apríl á milli klukkan 10:30–12:00. Leshringurinn hófst í lok janúar, þemað er „Nýlegt og norrænt, notalegt og napurt og ræddar verða bækur eftir sex höfunda í hverjum tíma“, eins og segir í lýsingu safnsins. Boðið er upp á kaffibolla og spjall um daginn og veginn auk þess sem nýir meðlimir eru boðnir velkomnir.

- Fyrir áhugafólk um borðspil þá eru Borðspilakvöld haldin alla þriðjudaga á Amtsbókasafni Akureyrar, ekkert þáttökugjald og allir velkomnir.

- Hátíðin Aldrei fór ég suður verður haldin á Ísafirði dagana 3.–4. apríl þar sem frábærir listamenn stíga á svið; Skítamóráll, Páll Óskar & Benni Hemm Hemm, Sykur, Amabadama, Alaska & Joey Christ, Úlfur Úlfur, Kælan mikla, Kusk og óviti, Chögma og Skúli Mennski.

- Sveitarfélagið Árborg efnir til ljósmyndakeppni barna í tilefni af Barnamenningarhátíð sem haldin verður á Vor í Árborg, dagana 22.–26. apríl 2026. Óskað er eftir sjónarhorni barna á sínar heimaslóðir en verðlaunamyndir verða prentaðar og til sýnis á ljósmyndasýningum í miðbæ Selfoss sem opna á opunarhátíð Barnamenningarhátíðar miðvikudaginn 22. apríl kl. 17 í miðbæ Selfoss. Umsóknarfrestur er til miðnættis 1. apríl og myndir þurfa að berast á netfangið barnamenning@arborg.is


- Varðskipið Óðinn sem liggur við Reykjavíkurhöfn, Grandagarði 8, býður gesti velkomna um borð, en boðið er upp á leiðsögn daglega klukkan 13, 14 og 15 allt til loka október. Í leiðsögninni eru þorskastríðin og björgunarsaga skipsins í brennidepli.

- Á páskadag, þann 5. apríl, geta árrisulir tekið þátt í hátíðargöngu út í Páskahelli í Norðfirði. Mæting er kl. 06 við Norðfjarðarvita á Bakkabökkum, en hann er staðsettur yst í Neskaupstað. Þar sem þéttbýlið endar, í Fólkvangi Neskaupstaðar, er hellisskúti sem heitir Páskahellir. Við hellinn er stigi niður í fjöruna þar sem komast má inn í hellinn. Þetta er skemmtileg leið sem sýnir fjölbreyttar náttúrumyndanir og hentar fjölskyldufólki vel.


Tvær sögur eru til af því hvernig hellirinn fékk nafn sitt. Annars vegar er sagt að á páskadagsmorgun megi sjá sólina dansa í hellinum. Hin sagan segir einnig að Bakkabóndi hafi þar forðum á páskadagsmorgun náð hami fríðrar selameyjar sem hafði ásamt fleirum úr liði Faraós gengið þar á land til gleðileika. Giftist bóndinn henni og áttu þau sjö börn. Náði hún þá haminum aftur og hvarf í sæ til annarra sjö barna. Seinna bætti sami bóndi kúakyn sitt með sænauti en hann náði að sprengja belg þess við Uxavog. Var talið að selkonan hafi þar sent fyrrum manni sínum björg í bú. /sp



STÍUR & GANGAR



GERÐI




REIÐHALLIR

ECORASTER®

Umhverfisvænar jarðvegsgrindur

- ✓ Auðveld uppsetning & lítið viðhald
- ✓ Endingargott & sterkt
- ✓ Fjölbreyttar lausnir
- ✓ Gott frárennsli

20 ÁRA
ÁBYRGÐVOTTADAR
GRINDURÁRATUGA
REYNSLA

Við hjálpum þér að velja réttar grindur fyrir þitt verkefni

ecoraster.is

431-1010



BÍLASTÆÐI



GÖTUR & STÍGAR



INNKEYRSLUR



Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

**Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.
Yfir 20 ára reynsla**

**Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar
og lónaðarhúsnæði**

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND

www.kaupland.is
sími 8449484

Styrkir

Átt þú rétt á styrk til jöfnunar flutningskostnaðar?

Þeir sem geta sótt um styrk eru einstaklingar og lögaðilar sem eru fjarri innanlandsmarkað eða útflutningahöfn og:

- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir c-bálg ÍSAT2008
- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir flokk 01.1 og/eða flokk 01.2 í a-bálg ÍSAT2008 enda sé varan fullunnin í söluhæfar umbúðir.

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars.

Um styrkina gilda lög um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011.

Nánari upplýsingar um styrkina má finna á www.byggdastofnun.is



BYGGDASTOFNUN

Sími: 455 51400

postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

BÆNDAGED
Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlíðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lungu
- Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína ræstast

baendaged.bondi.is



Inga Dóra Þórarinsdóttir og Eduardo Montoya, veitingafólk og eigendur Austan vatna. Á milli þeirra stendur Nanna Rögnvaldardóttir, rithöfundur og matarsérfræðingur. Þuríður Þorbergsdóttir og séra Gísli Gunnarsson, vígslubiskupshjón á Hólum, eru lengst til hægri. Myndir / Gunnar Rögnvaldsson



Nanna Rögnvaldardóttir flytur erindi sitt um matföng og matreiðslu á miðöldum.



Vígslubiskup býður gesti velkomna og kynnrir dagskrá. Fyrir framan hann situr kvæðamaðurinn ungi og áhugamaður um miðaldir, Niels Ómarsson, í viðeigandi klæðnaði. Honum á vinstri hönd sitja Hjalti Pálsson, fræðimaður frá Hofi, Magnús Óskarsson frá Sólvanesi. Hjördís Tobíasdóttir í Geldingarholti og Ragnheiður Guðmundsdóttir á Marbæli. Á hægri hönd situr bandarískur ferðamaður sem þótti mikið til þessa alls koma.

Hólar í Hjaltadag:

Gvendardagurinn haldinn hátíðlegur

Sunnudaginn 15. mars var Gvendardagurinn haldinn hátíðlegur á Hólum í Hjaltadal til minningar um Guðmund Arason sem kallaður var „hinn góði“ en hann var biskup á Hólum í 34 ár og lést þann 16. mars 1237.

Athöfnin hófst með guðsþjónustu í Hóladómkirkju þar sem séra Gísli Gunnarsson vígslubiskup þjónaði og félagar í skagfirnska kammerkórnum sungu en Jóhann Bjarnason lék á orgelið.

Guðmundur hinn góði

Að sögn Gunnars Rögnvaldssonar á Löngumýri í Skagafirði, sem kom litillega að skipulagningu viðburðarins, fór séra Gísli yfir lífshlaup Guðmundar í predikun sinni þar sem fram kom að hann hafi verið nokkuð umdeildur á stóli,



Maturinn sem boðið var uppá var bæði fallegur og góður. Bleikja, nauta- og lambakjöt, kjúklingur, sem Nanna nefndi að reyndar hefði frekar verið hænur á miðöldum. Flatbrauð, harðfiskur og meðlæti.

einkum af höfðingjum. Sagði þar enn fremur að í Víðinesbardaga árið 1208 sló í brýnu milli Kolbeins

Tumasonar og biskupsmanna sem lauk með falli Kolbeins en hann hafði þá ort sálminn heimsfræga „Heyr himna-smiður“.

Hjá séra Gísla hafi einnig komið fram að mildi Guðmundar við smælingja hafi skapaði honum á hinn bóginn vinsældir meðal þeirra, svo hann fékk viðurnefnið „góði“ sem merkir helgur maður. Víða um land megi því finna staði sem Guðmundur vígði og helgaði með kröftum sínum.

Eigi það við um Gvendarbrunnana, þó þekktust sé að öllum líkindum vígsla Guðmundar á Drangey.



Gunnar Rögnvaldsson.



Sera Gísli vígslubiskup predikar í Hóladómkirkju.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárpíngi eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Varmahlíð undir Eyjafjöllum– Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan að Varmahlíð undir Eyjafjöllum tekur til sex byggingarreita sem þegar hefur verið byggt á. Tillagan gerir ráð fyrir stækkunarmöguleikum og breyttri notkun undir ferðapjónustu.

Fossengi úr landi Brúar við Auraveg – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan að Varmahlíð undir Eyjafjöllum tekur til sex byggingarreita sem þegar hefur verið byggt á. Tillagan gerir ráð fyrir stækkunarmöguleikum og breyttri notkun undir ferðapjónustu.

Garðatún úr landi Stóra-Moshvols – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 3,7 spildu úr Stóra-Moshvoli 2, L199620. Tillagan gerir ráð fyrir að heimilt verði að reisa frístundahús á einni hæð eða 160 m² að flatarmáli. Hámarkshæð er 4,5 og þakform er marghalla. Einnig verður heimilt að byggja 120 m² gestahús og bílskúr af sömu stærð.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárpíngs eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 17. mars 2026.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögunar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 30. apríl 2026.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega í Skipulagsgáttina



Litlar heimildir til um hvað var í matinn

Segir Gunnar að eftir athöfn hafi verið gengið í skólahúsið þar sem fram hafi verið reiddur miðaldakvöldverður af þeim Ingu Dóru Þórarinsdóttur og Eduardo Montoya sem eigi veisluþjónustuna Austan vatna.

„Til að fræða gesti um hvað Íslendingar lögðu sér til munns á miðöldum flutti Skagfirðingurinn Nanna Rögnvaldardóttir mjög áhugavert erindi um framboð á hráefnum, kryddum og öðru því sem þarf til matargerðar. Nefndi hún að þrátt fyrir allmargar lýsingar á veisluhöldum og veitulum gestgjöfum þá væru í raun til mjög litlar heimildir um hvað var í matinn á miðöldum þegar höfðingjar héldu mannfagnaði. Kom á óvart hve

mikið var flutt inn af margvíslegum kryddum sem meðal annars megi lesa um í gömlum farmskrám. Nanna kom með hugmyndir að matseðlinum en Inga Dóra og Eduardo sáu alfarið um útfærslu og framkvæmd og var maturinn bæði ljúffengur og fjölbreyttur.

Segir Gunnar að meðal gesta hafi verið ungur Eyfirðingur, Niels Ómarsson, sem sé mikill áhugamaður um miðaldir og meðal annars í forsvari fyrir miðaldadagana á Gásum við Eyjafjörð. „Hann vakti athygli fyrir mjög viðeigandi klæðnað og kvað að auki listilega vel, sem skilnaðarkvæði, mansöng eftir Sigurð Breiðfjörð.

Fjölmargir gestir nutu bæði fræðandi og nærandi samveru heima að Hólum en viðburðurinn var hugmynd þeirra vígslubiskupshjóna, Þuríðar Þorbergsdóttur og séra Gísla,“ segir Gunnar. /smh

„Þakkir í myrkrinu“

Hrifla | Þröstur Helgason
thrustur@bondi.is

Ég rifja upp ljóðabók Ísaks Harðarsonar, Rennur upp um nótt, frá 2009. Fyrstu orðin sem ég sé þegar ég opna hana eru: „Þakkir í myrkrinu“. Fyrir neðan þau eru nöfn þriggja manna sem sennilega eru yfirlesarar Ísaks. Þar fyrir neðan er svo skáletruð málsgrein sem setti mig að minnsta kosti í ákveðnar stellingar við lesturinn. Hún hljómar svona: „öll orðin sýnast miklu raunverulegri en þau eru í raun“. Þetta er dæmigerður orðaleikur að hætti Ísaks. Mér sýnist hann benda til þess að skáldið ætli að segja frá einhverju sem gæti vírst raunverulegt en væri það kannski ekki alveg.

Líkt og sumar fyrri bækur Ísaks er þessi persónuleg. Sérstaklega annar hlutinn af þremur sem heitir Verði myrkur! Og undirtitill innan sviga er: (Á vit hins undursamlega). Ljósið er upphaf heims og lífs en hér er öllu snúið á haus og ferð inn í myrkur og dauða verður að ævintýraför á vit hins undursamlega. Eða þannig. Þessi hluti bókarinnar hefur að geyma fimmtán prósaljóð. Þau eru eins konar dagbókarfærslur manns sem virðist ekki hafa neitt að lifa fyrir. En þetta rykföllna líf í tólf fermetra kjallaraholu ofarlega á Laugavegi finnur sér farveg í orðum og kannski vonum um svo að segja ekki neitt.

Þessi prósaljóðaflokkur er rammaður inn af tveimur köflum af knappari ljóðum sem glíma þó við þennan sama rykföllna heim og mannsálina í honum, hálfþýnda og sljóa af endalausum ágangi orða og mynda og hluta. Eins og í fyrstu og eiginlega öllum ljóðabókum sínum fjallar Ísak hér um lífið í heimi sjónvarpsins, um skjáveruleikann sem lýtur allt öðrum lögmálum en annar veruleiki – er eiginlega óvaranlegri og óhöndlanlegri. Varanleiki er gegnumgangandi þema í bókinni. Ljóðmælanda finnst hann vanta, eins og allt sé á eilífri hreyfingu, á floti. Jafnvel mennskan hefur látið undan síga eins og ýjað er að í frábæru ljóði sem heitir Eyðimarkaðurinn. Í fyrsta hlutanum eru líka fimm ljóð sem hafa yfirskriftina Fjöldmennnið. Þar er fjallað um einkenni fjöldameningarinnar, hvernig athyglin beinist stundum að því sem ekki skiptir máli og hvikular eftirmyndirnar í „sjónvatninu“ verða að fyrirmyndum okkar.

Í þriðja og síðasta hluta bókarinnar er fjallað um himininn, blámann og eilífðina sem maðurinn þráir að hverfa inn í. Himinn og maður eru vinir, „samrýmdir ferðalangar // á leið heim í eilífðina“ eins og segir í ljóðinu Vinir. Í næstsíðasta ljóðinu, sem heitir Vinir tveir, leiðir himinninn mann í bandi um geiminn: „Gegnum nótt eftir nótt / með manninn í ól úr ljósi // Veður svarthol og myrkva / með manninn í logandi taumi ...“. Þetta eru trúarleg ljóð í þeim skilningi að þau eru full af trúarlegum vísunum og myndmáli. Þau lýsa líka trúarlegri vissu um hjálpræði, um að eilífðin bíði með ljósið,

að við upptendrumst þarna einhvers staðar við endann og þetta verði þá ekki allt saman búið. Fyrsta ljóðið í fyrsta hluta bókarinnar heitir Endastöð. Ljóðmælandi lýsir henni sem

björtum stað, „sólín er blíð / og torgið ljómandi og / fólkið hlajandi af sindrandi gleði ...“ en við endastöðina er líka gamall maður sem hvísar kankvís í eyra aðkomumanns: „Ekki lagður af stað ennþá, stráksi?“ Endastöðin er með öðrum orðum talsýn, ferðinni er ekki lokið. Þetta er þó ekki einfalt mál því ferðin er kannski ekki farin til neins eftir allt. Lokaljóð bókarinnar heitir Upphafsstaður. Þar er ljóðmælandi kominn á sama stað og hann lagði upp „fyrir rykmekki af árum“ eins og hann segir. „Ekkert hefur breyst / - ekki staðurinn, / ekki ég“ segir hann, og það er eina breytingin.

Kannski er ákvörðunarstaðurinn myrkrið, eins og annað skáld orti. Kannski er lífið merkingarlaust. Kannski er engin endastöð.

Ekkert gullið upphaf. Fremst í bókinni stendur eins konar inngangsljóð sem heitir Rithönd Guðs en það hefur undirtitilinn: Skrifað í rykið. Þar segir frá þremur pennum sem liggja í hvítri gluggakistu:

*Blár
til að fanga himininn,
rauður
til að vekja ástríðuna,
svartur
til að yrkja dauðann.*


Ljóðmælandi áttar sig síðan fljótt á því að hann sjálfur er fjórði penninn sem forsjónin notar til að semja hans eigin örlög og annarra. Og hann biður til Guðs að hann láti sig þá frekar spýta ljósi en myrkri. Og síðustu tvö erindin lýsa sennilega trúarkenndinni í bókinni betur en nokkuð annað:

*Og jafnvel þótt svo fari
að enginn lesi
- eins og tíðkast nú á tímum farsins -
láttu mig þá finna frá í því*

*að sjálfur sonur þinn
skrifði fingri í rykið
eitthvað
sem enginn las.*

Líf mannsins skiptir kannski ekki svo miklu í stóra samhenginu. Og jafnvel þótt lífið sé skráð skýrum stöfum með rithönd Guðs er það ekki jafn raunverulegt og orðin virðast gefa til kynna.

En burt séð frá því, þá er þetta ákaflega vel ort bók hjá Ísaki.



SAGTÆKNI EHF

SAGTÆKNI

GÆÐI - ÞEKING - ÞJÓNUSTA

- ▶ Steinsögungun
- ▶ Kjarnaborun
- ▶ Múrbot
- ▶ Niðurrif
- ▶ Véslipun
- ▶ Gólfhitafræsun
- ▶ Burðarþolsstyrkingar

☎ 567-4262

✉ sagtaekni@sagtaekni.is



RAPTOR

GRÍÐARLEGA
SLITSTERKT
LAKK

RAPTOR Má nota á nánast hvaða yfirborð sem er, t.d.

pallinn á pallbílum eða bílinn allan! Niðsterkt efni gert til að þola erfiðustu aðstæður og ekki spillir að útlitið og áferðin verður mjög flott!

MÁLNINGARVÖRUR.is

Erfðanefnd landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um verkefnastyrki

Meginhlutverk erfðanefndar landbúnaðarins er að vinna að varðveislu og sjálfbærri nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði. Í því skyni hefur nefndin ákveðið að verja fjármunum í að styrkja einstök afmörkuð verkefni sem falla að því hlutverki.

Vísad er til stefnumörkunaráætlunar erfðanefndar varðandi nánari áherslur nefndarinnar. Sjá vefsíðu nefndarinnar www.agrogen.is.

Lögð er áhersla á að styrkja verkefni á eftirfarandi sviðum:

- Rannsóknir er lúta að varðveislu og viðhaldi á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Lokaverkefni til prófs á háskólastigi er tengjast varðveislu og/eða nýtingu á erfðaauðlindum í landbúnaði.
- Aðgerðir sem stuðla að sjálfbærri varðveislu og/eða nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.
- Kynning og fræðsla fyrir almenning um erfðaauðlindir í landbúnaði og gildi þeirra.

Einstaklingar og félagasamtök eru hvött til að sækja um styrki til verkefna sem hafa það að markmiði að stuðla að varðveislu og/eða sjálfbærri nýtingu innlendra erfðaauðlinda í landbúnaði.

Að jafnaði verða veittir styrkir allt að kr. 2.000.000.

Sérstök eyðublöð má finna á heimasíðu erfðanefndar www.agrogen.is
Umsóknum skal skilað fyrir 30. apríl 2026 til Birnu Kristínar Baldursdóttur, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri, 311 Borgarnes - birna@lbhi.is.



Færibanda-reimar

Eigum á lager
Reimar
í rúllubindivélar



GÚMMISTEYPA
Þ. LÁRUSSON EHF.

Gyflaút 3 · 112 Reykjavík · Sími 567 4467 · netfang - gummisteypa@gummisteypa.is · www.gummisteypa.is

Auglýsing um skipulag

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 12.03.2026 að auglýsa nýtt deiliskipulag Sveinukots í Borgarbyggð.

Sveinukot (L237748) – Nýtt deiliskipulag

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar samþykkti þann 10.03.2026 að auglýsa vinnslutillögu nýs deiliskipulags Efra-Ness í Borgarbyggð.

Efra-Nes (L134858) – Nýtt deiliskipulag

Ofangreindar skipulagsáætlanir eru kynntar í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) og aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar. Tillaga deiliskipulags Sveinukots er í kynningu frá 18.03.2026 til og með 04.05.2026 og vinnslutillaga deiliskipulags Efra-Ness er í kynningu frá 13.03.2026 til og með 12.04.2026.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögu á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina. Ef óskað er nánari kynningu á málum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

Borgarbyggð, 18.03.2026.
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar



Nautgripasjúkdómar í Evrópu, gin- og klaufaveiki á búí í Slóvakíu

Dagana 23. og 24. var árlega nautgriparæktar ráðstefnan, Kvæggkongres, haldin í Herning í Danmörku. Þar var saman komin nokkur fjöldi manns með sameiginlegan áhuga á öllu því er viðkemur nautgriparækt, hvort sem það varðaði fóðrun, rekstur búa, heimsmarkaðsstaða, velferð gripa, uppeldi, sjúkdómar – hægt var að finna fyrirlestra við allra hæfi.

Elin Nolsöe Grethardsdóttir.

Undirrituð valdi fyrirlestra eftir áhugasviði og voru því fyrirlestrar um fóðrun, mjaltir, sjúkdóma og velferð kúa og kálfa meðal annars fyrir valinu.

Erik Rattenborg, dýralæknir hjá SEGES og Sören Gerber Nielsen, bústjóri, sögðu okkur frá sjúkdómahættum á kúabúum í Evrópu, hvað ber að varast og hvernig. En Sören þessi var í forsvari fyrir 3000 kúa búí í Slóvakíu þegar gin- og klaufaveiki barst inn á búíð, meira um það neðar í greininni.

Erik Rattenborg fór vandlega yfir hvernig eigi að fylgjast með og verjast sjúkdómum sem krauma allt í kring um Danmörku og sumir sjúkdómar einnig í Danmörku. Eftirlitinu er skipt í tvennt. Það




er virkt eftirlit sem er lögbundið og svo er það eftirlitið sem bændur, dýralæknar, sláturhúsin og ráðgjafar eiga að sjá um, sem sagt fólkið sem er í kring um gripina úti á búunum og þeir sem taka við þeim þegar þeir fara af búunum af einhverjum ástæðum. En sláturhúsin og rannsóknarstofur eru tilkynningaskyldar ef sýni reynast jákvæð eða sláturhúsin sjá eitthvað athugunarvert á gripum sem koma til slátunar.

Virkar eftirlitsáætlanir ná yfir þó nokkuð marga sjúkdóma, en eftirlitið er gert með töku mjólkur- og blóðsýna á búunum. Allir

mjólkurframleiðendur eru undir eftirliti og flestir þeir sem eru með holdagrip. Sjúkdómarnir sem verið er að leita að í þessum sýnatökum eru meðal annars veiruskíta (BVD), sýni tekin fjórum sinnum á ári, IBR (infectious bovine rhinotracheitis) sem er af herpesveiruætt, tekið einu sinni á ári, salmonella, tekið fjórum sinnum á ári, B-streptokokkar, tekið tvisvar á ári og blátunga, einu sinni á ári, Lumpy skin disease, berklar og fuglaflensa ásamt öðrum minna þekktum sjúkdómum.

Gin- og klaufaveiki er líka í þessum hópi. En eftirlitið er



virkjað ef sjúkdómurinn greinist í nágrannalöndum. Gin- og klaufaveiki var síðast greind í Danmörku árið 1983.

Mikil hræðsla greip um sig í Danmörku þegar gin- og klaufaveiki greindist í vatnabuffalóum í dýragarði í Þýskalandi snemma árs í fyrra. Ekki var vitað hvaðan það smit hafði borist, en í kjölfarið greindist sjúkdómurinn á búum í Ungverjalandi og Slóvakíu. Sérstök áhættustiga-trappa er tiltæk ef gin- og klaufaveiki greinist nálægt Danmörku, sjá mynd. En þar segir hvað eigi að gera heima á búum í Danmörku ef smit greinist í 200-500 km fjarlægð frá landinu, áhættan er talin verulega há ef smit greinist í Schleswig-Holstein sem er nyrst í Þýskalandi. En slátur þarf öllum gripum á búinu ef smit greinist.

Helsta hættan núna er ef fuglaflensan (HPAI) smitist í naugripi, en vitað er að slík smit hafa átt sér stað í Bandaríkjunum, það var fyrst uppgötvað árið 2024. Smitið barst vítt og breitt vegna lífgripa flutninga innan Bandaríkjanna. Brynt er fyrir kúabændum að vera sérstaklega varkárir, en 115.000 hænsnum var slátrað vegna fuglaflensusmits í byrjun febrúar í Danmörku. Fuglaflensu-einkenni í nautgripum eru kvæf-einkenni, fylgjast þarf einnig með mjólkinni þar sem hún fer að líkjast broddi ef smitið berst í júgrað.

Fuglaflensan getur borist í fólki, oftast eru einkenni í mönnum væg en smitið getur verið lífshættulegt. Vitað er að evrópska HPAI-tegundin getur líka farið í nautgripa þar sem slík tilfelli hafa uppgötvast í Hollandi og kindur hafa smitast af tegundinni í Bretlandi.

Hafa skal í huga að við berum sjálf ábyrgð á smitvörnum á okkar búum, fara þarf eftir sóttvarnar reglum þegar farið er erlendis og heim aftur. Umferð inn á og af búum þarf að lágmarka eins og kostur er. Hafa búnað (skóhlífar, skó og fót) tiltækan á búinu fyrir utanaðkomandi starfsfólk, hvort sem það eru dýralæknar, sæðarar, ráðgjafar, sölufolk eða aðrir. Einangra skal aðkomugrip. Viða erlendis eru núorðið gerðar kröfur um fataskipti og sturtuferðir áður en farið er inn á kúabú, svipað eins og við þekkjum frá svinabúum. Og bilar keyra í gegnum sóttthreinsandi efni þegar keyrt er inn og út af bæjarhláði. Ábyrgð ábúenda er mikil í þessum efnum, það er ekki óþekkt að mjólkurbílar þurfa að keyra í gegnum mjög óhrein svæði til þess að komast að og frá mjólkurhúsum og jafnvel draga mjólkurslögur í óhreinindi til að komast að mjólkurtönkum.

Slíkar smitvarnir, eins og nefnt var hér ofar, hafa einmitt verið teknar upp á búinu hans Sören Gerber Nielsen í Slóvakíu. En hann rekur einnig svinabú og naut góðs af því að eiga til sóttvarnar-leiðbeiningar sem hægt var að yfirfæra á kúabúíð, en það var gert eftir að gin- og klaufaveikin kom upp á kúabúinu.

En í byrjun árs 2025 greindist gin- og klaufaveiki í einni kú á 2.800 kúabú þar sem þessi Sören er bústjóri. Smitið uppgötvaðist í morgunmjóltum þar sem blöðrur fundust á spenum á fullorðinni kúr, sjá mynd.

Í framhaldið fór allt á fullt á búinu. Starfsfólkið einangraðist strax á búinu og var bústjórinn þeim afar þakklátur að taka þessu alvarlega, starfsfólkið vildi allt gera til þess að gera þessa ómurlegu lífsreynslu eins bærilega og hægt var.

Mikið var gert til að reyna að finna hvaðan smitið hafði borist, en fyrsta hugsun var að smitið hafði komið frá kúabú í Ungverjalandi þar sem einhver samgangur hafði verið á milli þessara tveggja búa. En DNA-rannsókn leiddi í ljós að það var sitt hvor veirustofninn á þessum tveimur búum og því var hægt að útiloka að smitið hafði borist þaðan. Mestar líkur eru taldar á að smitið hafi komið með utanaðkomandi fólki, faratækjum eða fuglum.

Í fjósinu þar sem smitið fannst voru mjólkurkúrarnar og yngstu gripir búsins, samtals um 4000 gripir. Lögin eru skýr þegar kemur að gin- og klaufaveiki – löga þarf öllum gripum í fjósinu. Aðrir gripir voru í fjósum fjarri smit-fjósinu og sluppu.

Við tók mikið og erfitt skipulag. Ekki var hægt að fara með gripina til slátunar í sláturhúsi, þeim var því lögð á hlaðinu. Koma þyrfti miklum fjölda gáma á búíð til að geta komið skrokkunum í burtu, en ekki var hægt að byrja að slátra kúnum fyrr en þremur dögum eftir að smitið fannst, þá fyrst var skipulagið komið á hreint. Þetta voru erfðir þrjár dagar og samskipti við stjórnmöld í Slóvakíu voru flókin og erfð.

Passað var vel upp á að forvitnir fjölmiðlar kæmst ekki að og lögreglan setti bann við drónaflugi yfir svæðinu. Gerð var hólmbaggagirðing allt í kring.

Ekki var leyfilegt að nota fjósið sem smitið hafði fundist í fyrr en búíð var að þrifa það og sóttthreinsa nokkrum sinnum, fjósið stóð autt í marga mánuði. Á því tímabili komu eftirlitsaðilar nokkrum sinnum og tóku sýni, en sýna þyrfti fram á nokkurn fjölda neidkvæðra sýna tekin með nokkurra mánaða millibili áður en gefið var grænt ljós á að mega nota fjósið á ný.


Kvígur búsins, sem báru á meðan fjósið var ónothæft, voru sumar hverjar færðar á önnur bú, en svo var komið upp mjalttaadstöðu í kvíguþjósinu, þannig að hægt var að nýta kvígunar á meðan beðið var eftir að tíminn leidd.

Nú er allt aftur komið á fullt í fjósinu sem smitið fannst í, keyptir voru gripir af búum sem voru að hætta og kvígur voru fluttar inn frá Danmörku. Nyttin var 11.800 kg OLM/kú fyrir smit, hún er ekki alveg komin þangað enn sem komið er, enda hjörðin ung, en stefnt er að því að hafa náð sama kúafjölda, eins og var fyrir smit, um mitt ár 2026.

Það var áhrifaríkt að hlusta á raunir Sörens Gerber Nielsen, hann sagðist ekki óska sínum versta óvini að ganga í gegnum það að fá gin- og klaufaveiki inn á sitt bú.

Sóttvarnir á búum eru mikilvægar og á ábyrgð ábúenda.

Höfundur er gæðaráðgjafi hjá Auðhumlu svf.



KGM
Gæði á sterkum grunni

Eigum örfáa bíla eftir á gamla verðinu!

KGM Musso Grand Premium, fjórhjóladrifinn pallbíll, með háu og lágu drifi og öflugri dísel vél.

Musso Grand Premium, verð 8.990.000 kr. m. vsk.

Tilboðsverð 7.890.000 kr. m. vsk. - Örfá eintök.

Bíll á mynd er með 35" breytingarpakka

Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingu.

Kolefnisjafnaður

4x4

benni.is

Reykjavík
Krókháls 9
S: 590 2000

Bílaútd Benna
Sérfræðingar í bílum í fimmtíu ár



Af hvaða stað er myndin?

Í loftmyndagetrauninni að þessu sinni eru lesendur beðnir um að bera kennsl á vinsælan áfangastað á hálendi Íslands. Myndin er tekin úr flugvél á fallegum sumardegi. Sendið svör á netfangið myndagetraun@bondi.is. Dregið verður úr réttum svörum mánudaginn næstkomandi. Vinningshafi hlýtur að launum gjafabréf á veitingastað fyrir tvo í boði Loftmynda ehf. Rétt svar mun birtast á vef Bændablaðsins, bbl.is, mánudaginn 30. mars. Mynd / Loftmyndir ehf.

100.000 kr. afsláttur

Sauna tunna

Verð 529.000 kr. Verð áður 629.000 kr.

BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

Sími 571 3535
sala@bkhonnun.is
www.bkhonnun.is

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur

Við klæðum þig í hvelli

Vetrarfatnaður í miklu úrvali

KH VINNUFÖT
khvinnufot.is | Nethylur 3 | Sími 577 1000

JOBMAN

VINNUPALLAR

Stórsýningin Verk og vit

Takk fyrir okkur!

www.vpallar.is

Segðu **BLESS** við óværuna!

YKKAR pest control

BANINN SEM VIRKAR
- fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

Matarkrókurinn:

Páskaeggjasalat



Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com

Páskarnir eru oft síðasta tækifæri ársins fyrir vetrarhasar. Skíðaferðir milli landshluta, vélsleðabrar, ísdorg eða bara skautar á frosinni tjörn. Það sem sameinar þetta allt er nesti og heimageri nesti er alltaf betra en þurr samloka á bensínstöð. Þar kemur eggjasalatið inn. Heldur öllu mjúku í marga daga. Stjarnan í nestisboxinu.

Eggjasalati er svo hægt að breyta í rækjusalat, túnfisksalat og eggjað hangikjötsalat. Það er hægt að troða gúrku út í eða toppa með því besta, reyktum silungi. Passa bara að huga að saltmagninu, ef það sem við bætum út í er salt. En nóg um það við erum að gera eggjasalat sem er svo gott að það þarf varla brauð, bara skeið.

Meðalstórt egg er um 60 grömm sem þýðir að þetta er sirka hálf kíló. Gott að eiga vont að vanta og allt það en fyrst þarf að harðsjóða eggin. Það eru alls konar leiðir til að sjóða egg. Einfaldasta leiðin er að sjóða í hraðsuðukatli. Setja egg í botninn og fylla ketilinn af köldu vatni. Sudan látin koma upp, ketillinn slekkur á sér sjálfur og við biðum í korter. Útkoman er fullkomlega harðsoðin egg. Kæla með köldu vatni og skræla. Hraðsuðupottur er líka stórkostleg eggjasuðugræja. Sjóða í 4 mínútur undir þrýstingi og biða svo í fimm mínútur. Hleypa gufunni út og kæla. Skurnin fer af egginu eins og verið sé að háttu ungbarn.

Eitt stærsta vandamál okkar Íslendinga síðustu hundrað árin eða svo er hve vel við tókum þýska eggjaskerana. Hann er auðvitað merkilegt tæki og virkar nákvæmlega eins og á að gera en þar liggur líka vandinn. Skerinn sker eggin of vel.



Átta eggja salat þarf slatta af mæjónesi en rétt um 10 grömm per egg er ágætis lokastaður. Þau sem vilja minna gera það á eigin ábyrgð. Þurr eggjasalat er ekki páskaeggjasalat.

Eðarnir verða sléttir og sleipir svo mæjónesan festist ekki. Lausnir er að rífa sirka 1/3 af eggjunum með stóru boxrifjárn. Skera restina með þeim klassíska. Gaman að taka eitt, tvö egg bara þversum. Til að fá enn meiri áferðarmismun.

Mæjó, krydd og annað jukk

Það þarf svo meira en bara egg til að gera eggjasalat. Mæjónes er lykilatriði. Vanda vel valið og auðvitað þarf ekkert að huga að veganmæjónesi. Eggjasalat getur aldrei orðið vegan. Ekki heldur fíkta

með léttmæjó. Við viljum alvöru mæjónes, heimatilbúið ef á því er minnsti kostur.

Næsta sem þarf er laukur. Hægt að nota hvaða lauk sem hugurinn girnist; gras, vor, þúru eða rauðan. En gamli góði laukurinn er þægilegastur. Sá er þó hættulegur alveg hrár. Við skolum hann til með ediki. Áður en eggin fara í pottinn eru 20 grömm eða kúfuð matskeið af venjulegum lauk saxaður örsmátt. Líka hægt að nota rifjárn góða. Þrjár-fjórar teskeiðar af ediki, sirka 10 grömm, eru svo hrærðar saman við laukinn ásamt smá salti. Þetta

jukk fær svo að biða þangað til eggin hafa verið hanteruð.

Eggin, bæði rifin og skorin, fara ofan í sémilega stóra skál. Þá laukblandan og mæjónesið. Næst þarf að taka ákvörðun því það eru tveir skólar í eggjasalatframleiðslu. Sinneþ eða ekki sinneþ? Gott dijonsinneþ á gjarnan heima í salatinu en fransk/danska pölsesinneþi ekki. En best er þó að skutla nokkrum dropum af eldiparsósu í staðinn. Örlítið hlutlausara val og verður ekki mjög sterkt því mæjónesið verndar okkur frá capsísíninu.

Þá er að velja krydd. Við þurfum ekki laukduft en örlítið af hvítlauksdufti er ákjósanlegt. Hér er þó hægt að velja allt milli himins og jarðar. Allt eftir smekk. En einfalt er alltaf best. Arómat var klassískt í gamla daga og þar sem það er af stórum hluta MSG er það ákjósanlegt í snefilmagni. Hreint MSG líka. Fæst í „útlensku“ búðunum. Líka í fagbúðum en þá þarf oft að kaupa nokkur kíló.

Hræra allt saman, smakka til með salti, smyrja samlokur, setja ofan í makkingsdöllu og fara í vetrarhasar hið snarasta.

KROSSGÁTA

261		HÁVAÐI	RANGLA	STAFUR	FLANDRA	HEIÐUR	FÁSINNA	RJÁL	REIÐUR	
DÍVAN										TUNGUMÁL
HRÓP						ILLVILJI				
ÁVINNA						HÆLA				
						STARFA				
TVEIR EINS				NÓTA						
ÁTT				INNHOORN						
		LÍKAMS-PARTUR		HALLI			HRIFSADI	DUGUR	Í RÖÐ	
				BURT					SPADI	
UPPHAF				BYLUR						PRAUT
SLUNGINN				HVERSU			GLÖSA			
				GNAUÐA			KÚFAÐUR			
SINNA-SKIPTI							GLEYPA			STAÐNA
							BLETTIR			
TVEIR EINS				ATHAFNA-SAMUR				FJAS		
				NAFNGIFT				FLÖKTI		
		HLIÐ				KEPPNI			NUGGA	
		TÖFRAORÐ				HRATT			LALL	
ÞÝÐA					FLETIR					MÁNUÐUR
					FUGL					
ELDSNEYTI									SMÁBITI	
				NAFN					ÖFUG RÖÐ	
				ÁTT						
UMMERKI				NÆSTUM				SINDRA		
ÓNOTAST										
						AFTUR-KALLA				

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

260		TÆKI	GANG-SETNING	FLÖKTI	SAMSTEDA	ÍLÁTA	LEGA	PUNKTA NIBUR	HVÍLD	
		G	R	I	P	A	V	A	G	N
SPJALLA		R	Æ	Ð	A	STÖÐVUN	A	F	L	Á
ESPAR		Æ	S	I	R	DRÖLLARA	S	L	Ó	Ð
ÖFUG RÖÐ		J	I			ÖREIDA	K	A	O	S
YFIRRAÐ						ÖREIDA				
	FLUGA	HÖLDRA	GLÖFI		H	A	N	S	K	I
			MERÐ							
MORA	G	R	Ú	A	EYDA	G	L	O	P	P
					ALMÚGI					
REBA	R	E	I	F	RAKTAR-LAND	E	K	R	A	KOPAR
					SVEFMÖK					GETA
BLÓM-SKIPAN	A	X	G	L	ÖLUNAFN	A	L	L	I	TILFELLI
					TÖNVERK					HAFNA
FRAM-KOMA	F	A	S		PÚST	Þ	Ú	F	A	UMHUGAD
					ENST					LIB-LANGAN
	V	Ó	D	Ý	R	F	R	A	K	K
STÖNDUG	E	F	N	U	Ð	STIKLA	S	T	U	L
SKJÓGRA	S	L	A	G	A	GALA	K	A	L	L
						KALLORÞ				
PIKKA	P	O	T	A	FJALL	H	E	K	L	A
ÖGREINKAÐ	A	T	A	Ð	SKÝJA-GLÖPUR	Ó	R	A	U	N
										S
										Æ
										R



HUGARÍÞRÓTTIR

Hart barist um gullið fyrir austan

Austurlandsmótið í sveitakeppni fór fram á dögunum á Eiðum og fór sérlega vel fram. Austurlandsmeistarar 2026 eru sveit Fiskmarkaðar Djúpavogs en gestasveitin SFG varð efst í mótinu.



Björn Þorláksson.

Í næstsíðustu umferð tókust á efstu sveitarnar tvær í innbyrðis viðureign og ekkert gefið eftir. Guttormur Kristmannsson og Sigurjón Stefánsson skrifuðu feita tölu í eigin dálk gegn SFG í spili dagsins sem er úr bardaganum.

Eftir opnun á spaða og hjartainnákömu á öðru sagnstiginu hólkaði Guttormur sér í 4 spaða



Austurlandsmótið var mjög vel sótt og frábæra að því staðið með hagstæðum tilboðum fyrir gestasveitir og fyrirtaks veitingu og gistingu á Eiðum. Myndir / BP

án umhugsunar. Liðsmaður SFG doblaði með ágætun fimmlit í trompi, nokkuð vongóður. Út kom lauf, Sigurjón sagnhafi tók á laufás, spilaði hjartás, trompaði hjarta og spilaði tígli. Norður drap, spilaði trompi og þótt legan væri ekki frýnileg var ekki annað eftir en að trompa 3ja hjartað og þegar það gekk rekur spilið sig upp í 10 slagi, þar af tók Sigurjón 7 trompslagi. Engin veizla hjá Norðri. Glæsileg tala eða 790 í dálk Austurlandsmeistaranna í Fiskmarkaði Djúpavogs.

Aðeins eitt annað par skifaði þá tölu í eigin dálk í þessu spili, en það var á hinu borðinu í leiknum! Fiskmarkaðurinn vann leikinn gegn SFG en alslemma í síðasta spili mótsins í lokaumferð skilaði SFG sigrinum á mótinu.



Þrjú af spilurum Fiskmarkaðar Djúpavogs, sterkustu sveitar Austurlands. Frá vinstri: Magnús Ásgrímsson, Stefán Kristmannsson og Guttormur Kristmannsson.

Umsjónarmaður þakkar Austfirðingum og ekki síst Eypóri Stefánssyni frábærar móttökur og hvetur til góðrar þátttöku næsta ár. Alls komu þrjár gestasveitir að sunnan nú en heimamannaliðin dreifðust allt frá Vopnafirði og suður að Hornafirði.

Umsjón: Björn Þorláksson.
bjornthorlaksson@gmail.com



Erfinginn: Katrín Yrja

Nafn: Katrín Yrja Þóroddsdóttir.

Aldur: 8 ára.

Stjórnumerki: Sporðdreki.

Búseta: Furumelur.

Skemmtilegast í skólanum: Læra og val.

Áhugamál: Leikrit.

Tómstundaiðkun: Sund og Söngleikjadeild.

Uppáhaldsdýr: Kanína.

Uppáhaldsmatur: Pítsa.

Uppáhaldslitur: Rauður, bleikur og fjólblár.

Uppáhaldsmynd: Hundmann.

Fyrsta minning: Þegar ég fann ekki vini mína í leikskólanum.

Hvað ertu ánægð/ánægður með í fari þínu: Hvað ég er dugleg í skólanum.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Fara í Skopp.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Lögga.



Viltu taka þátt? Hafðu samband.
sigrunpeturs@bondi.is

Alþjóðlega Kópavogsmótið

Alþjóðlegt skákmót fór fram í Kópavogi í mars. Skákmót með þessu fyrirkomulagi hafa verið fá undanfarnir ár en á sama tíma mikil eftirspurn eftir slíkum mótum. Skákdeild Breiðabliks og Helgi Ólafsson létu slag standa og stóðu að þessu glæsilega móti.



Gauti Páll Jónsson.

Keppendur voru 10 talsins, þar af fjórir erlendir. Erlendu keppendurnir höfðu einnig teflt með sínum íslensku félagsliðum, á Íslandsmóti skákfélaga sem fjallað var um í síðasta pistli. Gátu því framlengt ferðina til Íslands!

Af Íslendingunum stóð Vignir Vatnar Stefánsson sig best, náði þriðja sætinu á eftir stórmeisturum frá Spáni og Litáen. Hann setti vélarnar í gang eftir tap gegn alþjóðlega meistararnum og föstbróður sínum í skákinni, Hilmi Frey Heimissyni. Vignir vann líka fyrir skömmu Boðsmót Símans í netskák!

Hugmyndin með svona móti er líka að veita ungum skákmönnum tækifæri til að fá svokallaða áfanga að alþjóðlegum titlum. Það tókst, en Birkir Ísak Jóhannsson náði sínum fyrsta áfanga að alþjóðlegum meistaratitli, ásamt 2300 elóstigum, á mótinu. Birkir hefur undanfarið vakið meiri athygli sem aðstoðarmaður Vignis þegar kemur að byrjanaundirbúningi. En hann er líka



Kjartan Briem og Helgi Ólafsson úr mótshaldarateyminu, á milli verðlaunahafa. Mynd: Tómas Tandri

grjótharður skákmaður. Einnig var Bárður Örn Birkisson um tíma afar nálægt áfanganum, en það gekk ekki upp að þessu sinni. Menn reyttu vinningana hver af öðrum, lítið um jafntefli, hvað þá stutt jafntefli. Menn voru mættir til að berjast, á Kópavogur Young Champions mótinu. Flestir Íslendinganna hafa tengingu við Kópavog eða Breiðablik, og voru allir undir þritugu. Mótið var m.a styrkt af Sigtryggssjóði, en glímukappinn Sigtryggur Sigurðsson var mikill áhugamaður um skák.

Svona mót er glæsilegt framtak og stefnt er á að endurtaka leikinn, halda mótið annað hvert ár. Svona mót gæti líka virkað hvetjandi fyrir önnur öflug félög með skákmenn innan sinna raða í framför, og að nálægast titilhafastyrk.



Í stöðunni sem fylgir leyfi ég lesendum að glíma við að finna eina leikinn sem tryggir hvítum jafntefli. Þetta var mikilvægur punktur fyrir Birki gegn sterkum úkraínskum stórmeistara – í áttina að alþjóðlegum áfanga! Varúð, þetta blasir ekki beint við! Eg birti lausnina í næsta blaði, en klókir geta sett stöðuna upp í tölvu ef þeir finna ekki leikinn.

Ef lesundur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

Umsjón: Gauti Páll Jónsson
gauti.pj@hotmail.com

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

7	1	2						4
2	5	9	8					6
3	8	4				2		5
	8		2		3	9		
	1	7		5	8			
			7	9		6		
1	2				6	5	9	
6	7			3		2		
		4	6		2		1	

Miðlungs

	2			1				5
6		7					1	
1	9						8	
		2			6	7		3
		4	3					9
			5	2				
	7			9	5			
9				6				1
								2

Þung

8			5	3				6
			6		8		2	
	6							
	7	9			4			
		3			7	1		5
4		1					3	
				7	5			
5		7	9	4				1

Þyngst

		6	7	3				
1						9		4
		2			5			
3	6						8	1
				9		7		
			8			6		
2		3		7		5		9
9					3			
		7						

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Stjörnuþá

Vatnsberinn finnur að ýmislegt sem hefur lengi kraumað innra með honum er eitthvað sem hann verður að deila. Það ætti hann endilega að láta eftir sér, enda mun það velja mikla athygli. Í hjartans málum er vinátta og hlýtt spjall sterkur grunnur að einhverju sem gæti vaxið. Hapatölur 3, 13, 42.

Fiskarnir ættu að nýta innsæi sitt til hins ýtrasta þegar kemur að því að lesa aðstæður, bæði í vinnu og einkalífi. Það sem virðist lítið mál í fyrstu gæti reynst mikilvægt eða stærra síðar. Í ástinni er nærvera og hlýja líklegust til að opna hjörtu – og þar má einnig nýta innsæið! Hapatölur 5, 67, 88.

Hrúturinn finnur bæði og veit innra með sér að nú er ekki tíminn til að sitja lengi yfir sömu spurningunni. Hann hefur undanfarið velt ýmsu fyrir sér í samböndum sínum, en nú bendir margt til að skref fram á við skili meiru en frekari vangaveltur. Hann verður að vera hreinskilinn, bæði við sig og sína nánustu. Hapatölur 1, 87, 18.

Nautið veit betur en flestir að stundum þarf einfaldlega að halda ró sinni meðan hlutirnir raðast. Næstu dagar minna það á að þolinmæði getur skilað óvæntum árangri. Nautið hefur staðið sig ágætlega við að setja sjálf sig í fyrsta sæti sl. viku – loksins, og skal halda þeirri stefnu. Hapatölur 44, 12, 28.

Tviburinn finnur að samtöl og tilviljanakennd spjöll geta leitt hann á nýjar brautir. Það sem byrjar sem létt spjall á vinnustað gæti þróast í hugmynd sem vert er að fylgja eftir. Í hjartans málum er hreinskilni einfaldlega besta leiðin áfram og tviburinn má vera viss um að hans kærasta fólk elskar hann alveg jafnmikið og djúpt. Hapatölur 3, 1, 7.

Krabbinn skynjar, loksins ... sér að övörum að smáatriðin segja stærri sögu en fólkíð í kringum hann vill vera láta. Með það í huga gæti hann áttað sig á því hvað skiptir í raun mestu máli. Í ástinni skapast falleg stund ef hann leyfir sér að taka annan vinkil en vanalega. Sjá málin út frá fleiri hlíðum. Hapatölur 11, 54, 22.

Ljónið finnur að athyglin leitar til þess, jafnvel þegar það reynir að leyfa öðrum að skína. Þetta gæti komið sér vel á vinnustað þar sem ljónið gæti nýtt þá stöðu öðrum til uppgangs, en einnig hlotið verðskuldað hrós fyrir. Í ástarmálum þarf smá hómur að vera í fyrirrúmi en ekki velta málunum of mikið fyrir sér. Hapatölur 48, 22, 25.

Meyjan veit manna best að skipulag getur bjargað heimiklu þegar dagarnir verða þéttir. Þessa dagana gæti hún þó uppgötvað að smá sveigjanleiki skilar jafnvel betri árangri, án þess þó að aðalatriðin fari framhjá henni. Í tilfinningamálunum nærgir stundum lítið merki um umhyggju til að breyta heimiklu. Hapatölur 44, 14, 2.

Vogin finnur að jafnvægið sem hún sækist eftir er smám saman að færast nær og hún hefur staðið sig vel í því að þiggja aðstoð. Hún má ekki gleyma að hún veitir sjálf öðrum heimikla aðstoð en nú er komin röðin að henni. Í ástinni er gott að segja hlutina eins og þeir eru, sérstaklega ef leysa þarf erfið mál. Hapatölur 15, 66, 86.

Sporðdrekin veit manna best að þessar vikurnar ætti hann að taka af skarið í málum hjartans. Hann hefur lengi fundið að einhver spennan liggur í loftinu. Ef hann treystir innseinu og talar skýrt, gæti margt skýrst, ekki síst í ljósi þess hvernig tunglstaðan er á himni. Skýrleiki leysir meira en hann grunar. Hapatölur 22, 42, 11.

Bogmaðurinn finnur að hugurinn leitar víðar en venjulega og nýjar hugmyndir kvikna þar sem hann átti síst von á. Í vinnu gæti þessi forvitni reynst dýrmæt. Í ástarmálum skilar einlægni og smá ævintýrabrá sér betur en of mikil alvara. Hapatölur 57, 5, 41.

Steingeitin veit að árangur kemur sjaldan án þolinmæði og þessa dagana sér hún merki þess að sú vinna sé að skila sér. Verkefni í vinnu gæti tekið skýrari stefnu. Í ástinni skiptir rólegt traust meira máli en dramatískar yfirlýsingar. Hún má treysta því að hún er mörgum kær. Hapatölur 12, 24, 1.



Hjónin Morticia og Gomez í höndum Hrundar Jóhannsdóttur og Sveins Óla Friðrikssonar.



Addams-fjölskyldan í hlutverkum sínum, ásamt formæðrum og forfeðrum. F.v. Aníta Brynjarsdóttir, Elísabet Sif Gísladóttir, Jessica Aquino, Halla Reynisdóttir, Breki Reimarsson, Sveinn Óli Friðriksson, Arnar Hrólfsson, Emelía Íris Benediksdóttir, Hrund Jóhannsdóttir, Rannveig Magnúsdóttir, Gerður Rósa Sigurðardóttir, Elvar Logi Friðriksson og Sunneva Þorvaldsdóttir. Mynd Aldís Olga Jóhannsdóttir



Wednesday ásamt forferðum og formæðrum. F.v. Ástmar Birgisson, Herborg Hannesdóttir, Halla Reynisdóttir, Aníta Brynjarsdóttir, Elísabet Sif Gísladóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Luis Aquino, Hrönn Sveinsdóttir og Emelía Íris Benediksdóttir.



Wednesday, Gomez og Lucas Beineke – Emelía Íris Benediksdóttir, Sveinn Óli Friðriksson og Jóhann Smári Reynisson.

Húnaþing vestra:

Addams-fjölskyldan mætt á svið

Leikstarf hefur lengi verið mikilvægur hluti menningar okkar þjóðar, en meðal annars gegnir Leikflokkur Húnaþings vestra lykilhlutverki í sínu héraði.

Leikflokkurinn hefur starfað um árabíl enda má rekja skipulagt starf hans að minnsta kosti áratug aftur í tímann í núverandi mynd, með markvissum uppfærslum á stærri söngleikjum síðustu ár, en árið 2018 sameinuðust Leikfélag Hvammstanga og Leikdeild Ungmennafélagsins Grettis í Leikflokk Húnaþings vestra.

Síðasti áratugur hefur verið sérstaklega öflugur í starfi leikflokksins. Fyrsti söngleikurinn sem hópurinn setti upp var Súperstar árið 2016, sem markaði ákveðin tímamót í starfseminni enda metnaðarfull og flott uppsetning. Meðal annarra slíkra verka sem hann hefur sett á svið má nefna uppfærslu á Hárinu árið 2019, sem vakti mikla athygli og var valin athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins af Þjóðleik-

húsinu. Fékk leikfélagið þann heiður í annað sinn árið 2022 með barnaleikritinu Pétur Pan og má segja að þær viðurkenningar hafi staðfest dug og getu leikflokksins sem er ekki aðeins mikilvægur á sínu svæði heldur einnig náð athygli á landsvísi.

Árið 2023 sýndi félagið svo söngleikinn Himin og jörð sem saminn var af leikstjóranum, Ármanni Guðmundssyni. Var handritið unnið í kringum lög Gunnars Þórðarsonar en einhverjir muna eftir plötu hans, Himin og jörð sem gefin var út 1981.

Árið 2026 heldur leikflokkurinn áfram þessari hefð með uppfærslu á söngleiknum The Addams Family, sem er í fyrsta sinn settur á svið hérlandis. Þar segir frá Wednesday Addams sem verður ástfangin af „venjulegum“ ungum manni, Lucas Beineke.

Þegar fjölskyldur þeirra hittast skapast bæði spennan og kómik þar sem tveir gjörólíkir heimar rekast

saman. Mikil áhersla er lögð á bæði hómur og tilfinningar, en undir niðri fjallar verkið um ást, traust og getuna til þess að samþykkja ólíkan bakgrunn fólks – eða eins og segir í kynningartexta leikfélagsins: „Leyndarmál springa, dramatík magnast og allt fer úr böndunum með söng og svörtum hómur. Að lokum snýst sagan þó um ást, traust og að samþykkja að það sem er „eðlilegt“ er bara afstætt – sérstaklega þegar fjölskyldan þín elskar myrkið.“

Að uppfærslunni kemur öflugt teymi; leikstjóri og þýðandi verksins er Sigurður Línadal, sem stýrir listrænni heildarsýningarráðgjafarinnar, og danshöfundur er Benjamin Di' Ath, sem sér um hreyfingu og dansatriði verksins. Góð samvinna sem slík, milli leikstjóra, danshöfundar og

leikara er lykilatriði í söngleikjum þar sem margir þættir þurfa að falla saman.

Í heild sinni er starf Leikflokks Húnaþings vestra gott dæmi um kraftmikla menningarstarfsemi í íslenskum landsbyggðum. Með samheldni, metnaði og ástríðu hefur hópurinn skapað vettvang þar sem listir fá að blómstra og áhorfendur njóta vandaðra sýninga – og uppfærsla Addams Family er enn eitt skrefið í þeirri vegferð.

Sýningin verður í Félagsheimilinu á Hvammstanga og eru sýningardagar um páskana 2026, nánar tiltekið, 1., 2., 4. og 6. apríl kl. 20 ... og ljóð að áhugasamir þurfa að tryggja sér miða tímanlega á tix. is.

/sp



Morticia í hópi formæðra sinna. F.v. Hrönn Sveinsdóttir, Elísabet Sif Gísladóttir, Herborg Hannesdóttir, Aníta Brynjarsdóttir, Hrund Jóhannsdóttir, Sunneva Þorvaldsdóttir, Halla Reynisdóttir og Ingibjörg Jónsdóttir.

Vísna gáta

Þessi stundum svartur sveið
sveittra jóa angur.
Búið hafa þar skáld um skeið
á Skaganum er ég langur.

Lausnin er eitt nafnorð með fjórar mismunandi merkingar. Lausnin verður birt á vef Bændablaðsins, www.bbl.is, mánudaginn 30. mars. Lausnarorð síðustu gátu var **rolla**

Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson
gudbjorn.sigurmundsson@mk.is

#17 facebook.com/themagatur

PEMAGÁTUR

KROSSGÁTUR

KROSSGÁTUUNNENDUR YDDIÐ NÚ BLYANTANA PEMAGÁTUR #17 KOMIÐ ÚT

ÁSKRIFT themagatur@internet.is

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 3.200 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.500 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:

„Allt sem þér gerðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gert mér.“

Matt. 25.40

biblian.is

Lok á heita potta



Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 1 cm svuntu, fjórum festingum, og þrem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

Hársnyrtistofan Topphár

Dverghöfða 27, 110 Reykjavík

Bændur og búalið og allir hinir hjartanlega velkomin

Opið 8-17 virkar daga og 10-16 á laugardögum

Engar tímapantanir bara mæta!

www.velaval.is - Alltaf opið



VÉLAVAL


- Sendum um land allt -



Ástjörn, sumarbuðir fyrir 6-12 ára og 13-15 ára. Strákar og stelpur í öllum flokkum. Verð rúmlega 11 þús. kr/ sólarhring. Systkinaafsláttur. Ástjörn er nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum á Norðausturlandi. Bátar og leiksvæði. Uppl. í S. 462-3980 astjorn.is - facebook, instagram, youtube



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Langir gámarampar, fyrir 10 tonn. Heitgalvaniserað stál. Heildarlengd: 2.400 mm. Lengd á láréttum fleti: 1500 mm. Lengd á hallandi fleti: 900 mm. Breidd: 2.200 mm. Passa fyrir venjulega vörugáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: jhh@hak.is



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.


VÍR OG LYKKJUR EHF

772-3200



Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH) Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði. Viður er þöll (hemlock). Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu. Orkunotkun er 2.100w. Verð aðeins kr. 260.000

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550




Til sölu 8 vikna yndislegur Langhunda-strákur, tilbúinn að fara á gott framtíðarheimili. Upplýsingar í skilaboðum í s. 772-8800.

ADVANCED MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT REYKJAVIK UNIVERSITY

Verkið lofar meistarann — ræktun lands er ræktun þjóðar. Átt þú erindi í AMPM-námið við Háskólann í Reykjavík? www.ru.is/en/mpm



Einföldu fjágrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Stór Cerama glerofn til sölu. Mikjið af mótum, litum og verkfærum. Endilega hafa samband við Kötu s. 804-9306. Netfang. kataogstjani@gmail.com



Til sölu Tesla Model Y Long Range, 4x4, rafmagn, árgærd 2021, sjálfskiptur, ekinn 107.000 km. Verð kr. 6.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Snjótennur/Fjölplógar frá finnska fyrirtækinu HW. Breidd 360 cm. Kr. 1.592.000 +vsk. Breidd 380 cm. Kr. 1.635.000 +vsk. Breidd 400 cm Kr. 1.711.000 +vsk. | H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

Heitir Pottar



Sex manna heitir pottar með einn legubekk og fimm sætum. Fjöldi vatns- og loft nuddstúta. Ljós inni í pottum og að utan og með wifi tengingu. Lok, trappa og sía fylgir.

Verð kr. 850.000

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta. Úrvalið hefur aldrei verið meira.

Nýtt heimilisfang Desjamýri 14



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

Hestakerrur fyrir 2, 3, 4 og 5 hesta.

BRIMCO DESJAMÝRI 14 - 270 MOSFELLSBÆ SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



Schäffer 23e.
Árgerð 2022. Notkun 1.499 klst.
Euro rammi og taðgreip 120cm.
Verð kr. 7.000.000 +vsk.



Case Puma
200 CXV. Árgerð 2020.
Notkun 4.100 klst.
Frambúnaður og aflúttak.
Verð kr. 16.800.000 +vsk.



Deutz Fahr 6150.
Árgerð 2015. Notkun 3.200 klst.
Alltaf geymd inni á veturnar.
Verð kr. 7.300.000 +vsk.



Claas Arion 430.
Árgerð 2013. Notkun 8.046 klst.
Ámoksturtæki.
Verð kr. 5.500.000 +vsk.



JCB 536-60 AGS.
Árgerð 2018. Notkun 5.800 vst.
Gafflar og Skófla. Vél í toppstandi.
Verð kr. 7.200.000- án/vsk.



JCB 4CX5.
Árgerð 2018. Notkun 4.570 klst.
Smurkerfi. Opnanleg skófla og gafflar. 3 skóflur.
Verð. kr. 10.900.000 +vsk.



JCB 538-60AGS.
Árgerð 2020. Notkun 2.600 vst.
Gafflar og skófla.
Verð kr. 8.900.000- án/vsk.



www.velfang.is
velfang@velfang.is
Gylfaglöt 32, Reykjavík
Óseyri 8, Akureyri
Sími: 580-8200

BÓKLEGT VINNUVÉLANÁM Á NETINU
Nám sem gefur rétt til prófs á allar gerðir og stærðir vinnuvéla*
Opíð allan sólahringinn **VERÐ 70.000 kr.**

VINNUVÉLA SKÓLINN
vinnuvelaskolinn.is
- á íslensku og ensku

Útihúsgögn.is **PANTANIR HAFNAR!** **FALLEG OG ÖÐRUVÍSI!**

TRYGGIÐ YKKUR AFHENDINGU Í VOR
HANDSMÍÐUÐ GÆÐAVARA

- Fyrirtæki
- Bæjarfélög
- Heimili
- Sumarbústaðir
- Hótel
- Veitingastaðir

• Douglasgreni eik

info@utihusgogn.is
www.utihusgogn.is

Borðbekkir Garðbekkir Borðsett 4 - 12 manna Hringborð

149.000 kr

Verkætáskapur fullur af verkæturum

Sjö-skúffu verkfæravagn, fullbúinn öllum helstu verkfærum. Vönduð smíði og góð verkfæri. Innihald skúffa má sjá á www.tologtaeki.is eða í s. 661-7743.



DODGE RAM 3500 42"breyttur, stendur á 40" Fullbreyttur með loftflæsingum 4,56 hlutföll snorkla og kastaragrind. 5" púst og 700 hö mappaður. Aukatankur 300L OME Fjórðun og loftpúðar að aftan. Palllok og skúffa í palli. Gamrin GPS tæki. Ekin 65.000 km. Nýskráning 5/2019 Verð kr. 14.950.000. Uppl. í s. 698-2312.

24.800 kr

Fixtec 20V 550 Nm hersluykkill

F20+ BL MOTOR HEAVY DUTY

550Nm Fixtec 1/2" Hersluyklar með rafhlöðum og hleðslutæki, á hreint ótrúlegu verði hjá www.tologtaeki.is Fleiri Fixtec vörur á heimasíðu. Uppl í s. 661-7743



Vagninn, Hafnarstræti 19, Flateyri kynsir paskadagskrána. Komið á Vagninn um páska.

STEINULLARBÍLLINN

Sími: 577 4444 892 9999

Björgvin V. Þórðarson

Steinullarbíllinn. Blásuð steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabru. Minnkaðu hitatap, lækkaðu kyndikostnaðinn. Blásuð í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við símann 577-4444.

TAXI SERVICE TAXI ICELAND

Pantaðu leigubíl í s. 588-5500.

PAK- OG HÚSAMÁLUN

Vantar þig fagmenn í verkið? Við bjóðum upp á vandaða þjónustu í málningar- og múrverki. Hafðu samband í s. 777-2346 (Davíð) eða á info@thakoghusamalun.is. Uppl.: 462-3980 astjorn.is - facebook, instagram, youtube

Sænskar krónur til sölu!
Gott verð.
Upplýsingar í s. 692-5405



VERKVAL EHF.

Bjóðum upp á eftirtalda þjónustu:

- Holræsahreinsun/lagnahreinsun
- Rotpróarhreinsun
- Götu- og gangstéttasópun
- Lagnamyndun
- Stíflulosun

Hægt er að hafa samband við Verkval ehf. í síma: 892-3762 eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opíð 13-16.30 www.brimco.is



Snjóskóflur frá Camion í Finnlandi. Breidd 250 cm með 1,45 m³ rúmmál. Verð kr. 199.000 +vsk. | Breidd 270 cm með 1,65 m³ rúmmál. Verð kr. 237.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



myranaut
Leirulæk • 311 Borgarnes
sími 8687204 • www.myranaut.is

Bragðgott og meyrnt ungnautakjöt. 1/8 hluti inniheldur hakk, gúllas og steikur. Val um snitsel og hamborgara. Verð kr. 3.990 pr/kg. s. 868-7204 www.myranaut.is



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Vegristar 4 x 2,4 m. Flytjum á staðinn fyrir hagstætt verð. Gönguhlíð og veghlíð, ýmsar stærðir. Íslensk smíði. Uppl. á FB - Sæblær ehf. S. 899-2202.

ÁSCO

STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI

RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.

ÁSCO
BÍLARAFMAGN

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is



BLÁBERG

S.546-6200
www.blaberg.is
blaberg@blaberg.is




Öryggi án áskriftar



Bændur og búalið ath. Plast í fjárhús, hesthús, fjós og girðingar. Dren og básamottur, jarðvegsgrindur. Gúmmihellur, útileiktæki, járnrimlagirðingar, gervigras. Heildarlausnir á leik- og íþróttasvæðum. Jóhann Helgi & Co. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.



Nánast óslitið eintak. Honda CR-V ES. Sjálfsk. 2,0 l bensín. Skráður okt 2005. Einn eigandi. Alltaf geymdur inni. Ekinn aðeins 84.000 km. Smurbók frá upphafi. Er á nýjum Hankook Winter ixcept X vetrardekkjum (ónegld). Innbyggt picnic borð og kælitaska m/12v tengi, Rétt svo tilkeyrður, á mjög mikið inni. Fæst fyrir kr. 970.000 staðgr. Upplýsingar hjá: hilmar766@gmail.com



Subaru Forester, Boxer dísil, árg 2017. Keyrður 101.000 km. Ryðvarinn, með dráttarkrók. Einn eigandi. Nánar í s. 893-8494.



Bátur til sölu, upplýsingar í s. 861-4664. Verðhugmynd kr. 200.000 +vsk.



Þriggja metra breiður Jykeva H30 flaghefill með tveimur vökvatjökkum, stuðningshjólum og endaplötum. Þyngd 1,1 tonn. Verð kr. 1.100.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Til sölu premier trommuset, lítið sem ekkert notað, er einnig með ferðanuddbekk til sölu. Upplýsingar í s. 866-2678 Kári.

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur. Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.- Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-



Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

yn

YOGATÍMAR Á NETINU

FYRSTA VIKAN ER FRÍ

www.yoganuna.is



INTERNATIONAL YEAR OF THE
WOMAN FARMER
2026

HÖNNUNARSAMKEPPNI

um lopapeysu KVENBÓNDANS



Árið 2026 hefur verið tilnefnt **ALÞJÓÐLEGT ÁR KVENBÓNDANS** af Sameinuðu Þjóðunum. Af því tilefni efnir Smáspunaverksmiðjan Uppspuni til **HÖNNUNARSAMKEPPNI** um lopapeysu fyrir kvenbændur þessa lands og annarra landa og er markmiðið að **HEFJA UPP ÍSLENSKU ULLINA** og hvetja hönnuði til að nota hana í verkum sínum. Upplýsingar um keppnina og reglur má finna á heimasíðunni www.uppspuni.is undir Spjall (blog) hlekknum. **ALLIR GETA TEKIÐ ÞÁTT** og sent inn peysu fyrir 1. júní 2026 og eru vegleg verðlaun í boði fyrir þær peysur sem ná bestum árangri og verða þau afhent 20. júní 2026. Þeir sem styrkja keppnina, auk Uppspuna eru Bændasamtök Íslands,

Búnaðarsamband Suðurlands, Holtakjúklingur og Landsvirkjun. Vinningshafar fá tækifæri til að vinna frekar með uppskriftina og koma henni í dreifingu og sölu. Hulda í Uppspuna hulda@uppspuni.is svarar öllum spurningum sem vakna.

Aðalfundur Ferðapjónustu bænda hf.



Stjórn Ferðapjónustu bænda hf. hefur ákveðið að boða til aðalfundar fimmtudaginn 9. apríl 2026, kl. 13:00.

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins, Síðumúla 2, efri hæð, 108 Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða:

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. 15. gr. samþykkt.
2. Tillaga um starfskjarastefnu
3. Tillaga um kaup á eigin bréfum.
4. Önnur mál.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar.

Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Tilkynnt verður um framboð tveimur sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar á skrifstofu félagsins.

Dagskrá, endantegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis tveimur vikum fyrir aðalfund.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 12:30 á fundarstað.

Reykjavík, 25. mars 2026
Stjórn Ferðapjónustu bænda hf.



VETRARTÆKI

-Mikið úrval á lager-

PRONAR



Fjölplogar PUV „M“ Diagonal

Með stjórnbúnaði. Án festiplötu.

- 2,6 m
- 2,8 m
- 3,3 m

Fjölplogar PUV – Heavy Duty

Með stjórnbúnaði. Án festiplötu.

- 3,6 m
- 4,0 m

Slitblöð

Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari:

EPT15, 1,5 m³, rafstýring, 12V

Tokvam®



Fjölplogar VT320 & VT380

Sterkir plógar fánlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.

Fjöldi aukahluta í boði.



Salt- og sanddreifarar

SMA510 / 150 cm
SMA800 / 200 cm
SMA1100 / 200 cm
SMA1600 / 230 cm

Möguleiki á glussa yfirtengi



Snjóblásarar

241 THS Flex
256 THS Flex

Fjöldi aukahluta í boði.



Nánari upplýsingar og verð má finna á heimasíðu okkar afvelar.is

AFLVÉLAR

Vesturhraun 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfoss
Njarðarnesi 1, 603 Akureyri
Sími 480 0000 | www.afvelar.is

GÁMATJÖLD

GÁMATJÖLD

EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20" eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707

Gámatjöld



TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Girðingarstaurar úr járni, 1.800 mm langir. Gataðir fyrir net og heitgalvaniseraðir, 3 mm. Staurarnir eru Y laga og extra sterkir, þar sem flaugin eru þrjú. Fáum takmarkað magn, verð kr. 1.178 +vsk. Erum að taka niður pantanir. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: jhh@hak.is www.hak.is



Toyota RAV4 GX HYBRID 4x4 árgærd 2022. Vel með farinn, ekin 146.000 km. 179 hestöfl, eyðsla 6,4 l/100, sumar- og vetrardekk (naglar), lykjalaut aðgengi. Lúxusbíll. Verð kr. 3.995.000. Upplýsingar í s. 864-9010.




Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Til afhendingar strax Hardox 450 -8 mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind (tvöföld grind) heitsprautuzinkað, 6 þrepa sturtutjakkur sem gefur um 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla. Eigum einnig kraftmikla 24V vibratora fyrir vagna og vörubíla. Eigum von á einangruðum malbiksvögnum. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612.



Til sölu Jeep Compass Trailhawk, 4x4, bensín/rafmagn, árgærd 2022, sjálfskiptur, ekin 122.000 km. Verð kr. 3.350.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



For Sale: Unique Commercial Property – Wąsosz, Poland (Lower Silesia) Price: Euros 360,000 Charming 850 m² former mill with banquet hall and guest rooms, just 40 min from Wrocław and 1 hr from Poznań. Located by a main road, near rivers and scenic nature – perfect for a guesthouse, hotel, or tourism business. Fully fenced 1,252 fm. Plot with option to expand to 1,744 fm. Contact Jadwiga Lorek: +48-665-069 300/jadwiga.lorek.contact@gmail.com



Fjárhúsmottur/járnristar á tilboði. Verð áður kr. 12.900 m/vsk. - Tilboð kr. 11.610 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130 - hhauksson@hauksson.is

Notaðir bílar | benni.is



Til sölu KGM Rexton, 4x4, dísil, árgærd 2025, ekin 33.000 km. Verð kr. 8.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Odes Pathcross 850. Árgærd 2025. Ekið 600 km. Búnaður: Hlíffarplötur, veltibogi, hiti í handföngum, farangursbox að framan, rúða. Verð kr. 2.250.000. S. 865-6970.



Plastgrindur í fjárhúsgölf. Þýsk hönnun og framleiðsla. Stærð 800 x 600 mm. Möskestærð 14 x 60 mm. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Snjóskóflur með vængjum frá HW í Finnlandi. Breidd 260 cm. + 80cm. Vængir með 3,5 m³. rúmmál. Verð kr. 1.528.000 +vsk. Breidd 265cm. + 100 cm. Vængir með 4,0 m³. rúmmál. Verð kr. 1.653.000 +vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Gólfhiti, gólfgræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra frá kr. 4.500 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á <https://www.golfgraesing.is> s. 892-0808 - Oliver.



299754 Notaðir bílar | benni.is
Nissan Navara NP300 '21, 4x4, sjálfskiptur, ekinn 68 þús.km. Verð: 8.290.000 kr.



915617 Hyundai Tucson Plug-In '21, 4x4, sjálfskiptur, ekinn 85 þús.km. Verð: 4.390.000 kr.



970142 Toyota C-HR '23, bensín/rafm, sjálfskiptur, ekinn 91 þús.km. Verð: 3.290.000 kr.



588227 SsangYong Rexton '19, 4x4, dísel, sjálfskiptur, ekinn 118 þús.km. Verð: 5.950.000 kr.

Skriptibílar

Gamli bíllinn þinn gildir að lágmarki sem 500.000 króna innborgun* í nýlegan og öruggan bíl. Aðeins er tekinn 1 bíll uppí hvern nýlegan notaðan bíl. Þinn gamli þarf að vera með fulla skoðun og í ökufæru ástandi. Ef þú ert ekki með bíl uppí má alltaf ræða aðra díla.*

500.000 uppítökuverð ...sem innborgun í nýrri bíl

*Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að hafna bílum.



745907 Jeep Compass '22, 4x4, bensín/rafm, sjálfskiptur, ekinn 105 þús.km. Verð: 3.690.000 kr.



639155 Renault Captur Intense E-Tech '22, bensín/rafm, sjálfsk., ekinn 60 þús.km. Verð: 2.990.000 kr.



720485 Skoda Octavia '17, dísel, sjálfskiptur, ekinn 176 þús.km. Verð: 1.950.000 kr.



831461 Opel Grandland X AWD PHEV '21, 4x4, sjálfsk., ekinn 64 þús.km. Verð: 3.150.000 kr.



431073 KGM Korando Adventure '25, 4x4, sjálfskiptur, ekinn 40 þús.km. Verð: 6.790.000 kr.



939277 Ford Ranger Wildtrack '20, 4x4, sjálfskiptur, ekinn 107 þús.km. Verð: 7.390.000 kr.



206856 Jeep Compass '22, 4x4, bensín/rafm, sjálfsk., ekinn 116 þús.km. Verð: 3.690.000 kr.



234603 Dacia Sandero '24, sjálfskiptur, ekinn 82 þús.km. Verð: 3.290.000 kr.



924489 Toyota Corolla Sedan Hybrid '23, sjálfskiptur, ekinn 119 þús.km. Verð: 3.190.000 kr.



999990 Tesla Model S 85 '15, rafmagn, sjálfskiptur, ekinn 132 þús.km. Verð: 5.390.000 kr.



998445 Mercedes-Benz EQA 250 Progressive '21, rafm., sjálfsk., ekinn 53 þús.km. Verð: 4.490.000 kr.



151556 Kia Niro '21, rafmagn, sjálfskiptur, ekinn 81 þús.km. Verð: 3.490.000 kr.

Meira úrval á notadir.benni.is



Bílabúð Benna Notaðir bílar | Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035
Opíð | Virka daga kl. 9-17 | Laugardag kl. 12-16



Einkamál

Hæ, vildi láta alla vita að nokkur laga minna eru komin á Spotify og YouTube. Sigurlaugur Oddur Jónsson.

Komdu til Stöðvarfjarðar. Hér eru spennandi hlutir að gerast. Byrjaðu nýjan kafla með okkur. Kveðja, Stöðvarfjörður facebook.com/SterkurStodvarfjordur

Vil kynnast ævintýragjörmum einstaklingi sem hefur gaman af útivist og er reiðubúinn í opið samband við náttúruna.

Það fer lítið fyrir mér og ég er ódýr í rekstri, en ekki láta það blekkja þig. Ég er alltaf í stuði til að prófa eitthvað nýtt og er óhrædd við fara ótroðnar slóðir. Kær kveðja, eElja, íslenska rafmagnsfjallahjólíð frá Lauf Cycles.

Húsnæði

Fjölskylda leitar að jörð til leigu frá 1. maí 2026. Þarf að vera langtímaleiga og með útihúsum. Kveðja, Erna Sofie s. 662-5417 ernasofie85@gmail.com

Fjögurra manna fjölskylda í leit að sumarbústað nálægt Reykjavík til leigu. S. 847-6269.

Óska eftir

Skoða og kaupi: Vínýlplötur, frímerki, gömul póstkort, og alls kyns mynt og seðla. Ef þið eigið eitthvað sem er að rykfalla uppi í skáp þá endilega hafið samband í s. 834-5100 eða sendið tölvupóst á gislith@internet.is

Kaupi alls konar vínýlplötur, litlar og stórar. Safna

allskyns tónlistarefni og CD. Óli s. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir aðgengi að vegleysum, torleiðum, snarbröttum kindaslóðum og malarvegum með myndarlegum þvottabrettum. Því erfiðari yfirferðar, því betra. Kv. eElja, íslenska rafmagnsfjallahjólíð frá Lauf Cycles.

Til sölu

Til sölu Osb- krossviðsplötur 9 mm. þykkar breidd 120x

300 cm. Upplýsingar í s. 659-8642.

Sjötíu lítrar af akrýl þakmálningu oxýðrauð, spa helluborð og vífta lítið notað. Upplýsingar í s. 866-9471.

Vantar nýjan eiganda að vefstólnum mínum. Góð íslensk smíði. Ýmsir fylgihlutir fylgja, hægt að setja upp trissu eða gagnbindingu, rakgrind, vefskeiðar, sköft, hesputré, spólurokkur o.fl. Upplýsingar í s. 898-2157.

Tilkynningar

Vagninn á Flateyri leitar að söngelsku fólki til að syngja karaoke 1. apríl. Eyjólfrur verður karaoke-stjóri. Allt í boði nema REM.

Þjónusta

Húseigendur og húsfélög. Nú er tími fyrir húsfélög og fasteignaeigendur til að huga að utanhússviðgerðum fyrir sumarið 2026 og láta gera ástandsskýrslu og kostnaðaráætlun. Í framhaldi af því er nauðsynlegt að gera útboðsgögn og bjóða verkið út. Síðan þegar verkið fer af stað þarf að hafa eftirlit á framkvæmdum. Byggingaráð ehf. getur gert tilboð í ofangreint. Sendið fyrirspurn á magnus@byggingarad.is


Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

Sumarhúslóðir til sölu - einstakt tækifæri



Miðey í landi Úteyjar 1

Trausti fasteignasala og **Ómar Örn Sigurðsson** löggiltur fasteignasali kynna frístudabyggðina **Miðey í landi Úteyjar 1** - 806 Selfoss.

Nú býðst sjaldgæft tækifæri til að eignast sumarhúsalóð á einum vinsælasta og veðursælasta stað landsins.

Á svæðinu verða skipulögð útvistarsvæði með affreyningu eins og göngustígum, golfvelli og leiksvæðum. Þjónustukjarni mun rísa við laugarvatnsveg auk hótels með glæsilegum böðum sem verða við Laugarvatn.





Vinsælustu páskaeggín*

*samkvæmt könnun Gallup 2025

**Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús
af öllum stærðum og gerðum.**

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



AÐALFUNDUR

LANDSSAMBANDS VEIÐIFÉLAGA 2026

Landssamband veiðifélaga minnr á áður boðaðan aðalfund sem haldinn verður föstudaginn og laugardaginn 24. og 25. apríl 2026 á Dalahótelil, Hótel Laugum í Sælingsdal, Dalasýslu og hefst dagskrá kl. 11:30 þann 24. apríl.

Óskað er eftir því að aðildarfélag sendi framkvæmdastjóra Landssambandsins tilkynningu um þátttöku á aðalfundinum eigi síðar en 1. apríl nk. Vinsamlegast sendið tilkynninguna á netfangið johann@angling.is.

Nánari upplýsingar um dagskrá og þátttöku á fundinum er að finna á vef Landssambandsins á www.angling.is.



SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

ALLAR GERÐIR TJAKKA



VHE

VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

ÚTVARP Bændablaðið



Í SAMSTARFI VIÐ  **KRAFTVÉLAR**



**Kvænna
athvarf**

Opið allan sólarhringinn, sími 561 1205. Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánú sambandi. Einnig er boðið upp á ráðgjafaviðtöl fyrir konur.

Heimilisfriður

Meðferð fyrir gerendur heimilisofbeldis
Fáðu hjálp og breyttu lífi þínu og þinna
s. 555 3020
heimilisfridur@salfraedistofan.is
www.heimilisfridur.is



SIGENERGY - MEIRA EN VARAAFL

SNJÖLL, SAMÞÆTT OG STÆKKANLEG ORKULAUSN FYRIR HEIMILI, BÝLI OG REKSTUR

SIGENSTOR

Fyrir heimili, býli og minni rekstur

SIGENSTACK

Fyrir fyrirtæki, stærri fasteignir og iðnað

Sigenergy sameinar það besta úr nútíma orkukerfum í einni snjallri lausn. Hér fer saman snjöll orkustýring, hraðvirkt varaafli, stækkanleg orkugeymsla og modular uppbygging sem einfaldar uppsetningu og vex með þörfinni. Lausnirnar henta jafnt fyrir nettengd kerfi, varaafli og sjálfstæð "off-grid" orkukerfi.

KOSTIR SIGENERGY

- 0 ms yfirfærsla yfir á varaafli
- Meira en varaafli - "Allt í einni / 5 í 1" orkulausn í einu orkukerfi
- Modular og auðvelt að stækka
- IP66-vörn við krefjandi aðstæður
- Frá nettengdum lausnum upp í sjálfstæð "off-grid" og "micro-grid" orkukerfi
- LFP rafhlöður með 10.000 hleðsluhringjum
- Snjöll orkustýring með gervigreind í mySigen appi og Sigen Cloud

Hafðu samband og fáðu upplýsingar og ráðgjöf um lausn sem hentar þér



897-8258
ljosorka@ljosorka.is
www.ljosorka.is

LJÓSORKA
Breytir birtu í rafmagn!



AFLVÉLAR

MAMMOTION

Mammotion í 1. sæti á heimsvísu í víralausum slátturóbotum*



LUBA3AWD

Hentar fyrir stór svæði með brekkum og ójöfnu landslagi

1500 – 10000m²



360° LiDAR
Greinir allt að 100 metra með 360° × 59° sjónsviði.



NetRTK
Skilar nákvæmri staðsetningu með NetRTK án þess að þurfa viðmiðunarstöð.



AI-Vision
Kortleggur garðinn í smáatriðum og þekkir hindranir sjálfkrafa.



YUKA2 MINI

Tilvalinn í heimagarða og minni lóðir

800 – 1000m²



AI-Vision
Kortleggur garðinn í smáatriðum og þekkir hindranir sjálfkrafa.



Rafhlöðustýring
Snjallt kerfi sem eykur endingartíma rafhlöðunnar.



DropMow
Úr kassanum og beint í vinnu.



LUBA2 MINI AWD

Frábær fyrir heimagarða og krefjandi lóðir

1000 – 1500m²



300+
Greinir og forðast 300+ hindranir.



80% (38.6°)
Fjór hjóladrif fyrir allt að 80% halla (38.6°)



AI-Vision
Kortleggur garðinn í smáatriðum og þekkir hindranir sjálfkrafa.



Grasprentun



Sentimetra-nákvæmni



*Frost & Sullivan. Byggt á rannsóknum á alþjóðlegum markaði fyrir víralausa slátturóþota. Mælt eftir heildarsölutekjum á heimsvísu á tímabilinu júlí 2024 til júní 2025. Víralausir slátturóþotar vísa til sjálfvirkra sláttuvéla sem starfa án afmörkunarvíra eða annarrar innviða og nota innbyggða tækni til kortlagningar og leiðsagnar.

GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is

